**ÞAÐ GETA ALLIR UNNIÐ**

*Fjögurra liða úrslit í X-Factor í kvöld*

**sirkus** FYLGIR FRÉTTABLAÐINU




**NÝIR BÍLAR**

*Audi R8 kemur og fer yfir helgina*

Sérblað um nýja bíla

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




DISTICA
– markviss dreifing –
Hörgatúni 2, 210 Garðabæ, sími 412 7500, www.distica.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. mars 2007 — 81. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Ný ævintýri á göngufór



Kjartan Ragnarsson leikstýrir sýningunni Lífið – notkunarreglur hjá Leikfélagi Akureyrar.

MENNING 36

### Saga móður

„Það var erfitt að vera fátækur í Hafnarfirði á sjöunda áratug síðustu aldar," skrifar Hannes Hólmsteinn.

Í DAG 26

### Hætt komin vegna blóðeitrunar



Kristján Kristjánsson frestar tónleikahaldi vegna veikinda.

FÓLK 42

### Berglind á leið heim



Landsliðsmarkvörðurinn í handbolta, Berglind Íris Hansdóttir, er á heimleið og knattspyrnukappinn Bjarni Ólafur Eiríksson hugsanlega líka. Berglind mun spila aftur með Val.

ÍÞRÓTTIR 46

## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR EÐA ÉL** - Í dag verður suðvestan átt, yfirleitt 5-13 m/s. Skúrir eða él vestan til, rigning suðaustan til en þurrt og sumstaðar nokkuð bjart á landinu norðaustanverðu. Hiti 0-10 stig, mildast fyrir austan.

VEÐUR 4

# Hækka framlög úr 700 í 1.400 milljónir

**Ríkisstjórnin og Samband sveitarfélaga hafa gert samkomulag um tvöföldun framlaga í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Stefnt er að auknu samstarfi við gerð kjarasamninga, samvinnu við hagstjórn og aðhalds í vexti útgjalda sveitarfélaganna.**

**STJÓRNMÁL** Fulltrúar ríkisstjórnar Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa undirritað viljayfirlýsingu um að tvöfalda framlög í jöfnunarsjóð sveitarfélaga á þessu ári og næsta, úr 700 milljónum í 1.400 milljónir hvort árið. Auk þess verður þörfin fyrir aukaframlög að þessu tímabili loknu metin nákvæmlega.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, kynnir viljayfirlýsinguna á landsþingi sambandsins sem hefst í Rúgbrauðsgerðinni í Reykjavík í dag.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra skrifuðu undir viljayfirlýsinguna fyrir hönd ríkisstjórnarinnar en Halldór og Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga, fyrir hönd þess.

Í viljayfirlýsingunni, sem er í fimm liðum, kemur fram að ríkisstjórnin og sambandið muni vinna að mótun tillagna um fjármálareglur fyrir sveitarfélögin og bætta upplýsingaöflun sem tryggt geti að fjármál sveitarfélaganna vinni með ríkisfjármálunum að því er varðar almenna hagstjórn.

Jafnframt kemur fram að markvisst verði unnið að auknu samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga á sviði kjaramála til þess að koma megi í veg fyrir misræmi í kjarasamningsniðurstöðum, annars vegar milli ríkis og sveitarfélaga og sveitarfélaga innbyrðis.

Áhersla er lögð á það í viljayfirlýsingunni að hugað verði sérstaklega að markmiðssetningu varðandi þak á vöxt útgjalda sveitarfélaga, þak á hlutfall skulda þeirra og tekjuafkomu.

Árni M. Mathiesen vildi ekki tjá sig um viljayfirlýsinguna er Fréttablaðið leitaði til hans í gær. „Það var gert samkomulag um að Halldór kynnti málið fyrir sveitarstjórnarmönnum á landsþingi sambandsins á morgun [í dag]." - mh



**ÁNÆGÐIR OG STOLTIR** Örn, Karl Ágúst, Pálmi, Randver og Siggi Sigurjóns voru hressir við tökur á Spaugstofuþætti númer 300. Eitt atriðanna í tímamótaþættinum, sem sýndur verður í Sjónvarpinu á morgun, var tekið upp í Perlunni. **Sjá síðu 54.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**UNDIR ALVÆPNI** Skorað er á Bush forseta að kalla bandaríska hersveitir heim frá Írak í mars 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Þjarmað að Bush vegna Íraks:

## Herinn heim innan eins árs

**BANDARÍKIN** Bandarísk þingnefnd samþykkti í gær frumvarp sem heimilar frekari fjárveitingar vegna stríðsrekstursins í Írak, en hvetur um leið Bush forseta til að kalla stærsta hlut hersveitanna heim fyrir lok mars á næsta ári.

Frumvarpið er hliðstætt öðru frumvarpi sem lagt var fyrir öldungadeild Bandaríkjaþings í síðustu viku.

Ráðamenn í Hvíta húsinu hafa gagnrýnt bæði frumvörpin og sagt hersveitirnar þurfa meiri tíma í Írak til að ná tökum á upplausnarástandinu sem ríkir í landinu. - þo

Sýknaður af akstri utan vega:

## Var á þekktum gullleitarslóða

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sýknaði í gær mann af ákæru um að hafa ekið utan vegar þar sem sannað þótti að leiðin hafi verið ekin árum saman við gullleit og selveiðar. Einnig hafði slóðinn verið farinn til að safna rekaviði.

Kom fram í dómnum að maðurinn og félagar hans hafi leitað að gulli í flaki hollensks Indíafars sem talið er grafið í sandinum og notið aðstoðar Orkustofnunar við þá leit. Slóðann sé að finna á kortum frá bæði bandaríska varnarmálaráðuneytinu og Landmælingum Íslands og því mat Hæstiréttur slóðann veg í skilningi náttúruverndarlaga. - shá

Áhöfn frystitogarans Venusar slappar af á Spáni eftir mettúr í Barentshafið:

## Gjöfulasta veiðiferð sögunnar

**SJÁVARÚTVEGUR** Frystitogarinn Venus HF 519, sem HB Grandi gerir út, kom til hafnar úr mettúr á þriðjudag. Aflaverðmætið var 183 milljónir króna, hið mesta sem fengist hefur.

Veiðiferðin varði í 34 sólarhringa og var þorskur uppistaða aflans. Skipstjóri í túrnum var Haraldur Árnason og Arnar Haukur Ævarsson var 1. stýrimaður.

Fréttablaðið náði tali af Arnari stýrimanni í Madríd, höfuðborg Spánar, þar sem hann sat á veitingastaðnum Tetriz ásamt nokkrum skipsfélögum. „Við erum um 50 saman hér á Spáni því konurnar voru að sjálfsögðu teknar með. Við erum að lyfta okkur upp eftir erfiða en gjöfula veiðiferð," segir Arnar.

Venus landaði um 400 tonnum af afurðum sem gera tæp 1.000 tonn upp úr sjó. Meðalafli á sólarhring nálgast því 40 tonn. Arnar segir að nú fari Venus í slipp í tíu daga. „Tækifærið verður nýtt til að skemmta sér hér á Spáni. Áhöfnin á það skilið." - shá

Ennþá til miðar í stæði









## SPURNING DAGSINS



*Guðjón, líður þér ekki vel í Stjörnunni?*

„Jú, mér hefur alltaf liðið vel í Stjörnunni.“

Guðjón Baldvinsson, knattspyrnuleikmaður í Stjörnunni, vill skipta um félag en forráðamenn Stjörnunnar vilja hins vegar að hann efni þriggja ára samning við félagið.

Nýr flugsamningur milli ESB-landa og Bandaríkjanna hefur lítil áhrif á Íslandi:

# Ólíklegt að fargjöld lækki

**SAMGÖNGUR** „Þessi samningur hefur litla þýðingu fyrir íslensk flugfélög,“ segir Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, um nýjan flugsamning milli Evrópusambandsins (ESB) og Bandaríkjanna.

Samningurinn, sem var undirritaður í Brussel í gær, gerir flugfélögum austan hafs og vestan mögulegt að fljúga milli allra áfangastaða innan ESB og BNA. Telja sumir að með samningnum lækki fargjöld í verði.

„Meðan Ísland stendur utan við þennan samning hefur hann lítil áhrif á okkar starfsemi og ég geri ekki ráð fyrir að fargjöld íslenskra flugfélaga komi til með að lækka,“ segir Jón Karl en bendir jafnframt á að um leið og Ísland verði hluti af þessu samkomulagi, til að mynda ef EES-lönd verða tekin inn í samninginn, muni staðan breytast.

Hann býst þó ekki við umfangsmiklum verðlækkunum.

„Ég hef almennt litla trú á yfirlýsingum um að verð á flugi milli Evrópu og Bandaríkjanna muni stórlækka. Nú þegar er gríðarleg samkeppni á þessum markaði og verð almennt fremur lágt,“ segir Jón. - þo



**JÓN KARL ÓLAFSSON** Forstjóri Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Meintur barnaníðingur:

## Vogamaðurinn til saksóknara

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á máli manns, sem grunaður er um að hafa áreitt ungar stúlkur í Vogahverfi og víðar, er nú lokið. Málið hefur verið sent til ríkissaksóknara til ákvörðunar um framhald þess.

Maðurinn er grunaður um að hafa áreitt níu stúlkur á aldrinum fimm til tólf ára. Grunur leikur á að hann hafi reynt að lokka eldri stúlkurnar upp í bíl til sín, en rannsókn lögreglu beindist fyrst og fremst að viðskiptum hans við yngri stúlkurnar.

Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 28. mars. - jss

## Lést í bílslysi á Suðurlandsvegi



**LÍSA SKAFTADÓTTIR**

**Konan sem lést í bílslysi á Suðurlandsvegi við Kotströnd á miðvikudag hét Lísa Skaftadóttir til heimilis að Engjavegi 32 á Selfossi. Lísa var 43 ára að aldri, fædd 17. janúar 1964. Hún lætur eftir sig eiginmann, fimm börn og eitt barnabarn.**

# Treysta á að fólk gangi með Ómari

**Margrét Sverrisdóttir segist treysta á að fólk vilji leggja upp í göngu með Ómari Ragnarssyni fyrir kosningarnar. „Þessi flokkur er grænn í gegn,“ segir Ómar sem er formaður nýja stjórnmálaflokksins Íslandshreyfingin – lifandi land.**

**STJÓRNMÁL** „Nú erum við að leggja af stað í þessa göngu með Ómari og treystum á að fólk sé tilbúið til þess að ganga til liðs við okkur,“ sagði Margrét Sverrisdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins og nú varaformaður Íslandshreyfingarinnar – lifandi lands, er kosningabarátta flokksins hófst formlega í Þjóðmenningarhúsinu í gær.

„Markmiðið okkar er fyrst og fremst að stækka grænu fylkinguna á Alþingi,“ sagði Ómar Ragnarsson, formaður flokksins, í upphafi fundar.

„Þrisvar á rúmum hundrað árum hefur verið kosið um málefni framtíðarinnar, og þar af leiðandi hagsmuni ófæddra Íslendinga öðru fremur. Árið 1908 snerust kosningarnar um sjálfstæði Íslendinga, árið 1971 um landhelgina og núna, 2007, verða kosningarnar að snúast um landið sjálft,“ sagði Ómar Ragnarsson í upphafi fundarins. Hann lagði áherslu á að Íslandshreyfingin væri „alveg græn í gegn“ og tilbúin til þess að beita sér fyrir náttúruvernd og umhverfismálum. Vitnaði hann sterklega til þess að nauðsynlegt væri að stöðva stóriðjustefnu stjórnarflokkanna og byrja að huga að náttúruperlum landsins. „Samspil jarðhita og íss á Íslandi er eitt af sjö undrum veraldar,“ sagði Ómar er hann gerði grein fyrir hugmyndum um uppbyggingu eldfjallagarðs sem gæti orðið einstakur á heimsvísu og laðað að hundruð þúsunda ferðamanna.

Margrét og Jakob gerðu íslenskt landbúnaðarkerfi að umtalsefni og lögðu ríka áherslu á að breyta því frá því að vera „miðstýrt og gamaldags“ í að vera „nútímalegt og framsækið“. Vitnuðu þau sérstaklega til mikilvægis þess að fella niður tolla og höft, sem viðgangast í landbúnaði. „Menningarlíf er um fimm prósent af landsframleiðslu en landbúnaður um 1,6 prósent. Samt er landbúnaður með sér ráðuneyti og ýmis önnur hlunnindi,“ sagði Jakob og lagði grein fyrir mikilvægi þess að stokka upp í íslenskum landbúnaði.

Flokkurinn hyggst bjóða fram lista á landsvísu og vonast forsvarsmenn framboðsins til þess að það geti átt upp á pallborðið hjá um tíu prósent kjósenda. „Sex til sjö prósent fylgi væri gott en tíu prósent alveg ljómandi,“ sagði Jakob Frímann Magnússon sem situr í stjórn flokksins.

Auk hans, Margrétar og Ómars eru Svavar Sigurbjörnsson læknir, Snorri Sigurjónsson lögreglumaður og Sólborg Pétursdóttir í stjórn flokksins. magnush@frettabladid.is



**STJÓRNIN FAGNAR** Hér sjást Jakob Frímann Magnússon, Margrét Sverrisdóttir, Ómar Ragnarsson og Ósk Vilhjálmsdóttir taka saman höndum er kosningabarátta Íslandshreyfingarinnar – lifandi lands, hófst formlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÁHERSLUMÁL**

- Stoppa stóriðjustefnuna og byrja að nýta „stórbrotna náttúru landsins á umhverfisvænan og skynsamlegan hátt“.
- Stokka upp íslenskt landbúnaðarkerfi sem er „miðstýrt og gamaldags“ eins og Margrét komst að orði á fundinum í gær. Flokkurinn vill fella niður tolla og höft sem tíðkast í landbúnaði.
- Meginmarkmiðið að fjölga „grænum“ þingmönnum sem beita sér fyrir umhverfismálum.
- Stuðla að meiri nýsköpun í atvinnulífinu. * Hætt „verði að líta á æskuna, ellina og umhverfi sem afgangsstærðir í samfélaginu“.



**NESJAVELLIR** Leggja jarðstreng frá Nesjavöllum að Geithálsi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Háspennustrengur í hættu:

## Leggja nýjan streng í jörð

**ORKUMÁL** Landsnet segir mikla yfirvofandi hættu á því að einangrun núverandi háspennulínu frá Nesjavöllum til höfuðborgarinnar skaðist vegna ofhitnunar. Línan sé ætluð fyrir 60 megavött en nú hafi framleiðslugeta Nesjavallavirkjunar verið tvöfölduð í 120 megavött. Lína sé því stöðugt yfirlestuð og nauðsynlegt sé að leggja nýja línu sem taki við hluta álagsins og þjóni sem varalína. Nýju línuna vill Landsnet leggja í jarðstreng að Geithálsi og fara sem næst vegslóðum og eldri lögnum. Árni Elías Jónsson hjá Landsneti segir raforkunotendur ekki mundu verða vara við það þótt núverandi lína færi í sundur tímabundið. - gar



**HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON**



**SIGURÐUR EINARSSON**

Kaupréttir í Kaupþingi:

## Hækka um 600 milljónir króna

**VIÐSKIPTI** Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, og Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, hafa hvor um sig nýtt sér rétt til að kaupa 812 þúsund hluti í bankanum á genginu 303 krónur á hlut. Kaupverð bréfanna nemur um 246 milljónum króna en markaðsverð þeirra er hins vegar mun hærra; 845 milljónir miðað við markaðsgengið 1.041. Tæpum 600 milljónum króna munar því á kaupverði og markaðsverði.

Réttinn öðluðust þeir eftir að kaupréttaráætlun var samþykkt á aðalfundi félagsins árið 2004.

Eignarhlutur Sigurðar í Kaupþingi nemur 8,5 milljörðum króna miðað við síðasta markaðsgengi. Hreiðar Már og fjárhagslega tengdir aðilar eiga hins vegar tæpa 7,7 milljarða í bankanum.

Hvor um sig á kauprétt að 3.248 þúsundum hluta í bankanum, sem eru tæplega 3,4 milljarða virði. - eþa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Auglýst eftir vitnum**

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu lýsir eftir vitnum að umferðaróhappi sem varð um klukkan átta síðastliðinn miðvikudagsmorgun á Skemmuvegi í Kópavogi. Þar lentu saman maður á reiðhjóli og grá sendiferðabifreið af gerðinni Renault Kangoo. Þeir sem kunna að hafa orðið vitni að óhappinu eru beðnir um að hafa samband við lögreglu í síma 444 1000.


BÍLL DAGSINS

TOYOTA AVENSIS 1.8

Nýskr. 06.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 42 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Framkvæmdastjórar flokkanna funduðu um auglýsingar fyrir kosningarnar:

# Vilja koma á takmörkunum

**STJÓRNMÁL** Framkvæmdastjórar stjórnmálaflokkanna funda í dag með það fyrir augum að ná samkomulagi um takmarkanir á auglýsingum fyrir kosningarnar 12. maí næstkomandi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru lagðar fram tillögur á fundi framkvæmdastjóranna í gær, í höfuðstöðvum Samfylkingarinnar að Hallveigarstíg, sem miða að því að takmarka auglýsingar í dagblöðum og ljósvakamiðlum. Flokkarnir vilja einnig ná samkomulagi um fjárhæðir sem heimilt verður að nota til auglýsinga en nokkuð ber á milli enn þá.

Meðal þess sem ekki hefur enn náðst samkomulag um er hvernig eftirliti með takmörkunum á auglýsingunum skuli háttað en flokkarnir eru mislangt komnir í undirbúningi fyrir kosningarnar.

Ný lög um fjármál stjórnmálaflokkanna kveða á um að framlög einstaklinga og fyrirtækja til flokka megi ekki vera hærri en 300 þúsund krónur á ári, en á móti kemur að opinber styrkir til flokkanna hafa hækkað mikið en þeim er skipt í hlutfalli við útkomu í síðustu kosningum og fjölda þingmanna. - mh



**HÖFUÐSTÖÐVAR SAMFYLKINGARINNAR** Framkvæmdastjórar stjórnmálaflokkanna funduðu um takmarkanir á auglýsingum í gær í höfuðstöðvum Samfylkingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

www.volkswagen.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6934




Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

## Golf Trendline kostar aðeins 1.998.000 kr.

**Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka:**

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
• armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

**GENGIÐ 22.03.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,23 | 66,55 |
| Sterlingspund | 130,52 | 131,16 |
| Evra | 88,46 | 88,96 |
| Dönsk króna | 11,874 | 11,944 |
| Norsk króna | 10,834 | 10,898 |
| Sænsk króna | 9,512 | 9,568 |
| Japanskt jen | 0,5621 | 0,5653 |
| SDR | 100,22 | 100,82 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,4989

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Geir H. Haarde og Jón Sigurðsson fagna áhuga Faxaflóahafna á Sundabraut:

# Finnst þetta lofsvert framtak

**SAMGÖNGUMÁL** „Ég tel þetta vera lofsvert framtak og fagna áhuga þeirra á málinu,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra um tilboð Faxaflóahafna um að fjármagna og leggja Sundabraut í einum áfanga.

Geir segir að hafa beri í huga að málið hafi verið í undirbúningi um langt skeið. „Það er búið að leggja til hliðar fjármagn til að leggja Sundabraut en við munum hlusta af athygli á það sem fulltrúar Faxaflóahafna hafa fram að færa. Síðan þarf að vega og meta hvort það er grundvöllur fyrir samstarfi við þessa aðila.“

Spurður hvort verkefni sem þetta sé ekki útboðsskylt, sem hugsanlega standi í vegi fyrir aðkomu Faxaflóahafna, segir Geir að það sé meðal þess sem huga verði að þegar skoðað verði hvernig málið verði unnið áfram.

Geir fundar með fulltrúum Faxaflóahafna í dag ásamt Jóni Sigurðssyni, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra.



**GEIR H. HAARDE**



**JÓN SIGURÐSSON**

Jón Sigurðsson segir að ríkisstjórnin öll fagni frumkvæði fyrirtækisins. „Við erum byrjaðir að kynna okkur hvað þeir eru að tala um en svo er eftir að skoða tilhögun og hvað í þessu tilboði felst.“ Jón segir of snemmt að meta hvort fyrirtækið og ríkisstjórnin nái saman. „En þetta var mjög jákvæð yfirlýsing sem þeir gáfu sem ríkisstjórnin fagnar mjög.“ **- shá**

Þýðingamiðstöð:

# Útibú opnað á Akureyri

**ATVINNUMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra opnaði í gær útibú frá Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins í húsnæði Háskólans á Akureyri.

Valgerður sagði í ræðu að ánægjulegt væri að geta fjölgað opinberum störfum á landsbyggðinni.

„Með því að hefja þýðingarstarfsemi hér á Akureyri til viðbótar þeirri starfsemi sem þegar er starfrækt í ráðuneytinu í Reykjavík, hefur þörfinni fyrir fjölgun þýðenda verið mætt,“ sagði Valgerður en til að byrja með verður um fjögur til sex stöðugildi að ræða. **- þo**

Skattamál enn til rannsóknar:

# Tafir vegna Baugsmálsins

**BAUGSMÁL** Rannsókn ríkislögreglustjóra á meintum skattalagabrotum nokkurra einstaklinga tengdum Baugi er enn í gangi, en hefur tafist vegna aðalmeðferðar í Baugsmálinu í héraðsdómi.

Skattrannsóknarstjóri kærði málið til lögreglu haustið 2004, og meðal þeirra sem eru til rannsóknar eru Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, Jóhannes Jónsson, kaupmaður kenndur við Bónus, og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra, segir rannsóknina hafa tafist eitthvað vegna þess að aðalmeðferð í Baugsmálinu er nú í gangi fyrir héraðsdómi, enda að einhverju leyti sömu sakborningar og verjendur. **- bj**

**DANMÖRK**

## Skyndiverkfall hjá SAS

Hundruð flugfreyja og flugþjóna hjá flugfélaginu SAS fóru í skyndiverkfall á miðvikudag vegna þess að launaviðræður sigldu í strand. Sneru þau aftur til starfa eftir fjórar klukkustundir en áður þurfti að aflýsa um 90 flugum og urðu þúsundir farþega strandaglópar.

**IÐNAÐUR**

## Fyrsta konan í stjórn Málms

Auður Hallgrímsdóttir úr Járnsmiðju Óðins ehf. var kjörin í stjórn Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, á dögunum, fyrst allra kvenna. Ásamt henni sitja átta karlmenn í stjórninni.

**LEIÐRÉTTING**

## Víxlast á tvíburum

Í myndatexta við frétt frá Póllandi, sem birtist hér í blaðinu á fimmtudaginn, voru gerð þau mistök að nöfnum þeirra Lechs Kaczinski forseta og Jaroslaws Kaczinski forsætisráðherra var víxlað.

# Bankarnir vilja fjármagna Sundabraut

**Forsvarsmenn viðskiptabankanna hafa mikinn áhuga á fjármögnun Sundabrautar. Stjórnarformaður Faxaflóahafna gerir ráð fyrir að fjárfestingalán verði tekið, náist samkomulag við stjórnvöld, og telur fjármögnun verða vandalausa.**

**SAMGÖNGUMÁL** Fjármögnun Sundabrautar, stærstu einstöku framkvæmdar í íslenska samgöngukerfinu, er vandkvæðalaus að mati forsvarsmanna stóru viðskiptabankanna. Mikill áhugi er af þeirra hálfu að koma að verkefninu, ef forsendur eru réttar. Líklegt er talið að fleiri en einn íslenskur banki kæmi að fjármögnun sem verkefnafjármögnun. Hvalfjarðargöngin eru fordæmi slíkrar aðkomu íslenskra banka að einkaframkvæmd í samgöngukerfinu. Áætlað er að Sundabraut muni kosta þrefalt meira en Hvalfjarðargöngin að núvirði.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastóri Landsbankans, segir augljóst að allir bankar myndu vilja koma að verkefni eins og fjármögnun Sundabrautar. Spurður hvort stóru bankarnir myndu slást um fjármögnunina er Sigurjón ekki tilbúinn að svara. „Það er hins vegar ljóst að verkefni af þessari stærðargráðu á Íslandi er kjörið fyrir íslenska banka því við þekkjum til og gerum okkur grein fyrir út á hvað það gengur. Þetta er mjög áhugavert verkefni sem við viljum gjarna taka þátt í.“

Jón Diðrik Jónsson, framkvæmdastjóri fjárfestinga- og alþjóðasviðs Glitnis, segir að Glitnir hafi komið að fjármögnun Hvalfjarðarganga og því líti hann á fjármögnun Sundabrautar sem spennandi tækifæri. Jón telur líklegt að fleiri en einn íslenskur banki myndi annast fjármögnun af þessari stærðargráðu. „Það yrði litið á þetta sem verkefnafjármögnun þar sem bankar leiða málið og fá aðra fjárfesta með sér.“



**GANGALEIÐ** Faxaflóahafnir telja göng vænlegasta kostinn til að þvera Kleppsvík, það sýni nýjar kannanir.

Stjórn Faxaflóahafna fundar með forsætisráðherra og samgönguráðherra í dag til að ræða aðkomu fyrirtækisins að framkvæmdum við Sundabraut. Stjórn Faxaflóahafna vill annast fjármögnun og byggingu Sundabrautar frá Kollafirði að Sæbraut og öllum tengdum mannvirkjum sem nauðsynleg eru, og ljúka framkvæmdum í einum áfanga á 3-5 árum.

Björn Ingi Hrafnsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna, gerir ráð fyrir að Faxaflóahafnir taki fjárfestingalán ef samkomulag næst við stjórnvöld um að fyrirtækið annist verkið. „Það er samt of snemmt að segja til um það nákvæmlega en ég er viss um að fjármögnun verður vandalaus.“

Útreikningar benda til að lagning Sundabrautar kosti tuttugu milljarða króna. Þegar eru átta milljarðar tryggðir af Símapeningunum. Til samanburðar kostuðu Hvalfjarðargöngin rúmlega sjö milljarða á núvirði.

**svavar@frettabladid.is**

Tilboð Faxaflóahafna:

# Ítrekun á ársgömlu tilboði

**SAMGÖNGUMÁL Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi og fyrrverandi formaður stjórnar Faxaflóahafna, segir að látið sé liggja að því að tilboð um fjármögnun og lagningu Sundabrautar sé nýtt mál. Svo sé ekki því um sé að ræða ítrekun á fyrra tilboði sem stjórn fyrirtækisins hafði samþykkt og kynnt var stjórnvöldum fyrir rúmu ári. Þá tók Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, og samgönguyfirvöld vel í hugmyndina og vinna hófst við undirbúning.**



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON** Finnst full mikil auglýsingamennska í kringum málið nú.

**Árni telur að engar ákvarðanir verði teknar á næstunni frekar en fyrir ári. Stutt sé í þingkosningar og hafa beri fyrirvara á öllum yfirlýsingum sem ráðamenn gefa um þessar mundir.** **- shá**

Kosningarnar í Frakklandi:

# Chirac styður Nicolas Sarkozy

**PARÍS, AP** Jacques Chirac Frakklandsforseti hefur lýst yfir stuðningi við Nicolas Sarkozy, forsetaframbjóðanda Gaullistaflokksins, UMP.



**JACQUES CHIRAC**

Chirac sagði það vera „eðlilegt að ég býð honum atkvæði mitt og stuðning“. Alllengi hefur verið grunnt á því góða milli þeirra flokksbræðranna. Mánuður er í fyrstu umferð kosninganna. **- aa**


FERMINGARGJÖFIN

Ný ensk orðabók

með hraðvirku uppflettikerfi




**Ný og endurbætt ensk-íslensk/íslensk-ensk orðabók með hraðvirku uppflettikerfi.**

Bókin hefur að geyma 72.000 uppflettiorð og var sérstaklega hugað að fjölgun orða í tengslum við tækni, vísindi, tölvur, viðskipti og ferðalög.

Hún spannar því fjöldamörg svið og nýtist vel hvort sem er á heimili, vinnustað, í skóla eða bara hvar sem er.

Orðabókin er 932 bls. í stóru broti og innbundin í sterkt band.

*Verð aðeins 7.950 kr.*

ORÐABÓKAÚTGÁFAN


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HORFUR UM HELGINA**

Helgin einkennist af nokkuð mildu veðri en nokkuð vindasömu. Á morgun nálgast lægð með hlýindi. Henni fylgir allhvass eða hvass vindur, einkum sunnan og vestan til, en á Norður- og Austurlandi verður nokkru hægara. Skúrir víðast sunnan og vestan til en þurrt norðaustan til. Á sunnudag verður vindur fremur hægur með skúrum allvíða, síst þó norðan til.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Suðvestan 5-8 m/s. Skúrir eða él. Hiti 2-5 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



10-18 m/s, hvassast sunnan og vestan til.

*» sunnudagur*



5-10 m/s.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C hálfskýjað | London | 9°C hálfskýjað | Alicante | 19°C hálfskýjað |
| Billund | 9°C hálfskýjað | París | 8°C skúrir | Mallorca | 15°C hálfskýjað |
| Osló | 7°C skúrir | Frankfurt | 6°C skúrir | Eindhoven | 8°C skúrir |
| Stokkhólmur | 5°C alskýjað | Friedrichshafen | 2°C snjókoma | Basel | 2°C snjókoma |
| Gautaborg | 6°C hálfskýjað | Berlín | 7°C hálfskýjað | Las Palmas | 20°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# NAUTAFILE

## að hætti landsliðs matreiðslumeistara

- 1 kg nautafile (í heilu)
- 4 stk. stjörnuanís
- 1 msk. svört piparkorn
- 1/2 msk. salt
- 2 msk. sesamolía

Malið pipar og stjörnuanís vel, best er að nota kaffikvörn, og blandið saman við saltið. Nuddið nautakjötinu þéttingsfast upp úr blöndunni og látið standa við stofuhita í 30 mín. Steikið í sesamolíu á vel heitri pönnu, á öllum hliðum, í um 4 mín. á hverri hlið án þess að kjötið brenni. Setjið kjötið inn í 100°C heitan ofn í um 15 mín. Athugið að kjarnhiti á ekki að fara yfir 50°C þar sem kjötið á ekki að vera mikið steikt.










Jói FEL



## Jóa Fel pizzadeig

Ferskt pizzadeig tilbúið í pizzugerðina

20% afsláttur við kassa







30% kynningar-afsláttur




**Underground ís**
- danskur ís, 5 bragðtegundir

**Ítalía ólífuolía**
- olían sem kokkalandsliðið mælir með

**Ítalía kaffi**
- ítalskt eðalkaffi

Gildir til 25. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú farið í leikhús á þessu ári?*

| | |
|---|---|
| já | 19,9% |
| nei | 80,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú góða stjórn á skapi þínu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Lögregla hafði afskipti af tíu manns á höfuðborgarsvæðinu vegna fíkniefnamála:

# Tóku fíkniefni, sveðju og boga

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefni, sveðja, sverð, hnífur og bogi voru meðal þess sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann í íbúðarhúsi í miðborginni í fyrradag. Að auki fannst ætlað þýfi þar. Þrír karlmenn og ein kona voru handtekin. Þau gistu fangageymslur í fyrrinótt en voru látin laus í gærdag eftir yfirheyrslur, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni. Lögregluhundur var notaður við leitina.

Þá var karlmaður um tvítugt handtekinn í austurborginni í fyrrakvöld með tvö grömm af ætluðu amfetamíni. Leitað var í bíl hans og þá fann lögregluhundur um þrjátíu grömm til viðbótar af sama efni, falin í ökutækinu. Einnig fundust tæki og áhöld til neyslu og dreifingar á fíkniefnum.

Um kvöldmatarleytið var þrítugur karlmaður tekinn í Hafnarfirði, grunaður um fíkniefnamisferli. Karlmaður á sextugsaldri var stöðvaður í miðborginni af sömu sökum.



**VOPNAFUNDUR** Í húsi í austurborginni fundust fíkniefni og vopn, þar á meðal hnífur, sveðja og sverð.

Í fyrrinótt voru karlmaður og kona handtekin í Breiðholti og færð á lögreglustöð en í fórum þeirra fundust ætluð fíkniefni. Loks var karlmaður um fimmtugt stöðvaður í útjaðri borgarinnar í gærmorgun en á honum fundust líka ætluð fíkniefni. **- jss**

Stálið fór í sjóinn:

# Um þrjátíu milljóna tjón

**FLUTNINGAR** Stál sem átti að fara í nýja bryggju á Akureyri var meðal þess sem féll útbyrðis þegar flutningaskipið Kársnesið fékk á sig brotsjó í síðustu viku.

Hörður Blöndal, hafnarstjóri á Akureyri, segir að um hafi verið að ræða 230 tonn af stálplötum sem nota átti í lengingu Oddeyrarbryggju. „Ég reikna með að þetta sé tjón upp á svona 30 milljónir en við ættum að fá það bætt.“

Að sögn Harðar kemur óhappið ekki til með að tefja framkvæmdir. Ekki hafði enn fengist verktaki í verkið og því hafði framkvæmdum verið frestað fram á haustið. **- þo**


Samfylkingin

„Við treystum Hafnfirðingum“

Gunnar Svavarsson · Fbl. 21. mars 2007







**Opinn fundur um íbúalýðræði á morgun, laugardag, kl. 11:00 í húsnæði Samfylkingarinnar við Strandgötu 43 í Hafnarfirði.**

**Samfylkingin hefur leitt umræðuna um beint lýðræði á umliðnum árum eða frá stofnun hennar árið 2000.**

**Framsögumenn á fundinum verða:**

**Gunnar Svavarsson** – forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði og oddviti Samfylkingarinnar í SV-kjördæmi

**Kristrún Heimisdóttir** – lögfræðingur og frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík

**Ólafur Þ. Harðarson** – deildarforseti Félagsvísindadeildar HÍ

xS

Allir velkomnir
Samfylkingin í Suðvesturkjördæmi




**EYÐIGATA** Þeim íbúum sem eftir eru í Dísarlandi hefur verið gert að yfirgefa hús sín í þrígang í þessum mánuði. Fyrsta skiptið varði ástandið frá 12. til 16. mars, annað skipti frá 19. til 21. mars og í gær var fólki gert að fara þriðja sinni. Ekki er vitað hvenær það fær að snúa aftur heim. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

# Börnin leika sér rétt hjá húsum í hættu

**Íbúi við Dísarland í Bolungarvík er orðinn langþreyttur á að þurfa að yfirgefa hús sitt vegna snjóflóðahættu. Honum finnast reglur um rýmingu undarlegar.**

**VEÐUR** „Við höfum búið þarna lengi og teljum reglur og aðgerðir vegna snjóflóðahættu komnar út yfir öll velsæmismörk,“ segir Sigurgeir Jóhannsson. Hann er einn þeirra íbúa sem búa við götuna Dísarland í Bolungarvík. Sú gata og Traðarland, sem stendur fyrir neðan Dísarlandið, eru þau íbúðarsvæði á landinu sem oftast eru rýmd vegna snjóflóðahættu.

Fáir íbúar eru eftir í götunum. Svæðið þykir hættulegt og hafa íbúar þess þurft að sætta sig við miklar tilfæringar vegna þess í gegnum árin.

„Í þrígang á örfáum dögum höfum við verið rekin út úr húsi okkar. Þetta hefur verið þreytandi enda oft sem við höfum þurft að dvelja hjá vinafólki langtímum saman. Við þessu er samt lítið að gera enda er lögregla kölluð til ef maður neitar að fara,“ segir Sigurgeir sem hefur ýmislegt við rýmingarreglurnar að athuga.

„Það er óneitanlega undarlegt að vera vísað úr húsi sínu vegna hættu og horfa á sama tíma á börn að leik í 60 metra fjarlægð. Þeim á samt að vera óhætt að því þau eru ekki stödd í Dísarlandi. Útreikningar þessara stráka sem meta hættuna hljóta að vera með eindæmum nákvæmir,“ segir Sigurgeir.





**BOLUNGARVÍK** Gert er ráð fyrir því að húsin sem standa næst hlíðinni verði rifin innan skamms. Í stað þess mun rísa varnargarður. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Hann bætir við að oft hafi gleymst að láta bréfbera vita þegar hættuástandi hafi verið lýst. Þá sé ekki eftirlit með umferð um svæðið.

Sveitarfélagið hefur keypt upp öll húsin í götunni og ætlar Sigurgeir að byggja nýtt hús annars staðar í Bolungarvík. Honum sárnar þó að á meðan húsin í Dísarlandi séu keypt upp virðist í lagi að búa í Traðarlandi – næstu götu við. Það bendir hann á að níu ár eru liðin frá því fyrst var talað um að koma upp snjóflóðavörnum við bæinn. Litlar vísbendingar séu þó um að þær eigi að rísa.

Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur, segir áætlað að hefjast handa við byggingu varnargarða ofan byggðarinnar við Dísarland í júní. „Ég finn til með þessu fólki en eftir þær skelfingar sem dundu á okkur fyrir tíu árum verður fólk að njóta vafans en ekki fjallið,“ segir Grímur.

Lögreglan á Vestfjörðum biður fólk að virða boð Almannavarna um að vera ekki á svæðum þar sem varað hefur verið við snjóflóðahættu. Varað er við að fólk sé á ferð í Óshlíð, við hesthúsasvæðið í Hnífsdal og við Engidal í Skutulsfirði. **karen@frettabladid.is**




OPIÐ HÚS Í WALDORF SKÓLANUM

LAUGARDAGINN 24. MARS FRÁ KL. 13-15

*Starfið byggir á uppeldisfræði Rudolfs Steiners með sköpunarkraft einstaklingsins að leiðarljósi. Listræna framsetningu og úrvinnslu námsefnis og heilbrigt félagslegt umhverfi.*

*„Sönn menntun verður að grundvallast á þekkingu á manninum. Án kærleika birtist ekki hin sanna mannþekking“*
***Rudolf Steiner***

***Waldorfskólinn Sólstafir er grunnskóli fyrir börn á aldrinum 6-16 ára***

INNRITUN NEMENDA FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2007-2008 STENDUR YFIR

Sólstafir Waldorfskóli

HRAUNBERGI 12 • 111 REYKJAVÍK • SÍMI 577 1110


Forstjóri MS segir tímabært að afnema opinbera verðlagningu á mjólk:

# Vill lúta samkeppnislögum

**LANDBÚNAÐUR** Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri MS, segir eðlilegt að venjuleg samkeppnislög gildi um mjólkuriðnaðinn verði opinber verðlagning á mjólk felld niður. Í búvörulögum er ákvæði sem undanskilur mjólkuriðnað frá samkeppnislögum á ýmsan hátt.

Á aðalfundi Auðhumlu síðasta föstudag sagði Guðbrandur mjög tímabært að fyrirtækið beitti sér fyrir því að hin opinbera verðlagning á mjólk yrði felld niður. Með því móti gæfist því nokkurra ára aðlögunartími til að verðleggja afurðir þannig að þær endurspegluðu framleiðslukostnaðinn.



**MJÓLK** Samkeppniseftirlitið hefur mælst til þess að undanþágur frá samkeppnislögum verði ekki við lýði með þeim hætti sem er í mjólkuriðnaðinum.

„Við erum að búa okkur undir framtíðina. Á næstu árum sjáum við fyrir lækkun tolla á landbúnaðarvörum og við viljum vera betur viðbúnir samkeppninni sem henni fylgir.“

Hann segir þessa tollalækkun ekki vera að beiðni MS en hún sé raunveruleiki sem horfast verði í augu við. Mjólkurframleiðendur þurfi eðlilegan tíma fyrir þessa breytingu og því sé tímabært að opinber verðlagning á mjólk sé felld niður.

Guðbrandur segist ekki óttast Samkeppniseftirlitið þó að undanþágur frá samkeppnislögum verði afnumdar. „Við stundum ekki óeðlileg viðskipti og ætlum okkur ekki að byrja á því.“ **- sþs**


HUGSAÐU UM FRAMTÍÐINA!
Framtíðarbók Kaupþings er góð fermingargjöf
Framtíðarbók er verðtryggður sparireikningur sem ber hæstu vexti á verðtryggðum reikningum bankans. Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.
Fermingarbörn sem leggja 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðarbók fá 5.000 kr. peningagjöf inn á bókina frá Kaupþingi og flottan Naked Ape bol.
www.kaupthing.is
444 7000
HRINGDU & PANTAÐU
KAUPÞING
Hugsum lengra

# VERUM BEST
## – borðum trefjar!



**HVERNIG BORÐAR MAÐUR MEIRI TREFJAR?**

*Flest okkar hafa gott af því að borða meiri trefjar. Fullorðnir ættu að borða a.m.k. 25 grömm af trefjum á dag, en að meðaltali borðum við ekki nema 16,7 grömm*, eða aðeins 2/3 af ráðlögðum dagskammti.*

Þó við Íslendingar höldum að við séum best á öllum sviðum hafa rannsóknir sýnt að við stöndum okkur alls ekki nógu vel þegar kemur að neyslu trefja. En það er auðvelt að bæta sig – ef þú borðar Kellogg's All–Bran á hverjum degi færðu næstum helming af ráðlögðum trefjaskammti, sem hjálpar þér að halda meltingunni í góðu lagi. Laus við þembu, þyngsli og doða líður þér vel innan sem utan. Fáðu þér gómsætt **Kellogg's All–Bran, Sultana Bran** eða **Bran Flakes og vertu bestur ... í trefjum!**



ALL-BRAN
Heilbrigt útlit kemur að innan

Fiton/SÍA

*Skv. Lýðheilsustöð


Setja þarf sérstök lög svo Breiðavíkurdrengir geti sótt mál sitt fyrir dómi:

# Ótækt að ríkið stýri framvindu

**BREIÐAVÍK** Sérstakar lagasetningar í tengslum við mál þeirra sem dvöldu á vistheimilum ríkisins verða skoðaðar á seinni stigum rannsóknar um vistheimili hins opinbera. Þetta segir Róbert Spanó lagaprófessor. Geir Haarde forsætisráðherra skipaði hann yfir nefnd sem ætlað er að skila greinagerð í lok þessa árs um aðbúnað barna á upptökuheimilum á miðri síðustu öld. Áætlað er að nefndin taki til starfa á næstu vikum.

Um fimmtán menn sem vistaðir voru sem drengir á Breiðavík hafa ákveðið að stefna íslenska ríkinu. Georg Viðar Björnsson sem fer fyrir hópnum segir ótækt að ríkið, sem sé sökudólgur í málinu, ákvarði framvindu þess frá upphafi til enda. Þolendur eigi að leita réttar síns sjálfir. Magnús Björn Brynjólfsson, lögmaður Georgs, hefur bent á til þess að hægt verði að reka málið fyrir dómi verði að koma á sérstökum lögum um þetta mál þar sem brotin séu löngu fyrnd. Slíkt segir hann hafa verið gert í öðrum löndum þar sem svipuð staða hafi komið upp.

Ragnheiður E. Árnadóttir, aðstoðarmaður forsætisráðherra, segir hlutverk nefndarinnar meðal annars að kanna lagasetningar í öðrum löndum í tengslum við svipuð mál.

- kdk



RAGNHEIÐUR E. ÁRNADÓTTIR



RÓBERT SPANÓ

# Danskt-íslenskt ráð sendi gröfu á Geysi

**Beltagrafan sem stöðvuð var á Geysissvæðinu var þar að frumkvæði Dansk-íslenska viðskiptaráðsins sem heimilað var að lagfæra svokallaða konungssteina og færa þá að Konungshver. Ríkið vill kaupa hverasvæðið en deilt er um verð.**

**UMHVERFISMÁL** Dansk-íslenska viðskiptaráðið stendur á bak við ferðir beltagröfunnar sem stöðvuð var í byrjun mánaðarins í brekkunni ofan við Geysi í Haukadal.

Ætlun Dansk-íslenska viðskiptaráðsins með verkefninu er að gera upp þrjá svokallaða konungssteina sem eru í hlíðinni fyrir ofan Geysi og setja steinana svo niður á nýjum stað við Konungshver sem er þar undir brekkunni.

Kristinn Magnússon hjá Fornleifavernd ríkisins segir stofnunina hafa heimilað að færa steinana að hvernum þannig að gestir eigi betra með að nálgast þá. Steinana, sem bera fangamark þriggja danskra konunga sem heimsótt hafa Geysi, á fyrst að lagfæra í Steinsmiðju S. Helgasonar í Kópavogi.

Umhverfisstofnun heimilaði að farið yrði með beltagröfu inn á afgirta hverasvæðið til að flytja steinana fram og til baka. Aðeins ein ferð hefur verið farin á gröfunni því eins og fram kom í Fréttablaðinu á miðvikudag krafðist einn margra eigenda svæðisins, Þórir Sigurðsson, þess að verkið yrði stöðvað. Einn konungssteinanna hafi þá verið fluttur niður á veg. Verkið hefur legið niðri þær þrjár vikur sem liðnar eru.

Nokkurt rask er þegar orðið í leirhlíðinni sem myndar bakgrunn fyrir Geysissvæðið þótt aðeins hafi verið farin ein ferð á beltagröfunni til að ná í fyrsta steininn af þremur og enn sé eftir að aka með steinana til baka og þá alveg að Konungshvernum sjálfum.

Sigurður Skagfjörð, tengdasonur eins landeigandans við Geysi, situr í stjórn Dansk-íslenska viðskiptaráðsins og annast konungssteinaverkefnið fyrir ráðið. Ekki hefur náðst í Sigurð sem er í útlöndum.

Ríkið á helstu hverina á Geysissvæðinu og land þar á milli. Fjölmargir eiga hins vegar í óskiptri sameign afgirta spildu sem umlykur hverasvæðið allt.

Í Fréttablaðinu á miðvikudag var haft eftir Árna Bragasyni, forstöðumanni náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar, að þeir sem gagnrýna akstur beltagröfunnar væru að notfæra sér málið til að þrýsta á ríkið vegna samninga um kaupin á landinu. Þessu neitar Þórir Sigurðsson:

„Þetta snýst bara um það að maður á sinn rétt þegar maður á land og það er lágmark að það sé talað við mann þegar farið er út í svona framkvæmdir," segir Þórir og útskýrir að salan á landinu til ríkisins hafi strandað á kaupverðinu: „Það hefur borið mikið á milli."

gar@frettabladid.is



**SPJÖLL Á GEYSI** Beltagröfu var ekið í brekkunni ofan við Geysi þar sem hún skildi eftir sig djúp för í leirnum. Sjá má móta fyrir förunum þótt snjóað hafi í þau. Strokkur gýs fyrir ferðamenn í forgrunninum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**KONUNGSSTEINN** Einn konungssteinanna liggur nú í vegkantinum utan við girðinguna umhverfis Geysissvæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rannsókn á hugsanlegu mansali hingað til lands stendur enn yfir:

# Lögreglan rannsakar tölvugögn meints vændisdólgs

**LÖGREGLUMÁL** Tölvugögn og tölvur sem lögregla lagði hald á þegar maður grunaður um aðild að vændissölu hér á landi var handtekinn eru nú til ítarlegrar rannsóknar hjá tölvudeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Maðurinn var handtekinn í síðustu viku á heimili sínu. Við húsleit fundust ofannefndur tölvubúnaður og önnur gögn. Maðurinn hefur harðneitað sök. Hann gisti fangageymslur í eina nótt og var látinn laus að yfirheyrslum loknum.

Maðurinn, sem er á fertugsaldri, var handtekinn í kjölfar þess að uppvíst varð um vændissölu á að minnsta kosti einu hóteli í borginni. Þar var að verki brasilísk kona, sem handtekin var á hótelinu í vikunni sem leið. Er talið að hún hafi stundað vændi á hótelum hér á landi um hríð. Kynferðisbrotadeild lögreglunnar yfirheyrði hana, auk annarrar konu sem einnig er frá Brasilíu, vegna gruns um vændi. Konan sem handtekin var á hótelinu fór af landi brott að yfirheyrslum loknum.

Maðurinn sem handtekinn var hefur áður komið við sögu hjá lögreglu vegna svipaðs máls. Það var árið 2003, en þá áttu einnig erlendar konur hlut að máli, grunaðar um að stunda vændi hér.

Rannsókn lögreglu snýr meðal annars að hugsanlegu mansali hingað til lands.

- jss



**TÖLVUBÚNAÐUR Í RANNSÓKN** Tölvubúnaður manns á fertugsaldri er nú til rannsóknar hjá lögreglu vegna gruns um aðild að vændissölu.



DELL Inspiron 1501

Tilboðsverð **109.900,-**

# FERMINGARTILBOÐ

## Á GRENSÁSVEGI ER OPIÐ 10-16 Á LAUGARDÖGUM



Kodak myndavél
Easyshare V610

Tilboðsverð **25.900,-**



vMax mp3 spilari
2 GB minni

Tilboðsverð **14.900,-**



Hantarex LCD sjónvarp
20" með innbyggðum DVD spilara

Tilboðsverð **69.900,-**



Office 2007
Home and student edition

Tilboðsverð **14.900,-**



iBass
Hátalarar og fjarstýring fyrir iPod

Tilboðsverð **9.900,-**



Tuneview
iPod docka, fjarstýring með litaskjá

Tilboðsverð **25.900,-**

Það er til lausn á öllu
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

norden

# Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2007

Norðurlandaráð veitir í ár náttúru- og umhverfisverðlaun í þrettánda sinn. Þau nema 350.000 dönskum krónum og eru veitt fyrirtæki, stofnun, samtökum eða einstaklingi sem sýnt hefur sérstakt frumkvæði á sviði náttúru- og umhverfisverndar.

**Verðlaunin í ár skulu veitt norrænu sveitarfélagi, fyrirtæki, samtökum eða einstaklingi sem sýnt hefur gott fordæmi með því að stuðla að sjálfbærri þróun í borgar- eða bæjarsamfélagi. Sérstakt frumkvæði á sviði sjálfbærrar þróunar getur til að mynda tengst grænum svæðum, samgöngukerfi, orkuveitu, bættri sorphirðu eða hvatningu til sjálfbærrar breytni almennings. Þeir sem tilnefndir eru skulu hafa stuðlað að sjálfbærri þróun heils borgar- eða bæjarsamfélags, eða afmarkaðra hluta þess.**

Öllum er heimilt að tilnefna verðlaunahafa. Rökstyðja ber tilnefninguna og lýsa því í hverju starfið eða framlagið felst og hver hafi staðið eða stendur fyrir því. Starfið verður að hafa faglegt gildi og þýðingu í víðara samhengi í einu eða fleiri ríkjum Norðurlanda. Tilnefningin skal rúmast á mest tveimur blaðsíðum í A4-stærð.

Verðlaunahafi er valinn af dómnefnd sem skipuð er fulltrúum Norðurlandanna fimm og sjálfsstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Tilnefningin skal send á sérstöku eyðublaði sem þarf að berast Danmerkurdeild Norðurlandaráðs í síðasta lagi **föstudaginn 27. apríl kl. 12.00.** Eyðublaðið má nálgast á heimasíðu ráðsins, www.norden.org, eða hjá skrifstofu dönsku landsdeildarinnar:

**Nordisk Råd**
Den Danske Delegation
Christiansborg
DK-1240 København K

Sími +45 3337 5958
Fax +45 3337 5964
Netfang: nrpost@ft.dk

Fíton / SÍA

Alcan á Íslandi barst fyrirspurn frá Persónuvernd vegna kosningagagnagrunns:

# Frestur til að svara runninn út

**PERSÓNUVERND** Frestur sem Alcan fékk til að svara fyrirspurn Persónuverndar vegna gagnagrunnsins kosningafelin.net/alcan rann út í gær.

Vefurinn er rekinn og standsettur af sérstöku kosningateymi starfsmanna Alcan sem vinnur að því að fá sem flesta Hafnfirðinga til að greiða atkvæði með stækkun álversins í Straumsvík hinn 31. mars næstkomandi.

Gagnagrunnurinn sem um ræðir er læstur með notenda- og lykilorði. Öllum starfsmönnum Alcan hefur verið boðið að fá lykilorð afhent. Inni á vefnum er síðan viðmót sem gerir þeim kleift að fletta upp öllum íbúum Hafnarfjarðar og setja þá á úthringilista, auk þess sem mögulegt er að skrá alls kyns upplýsingar um kosningahegðun viðkomandi.

Persónuvernd tók að eigin frumkvæði upp skoðun á vefnum í lok síðustu viku og sendi fyrirspurn til Alcan á Íslandi um hann. Alcan þarf að svara þeim spurningum skriflega sem Persónuvernd lagði fyrir fyrirtækið og hjá stofnuninni fengust þær upplýsingar að framhald málsins réðist af þeim svörum.

Persónuvernd áskilur sér rétt til að taka upp mál að eigin frumkvæði ef grunur leikur á um að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar í samræmi við lög. - þsj



**KERSKÁLI** Starfsmönnum Alcan hefur verið boðið að fá notenda- og lykilorð að gagnagrunninum. Fyrirtækið þarf að svara fyrirspurn Persónuverndar skriflega í dag. Fréttablaðið/Hari

# Hafa þveröfug áhrif og draga úr lýðræði

**Nýleg lög um fjármál stjórnmálasamtaka eru sniðin að þörfum núverandi þingflokka, segir Margrét Sverrisdóttir. Baráttusamtök eldri borgara og öryrkja segja þau hamla nýjum framboðum, festa spillingu í sessi og draga úr lýðræði.**

**STJÓRNMÁL** „Það liggur alveg fyrir að lögin eru ekki til þess fallin að auðvelda nýjum stjórnmálaöflum að ná fótfestu. Þessir annmarkar á lögunum voru augljósir í upphafi,“ segir Margrét Sverrisdóttir, varaformaður Íslandshreyfingarinnar, varðandi lög um fjármál stjórnmálaflokka sem sett voru um síðustu áramót. „Ég þekki það vel hversu mikinn kraft þarf til að stofna stjórnmálahreyfingu og því eru lög eins og þessi, sem eru sniðin að þörfum stóru flokkanna, ekki heppileg.”

Lögin tryggja núverandi þingflokkum árlega samtals 360 milljónir til að skipta sín á milli. Auk þess takmarka þau framlög lögbundinna einstaklinga við stjórnmálasamtök við 300 þúsund krónur.

Í rökstuðningi laganna segir að markmið laganna sé „að auka traust á stjórnmálastarfsemi og efla lýðræðið“. Arndís Björnsdóttir, formaður Baráttusamtaka eldri borgara og öryrkja sem hyggja á framboð, segir þau hins vegar hafa þveröfug áhrif. „Í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins geta nýjar stjórnmálahreyfingar ekki sótt um ríkisstyrk. Það var þegar farið að ræða framboð eldri borgara á þeim tíma þegar frumvarpið var keyrt í gegn fyrir jólin. Með þessum lögum er verið að bregða fæti fyrir okkur.“

Hún segir lagasetninguna lykta af spillingu. „Það er verið að festa samtryggingarspillinguna, sem er hjá öllum núverandi þingflokkum, í sessi. Alþingismenn eiga svo öruggt líf og hafa það svo gott að þeir vilja ekki fá neina fleiri í hópinn. Það er svo mikil spilling og rotnunarhugarfar hjá því fólki sem kemst á þing núorðið að það er varla hægt að greina á milli flokka. Ég held að Íslendingar átti sig ekki almennilega á því hvað lýðræðið hangir hér á miklum bláþræði. Þau minnka traust á stjórnmálahreyfingum og draga úr lýðræðinu.“

Haukur Nikulásson, formaður stjórnmálasamtakanna Flokksins, segir lagasetninguna gera nýjum stjórnmálasamtökum nánast útilokað að komast að á þingi. „Hún tryggir núverandi þingflokkum um 1.200 milljónir á einu kjörtímabili. Þannig fær hver kjörinn þingmaður rúmlega fimm milljónir í meðgjöf á ári til að tryggja sér endurkjör. Þetta er klárt skref aftur á bak í lýðræðisþróun hér á landi.“

thordur@frettabladid.is



MARGRÉT SVERRISDÓTTIR



ARNDÍS BJÖRNSDÓTTIR



HAUKUR NIKULÁSSON

## SKIPTING ATKVÆÐA

**Alþingi greiddi atkvæði um ný lög um fjármál stjórnmálaflokka hinn 9. desember síðastliðinn.**

| | |
|---|---|
| **Já** | |
| Sjálfstæðisflokkur: | 14 |
| Samfylking: | 13 |
| Framsóknarflokkur:* | 8 |
| Vinstri grænir: | 5 |
| Frjálslyndi flokkur: | 1 |
| Óháðir:** | 1 |
| samtals: | 42 |
| **Nei** | |
| Sjálfstæðisflokkur: | 0 |
| Samfylking: | 0 |
| Framsóknarflokkur: | 0 |
| Vinstri grænir: | 0 |
| Frjálslyndi flokkur: | 0 |
| samtals: | 0 |
| **Sátu hjá** | |
| Sjálfstæðisflokkur: | 3 |
| Samfylking: | 0 |
| Framsóknarflokkur: | 0 |
| Vinstri grænir: | 0 |
| Frjálslyndi flokkur: | 0 |
| samtals: | 3 |
| **Fjarverandi** | |
| Sjálfstæðisflokkur: | 6 |
| Samfylking: | 6 |
| Framsóknarflokkur: | 4 |
| Vinstri grænir: | 0 |
| Frjálslyndir: | 2 |
| samtals: | 18 |

* Kristinn H. Gunnarsson greiddi atkvæði með frumvarpinu sem þingmaður Framsóknarflokksins. Hann hefur nú gengið til liðs við Frjálslynda flokkinn.

**Valdimar Leó Friðriksson greiddi atkvæði með frumvarpinu sem óháður þingmaður eftir að hafa gengið úr Samfylkingunni. Hann hefur síðan gengið til liðs við Frjálslynda flokkinn.

Ódýr sumardekk




9.900 kr. 10.900 kr. 10.900 kr.

Undir fólksbíla og jeppa

Söluaðilar:



**HjólVest**
Ægisíðu 102,
107 Reykjavík
**552 3470**

**Gúmmívinnustofan**
Réttarhálsi 2,
110 Reykjavík
**587 5588**

**Hjólbarðahöllin**
Fellsmúla 24,
108 Reykjavík
**530 5700**



**Hjólbarðaviðgerðin**
Dalbraut 14,
300 Akranesi
**431 1777**

**Dekkið**
Reykjavíkurvegi 56,
221 Hafnarfjöður
**555 1538**

**Bæjardekk**
Langatanga 1a,
270 Mosfellsbær
**566 8188**

Sendum um land allt

2615 / TAKTÍK 7.3.2007

AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins haldin föstudaginn 30. mars kl. 15.00, að Suðurlandsbraut 24 - 3 hæð.

*Dagskrá aðalfundar:*

1. Ársskýrsla
2. Ársreikningar
3. Lagabreytingar(engar)
4. Kosinn formaður
5. Kosnir meðstjórnendur og varamenn
6. Önnur mál

BLÁTT ÁFRAM!
www.blattafram.is

Álag á lífeyriskerfi eykst:

# Öldruðum Japönum fjölgar

**TÓKÝÓ, AP Japönum á eftirlaunaaldri fjölgar sífellt og samkvæmt tölum sem stjórnvöld kynntu í gær mældist rúmlega fimmtungur íbúa í Japan 65 ára eða eldri í fyrra. Hafa þeir aldrei mælst fleiri. Hröð fjölgun aldraðra ýtir undir áhyggjur af lífeyriskerfi Japans sem er þegar undir miklu álagi.**

**Japanar hafa einar lengstu ævilíkur í heiminum og er það oft sett í samhengi við heilsusamlega fæðu sem samanstendur af fiski og hrísgrjónum.**

**Árið 2003 settu japanskar konur nýtt met í lífslíkum með 85,3 ára meðallífslíkur, meðan karlmennirnir lifa að meðaltali í 78,3 ár.** - sdg

KRÓNAN fyrst og fremst. ... í verðsamkeppni







Einkaframkvæmdir sagðar fela í sér fjölmörg tækifæri fyrir eldri borgara:

# Sérhæfð eining er ódýrari

**ALDRAÐIR** Fjölmörg tækifæri fyrir eldri borgara geta falist í einkaframkvæmdum, til dæmis fjölbreyttara búsetuform, smærri einingar á dvalarsambýlum, hærra þjónustustig í þjónustu- og öryggisíbúðum og sérhæfð öldrunareining sem tekur við þeim sem í dag fara inn á bráðamóttöku eða Landspítala – háskólasjúkrahús.

Þetta segir Lilja Ólafsdóttir, verkefnisstjóri Þyrpingar.

Á ráðstefnunni Njótum lífsins á efri árum, sem haldin var nýlega, kom meðal annars fram að sérhæfð öldrunareining er fjörutíu prósentum ódýrari í rekstri en sams konar þjónusta innan Landspítalans.



**ÓDÝRARI ÞJÓNUSTA** Sérhæfð öldrunareining verður um fjörutíu prósentum ódýrari en samskonar þjónusta innan LSH í dag.

„Breyttar áherslur í aðhlynningu og endurhæfingu gera slíkan rekstur hagkvæmari,“ segir Lilja.

„Við þurfum til dæmis færri lækna en meira af hjúkrunarfræðingum og starfsfólki í endurhæfingu og aðhlynningu. Auk þess eru í dag um 100 einstaklingar á mánuði sem liggja á LSH og ekki er hægt að útskrifa vegna úrræðaleysis,“ segir hún.

„Ef þessi samþætta þjónusta væri til væri hægt að útskrifa þessa einstaklinga miklu hraðar, annaðhvort inn á öldrunarheimili eða í eigin búsetu þannig að viðkomandi fái þann stuðning sem hann þarf til að geta bjargað sér. Í dag eru þessi legupláss mun dýrari sem eining heldur en í þessari sérhæfðu öldrunareiningu vegna húsakynna, tæknibúnaðar og svo er starfsfólk dýrt og spítalinn eins og hann er rekinn í dag mun dýrari legueining. - ghs

# Þensla og spenna ein orsök umferðarslysa

**Árið í fyrra var það versta í langan tíma hvað varðar banaslys og alvarleg slys í umferðinni. Verkefnastjóri hjá Umferðarstofu segir þenslu eina af orsökunum. „Mönnum liggur svo á að græða að þeir gleyma því sem skiptir meira máli.“**

**UMFERÐ** Banaslysum fjölgaði um 75 prósent í fyrra miðað við árið á undan. Alls fjölgaði slösuðum og látnum um 32 prósent milli ára.

Sé litið lengra aftur í tímann er samanburðurinn enn óhagstæður. Í fyrra voru þriðjungi fleiri banaslys en að meðaltali á ári síðastliðin tíu ár. Skýrsla Umferðarstofu um slys í umferðinni á seinasta ári kom út í gær.

Sigurður Helgason, verkefnastjóri hjá Umferðarstofu, nefnir þenslu í samfélaginu sem eina orsök þessarar miklu aukningar banaslysa og alvarlegra slysa.

„Mönnum liggur svo á að vera ríkir og græða að þeir missa augun af þeim gildum sem skipta meira máli,“ segir hann. „Áhættuhegðun er líka stór orsök í þessu, menn keyra hratt, ölvaðir og ekki með belti.“

Tíu létust á síðasta ári í slysum sem rekja má beint til ölvunar. Sigurður segist ekki muna eftir öðrum eins tölum á tuttugu ára starfsferli sínum. „Það er sláandi að stór hluti banaslysa sé vegna hraðaksturs, ölvunaraksturs eða jafnvel hvort tveggja.“

Í samanburði við hin Norðurlöndin kemur Ísland mjög illa út hvað varðar árið 2006 í umferðinni. Meira en tvöfalt fleiri létust á Íslandi en í Svíþjóð ef miðað er við höfðatölu. Fjöldi látinna var 60 til 94 prósent meiri en í Noregi, Danmörku og Finnlandi miðað við höfðatölu.



**ÁREKSTUR Á LAUGAVEGI** Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar verða flest umferðarslys á föstudögum milli þrjú og sex eftir hádegi. Mun fleiri slys verða á annatímanum síðdegis en um morguninn.

Sigurður segir mikilvægt að taka á umferðarvandanum á mörgum sviðum. Bæði þurfi að efla eftirlit og forvarnir, og einnig sé mikilvægt að skipta vegum í tvennt og setja vegrið á milli.

„Með því að breyta vegum í 2+1 eða 2+2 vegi með veg-rið á milli stóreykst öryggið því tölurnar sýna að stór hluti slysa er vegna áreksturs framan á annan bíl.“ Hann segir best að byrja á framkvæmdum rétt fyrir utan höfuðborgarsvæðið þar sem umferðin er mest og slysin eru flest.

Fyrsta sjónvarpsauglýsing Umferðarstofu í herferð gegn ölvunarakstri var sýnd í gær. Sigurður segir hana hafa verið meira í fræðslu- en hræðsluformi, og vonar að hún nái til sem flestra.

„Það er mikil óheillaþróun í umferðinni og henni þarf að snúa við,“ segir hann. salvar@frettabladid.is






Umhverfismálastjóri ESB:

# Vatnsgæði lök í ríkjum Evrópu

**BRUSSEL, AP Vatnsgæði í Evrópuríkjum eru enn lök þrátt fyrir nýlegar reglur sem eiga að tryggja hreint vatn í ám, vötnum, grunnvatni og sjó.**

**Þetta segir Stavros Dimas, sem fer með umhverfismál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.**



**STAVROS DIMAS** Gagnrýnir Evrópuríki fyrir að framfylgja ekki reglum um hreint vatn. NORDICPHOTOS/AFP

**Dimas segir hreinsun vatnsfarvega og aðgang að hreinu grunnvatni í Evrópu lífsnauðsynleg til að sporna við loftslagsbreytingum sem hafa aukið hættu á flóðum og þurrkum í álfunni.**

**Samkvæmt reglunum, sem settar voru fyrir sjö árum, geta ríki sem uppfylla ekki staðla um hreint vatn árið 2015 átt yfir höfði sér málsókn.**

**Alþjóðlegur dagur vatnsins var haldinn í gær og var af því tilefni vakin athygli á fjölmörgum vám sem steðja að hreinleika vatns á jörðinni.** - sdg

Ekki er augljóst samhengi milli greiðslna frá Baugi og afborgana af skemmtibátnum Thee Viking:

# Jón Gerald notaði féð til ýmissa þarfa

**BAUGSMÁL** Ekki er augljóst samhengi mili mánaðarlegra greiðslna frá Baugi til Nordica, félags Jóns Geralds Sullenberger, og afborgana af lánum vegna skemmtibátsins Thee Viking, samkvæmt mati endurskoðenda PricewaterhouseCoopers, heldur virðist Jón Gerald hafa notað greiðslurnar til ýmissa þarfa.

Vignir Rafn Gíslason, löggiltur endurskoðandi PricewaterhouseCoopers, kom fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur á mánudag sem vitni í Baugsmálinu. Hann skýrði greinargerðir sem PricewaterhouseCoopers hefur unnið fyrir verjendur Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar, tveggja ákærðu í Baugsmálinu.

Meðal þess sem endurskoðendurnir könnuðu voru færslur á reikningum Nordica. Jón Ásgeir og Tryggvi eru ákærðir fyrir að draga fé úr Baugi til að fjármagna hlut í Thee Viking með greiðslum til Nordica. Þeir halda því hins vegar fram að greiðslurnar hafi verið stuðningur við Nordica.

Vignir sagði að samkvæmt úttekt PricewaterhouseCoopers væri ekkert augljóst samhengi á milli innborgana frá Baugi til Nordica og greiðslna af lánum. Ekki sé þó heldur augljóst samhengi milli innborgana og annarra útgjalda Jóns Geralds.



**SKEMMTIBÁTUR** Tekist er á um í málinu hvort Jón Ásgeir Jóhannesson og faðir hans hafi í raun átt hlut í Thee Viking.

Kristrún Sveinbjörnsdóttir, fyrrverandi stjórnandi Nordica, bar einnig vitni á mánudag. Hún sagði að umræddar mánaðarlegar greiðslur frá Baugi hefðu verið vegna bátsins, og þær hefðu ekki dugað fyrir öllum greiðslum sem féllu til vegna reksturs hans.

Komið hefur fram í vitnisburði lögreglufulltrúa hjá ríkislögreglustjóra að niðurstöður rannsóknar embættisins sýni að útgjöld Jóns Geralds vegna bátsins hafi alltaf verið jafn há eða hærri en greiðslurnar frá Baugi. - bj



**BLÖÐRUHÖFUÐ** Franski forsetaframbjóðandinn Nicolas Sarkozy leynist á bak við þessa rauðu blöðru. Kannanir benda til þess að hann hafi forskot á höfuðkeppinauta sína. NORDICPHOTOS/AFP



**ANDERS FOGH RASMUSSEN** Boðar loftslagsráðstefnu í Kaupmannahöfn. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Loftslagsmál heimsins:

## Danir hýsa nýja SÞ-ráðstefnu

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Dönsk stjórnvöld hyggjast árið 2009 verða gestgjafar nýrrar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, sem koma á í staðinn fyrir Kyoto-sáttmálann títtnefnda.

Markmiðið er að Bandaríkin – sem höfnuðu Kyoto-sáttmálanum – og fleiri lönd sem skila miklum mengandi útblæstri út í andrúmsloftið eins og Kína og Indland verði einnig aðilar að nýja sáttmálanum. Frá þessu greindi danski forsætisráðherrann Anders Fogh Rasmussen á blaðamannafundi. - aa



**SÝKNAÐUR** Philippe Val, ritstjóri Charlie-Hebdo, segir umræðuna sem réttarhaldið skapaði hafa verið nauðsynlega. NORDICPHOTOS/AFP

Birting Múhameðsteikninga:

## Vikublað sýknað af ákæru

**FRAKKLAND, AP** **Dómstóll í París sýknaði í gær háðsádeilu-vikublaðið Charlie-Hebdo af ákæru sem múslimasamtök áttu frumkvæði að gegn því, fyrir að hafa birt skopteikningar af Múhameð spámanni.**

**Blaðið, ásamt ritstjóra þess, Philippe Val, voru sökuð um að hafa „opinberlega níðst á hópi fólks vegna trúar hans“. Hefði Val verið fundinn sekur hefði hann átt yfir höfði sér hálfs árs fangelsi og sekt að andvirði um tveggja milljóna króna.**

**Val sagði úrskurðinn sigur fyrir múslima sem vilja halda trúmálum sem einkamálum. Um fimm milljónir múslima búa í Frakklandi.** - aa

**SANDGERÐI**

### Sextán ár í vegasvelti

Bæjarstjórn Sandgerðis segir að síðustu fjögur kjörtímabil hafi bærinn ekki fengið fjármagn á vegaáætlun til nýframkvæmda í vegagerð: „Bæjarstjórn harmar að þingmenn kjördæmisins hafa í orði stutt við bakið á bæjarfélaginu en ekki sýnt það í verki að koma umræddum vegaframkvæmdum inn í samgönguáætlun.“






FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Samband sunnlenskra kvenna leggur peninga í fjársöfnun gegn fíkniefnum:

# Gáfu til kaupa á fíkniefnahundi

**LÖGREGLUMÁL** Samband sunnlenskra kvenna hefur afhent Ólafi Helga Kjartanssyni, lögreglustjóra á Selfossi, 100.000 krónur til kaupa á fíkniefnahundi.

Ólafur Helgi þakkaði fyrir rausnarlegt framlag og þann góða hug sem væri að baki. Um leið lét hann í ljós mikla ánægju með þá breiðu samstöðu einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja sem komið hafa að fjársöfnun vegna fíkniefnahundsins. Ólafur Helgi upplýsti að hundurinn, sem nefndur hefur verið Bea, sé komin til landsins og sé nú í lokaþjálfun. Stutt er í að hún fari að vinna sitt verk, ári eftir að fyrsta peningagjöfin barst til verkefnisins. Bea hefur fengið góða dóma og sögð mjög efnileg. Ekki er vafi á því að hún á eftir að koma að miklu gagni á Suðurlandi á komandi árum. Sunnlendingar hafa með þessu átaki sýnt í verki að ekki verði liðið að fíkniefnasalar ýti fíkniefnum að börnum og unglingum, að sögn Ólafs Helga. Þetta er því mikil hvatning fyrir lögregluna og ómetanlegt að hafa þetta bakland þegar glímt er við þann harða heim sem fíkniefnin hafa skapað. - jss



**FÍKNIEFNAHUNDUR** Rosemarie Þorleifsdóttir, formaður SSK, og Magðalena Jónsdóttir gjaldkeri færa Ólafi Helga Kjartanssyni lögreglustjóranum gjafabréfið.



**KIM KVEÐUR** Aðalsamningafulltrúi Norður-Kóreu, Kim Kye-Gwan, yfirgaf viðræðufund ríkjanna sex í Peking í gærmorgun eftir að peningasending frá Bandaríkjunum hafði ekki skilað sér alla leið til Norður-Kóreu. FRÉTTALBAÐIÐ/AP



**GEIR HELGESEN** Sérfræðingur í málefnum Kóreuríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Norður-Kórea er að opnast smám saman

**Óþarfi er að örvænta þótt slitnað hafi upp úr viðræðunum í Kína um kjarnorkuvinnslu Norður-Kóreu. Geir Helgesen, norskur sérfræðingur í málefnum Norður-Kóreu, segir Norður-Kóreumenn hafa fullan vilja til að ná sáttum.**

**NORÐUR-KÓREA** Í gærmorgun slitnaði upp úr sexhliða viðræðum um kjarnorkuvinnslu Norður-Kóreu, sem haldnar hafa verið í Peking í Kína. Kim Kye-Gwan, aðalsamningafulltrúi Norður-Kóreu, yfirgaf viðræðurnar eftir að peningasending frá Bandaríkjunum upp á 25 milljónir dollara fékkst ekki afgreidd út úr banka í Makaó, þrátt fyrir að um það hafi verið samið fyrirfram.

Óljóst er hvort eða hvenær hægt verður að halda viðræðunum áfram, en verði það ekki fljótlega gæti reynst erfitt að standa við það markmið að kjarnorkueftirlit Sameinuðu þjóðanna staðfesti í síðasta lagi þann 14. apríl að vinnsla í stærsta kjarnakljúfi Norður-Kóreu hafi verið stöðvuð.

Geir Helgeson, fræðimaður við Norrænu Asíustofnunina, NIAS, segir samt alrangt að líta svo á að viðræðurnar standi eða falli með millifærslu á peningum. Norður-Kóreumenn hafi fullan vilja til að ná sáttum, þeir vilji bara ekki láta troða sér um tær og vilji frekar tefla á tæpasta vað í samningum heldur en að sætta sig við niðurlægingu.

„Þeir eru haldnir einhvers konar minnimáttarkennd,“ segir Helgesen, sem er einn helsti sérfræðingur Norðurlandanna í málefnum Norður-Kóreu. „Auk þess eru þeir vanir því að orð leiðtogans standi í einu og öllu. Ef leiðtoginn segir eitthvað, þá getur hann látið það gerast hér og nú.“

Helgesen segist hafa fengið margar vísbendingar um að Kim Jong Il, leiðtogi Norður-Kóreu, hafi áttað sig á því þegar hungursneyðin geisaði þar á síðasta áratug að gamla kommúníska efnahagskerfið gengi ekki lengur. Árið 2002 hafi viðamiklum umbótum verið hrundið af stað og sú þróun sé enn í gangi, þótt hægt virðist miða þegar horft er á ástandið utan frá.

„Ástæðan fyrir því hvað þetta tekur langan tíma er sú hvað stjórnkerfinu tókst á sínum tíma vel að móta fólk og kenna því – við köllum það yfirleitt heilaþvott – að þetta sé rétta kerfið, þannig að þeir þurfa í raun og veru að skipta algerlega um hugarfar á ný.“

Helgesen segir yngri kynslóð embættismanna í Norður-Kóreu eiga auðvelt með að stilla sig inn á þessa breyttu stefnu, en eldri kynslóðin eigi hins vegar afar erfitt með það. „Hún er enn föst í kaldastríðshugarfarinu.“

Ástandið í Norður-Kóreu hefur lagast mikið síðan hungursneyðin mikla var í algleymingi, að sögn Helgesens. „Þegar ég kom þangað í vetur hitti ég fólk frá hjálparstofnunum sem sagðist telja að hungursneyðinni væri lokið. Skortur ríkir ennþá og vöruglæðin eru ekki mikil, en fólki tekst að bjarga sér og sjá fyrir sér. Þjóðfélagið er líka smám saman að opnast.“

gudsteinn@frettabladid.is

straumsvik.is

Kynntu þér röksemdir fyrir stærra og betra álveri og sjáðu myndband um stækkun álversins í Straumsvík.

ALCAN BETRA ÁLVER


Við erum flogin
– en komum tvíefld til starfa á mánudag!
Í dag fljúga yfir 550 starfsmenn Eimskips og dótturfélaga út í óvissuferð. Félögin munu halda úti allri sinni þjónustu á meðan en þó gæti þetta haft lítilsháttar áhrif og biðjum við viðskiptavini velvirðingar á því.
Með bestu kveðjum og fyrirfram þökk fyrir skilning og þolinmæði vegna óvissuferðarinnar.
Starfsfólk.
AIR ATLANTA ICELANDIC
EIMSKIP
Himinn og haf / SÍA




**KJÖTÁTI MÓTMÆLT** Meðlimur í dýraverndunarsamtökunum PETA mótmælir kjötáti á þeim grundvelli að öll dýr séu með sömu líkamspartana. Hvatti stúlkan fólk til að gerast grænmetisætur þess í stað. NORDICPHOTOS/AFP

Heilbrigðiseftirlitið telur þörf á miklum og fjárfrekum úrbótum í Götusmiðjunni:

# Binda enn vonir við nýtt húsnæði

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðiseftirlit Suðurlands íhugar að grípa til þvingunaraðgerða gegn Götusmiðjunni, þar sem forráðamenn hennar hafa ekki skilað inn framkvæmdaáætlun er varða úrbætur á húsnæði Akurhóls, þar sem smiðjan er starfrækt. Heilbrigðiseftirlitið hefur sent Götusmiðjunni bréf þessa efnis, en það hafði tvívegis áður farið fram á að fá framkvæmdaáætlun.

Elsa Ingjaldsdóttur, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins, sagði nýverið við Fréttablaðið að kominn væri tími á viðhald á húsum þar og athugasemdir heilbrigðiseftirlitsins hefðu snúið að því.

„Þetta eru stærri og fjárfrekari úrbætur og því förum við þá leið að kalla eftir framkvæmdaáætlun og taka síðan afstöðu til þess hvort hægt sé að fallast á þau tímamörk sem stjórnendur setja sér," sagði hún þá.

„Ég get ekki gert framkvæmdaáætlun upp á hundruð milljóna króna vegna viðgerða á húsnæði í eigu ríkisins," segir Guðmundur Týr Þórarinsson, Mummi, í Götusmiðjunni.

Hann kveðst vonast til þess að Götusmiðjan fái nýtt og betra húsnæði innan tíðar. Efri-Brú sé í „alvarlegri skoðun" en ekkert sé fast í hendi þar að lútandi en sem komið er. - jss



**MUMMI Í GÖTUSMIÐJUNNI** Segir húsnæðið á Akurhóli hvorki halda vatni né vindum.

Sandgerðingum ekki haggað:

# Andstaða við raflínur óbreytt

**SKIPULAGSMÁL** **Bæjarstjórn Sandgerðis hefur áréttað mótmæli sín við áætlað stæði raflínumastra til fyrirhugaðs álvers í Helguvík.**

**„Er rétt að taka fram að gefnu tilefni að þrátt fyrir heimsókn fulltrúa Landsnets hf. á fund bæjarráðs 13.03.2007 þá mun bæjarstjórn ekki fallast á loftlínur á umræddum svæðum," segir bæjarstjórnin með vísan í fyrri niðurstöður sínar.**

**Þar kemur meðal annars fram að Sandgerðingar telji fyrirferðarmiklar rafmagnslínur yfir land bæjarins takmarka möguleika til uppbyggingar í framtíðinni.** - gar

Löggæsluáætlun til 20011:

# Ætlað að auka gæði starfsins

**LÖGREGLUMÁL** **Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri undirrituðu í gær samning þar sem lagðar eru fram tillögur að löggæsluáætlun til 30. apríl 2011. Samningurinn er hluti af nýskipan lögreglumála í landinu sem formlega tók gildi um áramót.**

**Meginmarkmið samningsins er að skerpa á áherslum í starfsemi ríkislögreglustjóra með það fyrir augum að auka gæði starfsins sem mest.**

**Einnig voru í gær kynntir sérstakir árangursstjórnunarsamningar við lögregluembættin í landinu en stefnt er á að þeirri vinnu verði lokið fyrir árslok. Embættið hyggst einnig gera jafnréttisáætlun sem á að vera tilbúin fyrir 1. september næstkomandi.** - mh

# Félagsmálin undir einn hatt

**Formaður Öryrkjabandalagsins vill sameina ráðuneyti. Velferðarráðuneyti geti komið í stað heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis. „Skipan ráðuneyta endurspeglar frekar pólitísk hrossakaup en opið lýðræði."**

**FÉLAGSMÁL** Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalags Íslands, vill breyta stjórnkerfinu og einfalda það í þágu öryrkja og fatlaðra. Með því að sameina ákveðin ráðuneyti verði félagskerfið samþætt og komið í veg fyrir að fólk detti á milli kerfa.

Þetta kom fram í ræðu hans á ráðstefnu Öryrkjabandalagsins og Vinnumálastofnunar í samstarfi við ASÍ og Samtök atvinnulífsins sem haldin var í Gullhömrum í gær. Hún bar yfirskriftina Ný tækifæri til atvinnuþátttöku.

Sigursteinn sagðist vilja að í stað heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis komi velferðarráðuneyti. Í stað sjávarútvegs-, landbúnaðar- og iðnaðarráðuneytis komi atvinnuvegaráðuneyti.

„Skipan ráðuneyta og verkaskipting á milli þeirra er barn síns tíma og endurspeglar fremur pólitísk hrossakaup á milli kosninga en opið og virkt lýðræði," sagði hann. „Mér er sagt að fækkun ráðherrastóla sé helsta fyrirstaðan fyrir sameiningu ráðuneyta, en ég hef meiri trú á lýðræðinu en svo."

Hann sagði gríðarlega orku samtaka fatlaðra fara í að hlaupa á milli ráðherra og ráðuneyta sem vísa hvert á annað og forðast að axla ábyrgð. Sérstaklega eigi það um við heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti þar sem verkefnin skarast oft. Afleiðingin sé að fólk og málaflokkar falli á milli kerfa.



**RÁÐSTEFNA** Geir H. Haarde setti ráðstefnuna í gær. Meðal þeirra sem töluðu voru Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, og Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

„Að því er ég best veit hefur stofnun velferðarráðuneytis ekki verið uppi á borðinu hjá forsætisráðuneytinu en ég vona innilega að það breytist."

Atvinnuvegaráðuneyti sagði hann að gæti samanstaðið af sjávarútvegs-, iðnaðar- og landbúnaðarráðuneyti. Með því að hafa slíkt ráðuneyti gæti skapast öflugur stuðningur, líka við fatlaða, til starfsendurhæfingar og þátttöku í atvinnulífinu. Þannig sitji allir atvinnuvegirnir við sama borð.

„Úrræðaskortur einkennir málefni fatlaðra og sjúkra. Þúsundir fatlaðra lifa við fátækt og félagslega einangrun. Það er kominn tími til breytinga. Við þurfum að sameinast um nýtt fyrirkomulag og réttlátara samfélag," sagði Sigursteinn. salvar@frettabladid.is






# NÚ Á BESTA STAÐ Í BÆNUM

## BESTA OPNAR AÐ ÁRMÚLA 23
## MEÐ ENN MEIRA VÖRUÚRVAL

**Besta** er flutt úr gamla húsnæðinu á Suðurlandsbraut í nýtt og rúmbetra húsnæði við **Ármúla 23**. Í nýju búðinni er enn meira vöruúrval, auk hreingerningavara og áhalda bjóðum við kaffivélar, borðbúnað, eldhúsáhöld, raftæki og margt fleira.



## „ORÐRÉTT“

### Alvöru framsóknarkona

**„Ég er bara til vitnis um grænan lit Framsóknarflokksins.“**

JÓNÍNA BJARTMARZ UM ÞAÐ AÐ HÚN SÉ EINI ÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS SEM HEFUR SKRIFAÐ UNDIR SÁTTMÁLA FRAMTÍÐARLANDSINS OG ER MYND HENNAR ÞAR MEÐ LITUÐ GRÆN. GRÆNN ER LITUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS.

**Blaðið 22. mars**

### Mannréttindabrot!

**„Bráðnauðsynlegt er að flytja kjörkassa niður á ensku ströndina þar sem allir Íslendingarnir eru.“**

STURLU ÞÓRÐARSYNI, SEM BÚSETTUR ER Á KANARÍEYJUM, FINNST ÞAÐ BAGALEGT AÐ ÞURFA AÐ LEGGJA Á SIG DAGSFERÐ TIL LAS PALMAS TIL AÐ KJÓSA Í ÞINGKOSNINGUNUM.

**Fréttablaðið 22. mars**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HJALTI JÓN SVEINSSON, SKÓLAMEISTARI VMA

## Stoltur af nemendum sínum



„Það er bara allt mjög gott að frétta. Skólastarfið í Verkmenntaskólanum gengur vel og ég hef verið afar ánægður og montinn með nemendur mína upp á síðkastið,“ segir Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari VMA og bæjarfulltrúi á Akureyri.

„Nemendur eru nýbúnir að halda stóra og glæsilega vímulausa árshátíð sem var skólanum til sóma. Við fylltum KA-heimilið og skemmtum okkur við mat, skemmtiatriði og ball fram eftir nóttu,“ segir Hjalti sem var á leið akandi til Reykjavíkur þegar blaðamaður sló á þráðinn. „Ég ætla að vera viðstaddur Íslandsmót iðnnema í Kringlunni á morgun. Við sendum lið þangað og það verður spennandi að fylgjast með. Iðnnámið er í miklum vexti og við erum til að mynda byrjuð að kenna bifvélavirkjun aftur í VMA en hún hefur aðeins verið kennd við Borgarholtsskóla undanfarin ár,“ segir Hjalti sem ætlar líka að vera viðstaddur aðalfund Sambands íslenskra sveitarfélaga í borginni enda bæjarfulltrúi á Akureyri.

„Jú, jú, það er nóg að gera í bæjarmálunum líka,“ segir Hjalti og viðurkennir að lítill tími gefist til frístunda. „Ég reyni að sinna hestamennskunni eins og ég get og ríð út annað slagið.“

## BERNHARDT
### LEIKKONA OG KÖKUR



■ Fyrir marga eru Sörur orðnar ómissandi fyrir hver jól, þó svo að sjálfsögðu megi gæða sér á slíkum smákökum hvenær sem er árs. Sörurnar heita í raun Sarah Bernhardt og eru nefndar eftir samnefndri franskri leikkonu sem fæddist árið 1844 og lést 1923. Líklegast er talið að kökurnar séu danskar að uppruna. Leikkonan fékk meiri mat nefndan í höfuðið á sér. Til dæmis er sólflúruréttur og soufflé nefnt eftir henni, en í báðum tilfellum gefur það til kynna að réttinum fylgi gæsalifrarkæfa.

## SJÓNARHÓLL
### FRAMKVÆMDIR FAXAFLÓAHAFNA

## Vill göng og stokka

„Mér líst vel á hugmyndir Faxaflóahafna um að fjármagna framkvæmdir við Sundahöfn. Sérstaklega er ég sáttur við það er líklegast að það verði gerð göng frá Sundabraut yfir Gufunes,“ segir Benedikt S. Lafleur bókaútgefandi. Stjórn Faxaflóahafna hefur óskað eftir viðræðum við stjórnvöld um að fyrirtækið annist fjármögnun og byggingu Sundabrautar frá Kollafirði að Sæbraut og öllum tengdum mannvirkjum sem nauðsynleg eru.



**BENEDIKT S. LAFLEUR**
Bókaútgefandi

„Þessar samgöngur hefur vantað. Ég er auk þess mjög hlynntur því að umferð sé beint í göng eða stokka. Samgöngumál í Reykjavík hafa verið mjög slæm og lóðirnar ekki nægilega vel nýttar. Ég myndi gjarnan vilja sjá fleiri göng og fleiri stokka hér í borg, sérstaklega á Hringbraut og Miklubraut.“

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

# Afrakstur ungra frumkvöðla

**Ungir frumkvöðlar á Íslandi standa í dag og á morgun fyrir Vörumessu í Smáralind. Þar kynna framhaldsskólanemar fyrirtæki sem þeir hafa stofnað. Um 240 nemendur tóku þátt í verkefninu og átján fyrirtæki verða kynnt.**

Ungir frumkvöðlar eru frjáls félagasamtök og hluti af alþjóðlegu samtökunum Junior Achievement Worldwide. Í vetur hafa samtökin staðið fyrir námskeiðinu Fyrirtækjasmiðjan og verður afrakstur vetrarins kynntur í dag og á morgun. Á námskeiðinu lærðu nemendur að reka og stofna fyrirtæki með öllu sem því fylgir.

**Hollustan í fyrirrúmi**

Kolbeinn Karl Kristinsson er forstjóri fyrirtækisins Allt í einu, sem er eitt hinna nýju frumkvöðlafyrirtækja sem kynnt eru í Smáralindinni. Nemendur í Fjölbrautaskóla Suðurlands standa á bak við fyrirtækið og alls hafa tólf nemendur tekið þátt í verkefninu. „Við höfum sett á markað matarbakka með beyglu, ávöxtum og grænmeti,“ segir Kolbeinn og bætir því við að markmiðið hafi verið að koma fram með hollan skyndibita sem auðvelt væri að grípa með sér. „Við erum í samstarfi við Línu matvæli, sem sér um framleiðslu og dreifingu fyrir okkur,“ segir Kolbeinn og bætir því við að stefnt sé að því að matarbakkarnir fáist á öllum útsölustöðum Línu samloka.

Kolbeinn er ánægður með verkefnið og segir það hafa verið góða reynslu að taka þátt í því. „Við fórum eiginlega af stað með tvö verkefni. Við byrjuðum á því að framleiða boli í tengslum við Flóafár, sem er skemmtun hér í skólanum. Með auglýsingasölu gátum við safnað í svolítinn sjóð og gátum því startað matarbakkahugmyndinni án þess að taka lán. Okkur langaði að sýna fram á að það er hægt að stofna fyrirtæki án þess að byrja á því að taka lán,“ segir Kolbeinn.

**Upplýsingarnar á einum stað**

„Þetta hefur verið rosalega skemmtilegt verkefni og það verður gaman að sjá afraksturinn á vörumessunni,“ segir Herdís Helga Arnalds, nemandi í Verslunarskóla Íslands, en hún tók þátt í verkefninu ásamt öðrum nemendum á hagfræðibraut.

„Við erum átta saman í hópi og við ákváðum að setja upp heimasíðu. Síðan heitir www.hvert.is og þar er hægt að finna upplýsingar um ýmsa þjónustu,“ segir Herdís og bætir því við að þeim hafi þótt vanta einn stað með upplýsingum sem þessum.

„Við erum í samstarfi við Kópavogsbæ og unnum verkefnið út frá því. Á síðunni er því hægt að finna upplýsingar um þjónustu í Kópavogi og hvar allt er. Þú ferð inn á síðuna og smelltir kannski á tengilinn „afþreying og skemmtun“ og þar getur þú séð hvar öll kvikmyndahús og myndbandaleigur eru. Síðan verður þó ekki tekin formlega í notkun strax,“ útskýrir Herdís. Hún segir að síðan geti því flýtt fyrir fólki sem annars hefði þurft að fara inn á margar heimasíður til að finna þessar upplýsingar.

Herdís segir að verkefnið hafi gengið vel og samstarfið innan hópsins hafi verið gott. „Auðvitað hefur farið mikil vinna í þetta en það hefur verið þess virði því þetta er mjög lærdómsríkt og það er gaman að fylgjast með verkefninu verða að veruleika,“ segir Herdís, sem ætlar að kynna heimasíðuna í Smáralind ásamt félögum sínum.

thorgunnur@frettabladid.is



**FRUMKVÖÐLAR Í VERSLÓ** Sif Sigþórsdóttir, Jónatan Arnar Örlygsson, Nanna Sjöfn Möller, Herdís Helga Arnalds, Írunn Viðarsdóttir, Dóra Sif Ingadóttir og Hildur Mist Friðjónsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FRUMKVÖÐLAR Í FSU** Álfhildur Eiríksdóttir, Birna María Þorbjörnsdóttir, Hjörtur Sveinsson, Kolbeinn Karl Kristinsson, Jón Stefán Sævarsson, Dögg Þrastardóttir, Signý Egilsdóttir, Elísabet Ásta Magnúsdóttir, Herdís Sif Ásmundsdóttir og Sóley Ösp Karlsdóttir.

MSG

na na thai

Thai Restaurant & Store

Heimsending

Matseðill á www.thaimatur.com

Við notum:
Vel valið hráefni t.d.
-kjúklingabringur
-nauta fillet
-svína fillet
-Lamba fillet
-ferskt grænmeti
-gæða krydd (innflutt af okkur)
-litla olíu
-og fleira

Tælenskur og ítalskur matur

Heimsendingargjald 700 kr.

Skeifan 4 Sími: 588 1818 • 896 3536

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti:

## Sameinast gegn fordómum

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti stendur nú yfir. Á miðvikudag var haldið upp á alþjóðadag gegn kynþáttamisrétti víða í álfunni og þúsundir manna komu saman til þess að kveða niður fordóma og misrétti.

Mannréttindaskrifstofa Íslands, Alþjóðahús, Amnesty International, Þjóðkirkjan, Rauði krossinn, Ísland Panorama, Soka Gakkai Íslandi og Jafningjafræðsla Hins hússins tóku höndum saman um dagskrá í Smáralind. Keppendur í X-factor slógust í hópinn og skemmtu gestum og gangandi. Þá var einnig boðið upp á fjölmenningarspjall, sælgæti og barmmerki í tilefni dagsins. Með uppákomunni vildu þátttakendur vinna gegn fordómum í garð fólks af erlendum uppruna hér á Íslandi. -þo



**Í SMÁRALIND** Keppendur úr X-factor skemmtu á viðburði sem haldinn var í Smáralind í tilefni alþjóðadags gegn kynþáttamisrétti. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




# Hvort viltu afslátt eða gott verð?

Endalaus tilboð, afslættir og útsölur dynja á íslenskum neytendum árið um kring. Vörur eru auglýstar með afsláttum af verði sem hefur líklega aldrei verið til. Fullt verð er kallað tilboð. Útsölur ganga 365 daga ársins.

Neytendur elta ruglið og spyrja um afslátt frekar en verð. En það er ekki þeim að kenna, heldur „Múskó" væðingunni í viðskiptalífinu. Aldrei áður hafa orðin útsala, tilboð og afsláttur verið jafn illilega misnotuð.

**Skoðaðu málið á www.musko.is**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

## Verum vel á verði!

**MÚRBÚÐIN**

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## Svona erum við




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FRAMKVÆMDASJÓÐUR ALDRAÐRA

# *Allir skattgreiðendur borga í sjóðinn*

**Hvert er hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra?**
Samkvæmt lögum skal Framkvæmdasjóður aldraðra stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt. Hann á að standa straum af byggingu þjónustumiðstöðva, dagvista og stofnana fyrir aldraða og mæta kostnaði við nauðsynlegar endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu fyrir aldraða. Þá á hann að nýta til viðhalds á húsnæði dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila og annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.

**Hvernig er sjóðurinn fjármagnaður?**
Með sérstöku gjaldi sem lagt er á skattskylda einstaklinga á aldrinum sextán ára til sjötugs. Hver þeirra greiðir 6.314 krónur á þessu ári.

**Hvers vegna krefst Landssamband eldri borgara að Ríkisendurskoðun kanni sjóðinn?**
Frá stofnun sjóðsins árið 1981 til ársins 1992 rann allt fé sjóðsins til uppbyggingar öldrunarþjónustu. Árið 1992 var ákveðið að verja hluta sjóðsins í rekstur öldrunarstofnana. Það er er mat stjórnar Landssambandsins að heilbrigðisráðherra hafi farið frjálslega með fjárveitingar úr sjóðnum. Meðal þeirra atriða sem hafa verið gagnrýnd eru styrkveitingar til Óperukórsins í Reykjavík, Ungmennafélags Íslands og fleiri stofnana sem virðast ekki eiga bein tengsl við rekstur öldunarþjónustu. Auk þess vill Landssambandið meina að heilbrigðisráðherra hafi úthlutað úr sjóðnum án þess að sjóðsstjórn hafi haft ráðrúm til að fjalla um úthlutanirnar.



**Hvernig verður fjármunum varið á þessu ári?**
Til ráðstöfunar í sjóðnum eru á þessu ári 711,8 milljónir króna. Ráðherra ákveður hvernig þessu skuli ráðstafað í samræmi við tillögur samstarfsnefndar um málefni aldraðra sem fer með stjórn framkvæmdasjóðsins. Um 655 milljónum verður varið til uppbyggingar og endurbóta húsnæðis. Tæplega 60 milljónum verður varið í framlög og styrki.

Á vef heilbrigðisráðuneytisins kemur fram að breytingar verði gerðar á sjóðnum og er áætlað að á næsta ári muni allt fé úr sjóðnum renna óskipt til uppbyggingar öldrunarþjónustu.

**SPURT & SVARAÐ**
**ATVINNUMÖGULEIKAR ALDRAÐRA**

## *Fullt af fólki sem vill vinna*

Atvinnumöguleikar og -þátttaka aldraðra hafa verið í umræðunni að undanförnu. Atvinnutekjur skerða lífeyrisbætur þannig að ávinningurinn af vinnu verður oftar en ekki lítill. Reynir Ingibjartsson er formaður Aðstandendafélags aldraðra, skammstafað AFA.


**REYNIR INGIBJARTSSON**
Formaður AFA

**Vilja aldraðir vinna meira en þeir gera nú?**
Ég held að það hljóti að vera því eftirspurnin á vinnumarkaðnum er mikil. Það er fullt af fólki, sem er aldrað að nafninu til, sem hefur góða heilsu og fulla starfskrafta og vill vinna.
**Hvaða breytingar hafa orðið í þessum málum?**
Gagnvart öldruðum var sú breyting gerð í vetur að þeir mættu vinna fyrir 25 þúsund krónur á mánuði, sem gerir þrjú hundruð þúsund á ári.
**Er það nóg?**
Ég held að almennt finnist fólki þessi tala allt of lág. Eðlilegra væri að talan væri kannski í kringum hundrað þúsund á mánuði, þá yrði það mikill hvati til þess að fólk færi út á vinnumarkaðinn.

# Bróðurlegur metingur í hálfa öld

**Evran er inni. Guð og stjórnarskráin eru úti úr drögum að hátíðaryfirlýsingu Evrópusambandsins, sem samþykkja á í Berlín um helgina í tilefni af fimmtugsafmæli Rómarsáttmálans.**



**„ÉG ER EVRÓPA“** Nemendur úr „Evrópuskólum“ í Berlín halda á blöðrum merktum „Ég er Evrópa“ fyrir utan eina af byggingum þýzka þingsins í gær, í tilefni af fimmtugsafmæli ESB sem haldið verður hátíðlegt í borginni um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

Erindrekar frá öllum 27 aðildarríkjum Evrópusambandsins virðast hafa fundið lausn á nokkrum helstu ásteytingarsteinunum, sem stefndu í að spilla stemningunni á hátíðlegum afmælisfögnuði sambandsins í Berlín um helgina, en hann er haldinn í tilefni af því að á sunnudag eru rétt 50 ár liðin frá því Rómarsáttmálinn, stofnsáttmáli ESB, var undirritaður.

### Togazt á um stjórnarskrártilvísun

Þjóðverjar, sem stýra viðræðunum þar sem þeir gegna nú formennskunni í sambandinu, virðast reiðubúnir að sleppa úr hátíðaryfirlýsingunni hvers konar tilvísun til þess að sambandið þurfi að setja sér stjórnarskrá. En eins og kunnugt er hefur stjórnarskrársáttmálinn svonefndi verið í uppnámi frá því franskir og hollenzkir kjósendur höfnuðu honum í þjóðaratkvæðagreiðslum snemmsumars 2005.

Á móti munu þær tvær þjóðir sem mest hafa haft við stjórnarskráráformin að athuga, Bretar og Pólverjar, falla frá atriðum sem þeim voru hjartfólgnust. Bretar hafa fallizt á að vísað verði til evrunnar sem eins af mestu ávinningum Evrópusamrunans, þrátt fyrir að þeir hafi kosið að standa utan myntbandalagsins.

Lech Kaczynski, forseti Póllands, tjáði pólska ríkissjónvarpinu um síðustu helgi að pólska stjórnin myndi styðja „Berlínaryfirlýsinguna“, jafnvel þótt í henni yrði ekki vísað til kristinnar arfleifðar Evrópu, en hinum kaþólsku Pólverjum er mikið í mun að það sé gert.

Tveir stjórnskipaðir fulltrúar frá hverju hinna 27 aðildarlanda sambandsins hafa setið á rökstólum undanfarna daga til að komast að samkomulagi um orðalag hinnar tveggja síðna löngu hátíðaryfirlýsingar.

### Kerfisumbætur innan tveggja ára

Þýzki kanzlarinn Angela Merkel vonast enn til að ná inn í textann óljósri tilvísun til stjórnarskrársáttmálans, með því að lýst sé yfir skuldbindingu til að ákveða endurbætur á stofnanakerfi sambandsins innan tveggja ára.

Hinn eiginlegi slagur um hvað gera skuli við hinn strandaða stjórnarskrársáttmála frestast hins vegar fram til leiðtogafundarins í lok þýzka formennskumisserisins í júní. Þar vill Merkel að leiðtogarnir komi sér saman um hvaða hluta sáttmálans sé hægt að koma í gildi og hverja þurfi að semja um upp á nýtt eða láta niður falla. Það myndi síðan falla í verkahring næsta formennskuríkis, Portúgals, að skipuleggja nýja ríkjaráðstefnu sem hefði að markmiði að ná samkomulagi í seinasta lagi á árinu 2008 og fullgildingu nýs endurskoðaðs sáttmála árið eftir.

### Berlín táknrænn vettvangur

Þótt valið á Berlín sem samkomustaðar fyrir afmælishátíð ESB komi einfaldlega til af því að Þjóðverjar gegna formennskunni í sambandinu fyrri helming ársins, þá hefur Berlín mikla táknræna þýðingu fyrir marga Evrópubúa.

Halda má því fram að þýzka höfuðborgin endurspegli meira en nokkur önnur borg álfunnar endurreisnina úr öskustó síðari heimsstyrjaldar, skiptingu álfunnar í kalda stríðinu og loks endursameiningu hennar undir merkjum einingar, lýðræðis og velmegunar, en það eru einmitt þessi gildi sem leiðtogar aðildarríkjanna 27 munu um helgina hampa sem mesta ávinningnum sem evrópska samrunaferlið hefur áorkað á undanliðnum 50 árum.

Gera má ráð fyrir að hátíðaryfirlýsingin hefjist á því að tíunda það helzta sem áorkazt hefur – að treysta í sessi frið og frelsi í álfunni, að opna raðir sambandsins fyrir fyrrverandi kommúnistaríkjum Mið- og Austur-Evrópu, að koma á samræmdum innri markaði með frjálsu flæði fólks, vöru, þjónustu og fjármagns yfir landamæri, og myntbandalagi með sameiginlegri mynt og peningamálastefnu.

### Ávinningur fyrir borgara ESB

Í evrópskum fjölmiðlum er afmælis ESB einnig minnzt með ýmsu móti þessa dagana. Brezka dagblaðið The Independent birti til að mynda á miðvikudag lista yfir „50 ástæður til að líka við Evrópusambandið“ og fréttavefur BBC samskonar lista með tíu atriðum.

Þrátt fyrir slíka lista svöruðu þó 52 prósent þeirra Breta, sem þátt tóku í viðhorfskönnun sem Financial Times lét gera í fimm fjölmennustu ESB-löndunum, að þeir álitu áhrif Evrópusambandsins á líf þeirra frekar neikvæð en jákvæð. Að meðaltali í löndunum fimm töldu 44 prósent þróunina í landi sínu frekar hafa snúizt til hins verra eftir að það gekk í ESB. Aðeins rúmlega fimmtungur taldi hins vegar ástæðu til að land þeirra stefndi að því að segja sig úr sambandinu. Þessar niðurstöður endurspegla neikvæða stemmningu í garð sambandsins, sem eflaust má rekja til hinnar vandræðalegu umræðu um „stjórnarskrárkreppu“ sambandsins undanfarin misseri, sem hefur miðlað þeirri ímynd til almennings að stöðnun og ráðaleysi ríki í sambandinu.


FRÉTTASKÝRING
**AUÐUNN ARNÓRSSON**
audunn@frettabladid.is

## ÁSTÆÐUR TIL AÐ LÍKA VIÐ ESB

Í evrópskum fjölmiðlum er afmælis ESB einnig minnzt með ýmsu móti þessa dagana. Brezka dagblaðið The Independent birti á miðvikudag lista yfir „50 ástæður til að líka við Evrópusambandið“.
Meðal atriða sem tíunduð eru á listanum og ástæða er til að hafa í huga þegar rætt eru um þróun Evrópusambandsins eru þessi: **1.** Endi bundinn á stríðsrekstur milli Evrópuþjóða. **2.** Lýðræði blómstrar í 27 aðildarríkjum. **3.** Lönd sem voru fátæk eins og Írland, Grikkland og Portúgal njóta nú efnahagslegrar velgengni. **4.** Stærsta innri markaði heims komið á með um 500 milljónir íbúa. **5.** Réttindi og áhrif neytenda stórefld. ... **30.** Frjáls för fólks án vegabréfa yfir landamæri hinna 15 aðildarríkja Schengen-samningsins. ... **42.** ESB færir aðildarríkjunum meira fullveldi, ekki minna. Hér er vísað til samanburðar við EFTA-ríkin, þar á meðal Íslands, sem þurfa að innleiða ESB-löggjöf án þess að hafa nein áhrif á mótun hennar, ólíkt aðildarríkjum ESB.

Lotus Professional pappírsvörur
Á tilboði í mars 2007
LinStyle servíettur og dúkar, JustOne servíettur og servíettubox
Halldór Sigdórsson
Þjónn, aðstoðarverslunarstjóri hjá RV


2.388 kr.
JustOne startpakki
servíettubox og 600 servíettur

794 kr.
LinStyle servíettur
40x40cm, 50stk
Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
25 ára Rekstrarvörur 1982–2007
TUNGLIÐ RV6227A

Þegar málefnalega er fjallað um sambúð vandaðs álvers og þéttbýlis er í raun

# ekki deilt um mengun í lofti heldur ásýnd

gagnvart íbúum og vegfarendum.
Það er kjarni málsins.

---

Engum sem horfir á einfaldar staðreyndir um mengun frá álverinu í Straumsvík getur dulist að starfsemi þess ógnar á engan hátt heilsu fólks. Þess vegna snúast málefnalegar umræður um sambúð okkar með Hafnfirðingum og nálægð við þéttbýli höfuðborgarsvæðisins fyrst og fremst um sjónmengun.

Vönduð hönnun kerskála til viðbótar við þau mannvirki sem þegar eru til staðar mun að okkar viti ekki breyta útliti verksmiðjunnar til hins verra – nema síður sé. Með aukinni fjarlægð frá þjóðveginum opnast einnig kærkomin tækifæri til þess að brjóta sjónlínur að álverinu og laga það betur að umhverfi sínu.

Um mengun í lofti og skaðsemi hennar gagnvart nærsamfélaginu tala tölur álversins skýru máli. 99,9% flúors er hreinsað og flúor í nágrenni álversins er álíka mikið og áður en verksmiðjan tók til starfa. Brennisteinsdíoxíð mælist í nágrenni álversins að meðaltali 0,64% af því magni sem talið er að hugsanlega gæti skaðað fólk. Topparnir í þessum mælingum eru á bilinu 1-2%. Losun ryks er mjög lítil og sýna loftgæðamælingar á Hvaleyrarholti að engin fylgni fæst milli ryktoppa í loftgæðamælingum og vindátta frá ISAL. Uppruni þess er því annar.

Losun gróðurhúsalofttegunda er ekki skaðleg heilsu fólks í nágrenni álvera heldur veldur hún hnattrænum áhrifum. Það skiptir því ekki máli hvar losunin verður heldur hve mikil hún er. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu áls hjá ISAL er með því lægsta sem þekkist í heiminum í dag og má þakka tækninýjungum, hugviti og árvekni starfsmanna þennan góða árangur. Þegar við bætast endurnýjanlegir orkugjafar ásamt framleiðslu Alcan á hráefni sem allir viðurkenna sem eitt umhverfisvænasta smíðaefni heims má segja að með rekstri Alcan í Straumsvík leggi Íslendingar sitt af mörkum til vistvænni búskaparhátta heimsbyggðarinnar en ella væri.

**Gróðurhúsalofttegundir**

- Losun gróðurhúsalofttegunda er nú 70% minni á hvert framleitt tonn af áli heldur en var árið 1990.




**Brennisteinsdíoxíð**

Brennisteinsdíoxíð á Hvaleyrarholti mælist að jafnaði 0,64% af leyfilegum heilsuverndarmörkum. Til að hafa áhrif á heilsu barna eða fullorðinna þyrfti styrkleiki þess að verða tvöhundruðfalt meiri.

**Flúor**

Flúor í gróðri í nágrenni álversins er álíka mikið og það var áður en álverið tók til starfa.

**Svifryk**

Engin fylgni er milli ryktoppa í loftgæðamælingum á Hvaleyrarholti og vindátta frá ISAL.

straumsvik.is

ALCAN

BETRA ÁLVER

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.521 **+1,04%** **Fjöldi viðskipta:** 495 **Velta:** 13.433 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Bakkavör** | +2,33% | **365** | -1,38% |
| **Actavis** | +2,26% | **Tryggingamiðstöðin** | -1,02% |
| **Exista** | +1,78% | **Teymi** | -0,77% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,57 -1,38% ... Actavis 72,40 +2,26% ... Alfesca 4,87 -0,41% ... Atlantic Petroleum 625,00 +0,00% ... Atorka 6,68 +0,75% ... Bakkavör 66,00 +2,33% ... Eimskipafélagið 34,30 +0,59% ... FL Group 30,50 +1,67% ... Glitnir 26,70 +0,38% ... Kaupþing 1.038 +0,58% ... Landsbankinn 32,00 +0,63% ... Marel 75,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,80 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,10 +0,50% ... Össur 125,00 +1,22%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Endurspeglar ekki hluthafahópinn

Nokkur breyting verður á stjórn Icelandic Group sem verður kjörin í dag á aðalfundi félagsins. Athygli vekur að enginn frá fjárfestingarfélaginu ISP býður sig fram til stjórnar. Félagið, sem er dótturfélag TM, er fjórði stærsti hluthafinn í Icelandic Group. Það heldur utan um 12,4 prósenta hlut í Icelandic Group og ætti því venjum samkvæmt að hafa fulltrúa í stjórn. Í nýrri stjórn verður sem fyrr Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Hf. Eimskipafélags Íslands. Hann heldur að öllum líkindum áfram stjórnarformennsku hjá Icelandic Group. Þeir Aðalsteinn Helgason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar, og Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, sitja einnig áfram. Nýir koma inn þeir Guðmundur P. Davíðsson, forstöðumaður hjá Landsbankanum, og Steingrímur H. Pétursson, sem verið hefur varamaður í stjórn félagsins.



### Erfitt verk fyrir höndum

Úr stjórn Icelandic Group fara þeir Jón Kristjánsson, einn eigenda fjárfestingarfélagsins Sunds, og Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, fyrrverandi stjórnarformaður Icelandic Group og stjórnarformaður Tryggingamiðstöðvarinnar. Baldur Guðnason, sem situr áfram í stjórn Icelandic Group, telur ekkert athugavert við að frambjóðanda frá ISP skorti til stjórnarsetunnar. Stærstu hluthafarnir virðist hafa „komið sér saman um hæfa einstaklinga í stjórnina sem gætu unnið vel saman og stutt við framtíð félagsins“. Rík þörf er á stuðningi við framtíð Icelandic Group. Rekstur félagsins hefur gengið dapurlega að undanförnu. Meðal tillagna sem liggja fyrir aðalfundinum í dag er að enginn arður verði greiddur til hluthafa fyrir síðasta ár. Það kemur ekki á óvart í ljósi þess að félagið tapaði 1.078 milljónum króna á síðasta ári.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Kjalar Invest, fjárfestingarfélag að stærstum hluta í eigu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa, hefur aukið við hlut sinn í matvælafyrirtækinu Alfesca úr 34,14 prósentum í 35,84 prósent.

Hægur vöxtur verður á landsframleiðslu á þessu ári; 1,5 prósent á föstu verði. Draga mun snarpt úr innlendri eftirspurn en viðsnúningur í utanríkisviðskiptum vegur á móti. Þetta segir í Þjóðhagsspá Greiningardeildar Glitnis.

Áttatíu prósent forráðamanna íslenskra fyrirtækja telja aðstæður í efnahagslífinu fara batnandi, samkvæmt nýrri könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir fjármálaráðuneytið, Seðlabankann og Samtök atvinnulífsins.

# Óbreyttir vextir í Bandaríkjunum

Seðlabanki Bandaríkjanna ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í 5,25 prósentum. Þetta er í samræmi við spár greinenda en þetta er í sjötta skiptið sem stýrivöxtum hefur verið haldið óbreyttum síðan um mitt síðasta ár. Þar á undan höfðu vextirnir hækkað jafnt og þétt í tvö ár.

Í rökstuðningi bankastjórnarinnar, sem setið hafði á tveggja daga vaxtaákvörðunarfundi áður en niðurstaðan var birt, segir að verðbólga hafi hækkað í Bandaríkjunum auk þess sem hægt hafi á hjólum efnahagslífsins. Þó er gert ráð fyrir hóflegum hagvexti á árinu, að sögn bankastjórnarinnar. Hins vegar þótti ekki ráðlegt að gera breytingar á stýrivöxtum þar sem fasteignamarkaðurinn hefði kólnað nokkuð en það olli falli bandaríska hlutabréfamarkaðnum undir lok febrúar.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið gefið í skyn að stýrivaxtalækkunar væri að vænta voru fjárfestar vestanhafs bjartsýnir á að svo myndi verða. Þeir telja auknar líkur á stýrivaxtalækkun í sumar og losuðu Bandaríkjadali úr eignasafni sínu. Helstu vísitölur á markaði í Bandaríkjunum hækkuðu eftir að vaxtaákvörðun Seðlabankans lá fyrir. Þar af tók Nasdaq-vísitalan kipp og hækkaði um 1,98 prósent eftir kyrrstöðu á markaðnum fyrr um daginn. - jab



ÍSLANDSMÓT IÐNNEMA 2007 · Mennt · IÐAN fræðslusetur · STARFSMENNTARÁÐ · IÐNMENNT · SI Samtök iðnaðarins

# Harma mismunun þjónustugreina

**SVÞ vilja að endurgreiðsla virðisaukaskatts til stofnana af aðkeyptri þjónustu nái víðar en til upplýsingatækni. Samtökin héldu aðalfund sinn í gær.**



**Á FUNDI SVÞ** Formenn stjórnmálaflokka sem sæti eiga á þingi sátu fyrir svörum á aðalfundi SVÞ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) minna á að enn eru lögð 20 til 25 prósenta vörugjöld á raftæki, hreinlætistæki og byggingavörur og skora á ríkisstjórn og Alþingi að fella þessa löngu úreltu gjaldtöku niður.

Þetta kemur fram í ályktun aðalfundar samtakanna sem fram fór í gær. Jafnframt vilja samtökin að endurskoðuð verði innheimta vörugjalda af sykri og sætindum því ljóst sé að vörugjöldin ráði ekki neyslu þessara vara. Eins vilja samtökin að uppboð og sala á tollkvótum verði aflögð og þeim úthlutað án verðhækkunaráhrifa, til dæmis með með hlutkesti.

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans og varaformaður stjórnar SVÞ, flutti erindi formanns og varaformanns á fundinum. Í ræðu hans kom fram að samtökin fagni nýrri útvistunarstefnu stjórnvalda en telji þó alls ekki nógu langt gengið. „Grundvallarforsenda fyrir því að útvistunarstefna stjórnvalda gangi upp er að ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki ríkisins fái endurgreiddan virðisaukaskatt af aðkeyptri þjónustu til að jafna út samkeppnisstöðu þjónustufyrirtækja og þjónustudeilda opinberra aðila,“ segir hann en samtökin telja óásættanlegt að einungis sé endurgreiddur virðisaukaskattur af kaupum ríkisfyrirtækja af þjónustu einnar atvinnugreinar sem er tölvu- og hugbúnaðargeirinn. „Erfitt er að átta sig á af hverju þjónustufyrirtækjum er mismunað á þennan hátt.“ Samtökin segja jafnt þurfa yfir alla að ganga og breytingin sem fyrst að ná til allra þjónustufyrirtækja.

Brynjólfur segir þá neikvæðu umræðu sem varð um verslunina í aðdraganda lækkunar virðisaukaskatts og vörugjalda af matvöru þann 1. mars hafa verið mikil vonbrigði. Sérstaklega að embættis- og stjórnmálamenn skyldu hafa „fallið í þá gryfju að sverta með ábyrgðalausu tali og sleggjudómum heila stétt manna“ þegar þeir fullyrtu áður en 1. mars rann upp að lækkanir myndu ekki fara lengra en í vasa kaupmanna. Hann segir Hagstofuna hafa staðfest að matvöruverslunin hafi skilað lækkun að fullu til neytanda. Einnig gagnrýnir hann að færst hafi í vöxt hjá ráðuneytum og Alþingi að reglugerðir og lög séu samin án þess að hagsmunaaðilar fái að koma að málum á vinnslustigi.

Yfirskrift aðalfundarins var „SVÞ og stjórnmálaflokkarnir – eigum við samleið?“ og sátu formenn stjórnmálaflokkanna á þingi fyrir svörum í pallborði. Samfylkingin reyndist sá stjórnmálaflokkur sem er oftast er sammála áherslum SVÞ og sjaldnast ósammála, meðan Vinstri grænir eru sjaldnast sammála en oftast óssammála. Fyrir fundinn var formönnum stjórnmálaflokkanna sendar átta spurningar sem hagsmunamál sem SVÞ hafa beitt sér fyrir.

Sjálfstæðisflokkurinn svaraði því einn afdráttarlaust játandi að hefja ætti sölu á léttu víni og öli í almennum verslunum á meðan Framsóknarflokkur, Vinstri grænir og Frjálslyndir leggjast gegn því. Samfylking gaf ekki afgerandi svar við spurningunni, en var eini flokkurinn sem var sammála því að næstu skref til lækkunar matvælaverðs á Íslandi ætti að vera niðurfelling innflutningsverndar á landbúnaðarvörur.

Breyting varð á stjórn SVÞ. Sturla Gunnar Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Samkaupa, var kjörinn nýr inn, en Ingvi I. Ingason, framkvæmdastjóri Rafha, lætur af stjórnarsetu. **olikr@frettabladid.is**

# Shire kærir Actavis

Frumlyfjafyrirtækið Shire hefur höfðað mál á hendur Colony Pharmaceuticals, dótturfyrirtæki Actavis í Bandaríkjunum, fyrir brot á einkaleyfi við framleiðslu á athyglisröskunarlyfinu Adderal XR.

Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri innri og ytri samskipta Actavis, segir Shire reyna að hægja á skráningu samheitalyfsins hjá Actavis, sem hefur lagt inn umsókn hjá bandaríska lyfjaeftirlitinu. Einkaleyfi Shire rennur út eftir tvö ár og eru nokkur lyfjafyrirtæki þegar komin í skráningarferli. Ekkert þeirra er komið með markaðsleyfi í Bandaríkjunum en líklegt þykir að Barr, Pharmaceuticals verði fyrst til árið 2009.

Halldór segir málaferli Shire á hendur samheitalyfjafyrirtækjum hafa byrjað árið 2003. Frá þeim tíma hafi sættir náðst í nokkrum málum. „Þegar þeir svo sjá að við höfum lagt inn umsókn fyrir lyfinu gera þeir það sama og við hin lyfjafyrirtækin. Þetta er hefðbundið ferli þar sem menn reyna að koma í veg fyrir að þau fari á markað,“ segir Halldór. - jab



# TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Dagana 23.-25. mars
afnemum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa þrjá daga.

*Fatnaður á alla fjölskylduna*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 25. mars 2007.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

## GJENSIDIGE STEFNIR AÐ SKRÁNINGU

Gjensidige Forsikring, norska fjármálafyrirtækið sem á tæp tíu prósent í Storebrand, stefnir að skráningu í Kauphöllina í Osló á seinni hluta ársins til þess að vera betur í stakk búið til að taka þátt í umbreytingum á norskum fjármálamarkaði.

Félagið var stærsti hluthafinn í Storebrand með 9,99 prósent áður en Kaupþing fór yfir tíu prósenta hlut í vikunni.

Gjensidige er eins og nafnið gefur til kynna gagnkvæmt tryggingafélag og er því skilgreint í eigu tryggingataka. Félagið er stærsta tryggingafélag Noregs sem er ekki í líftryggingastarfsemi, með yfir þrjátíu prósenta markaðshlutdeild. Storebrand er aftur á móti eitt stærsta félag Noregs í líftryggingum og lífeyrissparnaði. Sá áhugi sem Gjensidige sýnir Storebrand þarf því ekki að koma á óvart.

Á síðasta ári hagnaðist Gjensidige um tæpa 36 milljarða króna, sem meðal annars má þakka drjúgum söluhagnaði af hlutabréfum í DnBNOR. Tryggingastarfsemi reyndist einnig arðbær. - eþa

# Tækifæri í nýjum samningi

Evrópska efnahagssvæðið, og þar með Ísland, á ekki aðild að samkomulagi sem Evrópusambandið og Bandaríkin komust að í gær. Í því felst að öllum flugfélögum innan Evrópusambandsins verður, frá 30. mars 2008, heimilt að fljúga til Bandaríkjanna frá hvaða landi innan sambandsins sem er. Hingað til hafa ríki Evrópusambandsins haft sérsamninga um gagnkvæm flugréttindi við Bandaríkin.

Með tilkomu samningsins mun samkeppni meðal evrópskra flugvéla líkast til glæðast og leiða til mikillar verðlækkunar á þeim flugleiðum sem um ræðir. Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group, telur þó að aðrir þættir virki hamlandi á samkeppni. Til dæmis séu pláss á evrópskum flugvöllum takmörkuð sökum þess hversu þétt setnir þeir eru. Hann telur að samkomulagið muni ekki hafa teljandi áhrif á rekstur stærstu evrópsku flugfélaganna. Minni flugfélög muni hins vegar örugglega geta nýtt þá möguleika sem myndist við breytingarnar.

Áhrifa samkomulagsins mun ekki gæta hér á landi til skamms tíma. Jón Karl telur þó líklegt að Ísland verði hluti af slíku samkomulagi á komandi árum. Það muni bæði hafa í för með sér tækifæri og ógnanir fyrir Icelandair. - hhs



**JÓN KARL ÓLAFSSON, FORSTJÓRI ICELANDAIR GROUP** Ísland á ekki aðild að samkomulagi sem Evrópusambandið og Bandaríkin komust að í gær.

# Breytt stjórn hjá Bakkavör

Sjálfkjörið er í stjórn Bakkavarar sem tekur við keflinu á aðalfundi félagsins sem haldinn verður í dag.



**KATRÍN PÉTURSDÓTTIR**

Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis, er nýr stjórnarmaður í Bakkavör.

Eftirtaldir hafa einnig boðið sig fram: Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar Group, Antonios Yerolemou, stjórnarmaður í Bakkavör, Ásgeir Thoroddsen hrl, Dionysos Liveras, framkvæmdastjóri Laurens Patisseries, Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, og Panikos Katsouris, framkvæmdastjóri Katsouris Brothers.

Auk Katrínar er Dionysos Liveras nýr í stjórn. Út úr eldri stjórn ganga þeir Erlendur Hjaltason og Hreinn Jakobsson. - eþa

# Baugur opnar SOUK í Stokkhólmi

### Ný verslunarmiðstöð kemur þar sem áður var Debenhams. Gangi vel verður opnað í fleiri stórborgum.

Fyrsti áfangi SOUK, nýrrar verslunarmiðstöðvar Baugs Group í Stokkhólmi, verður opnaður í dag. Tilkoma verslunarmiðstöðvarinnar, þar sem áður var verslun Debenhams sem var lokað 15. janúar, er sögð styðja enn frekar stöðu göngugötunnar Drottningargötu á ungtískukorti Stokkhólms.

„Fjárfestingin í þessari búð er óvenjumikil, hátt í 300 milljónir króna,“ segir Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group. Hann segir þarna verið að gera tilraun með samvinnuverkefni vörumerkja Baugs annars vegar og Arcadia hins vegar. „Ef vel gengur er markmiðið að vera með sambærilegar verslanir miðsvæðis í öllum helstu stórborgum.“

Í tilkynningu Baugs kemur fram að í fyrsta áfanga hefjist starfsemi í 4.000 fermetra álmu. „Í helmingi álmunnar verða verslanirnar Topshop og Topman, en verslanirnar í SOUK eru fyrstu flaggskipsverslanir þeirra utan Bretlands. Hinir 2.000 fermetrarnir munu hýsa ný ungtískuvörumerki svo sem Pilgrim, Svea, Denim for Girls, edc, Smycka, Friis, Pashion og Lollipops Paris. Það að auki verða nokkur hátískunöfn frá London, þar á meðal Oasis, Warehouse og Jane Norman.“ Seinni áfanginn, um 2.000 fermetrar, verður opnaður í ágúst.

Haft er eftir Åke Hellqvist, forstjóri SOUK, að litið sé á verslunarmiðstöðina sem stærstu og djörfustu tískufjárfestingu í Stokkhólmi í langan tíma.

Nafnið SOUK er ættað úr Austurlöndum nær, en þar er „souk“ miðstöð líflegra viðskipta þar sem metravara, fatnaður, skartgripir og krydd ganga kaupum og sölum.



**ÚR DEBENHAMSVERSLUN** Ný verslunarmiðstöð Baugs í Stokkhólmi kemur þar sem áður var Debenhamsbúð. Henni var lokað 15. janúar og þykir kraftaverki líkast að níu vikum síðar skuli hægt að opna þar SOUK. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Auk verslana verður meðal annars í SOUK að finna SOUK Haircare, stóra nagla- og hárgreiðslustofu, kaffihúsið Coffeehouse by George og svið fyrir sýningar og uppákomur. „Markmið okkar er að skapa samkomustað fyrir yngri kynslóðina, sem er nú þegar mjög áberandi í miðborg Stokkhólms,“ skýrir Hellqvist. - óká/hh




Kynning og sýning á Nordica Hotel
laugardaginn 24. mars kl. 12:00 – 16:00

Austurland
tækifæranna

Á þriðja tug fyrirtækja, samtaka og stofnana kynna hin margvíslegu tækifæri sem bjóðast á Austurlandi, atvinnutækifæri, búsetutækifæri og viðskiptatækifæri.

- Fyrirtæki af svæðinu kynna starfsmöguleika hjá sér og þjónustu sem þau veita.
- Húsnæðismál, eignir og lóðir til sölu.
- Þjónusta sveitarfélaga.
- Menningar- og frístundastarf.
- Ferðaþjónusta.
- Þróunarfélag Austurlands, Þekkingarnetið, Menningarráðið og Markaðstofa Austurlands kynna starfsemi sína.

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, og Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, verða á staðnum og ræða við gesti.

Grípið tækifærið!

Kynnið ykkur kraftinn og uppbygginguna sem hafa einkennt Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað á síðustu misserum og sláist í hópinn með okkur.

AUSTURLAND TÆKIFÆRANNA

Blómstrandi atvinnulíf og öflugt samfélag

ÍSLENSKA/SIA.IS/AUS 36168 03/07

ÞRÓUNARFÉLAG AUSTURLANDS
FLJÓTSDALSHÉRAÐ
VINNUMÁLASTOFNUN
FJARÐABYGGÐ
Alcoa Fjarðaál
ALCOA

Eldhús

# Rýmum fyrir nýjum innréttingum!

60% afsláttur af sýningareldhúsum

Kirsuber color, gegn heil



Natural birki, spónlagt

50% afsláttur



Gegnheil eik

60% afsláttur





50% afsláttur

Hvítur fulningur



50% afsláttur

Gegnheil fura

tvis køkkener

Glæsilegar eldhúsinnréttingar frá einum stærsta og virtasta framleiðanda Danmerkur, TVIS-Kökkener as sem stofnsett var 1952.

**FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!**

INNRÉTTINGAR & TÆKI

www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Boðskapurinn er þessi: ellin er þér að kenna.

# Öldungadeildin er lokuð deild

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Kunn er sagan af ómaganum sem kominn var í kör þegar upp komst að hún var fædd í næsta hreppi: stóðu hreppstjórar tveir og deildu hart hvorum megin kerlingin skyldi vistuð. Unni kerling fátt sér til varnar nema bölbænir til handa þeim sem sveit hennar byggðu - meðan hún tórði.

Búum öldruðum gott ævikvöld, segir frasinn. Nýlega skammaðist heilbrigðisráðherra til að leggja fram á síðasta þingdegi yfirlit um sporslur úr Framkvæmdasjóði aldraðra til ýmissa aðila. Listinn bar með sér að ráðamenn fara með fé úr sjóðnum eins og þeim sýnist. Þó er ljóst að í málefnum aldraðra er ástandið síður en svo gott. Sjúkrahús eru full af öldruðu fólki sem þarf skjól, ný heimili þar sem það nyti umsjár og atlætis. Um helgar er það sent út á guð og gaddinn. Fjölskyldur hafa ekki lengur rými í lífi sínu – eða hjarta – til að taka það til sín, aldraðir eru komnir upp á vandalausa, hrekjast milli dagvistar og helgarleyfa. Langur lífaldur er orðinn að þjóðfélagsmeini sem hinir yngri vilja ekki kannast við.

Úr hópi aldraðra hafa sprottið fram hreyfingar sem berjast af vanmætti fyrir bættum hag eldri kynslóða í landinu. Samtök sem eru í nauðvörn en beina sjónum sínum að kjörum þeirra sem standa lágt á strái, þeirra sem búa við kröppust kjörin.

Reglulega koma fram pótintátar sem vilja maka krókinn á atkvæðum þeirra sem eldri eru. En þeir eru vanafastir og njörvaðir í flokkaveldi landsmanna. Þetta vita stjórnmálamenn og óttast því ekki tilfæringar elstu þegna milli flokka. Öllum ber þó saman að umbætur verði að gera í málefnum aldraðra: stjórnvöld geta séð langt fram í tímann um þarfir í þessum málaflokki.

Framkvæmdasjóður aldraðra er notaður í ráðuneytinu sem stoppari: þar liggja óskir um endurbætur á dvalarheimilum sem fyrir eru. Reyndar er þöggunin í málaflokknum slík að ekki má kalla elliheimili réttu nafni – dvalarheimili skulu þau heita svona rétt til áréttingar að þar sé aðeins um skamma dvöl að ræða.

En elli er áunninn sjúkdómur og bráðsmitandi og undan honum kemst enginn. Hvernig ferst þjóð sem hrekur öldunga sína út fyrir garð samfélagsins? Svo lærir sem lifir. Það unga fólk sem lítur á meðferð á gamalmennum í samfélagi okkar hlýtur að hugsa ósjálfrátt sem svo: svona gerum við þegar mínir foreldrar verða komnir á aldur.

Við erum að ala börn okkar og barnabörn í þessu óhugnanlega viðhorfi til eldra fólks. Og það mun koma okkur í koll. Aurana vantar okkur ekki til lífsgæðanna svokölluðu, framboð af þeim er nóg og eftirsóknin ríkust í huga okkar. Við borum göng í fjöllin á fáförnum leiðum, reisum virkjanir upp á reikning, byggjum hallir fyrirtækja og stofnana. Ofläeti er okkar dyggð. En gamalmennin hrekjum við í þröng hælin og veitum þeim lágmarksþjónustu þótt það fólk eigi allt sína próventu skilið. Rétt eins og var á endanum býtti ómagans forðum.

Sú þjóð er rík sem tímir að búa öldungum sínum sæmandi ævikvöld, sú þjóð er fátæk sem læst vilja það en kemur því ekki í verk sökum anna við fánýtisneysluæðið. Hún á bölbænir skilið – og fær þær í hljóði um síðir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

• Samfylkingarfélagið í Reykjavík

Þekkingarfrekur iðnaður



Dofri Hermannsson fjallar um tillögur Samfylkingarinnar um eflingu hátækniiðnaðar. Tillögurnar fengu 1., 2. og 3. verðlaun á Sprotaþingi. Störf í hátækniiðnaði eru fjölbreytt og bjóða upp á tækifæri fyrir fólk með háskóla- og/eða verknám. Verðmætasköpun getur orðið mikil ef rétt er haldið á málum.

Fundarstjóri: Heiða Björg Pálmadóttir

Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Kaffi og vínarbrauð.

Fundurinn verður í kosningamiðstöð Samfylkingarinnar í Landssímahúsinu við Austurvöll, laugardaginn 24. mars kl. 11:00 til 12:30.

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík

• Samfylkingarfélagið í Reykjavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Klapp á bakið

Stjórn Faxaflóahafna samþykkti í gær tillögu Björns Inga Hrafnssonar, formanns stjórnarinnar, um eindreginn vilja til að koma að framkvæmd við Sundabraut. Var bréf þess efnis sent um hæl til forsætisráðherra og samgönguráðherra. Síðar um daginn samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þar sem Björn Ingi Hrafnsson er einnig formaður, ályktun þar sem það fagnar því frumkvæði stjórnar Faxaflóahafna að lýsa yfir eindregnum vilja fyrirtækisins til að koma að framkvæmdum við Sundabraut. Kallast þetta ekki að klappa sjálfum sér á bakið?



### ESB-andstæðingar reittir til reiði

Andrés Pétursson vakti í áskriftartölvupósti til áhugafólks um Evrópumál, sem hann heldur úti sem formaður Evrópusamtakanna, í gær athygli á því að breska blaðið The Independent hefði á miðvikudaginn birt lista yfir „50 ástæður til að líka vel við Evrópusambandið”. Á listanum, þar sem hinar ýmsu jákvæðu hliðar Evrópusamvinnunnar eru tíundaðar, er í fimmtugasta og síðasta punkti að finna þessa fullyrðingu: „Listar eins og þessi gera andstæðinga Evrópusamrunans brjálaða.” Í útskýringu segir, að í “heimi Daily Mail og Sun geti ESB aldrei gert neitt að gagni.” „Brussel” sé „geðveikt skriffinnaveldi, sem á laun áformi að mála alla asna bláa (með gulum stjörnum)”. Blaðið klykkir út með því að fimmtugsafmæli Evrópusamrunans sé „tími til að fagna þeim mörgu jákvæðu atriðum sem ESB hefur fært okkur”.



sdg@frettabladid.is/audunn@frettabladid.is

# Saga móður



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Lífskjör

*Það var erfitt að vera fátækur í Hafnarfirði á sjöunda áratug síðustu aldar. En jöfnuður hefur þar aukist í þeim skilningi, að atvinnutækifærum hefur fjölgað.*

Ímarsbyrjun á þessu ári birtist í Morgunblaðinu átakanleg frásögn roskinnar konu, Ásu Hjálmarsdóttur, sem hafði verið fátæk, einstæð móðir í Hafnarfirði á sjöunda áratug síðustu aldar og alið þar upp fimm börn. Margrét Björnsdóttir, forstöðumaður Stofnunar stjórnmála og stjórnsýslu í Háskóla Íslands og aðalskipuleggjandi kosningabaráttu Samfylkingarinnar, reyndi óðar að notfæra sér sögu Ásu í áróðri sínum. Í aðsendri grein í Morgunblaðinu 12. mars kvað hún þetta einmitt áminningu um, að ójöfnuður hefði aukist á Íslandi í valdatíð núverandi ríkisstjórnar, eins og Stefán Ólafsson prófessor hefði sýnt. Margrét benti einnig á nýlegar fullyrðingar annars samstarfsmanns síns, Helga Gunnlaugssonar prófessors, um náin tengsl ójafnaðar og afbrota.

Það var erfitt að vera fátækur í Hafnarfirði á sjöunda áratug síðustu aldar. En jöfnuður hefur þar aukist í þeim skilningi, að atvinnutækifærum hefur fjölgað. Ein meginástæðan er álverið, sem reis í lok þess áratugar. Fjöldi Hafnfirðinga fékk vel launaða vinnu í álverinu eða við þjónustu, sem því er tengd. Margrét Björnsdóttir og félagar hennar, þeir Stefán og Helgi, neita að skilja, að forsenda góðra lífskjara er öflugt atvinnulíf. Þá dugir ekki að stöðva allt, eins og vinstri grænir krefjast, eða fresta öllu, eins og Samfylkingin vill. Eitthvað verður að vera til skiptanna. Við lifum ekki lengi á fjallagrösum og munnvatni. Raunar hefur margoft komið fram í alþjóðlegum skýrslum, að á Íslandi eru almenn lífskjör einhver hin bestu í heimi og fátækt óveruleg, þótt tekjuskipting sé tiltölulega jöfn.

Frásögn Ásu Hjálmarsdóttur varð mér umhugsunarefni. Hver skyldu kjör íslenskrar konu í hennar sporum vera fjörutíu árum síðar, 2007? Ég skoðaði upplýsingar um það á heimasíðum ríkisskattstjóra og Tryggingastofnunar. Setjum svo, að konan hafi 130 þúsund kr. í mánaðarlaun. Hún nýtur líka mæðralauna að upphæð 13.846 kr. á mánuði og barnalífeyris (eða sömu upphæðar í meðlag, ef barnsfaðir hennar er á lífi) með fimm börnum, 18.284 kr. með hverju, samtals 91.420 kr. á mánuði. Setjum einnig svo, að tvö barnanna séu yngri en sjö ára. Hún fær samkvæmt því barnabætur að upphæð 104.192 kr. á mánuði. Hún greiðir aðeins skatt af atvinnutekjum sínum og mæðralaunum. Ef gert er ráð fyrir fullum lífeyrissparnaði (sem hún nýtur góðs af síðar meir) og framlagi í stéttarfélag, þá eru ráðstöfunartekjur hennar eftir skatt 327.024 kr. á mánuði. (Til að hafa sömu ráðstöfunartekjur eftir skatt þyrfti einhleyp og barnlaus kona að hafa um 480 þúsund kr. í mánaðarlaun.)

327 þúsund króna mánaðartekjur eru ekki mikið handa fimm barna fjölskyldu, en það er meira en í grannlöndum okkar. Væru Ása og börn hennar fimm að heyja lífsbaráttu sína nú, þá væri annar mikilvægur munur á aðstæðum þeirra hér og á Norðurlöndum. Þau börnin, sem væru orðin stálpuð, ættu auðvelt með að fá hér vinnu, til dæmis í Bónus eða við blaðaútburð, og legðu til heimilisins. Í Svíþjóð og víðar á Norðurlöndum er hins vegar mikið atvinnuleysi og aðallega í röðum ungs fólks. Þar stendur mönnum vissulega til boða að komast á bætur, en ekki að vinna sig úr fátækt í bjargálnir. Það er í þessum skilningi, sem ég held því fram, að jöfnuður hafi þrátt fyrir svartagallsraus Stefáns Ólafssonar aukist á Íslandi: Tækifærum hefur fjölgað, leiðir opnast.

Fullyrðing Margrétar Björnsdóttur um, að aukinn ójöfnuður leiddi til fleiri afbrota, varð mér líka umhugsunarefni. Ég skoðaði tölur um afbrot á heimasíðu Hagstofunnar. Þau eru hér fátíðari en víðast annars staðar. Ein besta mælingin á fjölda afbrota er, hversu margir eru sakfelldir fyrir brot á almennum hegningarlögum á hverja þúsund íbúa á aldrinum 16-69 ára. Þetta hlutfall hefur lækkað talsvert síðustu sextán árin, úr 4,8 árið 1991 niður í 3,5 árið 2005. Annar mælikvarði er fjöldi skráðra líkamsmeiðinga á hverja þúsund íbúa. Þetta hlutfall hefur farið úr 5,0 árið 1999 niður í 4,4 árið 2005. Fullyrðingar Margrétar og félaga hennar, þeirra Stefáns og Helga, um ójöfnuð og afbrot á Íslandi eru greinilega marklausar.

# 51% námslána er styrkur

**UMRÆÐAN**
Námslán



GUNNAR I. BIRGISSON

Samkvæmt síðustu útreikningum Ríkisendurskoðunar er framlagsþörf Lánasjóðs ísl. námsmanna 51% af áætluðum útlánum. Ríkissjóður þarf þannig árlega að leggja LÍN til 51 krónu fyrir hverjar 100 krónur sem sjóðurinn lánar námsmönnum. Þetta er nauðsynlegt til að standa undir kostnaðinum sem fylgir félagslegu hlutverki sjóðsins. Stærsti kostnaðarliðurinn er niðurgreiðsla á vöxtum en námslánin eru verðtryggð, en vaxtalaus á námstíma og með 1% vöxtum að námi loknu. Í stað núverandi lánskjara gætu ríkissjóður og LÍN boðið námsmönnum að þiggja 51% aðstoðarinnar sem styrk og eftirstöðvarnar sem lán á markaðskjörum. Fjárhagslega kæmi dæmið eins út.

Samfylkingin leitast við að bjóða betur en aðrir í lánasjóðsmálum, sbr. nýlegan pistil Björgvins G. Sigurðssonar, þingmanns. Tillögurnar vekja á hinn bóginn fleiri spurningar en þær svara. Þannig er t.d. lagt til að ef námsmaður lýkur lokaprófum á tilskildum tíma breytist 30% af upphæð námslána í styrk. Að óbreyttu myndi þessi tillaga hækka þörf á árlegu framlagi úr ríkissjóði um 1,5 milljarð króna. Er þetta skynsamleg forgangsröðun við ráðstöfun fjármuna? Hvaða forsjárhyggja er það að vilja skilyrða styrkinn með „lokaprófum á tilskildum tíma“? Og hvers vegna vill Samfylkingin minnka vægi félagslega tillitsins á endurgreiðslutíma námslánanna? Eitt af aðalsmerkjum íslenska námslánakerfisins er félagslegt tillit bæði á námstíma og að námi loknu.

Samfylkingin vill líka afnema ábyrgðarmannakerfið og klifar á því að menn hafi vegna þess orðið að hverfa frá námi. Fylgjast menn ekki með breytingum sem gerðar eru á reglum sjóðsins? Í tæp þrjú ár hafa námsmenn getað tryggt lánin sín með bankaábyrgð. Um 5% lánþega hafa valið þá leið. Hverjir eru þá eftir? Gjaldþrota einstaklingur getur fengið námslán ef hann tryggir námslán sitt með tveimur ábyrgðarmönnum. Vill Samfylkingin afnema það fyrirkomulag?

Undir forystu Þorgerðar K. Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra, hafa náðst fram margvíslegar úrbætur í málefnum LÍN í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Yfirveguð forgangsröðun, náið samráð við námsmannahreyfingarnar og víðtæk samstaða hefur einkennt þessar úrbætur. Í stað yfirboða og vanhugsaðra tillagna er það von mín að umræðan um LÍN verði málefnaleg.

*Höfundur er bæjarstjóri og formaður stjórnar LÍN.*

# Við erum öll eins inn við beinið

**UMRÆÐAN**
Innflytjendur

Umræða um málefni innflytjenda hefur stóraukist á opinberum vettvangi. Nokkuð ber á útlendingafælni og þjóðernishyggju í orðræðunni, einkum í netheimum. Sumir ala á úlfúð og fordómum í skjóli nafnleyndar auk einstaka gífuryrtra stjórnmálamanna. Ábyrgð fjölmiðla er einnig rík, t.d. er algengt að uppruni gerenda sé tiltekinn þegar útlendingar eiga í hlut, þótt slíkar upplýsingar þjóni sjaldnast öðrum tilgangi en að ala á fordómum. Það er tímabært að hefja umræðu um innflytjendamál yfir staðalmyndir og sleggjudóma.

Meðan 18.563 erlendir ríkisborgarar búa á Íslandi í dag áttu rúmlega 15.000 Íslendingar lögheimili á Norðurlöndunum einum árið 2005. Meðan Íslendingar í útrás eru hafnir til skýjanna eru útlendingar sem koma til Íslands til að vinna litnir hornauga. Hver er munurinn og hvaða vandamál hafa skapast vegna aukins fjölda útlendinga á Íslandi? Hér er næg atvinna og margt bendir til þess að íslenskar fjölskyldur hafi haft beinan hag af flæði erlends vinnuafls hingað til lands.



GUÐRÚN MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

Þóra Helgadóttur, hagfræðingur hjá Kaupþingi, leiðir líkur að því að verðbólga hefði verið 1,5 prósentum hærri í fyrra ef ekki hefði komið til erlent vinnuafl. Atvinnuleysi meðal innflytjenda á Íslandi er það minnsta sem þekkist í OECD-löndum. Atvinnuleysi hefur ekki aukist þrátt fyrir vaxandi fjölda innflytjenda – innflytjendur fá störf sem Íslendingar gætu unnið en það minnkar ekki möguleika Íslendinga á að fá vinnu; atvinna er ekki takmörkuð auðlind á Íslandi. Auk þess verðum við að uppfylla kröfur EES-samningsins um frjálst flæði vinnuafls hvað sem tautar og raular ef við ætlum á annað borð að njóta ávaxta fjórfrelsisins. Því er haldið fram að aukinn fjöldi innflytjenda ýti undir glæpi. Þetta er bull. Tíðni afbrota innflytjenda hefur ekki haldist í hendur við fjölgun þeirra; fjöldi hegningarlagabrota sem framin hafa verið af innflytjendum hefur staðið í stað á sama tíma og innflytjendum hefur fjölgað umtalsvert. Kannanir sýna að þorri þjóðarinnar er laus við útlendingafælni. Hjárænulegt gaspur lýðskrumara um „útlendingaógn“ sem nærist á ótta og fordómum er tímaskekkja. Ísland er fjölmenningarlegt hvort sem fólki líkar betur eða verr og nú þarf að vinna markvisst og málefnalega að íslensku samfélagi þar sem allir njóta virðingar og eiga jöfn tækifæri – óháð útliti og uppruna. Mikið hefur verið rætt um aðgerðir sem ætlað er að hjálpa útlendingum að aðlagast íslensku samfélagi og er það vel. Það er þó ekki nóg að tryggja aðlögun innflytjenda, við verðum að líta í eigin barm og ákveða hvað við sjálf ætlum að gera til að aðlagast breyttum tímum. Þau sjónarmið er búa að baki kynþáttahatri og útlendingafælni eru einhver þau hættulegustu sem mannkynið þekkir, þau verður að kveða niður á Íslandi. Birtingamyndir kynþáttahaturs eru breytilegar en minnumst þess að Helförin, þjóðernishreinsanir í Júgóslavíu og þjóðarmorð í Rúanda spruttuúr jarðvegi þess.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.*

# Ó, þú skrínlagða heimska ...

**UMRÆÐAN**
Álverið í Straumsvík

Aðdragandi íbúakosningar um risaálver í Hafnarfirði við hlið þess gamla hefur afhjúpað enn frekar en orðið var brotalamirnar í Samfylkingunni sem stjórnmálaflokki. Flokkurinn treystir sér ekki til að taka opinbera afstöðu til málsins eða eins og forseti bæjarstjórnarinnar segir í Fréttablaðinu 21. mars: „Við viljum gefa bæjarbúum frelsi til að nýta sér atkvæðisréttinn án þess að þurfa að lúta leiðsögn félagsins eða hinna kjörnu fulltrúa.“ Menn hljóta að spyrja til hvers sé flokkur og forysta sem ekki hefur skoðun á svo afdrifaríkri ákvörðun fyrir sitt sveitarfélag? Slík „leiðsögn“ þyrfti að sjálfsögðu ekki að koma í veg fyrir skoðanakönnun um málið meðal íbúanna en við blasir að hún er ekki annað en illa dulbúinn feluleikur. Lúðvík Geirsson, Gunnar Svavarsson og Tryggvi Harðarson beita sér leynt og ljóst fyrir fabrikkunni, sá síðastnefndi með þeim snilldarrökum að jafnt andstæðingar hennar sem fylgjendur geti sagt já í mánaðarlokin.



HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON

Ekki tekur betra við þegar formaður Samfylkingarinnar reynir í Morgunblaðsgrein 21. mars að varpa ljósi á afstöðu flokks síns. Einnig þar er enga skoðun að finna þrátt fyrir Fagra Ísland og aðra sýndarafstöðu til stóriðjumála. Fari svo að Alcan nái að beygja Hafnfirðinga undir sinn veldissprota með blíðmælgi og hótunum lofar Ingibjörg formaður því að greiða úr því sem á vantar með „viðræðum milli allra þeirra aðila sem eiga þátt í undirbúningi stækkunar álversins í Straumsvík“. Það er ekki amalegt fyrir felumennina heimafyrir að eiga von á slíkri ljósmóður til að allt komist á koppinn í nafni lýðræðisins.

Formaður Samfylkingarinnar og oddvitinn í Hafnarfirði opinbera í ofangreindum pistlum hvernig flokkur þeirra leggst nú á eitt með Alcan að ná sér þóknanlegri niðurstöðu. Við lesturinn rifjuðust upp ljóðlínur úr Landsýn eftir Stein Steinarr. Hafnfirðingar hafa brátt í hendi sér hvort niðurlagið verður að hætti skáldsins.

*Höfundur er líffræðingur og fyrrverandi ráðherra.*



* Innifalið: Flug og flugvallarskattar. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags. Enginn barnaafsláttur.

# Skattalækkanir til hagsbóta fyrir almenning

**UMRÆÐAN**
Skattalækkanir

Á því kjörtímabili sem nú er að líða hafa skattalækkanir til almennings verið stórfelldar og aldrei fyrr hafa skattar verið lækkaðir með jafn afgerandi og markvissum hætti eins og nú. Þyngst vegur þar lækkun á tekjuskatti einstaklinga en hann lækkaði um 3 prósentustig í þremur þrepum, úr 25,75% í 22,75%. Fyrir einstakling með 250 þúsund króna mánaðartekjur hefur þessi eina breyting í för með sér hækkun ráðstöfunartekna upp á 90 þúsund á ári.

Samhliða lækkun á tekjuskatti hefur persónuafsláttur hækkað umtalsvert og hafa skattleysismörk verið hækkuð um 30% á þessu kjörtímabili sem er langt umfram þróun verðlags á sama tíma.

**„Hátekju“skatturinn felldur niður**

Þegar svokallaður hátekjuskattur var lagður á var þess sérstaklega getið að hann yrði tímabundinn og ætti aðeins að taka til þeirra sem hefðu mjög háar tekjur. Með ört vaxandi kaupmætti og hækkun launa féllu fleiri og fleiri í þann flokk að greiða sérstakan viðbótar tekjuskatt, hátekjuskatt, sem í daglegu tali var oftar nefndur millitekjuskattur en hátekjuskattur. Var svo komið að um 24 þúsund Íslendingar greiddu sérstakan hátekjuskatt.

Fyrir tekjuárið 2003 var þessi skattur 5% og lagðist á alla sem höfðu meira en 4,1 milljón í árstekjur eða 340 þúsund á mánuði. Það er mikilvægt að skattkerfinu sé stýrt þannig að það hvetji einstaklinga til að vinna og afla sér tekna í stað þess að letja þá. Hátekjuskatturinn hafði öfug áhrif. Þess vegna var mikilvægt að hann yrði felldur niður og þess gætt að þeir sem höfðu hærri tekjur greiddu bara hærri skatta en ekki líka hærra hlutfall tekna sinna í skatt. Af þessum sökum var sérstakur tekjuskattur, „hátekju“skatturinn, felldur niður á þessu kjörtímabili. Lækkaði hann


ÁRNI MATHIESEN

í þremur þrepum úr 5%, fyrst niður í 4%, þá 2% og var að lokum alveg felldur út.

**Eignaskattar felldir niður**

Þriðja stoðin í skattalækkunum ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili sem að þessu sinni er nefnd, er niðurfelling eignaskatta sem eðli málsins samkvæmt lagðist einkum á þá sem á löngum tíma höfðu náð að greiða niður skuldir sínar, einkum af íbúðarhúsnæði. Það voru því eldri borgarar sem í miklum mæli skiluðu ríkissjóði þeim tekjum sem ríkið hafði af eignasköttum. Helmingur allra eldri borgara, tæplega 15.500 einstaklingar, greiddu eignaskatt á árinu 2005 og nam samanlögð upphæð þessara aðila ríflega 650 milljónum króna eða 42 þúsund krónum að jafnaði á hvern einstakling. Með niðurfellingu skattsins var því sérstaklega horft til þess að lækka skatta á eldri borgara í landinu.

Þrátt fyrir ofangreind atriði séu veigamikil er þar aðeins nefndur hluti þeirra mála sem ríkisstjórnin hefur siglt í höfn á sviði skattalækkana á þessu kjörtímabili. Lækkun virðisaukaskatts, lækkun erfðafjárskatts, hækkun barnabóta, niðurfelling vörugjalda, lækkun tolla og margt fleira mætti hér nefna en verður tekið fyrir síðar.

*Höfundur er fjármálaráðherra.*




# Fjögur ár

**UMRÆÐAN**
Íraksstríðið

Skömmu eftir miðnætti að íslenskum tíma þann 20. mars 2003 hófst stríð í Írak. Stuðningur Íslands við innrásina var ákveðinn af tveimur mönnum sem sýndi og sýnir ótrúlega vanvirðingu tveggja siðlausra manna gagnvart lýðræði í landinu og um leið þjóð sinni. Gjörningurinn var framkvæmdur án þess að utanríkismálanefnd Alþingis kæmi saman en skv. 24. grein þingskapa á nefndin að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um „meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál, jafnt á þingtíma sem í þinghléum.“


MAGNÚS MÁR GUÐMUNDSSON

Einhverjir myndu telja stuðning Íslands við stríð vera meiri háttar utanríkismál. Aðrir ekki. Sífellt fleirum verður ljóst hvaða hörmungar stríðið hefur kallað yfir írösku þjóðina, en ekkert lát virðist vera á ööldinni í landinu. Engu að síður telur Sjálfstæðisflokkurinn ákvörðunina um stuðning íslensku þjóðarinnar við innrás Bandaríkjanna í Írak hafa verið rétta. Forysta Framsóknarflokksins veit ekki í hvorn fótinn hún á að stíga og hefur Jón Sigurðsson farið í nokkra hringi frá því að hann var kjörinn formaður flokksins.

Á sama tíma hefur afstaða Samfylkingarinnar og stjórnarandstöðuflokkanna ætíð legið fyrir. Mánudaginn 19. mars kl. 20 munu hinir staðföstu stríðsandstæðingar efna til baráttusamkomu í Austurbæ. Þar verður innrásinni mótmælt og þess krafist að íslensk stjórnvöld axli ábyrgð vegna sorglegs stuðnings þeirra við hina ólöglegu innrás.

*Höfundur er formaður Ungra jafnaðarmanna.*










# allt



## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ]

**Penninn** heldur lagersölu dagana 22. til 25. mars að Vesturvör 29. Þar er veittur 70 prósenta afsláttur af ritföngum, föndur- og gjafavöru. Einnig 30 til 80 prósenta afsláttur af skrifstofuhúsgögnum.



**Rugldagar** Toppskósins standa yfir á Vínlandsleið 6. Þar má meðal annars kaupa tvenn kvenstígvél og borga aðeins fyrir dýrara parið.



**Tveir** fyrir einn-tilboð er á toppum í Stasiu í Kringlunni.

**Garðyrkjustöðin** Hveratún í Biskupstungum hefur hafið framleiðslu á salati í pokum. Um þrjár tegundir er að ræða, klettasalat, íssalat og Íslandssalat. Íslensku salattegundirnar þekkjast vel frá erlenda salatinu, þar sem þær eru í glærum pokum með áberandi merkingu á íslensku.

## GÓÐAN DAG

**Í dag er föstudagurinn 23. mars, 82. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.19 | 13.34 | 19.51 |
| Akureyri | 7.03 | 13.19 | 19.37 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Siv kveðst bralla margt í eldhúsinu sínu og hafa gaman af. Hér undirbýr hún kvöldverð.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Í anda lýðheilsunnar

***Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra hefur ótal hnöppum að hneppa þessa dagana bæði í starfi og einkalífi. Samt var auðsótt mál að fá að fylgjast með henni undirbúa kvöldverð.***

„Þar sem fiskur er svo hollur finnst mér nauðsynlegt að hafa hann á borðum sem oftast. Auk þess tekur enga stund að gera úr honum góðan mat og það er vissulega kostur ef tíminn er naumur til eldamennsku,“ segir Siv brosandi. „Aðalatriðið er auðvitað að hráefnið sé gott og hér á landi er enginn hörgull á góðum fiski,“ bætir hún við.

Þetta síðdegi hefur Siv komið með þorskflak úr fiskbúðinni og valið lauk, epli, sítrónur og papriku úr grænmetis- og ávaxtarekkum kjörbúðarinnar. „Þessi réttur svíkur engan,“ segir hún kankvís og byrjar að brytja niður hráefnið.

Í eftirrétt ber Siv fram hnetu- og ávaxtatköku þrungna af hollu góðgæti. Hún kveðst hafa fengið uppskriftina hjá Védísi Húnbogadóttur, mágkonu sinni. „Védís er sérfræðingurinn og gaf mér uppskriftina eftir að við höfðum notið kökunnar hjá henni,“ segir hún. „Hér er um gómsæta konfektköku að ræða sem passar með góðu rjúkandi kaffi bæði að sumri og vetri, hvort sem er á jólum eða Jónsmessu.“

Siv kveðst hugsa óvenju mikið um mat og kökur þessa dagana því sonurinn Hákon mun fermast um næstu helgi og að sjálfsögðu er veisla í undirbúningi. Hvort sá guli verður á borðum er vafa bundið en konfektkakan telst nokkuð örugg inn.

Uppskriftirnar frá Siv eru á bls. 3.

*gun@frettabladid.is*


Hitaveitur
**spara**
Íslendingum
**10 til 20 milljarða á ári**

Kynding með jarðhita hefur frá því um 1980 sparað Íslendingum 10 til 20 milljarða króna á ári sem ella færu í innflutning á olíu til brennslu – með tilheyrandi mengun

SAMORKA





**Helgartilboð!**
**Lúða í salsasósu**
á aðeins
**1.290.- kr./kg.**

Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir

Búðakór 1 / Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is

# allt tilboð o.fl.

**50%** Þín verslun slær mest af verði einstakrar vörutegundar þessa helgi. Varan er 7-Up og 7-Up Free í tveggja lítra flöskum, sem lækkar úr 199 krónum í 99.




**BÓNUS** – Tilboðin gilda til 25. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus hamborgarhryggur | 898 | 998 | 898 | 10 |
| K.s lambahryggur frosinn | 999 | 1.298 | 999 | 25 |
| Holta fersk kjúklingalæri | 363 | 544 | 363 | 35 |
| Holta ferskir kjúklingaleggir | 363 | 544 | 363 | 35 |
| Frosnar danskar kjúklingabringur | 1.098 | 1.498 | 1.098 | 25 |
| Reyktur lax | 1.125 | 1.501 | 1.125 | 25 |
| Grafinn lax | 1.125 | 1.501 | 1.125 | 25 |
| Myllu heimilisbrauð 770 g | 129 | 159 | 167 | 20 |
| Chiquita ávaxtasafar 2 l | 198 | 229 | 99 | 15 |

**FJARÐARKAUP** ekki bara verð! – Tilboðin gilda til 24. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Andrex wc pappír hvítur 9 rl. | 589 | 648 | 589 | 10 |
| Nautagúllas úr kjötborði | 1.328 | 1.595 | 1.328 | 15 |
| Roast beef í neti úr kjötborði | 1.698 | 1.998 | 1.698 | 15 |
| Ali hamborgarhryggur | 1.255 | 1.673 | 1.255 | 25 |
| Ali Party skinka | 1.329 | 1.773 | 1.329 | 25 |
| Matfugl kjúklingalæri | 457 | 609 | 457 | 25 |
| Blandaðar lærisneiðar | 1.498 | 1.992 | 1.498 | 25 |
| Grillaður kjúklingur | 568 | 750 | 568 | 25 |
| 4 hamborgarar m/brauð 2 l coke | 548 | 648 | 548 | 15 |
| Jarðaber 250 g | 249 | 298 | 996 | 15 |
| Góu páskaegg nr. 6 | 995 | 1.298 | 995 | 25 |
| Nóa páskaegg nr. 1 | 589 | 648 | 589 | 10 |
| Egils malt/appelsín 500 ml | 95 | 109 | 190 | 15 |
| Egils páskaöl 500 ml | 85 | 99 | 170 | 15 |
| Pepsi max 0,5 ml dós | 59 | 85 | 118 | 30 |
| Pik-Nik 397 g | 398 | 488 | 1.003 | 20 |
| Pik-Nik 255 g | 298 | 330 | 1.168 | 10 |




**HAGKAUP** Skemmtilegast að versla – Tilboðin gilda til 25. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nautafile úr kjötborði | 1.998 | 3.143 | 1.998 | 35 |
| Svínakótilettur úr kjötborði | 998 | 1.399 | 998 | 30 |
| Svínalundir | 1.463 | 2.438 | 1.463 | 40 |
| Underground banana 850 ml | 600 | 750 | 705 | 20 |
| Underground jarðarberja 850 ml | 600 | 750 | 707 | 20 |
| Underground karmellu 850 ml | 600 | 750 | 707 | 20 |
| Underground súkkulaði 850 ml | 600 | 750 | 707 | 20 |
| Underground vanilla 850 ml | 600 | 750 | 707 | 20 |

**KRÓNAN** – Tilboðin gilda til 25. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kjötb. sælkerabuff í raspi | 459 | 655 | 459 | 30 |
| Kjötb. grísasnitsel í raspi | 989 | 1.499 | 989 | 35 |
| Gríms plokkfiskur 400 g | 299 | 375 | 748 | 20 |
| Gríms gratineruð ýsa m/broccolí 400 g | 299 | 372 | 748 | 20 |
| Gríms gratineruð ýsa Mexikó 400 g | 299 | 372 | 748 | 20 |
| Odense skógarberja/marsipan 500 g | 369 | 655 | 738 | 45 |
| Krónu hrískökur 120 g | 249 | 295 | 2.075 | 15 |
| HM lífrænt wheat spaghetti flax 340 g | 267 | 314 | 785 | 15 |
| Shop R. skúffuköku mix 520 g | 159 | 187 | 306 | 15 |




**NÓATÚN** – Tilboðin gilda til 25. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ýsuflök roðlaus og beinlaus | 798 | 1.219 | 798 | 35 |
| Rauðsprettuflök | 798 | 1.129 | 798 | 30 |
| Þorskflök roðlaus og beinlaus | 899 | 1.229 | 899 | 25 |
| Ýsa í suðrænni sósu | 899 | 1.129 | 899 | 20 |
| Plokkfiskur | 677 | 1.129 | 677 | 40 |
| Grísahnakki úrb. sneiðar | 889 | 1.498 | 889 | 40 |
| Grísakótilettur | 998 | 1.398 | 998 | 30 |
| Fine taste baguette m/hvítlauk 2 stk. | 199 | 234 | 100 | 15 |
| Göteborg Café Mini Brownie 240 g | 299 | 399 | 1.246 | 25 |
| Merrild lífrænt kaffi 400 g | 399 | 549 | 998 | 25 |

**Þín verslun** – Tilboðin gilda til 28. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Borgarnesbjúgu | 438 | 548 | 438 | 20 |
| Borgarnes kindakæfa 200 g | 216 | 270 | 1.080 | 20 |
| Borgarnes folaldakjöt reykt | 468 | 585 | 468 | 20 |
| KS kanilsnúðar 400 g | 209 | 379 | 523 | 45 |
| KS hjónabandssæla 350 g | 209 | 339 | 314 | 40 |
| Kelloggs Corn Flakes 500 g | 259 | 309 | 518 | 15 |
| Maxwell House kaffi 500 g | 379 | 459 | 758 | 15 |
| Anton Berg ískaka 825 g | 1.199 | 1.619 | 1.453 | 25 |
| Maarud flögur 350 g | 329 | 469 | 940 | 30 |
| 7-Up 2 l | 99 | 199 | 50 | 50 |
| 7-Up Free 2 l | 99 | 199 | 50 | 50 |
| Pepsi Max 0,5 l dós | 59 | 100 | 118 | 40 |





Nú er 25 prósenta afsláttur af allri málningu.

# Sprengivika

*Tilboðsdagar í Húsasmiðjunni.*

Fram til 25. mars verður 25 prósenta afsláttur veittur af allri málningu og gólf- og veggflísum í Húsasmiðjunni. Tilboðið gildir í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt. Nánari upplýsingar um tilboðin er að finna á heimasíðu Húsasmiðjunnar, www.husasmidjan.is. Einnig í síma 525-3000.

# Tilboð á hönskum

*Sérstakt marstilboð stendur yfir í versluninni Drangey.*



Leðurhanskar á dömur og herra eru á sérstöku tilboði í mars í versluninni Drangey í Smáralind. Til loka mánaðarins má fá alla leðurhanska með tuttugu og fimm prósenta afslætti í versluninni.



Santa Fe er meðal þeirra jepplinga sem eru á útsölu Bílalands B&L.

# Útsala á jepplingum

*Nú er hægt að fá notaða jepplinga á tilboði hjá Bílalandi B&L.*

Við Íslendingar erum jeppaþjóð og jafnvel þó við höfum ekki alltaf efni á því erum við ólm í að eiga jeppa. Þess vegna eru jepplingar góður valkostur, sérstaklega þegar þeir eru á tilboði.

Í Bílalandi B&L eru notaðir jepplingar á tilboði frá 21. til 24. mars. Meðal gripa sem í boði eru er Land Rover Freelander árgerð 2004 ekinn 35.000 km. Hann kostar nú 1.890.000 kr en kostaði áður 2.250.000 kr. Einnig er hægt að fá Hyundai Santa Fe árgerð 2004 ekinn 88.000 km á 1.880.000 kr. Sá bíll kostaði áður 2.350.000 kr.

Boðið er upp á 100 prósent lán í allt að 84 mánuði og mánaðarleg afborgun af jeppunum sem áðan voru nefndir yrði þá rúmlega 27.000 krónur.

# Flottir skór á fínu verði

*Skómarkaður stendur yfir í Outlet 10.*



Í Outlet 10, Faxafeni 10, er hægt að fá alls konar fatnað frá ýmsum framleiðendum á góðu verði. Þessa dagana stendur yfir skómarkaður í versluninni og á honum má meðal annars finna Converse- og Diesel-skó á góðu verði.


speedo PUMA

50-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!



Puma íþróttagallar - 4.000 kr.
Rétt verð: 7.990 kr.
Stærðir 116-176 og S-XL




Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 12 – 18
Laugardagar kl. 12 – 16

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Súkkulaðidagar
í Mosfellsbakaríi
Háaleitisbraut 58 - 60

Svissneski súkkulaðimeistarinn Stephan Iten verður gestur Hafliða Ragnarssonar í Mosfellsbakaríi við Háaleitisbraut næstu daga. Saman ætla þeir að kafa djúpt í heim súkkulaðisins og gefa viðskiptavinum að smakka súkkulaði trufflur eins og þær gerast bestar.




Mosfellsbakarí
Háaleitisbraut 58 - 60



**Þjónar** gera góða veislu heima við enn betri. Það getur verið stórskemmtilegt að bjóða til góðrar matarveislu og leigja þjón í smóking með hvíta hanska sem gengur um beina og hefur góða þekkingu á víni og mat. www.hanastel.is


**Sérfræðingar í saltfiski**

Ekta fiskur – Sælgæti úr sjónum

Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita


# Hollir réttir og hefðbundið fiskmeti í Hófgerðinu

***Fiskneysla tilheyrir föstunni. Við Hófgerði 30 í Kópavogi er rótgróin fiskbúð sem bæði býður nýja hollusturétti og heldur í gamlar hefðir.***

Eiríkur Auðunn Auðunsson fisksali stendur innan við borð fiskbúðarinnar í Hófgerði. Hann er að afgreiða fiskbollur og lætur þess getið að vinsældir þeirra séu slíkar að fólk leggi gjarnan stórar lykkjur á leið sína til að nálgast þær. Nefnir líka plokkfiskinn sem hann segir víðfrægan.

Fiskbúðin í Hófgerði er komin á 21. aldursár og enn er sami eigandi og í byrjun, Finnbogi Hannesson. Í búðinni starfar einnig sonur hans, sem lagði smíðar á hilluna og nam fiskiðn hjá föður sínum, sem lærði af tengdaföður sínum í fiskbúðinni við Álfhólsveg. Nú segir Eiríkur Auðunn fyrirhugað að stækka búðina enda aukist viðskiptin jafnt og þétt, jafnhliða úrvalinu í borðinu. „Við höfum verið að fjölga tilbúnu réttunum okkar og þeir eru í stöðugri þróun. Meðal annars hefur hollusta þeirra verið aukin með fersku grænmeti í meira mæli en áður,“ nefnir hann



Sigin grásleppa er meðal þess sem fólk sækist eftir.



Fiskbúðin í Hófgerði reynir að vera með hóflegt verð. Hvað annað?



Eiríkur Auðunn hagræðir tilbúnu réttunum í fiskborðinu. FRÉTTABLAÐIÐ GVA

sem dæmi. „Einnig aukum við val viðskiptavina með því að marinera steikur eftir óskum hvers og eins. Þá getur fólk sérvalið beinlausa bita af einhverri tegund og við meðhöndlum þá í því formi sem það vill, fyrir matarboðið eða grillveisluna.“

Auk þessarar þjónustu segir Eiríkur Auðunn fólk kunna vel að meta það að fá í Hófgerðinu heila ýsu, útvatnaðar kinnar, rauðsprettu, siginn fisk og grásleppu ásamt þurrkaða, flatta saltfiskinum. „Við viljum halda í gömlu gildin og hafa á boðstólum fiskmeti í hinum hefðbundna stíl á hóflegu verði. Allt þetta sem hefur einkennt litlu fiskbúðirnar í gegnum tíðina.“

*gun@frettabladid.is*


Piparsósa...
... þegar vindur hvín!




*Tilvalin köld út á kjötið, í fiskrétti, með reyktum silungi og sjávarfangi. Góð með köldum, steiktum lunda og sem ídýfa.*

Bernaisesósa...
... þegar sólin skín!




Grafika 03/07

VOGABÆR

*Frábær köld úr dósinni eða hituð upp, með lambakjöti, nautakjöti, fiski eða kjúklingaréttum í ofni.*




**Til hnífs og skeiðar**

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

## Hunangshnetukonfekt Baklava

Réttir, eins og Baklava, sem fólk hefur matreitt og notið í þúsundir ára, hljóta að hafa eitthvað alveg sérstakt við sig. Þessir hunangsklístruðu hnetubitar umluktir fíngerðum fyllo-flögum voru fæði eðalborinna í Grikklandi til forna og þóttu ástarvaki hinn besti. Nú fæst Baklava í sjoppum og búllum úti um allan heim, og margar þjóðir fyrir botni Miðjarðarhafs státa af sínu eigin afbrigði. Stundum eru valhnetur notaðar og stundum pistasíur, stundum sítrónusafi eða appelsínusafi. Hér er einföld uppskrift að Baklava fyrir þá sem vilja spreyta sig og komast með bragðlaukunum í lauflétta snertingu við nið aldanna.

1 pk. frosið fyllo-deig
100 g bráðið smjör
150 g fínt saxaðar valhnetur
1 dl sykur
½ tsk kanill
1 dl sykur
1 dl fljótandi hunang
1 dl vatn
1 msk. sítrónusafi

1. Látið fyllo-deigið þiðna eins og sagt er til um á pakkanum. Flettið deiginu í sundur. Smyrjið bökuform og leggið helminginn af deigþynnunum, lag fyrir lag, í botninn á forminu. Penslið hvert lag fyrir sig með bráðnu smjöri. Ef þynnurnar passa ekki í formið, brjótið þær þá til eins og þarf.

2. Blandið hnetunum, sykri og kanil saman og stráið yfir lögin í botninum. Leggið því næst afganginn af fyllo-deigþynnunum yfir hneturnar, lag fyrir lag og penslið hvert lag eins og áður. Ef afgangur er af smjöri hellið því þá yfir efsta lagið.



Hunangshnetukonfekt Baklava Guðrún Jóhannsdóttir matur kaka

3. Skerið kökuna í tígullaga bita og bakið við 200 gráður í um 20 mínútur.

4. Útbúið sírópið á meðan. Setjið sykur, hunang og sítrónusafa í pott og látið malla í um 20 mínútur. Kælið og hellið jafnt yfir kökuna þegar hún kemur úr ofninum.

Geymist í ísskáp. Sérlega ljúffengt með sætu og góðu myntutei.



Konfektkakan hentar vel við öll tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Fiskur og kaka

UPPSKRIFTIR SIVJAR FRIÐLEIFSDÓTTUR, HEILBRIGÐISRÁÐHERRA OG HÚSFREYJU.

**GULUR ÞORSKUR**
2 þorskflök roðflett skorin í bita
1 paprika skorin í bita(helst gul)
1 epli skorið í bita(gult)
1 laukur skorinn í bita
1 msk. karrí (eða minna)
1 msk. paprikuduft
2 dl fiski- eða kjúklingasoð
2 dl matvinnslurjómi eða sýrður rjómi

Steikið létt papriku, epli og lauk í olíu. Bætið í karrí og paprikudufti. Hellið fyrst soðinu út í og síðan rjómanum.

Fiskbitunum síðan raðað í botn eldfasts móts. Sósunni hellt yfir (og rifnum osti ef vill) og rétturinn svo hitaður í 180-200 gráðu heitum ofni í 20-30 mínútur (veit ekki alveg hve lengi ég hef hann, augað ræður).

Borðað með soðnum kartöflum, hrísgrjónum eða pasta og fersku salati ásamt öðru tilfallandi meðlæti.

**KONFEKTKAKA**
350 g döðlur
200 g aprikósur, saxaðar
250 g jumbo-rúsínur saxaðar
60 g þurrkuð trönuber
100 g möndlur, saxaðar
100 g heslihnetur, saxaðar
2 glös (135g) rauð kokteilber söxuð
200 g 70% súkkulaði, saxað
Hrært með 1 dl hveiti þannig að húðist.

**DEIG**
3 egg
120 g dökkur Muscovado-sykur
60 g smjör brætt
rifinn börkur af einni appelsínu
4 msk lögur af kokteilberjum
1 tsk lyftiduft
120 g hveiti

Egg og sykur þeytt vel. Annað efnifer út í í sömu röð og að ofan. Hellið deiginu yfir ávextina og blandið vel.

Klæðið tvö form með smjörpappír og skiptið blöndunni í þau. Lokið formum með álpappír. Bakið í 40 mínútur við 160°C. Takið álpappírinn af og bakið enn í 25-30 mín. eða þar til prjónn er hreinn. Látið kólna í formi. Vefjið í filmu eða ál og geymið í kæli.





Kaffið frá Te & Kaffi

Te & Kaffi býður nú þrjár gæðablöndur í hagkvæmum 400 g umbúðum. Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

stundin - bragðið - stemningin








Helgartilboð

T-Bone steik á pönnuna eða í ofninn á aðeins 2990.- kr.kg

GALLERÍ KJÖT

Opið virka daga frá kl 10 -18:30 Laugardaga frá kl 11 -17 Grensásvegi 48 Búðarkór 1 gallerikjot.is






Kirsuber eru góð, fersk og að auki falleg, enda vinsæl matarskreyting.

# Kirsuberin vinsæl í sósur, sultu og út á ís

***Sumir telja kirsuber ómissandi, bæði sem meðlæti og bragðbætir í eftirrétti.***

Kirsuber eru aldin kirsuberjatrésins og eru ýmis afbrigði til af þessum holdávexti. Þau geta hörð eða mjúk, gul, rauð og stundum allt að því svört á lit og bragðið eftir því, annaðhvort súrt eða sætt. Þessar ólíku bragðtegundir hafa ef til vill ráðið einhverju um vinsældir kirsuberja sem matvöru í aldanna rás, en heimildir um kirsuberjaát ná alveg aftur til Forn-Grikkja.


Kirsuberjatré blómstra í stuttan tíma á sumrin.

Kirsuber eru yfirleitt tínd af trjánum á sumrin þegar þau blómstra og borðuð fersk, til dæmis sett í salöt og ofan á ís, í kökur og bökur. Þau eru líka notuð sem hráefni í marga eftirrétti, sósur, hlaup og sultur. Þá eru þau notuð til að skreyta kokteila eða út í aðra áfenga drykki á borð við kirsjuberabrennivín, öðru nafni kirsch.

Auk þess að vera almennt álitin bragðgóð, telja sumir kirsuber búa yfir heilsubætandi áhrifum. Rauðu litarefnin eiga að draga úr bólgum og verkjum. Þá hafa rannsóknir sýnt að kirsuber innihalda mikið melantón, efni sem á að vera styrkjandi fyrir ónæmiskerfið. *- rve*

## Lostæti með ís og rjóma

KIRSUBERJABAKA ER HREINASTA LOSTÆTI.

**Innihald:**
Deig
250 g hveiti
salt á hnífsoddi
125 g kalt smjör
1 eggjarauða
kalt vatn eftir þörfum

Blandið saman salti og hveiti. Skerið smjörið út í hveitið og myljið saman með höndum, þar til það er orðið fínkornótt. Bætið eggarauðu því næst út í og vatni eins og með þarf. Geymið í kæli.

**Berjaþykkni**
4 bollar steinalaus kirsuber
2 og 3/4 msk tapíókamjöl (notað til að þykkja berjasósuna)
1 bolli sykur
2 tsk sítrónusafi
1/4 tsk salt
1/4 tsk möndludropar


Kirsuberjakökur eru eins góðar á bragðið og þær eru fallegar.

2 msk smjör skorið niður í smáa teninga

Hrærið ávöxtum, sítrónusafa, tapíóka, salti, sykri og möndludropum saman og látið standa í fimm mínútur.

**Eggjablanda**
1 eggjarauða
kalt vatn eftir þörfum.

**Aðferð:**

Hitið ofninn í 180°C.

Skiptið deiginu í tvennt og fletjið annan helminginn út og setjið í smurt bökuform, þrýstið deiginu upp á barmana. Hinn deighlutinn geymist áfram í kælinum. Penslið bökubotninn með eggjablöndunni. Bakið botninn í 20 mínútur.

Setjið berjaþykknið á bakaðan botninn og smjörteningana yfir þykknið. Fletjið afgang deigsins út, þar til það verður 3 mm þykkt, og notið sem lok á bökuna. (það má skera alls kyns munstur í lokið.) Klípið saman við brúnir, penslið með eggjablöndunni eða mjólk (stráið þá sykri yfir) og setjið álpappír yfir til að bakan brenni ekki. Hitið ofninn í 200°C og bakið bökuna í 20 mín. Leyfið bökunni að kólna á borði í nokkrar mínútur eftir baksturinn.






# *Freistandi uppskriftir*

***Fjórar nýjar matreiðslubækur eru komnar á markað á vegum Altungu. Þær henta jafnt meisturum sem byrjendum í matargerð.***

Nýju bækurnar frá Altungu fjalla hver um sinn flokkinn. Ein er um fiskmeti, önnur um kartöflur, sú þriðja snýst um fitusnauða eftirrétti og sú fjórða um muffins. Allar eru þær í litlu broti og handhægar og litmyndir eru af flestum réttunum.




Einn af kostum litlu matreiðslubókanna frá Altungu er sá að næringarinnihald allra réttanna er gefið upp. Þá hafa þeir sem vilja vita hversu margra hitaeininga þeir neyta og annars í þeim dúr þær upplýsingar við höndina.

Þótt bækurnar séu þýddar úr ensku hefur þess verið gætt að hráefnið í réttina fáist hér á landi í helstu stórmörkuðum. Að öðrum kosti eru gefnar upplýsingar um hvað má nota í staðinn.

Altunga hefur gefið út margar matreiðslubækur á síðustu árum í sama broti og þessar. Þær fást í öllum helstu bókaverslunum landsins og í stórmörkuðum.

Hér er ein uppskriftanna úr bókinni Sígilt úr kartöflum.

**SKORDALÍA** (BLS. 24)
**Undirbúningstími 35 mínútur**
**Hitunartími 15 mínútur**
***Fyrir sex***

**500 g mjölmiklar kartöflur, afhýddar og skornar í fernt**
**5 hvítlauksrif, marin**
**60 g malaðar möndlur**
**170 ml ólífuolía**
**2 msk. hvítlauksedik**

Sjóðið eða gufusjóðið kartöflurnar í 10 til 15 mínútur eða þar til þær eru tilbúnar. (Stingið í kartöfluna með litlum, oddmjóum hnífi og ef hún losnar auðveldlega af er hún tilbúin). Hellið vatninu af og stappið kartöflurnar.

Bætið hvítlauk og möndlum í stöppuna. Bætið olíu og ediki hægt saman við og stappið vel svo að blandan verði mjúk. Kryddið með salti og svörtum pipar. Bætið 3-4 msk. af vatni saman við í lokin. Berið fram kalt.

Þessi gríska stappa fer vel bæði með kjöti og fiski. Hana má laga með dags fyrirvara og geyma í ísskáp.

Næringargildi í hverjum skammti: Prótein 4 , fita 15 g, kolvetni 12 g, trefjar 2,5 g, kólesteról 0 mg, 855 kj (205 kkal).




# sirkus

23. mars 2007



## Unnur Birna Vilhjálmsdóttir

Afþakkaði dómarastarf í keppninni um Herra Heim sem fram fer í Kína í lok mánaðarins vegna anna í náminu í Háskólanum í Reykjavík. BLS. 2



## Ættleiddir gimsteinar

Fjölmargir Íslendingar hafa ættleitt börn frá fjarlægum löndum. Sirkus ræddi við fjórar fjölskyldur sem eru allar sammála um að biðin eftir barninu hafi verið vel þess virði. BLS. 6



# ÞAÐ GETA ALLIR UNNIÐ

Fjögurra liða úrslit í X-Factor í kvöld

VIÐTÖL BLS. 8

SIRKUSMYND/VALLI


Hlaðnir gemsar




Með Nokia og Sony-Ericsson símum frá Símabæ fylgir handbók á íslensku. Notendaviðmót er í öllum tilfellum íslenskt.

Símabær

Símabær - Síðumúli 31 - Reykjavík - 533-2700 - www.simabaer.is

# fréttir

## Heyrst hefur



### Habitat-hjón á leið til Danmerkur

Heimildir Sirkuss herma að Habitat-hjónin **Ingibjörg Þorvaldsdóttir** og **Jón Arnar Guðbrandsson** hafi sett glæsilegt einbýlishús sitt í Eikarási í Garðabæ á sölu og hyggist jafnvel bregða búi. Þau reka nú fimm Oasis-verslanir í Danmörku og munu vera að skoða þann möguleika að flytja til Kaupmannahafnar. Ingibjörg og Jón Arnar keyptu húsið af athafnamanninum Engilberti Runólfssyni og vilja að sögn fá 170 milljónir fyrir það. Þau eiga einnig íbúð á Laugavegi sem verður væntanlega notuð sem athvarf á Íslandi verði af flutningum þeirra til Danmerkur. Ingibjörg vildi hvorki neita né játa neinu um mögulegan flutning – sagði það einfaldlega ótímabært að tjá sig um slíkt þegar Sirkus ræddi við hana.





### 45 milljóna króna Aston Martin á árshátíð

Kaupthing hélt árshátíð sína í Laugardalshöllinni um síðustu helgi og var engu til að sparað til að gera hana eins veglega og kostur var. Þema kvöldsins var Eurovision og voru allar helstu Eurovision-stjörnur Íslands dregnar á flot þetta kvöld eins og tíundað hefur verið í fjölmiðlum ásamt hinum dönsku Olsen-bræðrum. Stjarna kvöldsins var þó glæsikerra af gerðinni Aston Martin Vanquish S sem stóð á miðju gólfi hallarinnar. Bíllinn, sem kostar 45 milljónir og er flaggskip Aston Martin, var fluttur sérstaklega inn frá Bretlandi fyrir árshátíðina og gátu starfsmenn bankans látið mynda sig við bílinn. Fjölmargir gerðu það enda komast fæstir í tæri við slíkan bíl nema einu sinni á ævinni.

### Umboðsmaður Íslands á tímamótum

**Einar Bárðarson**, hinn geðþekki X-Factor-dómari og umboðsmaður, varð 35 ára 18. mars síðastliðinn. Hann hyggst fagna þessum tímamótum og mun veislan fara fram í Smáralindinni, nánar tiltekið í X-Factor-salnum, á morgun, laugardagskvöld. Ljóst er að salurinn mun verða troðfullur enda maður eins og Einar afar vinmargur. Ljóst er líka að skemmtiatriðin verða ekki af verri endanum enda eru flestir bestu popparar landsins annaðhvort skjólstæðingar Einars eða nánir vinir.





**MINNINGARNAR HELLTUST YFIR** Unnur Birna kom einu sinni til Sanya á síðasta ári og lifði upp aftur stundina þegar hún var valin fegursta kona heims.

UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR DÆMIR EKKI Í HERRA HEIMI Í KÍNA

# AFÞAKKAÐI DÓMARASTARFIÐ VEGNA ANNA

Já, það er rétt að ég hef afþakkað boð um að vera dómari í keppninni," segir fegurðardrottningin Unnur Birna Vilhjálmsdóttir í samtali við Sirkus spurð út í fjarveru hennar í dómnefndinni þegar Herra heimur 2007 verður krýndur í Kína 31. mars næstkomandi. Keppnin fer fram í borginni Sanya á eyjunni Hainan, á nákvæmlega sama stað og Unnur Birna var kjörinn Ungfrú heimur í desember 2005. „Það hefði auðvitað verið frábært að fara þarna og rifja upp minningar en því miður verður ekki af því. Skipuleggjendurnir vildu fá mig út tveimur vikum fyrir keppnina til að fylgjast með alls kyns undankeppnum og hitta keppendurna en ég varð að segja nei. Með ferðalögum hefði þetta tekið tæpar þrjár vikur og svo langan tíma get ég hreinlega ekki misst úr skólanum. Það styttist í próf og þetta er spurning um forgangsröðun. Núna er skólinn númer eitt hjá mér," segir Unnur Birna en hún stundar nám í lögfræði við Háskólann í Reykjavík.

Unnur Birna kom einu sinni til Sanya árið sem hún var alheimsfegurðardrottning og segir að í þeirri heimsókn hafi minningarnar frá krýningunni hellst yfir hana.

„Ég vona bara að mér verði boðið að dæma næst þegar Ungfrú heimur verður krýnd. Ég veit ekki hvar það verður en þeir þrír staðir sem nefndir hafa verið eru Pólland, Ástralía og Bandaríkin," segir Unnur Birna.

Jón Gunnlaugur Viggósson tekur þátt í keppninni um Herra heim að þessu sinni og hann fer því miður á mis við að hafa Unni Birnu í dómnefndinni. Því hefur verið haldið fram að Linda Pétursdóttir, sem var kjörin Ungfrú heimur árið 1988, verði í dómnefndinni í Kína en það hefur ekki fengist staðfest.

*oskar@frettabladid.is*



**MARGREYNDUR DÓMARI** Linda Pétursdóttir **hefur margoft dæmt í hinum ýmsu fegurðarsamkeppnum en leiddar eru líkur að því að hún verði í dómnefndinni.**

**ENGIN UNNUR BIRNA** Jón Gunnlaugur Viggósson, **Herra Ísland 2006, er meðal þátttakenda í Kína og nýtur ekki stuðnings Unnar Birnu í dómnefndinni.**

# Hefur ekki tíma til að sprauta GULA HUMMERINN

Guli Hummerinn hans Geira á Goldfinger hefur skipt um eigendur. Það var Fjárfestingafélagið Klif sem keypti bílinn á 25 milljónir króna en það hyggst áfram gera bílinn út en öðruvísi á litinn.

„Það er rétt að við höfum keypt bílinn og gerum hann út. Það er alveg brjálað að gera og við höfum ekki einu sinni haft tíma til að sprauta hann svartan eins og stefnan er," segir Baldvin Arnar Samúelsson, einn eigenda Klifs, í samtali við Sirkus.

„Bíllinn er bara uppbókaður út í eitt og þetta er eiginlega alveg ótrúlegt. Við hefðum aldrei trúað þessu. Þetta er klárlega gott viðskiptadæmi eins og byrjunin hefur verið," segir Baldvin Arnar kátur og hress með nýja bílinn.

Hann segir allan gang á því hvers konar fólk tekur bílinn á leigu.

„Það eru allar stéttir og allur aldur. Svona standard á bíl þekkist ekki hér og ég vil nú meina að það sé frekar ódýrt að leigja þennan bíl. Það kostar 30 þúsund að leigja þennan bíl í klukkutíma og miðað við að það komast sautján manns inn í bílinn þá er það ekki mikið dýrara en leigubíll niður í bæ," segir Baldvin Arnar og bætir við að bíllinn sé ekki drykkjustaður heldur sé hann eingöngu tæki til að komast á milli áfangastaða og hafa gaman á meðan. „Það er ekki áfengisleyfi í þessum bíl og ef menn vilja vera fullir og rúnta um þá ráðlegg ég þeim hinu sömu að fara niður á BSÍ og kaupa sér far með rútu."



**VINSÆLL** Guli Hummerinn er engum líkur.



**GOTT VIÐSKIPTADÆMI** Baldvin Arnar, **einn eigenda gula Hummersins, er afar ánægður með rekstur bílsins sem er uppbókaður nokkuð fram í tímann.** SIRKUSMYND/GVA


Canon
DIGITAL IXUS
Ixus 900Ti
Ný viðmið
Canon Ixus 900 Ti er frábær samsetning af tækni og glæsilegri hönnun. Vélin er úr títaníum, með 10 megapixla upplausn og Face Detection tækni sem hjálpar þér að taka bestu andlitsmyndirnar.
10 megapixlar.
DIGIC III örgjörvi bætir myndgæði og eykur hraða.
3x "optical" aðdráttur.
2.5" LCD skjár.
ISO 1600 fyrir flass-lausa myndatöku innandyra.
Touch Control Dial er ný tækni sem auðveldar aðgang að lykil stjórntækjum vélarinnar.
18 tökustillingar auk XGA vídeómynda.
Enn betri stafrænn aðdráttur með Safety Zoom.
Verð 54.900 kr.
Söluaðilar um land allt
www.nyherji.is/canon

# fréttir

## Heyrst hefur



### Völli fær verðlaun í Kína

Sjónvarpskokkurinn **Völundur Snær Völundarson** heldur til Kína í apríl til að taka á móti verðlaunum fyrir bók sína Delicious Iceland en auk verðlaunanna er Völli tilnefndur í mörgum öðrum flokkum. Um mikinn heiður er að ræða þar sem umrædd bókaverðlaun eru kölluð „Óskarsverðlaun kokka- og vínbóka“. Völli og eiginkona hans, Þóra Sigurðardóttir, búa á Bahamaseyjum þar sem þau undirbúa opnun þriggja veitingastaða.

### Nóg að gera hjá Jógvan

Það getur verið gott fyrir rekstur nýrrar hárgreiðslustofu að einn af eigendum hennar sé orðinn þjóðþekktur maður. Upp á það skrifa væntanlega meðeigendur Færeyingsins **Jógvans Hansen** að hárgreiðslustofunni Unique Hár og Spa í Borgartúninu. Jógvan hefur slegið í gegn í X-Faktor-þáttunum og segir sagan að viðskiptavinum stofunnar hafi fjölgað verulega, þá sérstaklega kvenkyns sem vilja berja færeyska folann, eins og hann er kallaður, augum.



MAGNÚS ÁRMANN OG ÞORSTEINN M. JÓNSSON BÆTA Í BÍLAFLOTANN Á ÍSLANDI

# Keyptu 33 milljóna króna glæsikerru

Glöggir vegfarendur í umferðinni í Reykjavík hafa undanfarna daga tekið eftir sérlega glæsilegri Benz-bifreið sem brunað hefur um götur bæjarins. Bíllinn, sem er svartur að lit, var fluttur inn frá Þýskalandi í síðustu viku og er í eigu fjárfestingafélagsins Materia Invest sem á meðal annars tæplega 9% hlut í FL Group. Það eru athafnamennirnir, vinirnir og nágrannarnir á Laufásveginum, Magnús Ármann og Þorsteinn M. Jónsson, sem eiga það félag með breska kaupsýslumanninum Kevin Stanford. Heimildir Sirkus herma að glæsikerran hafi kostað 33 milljónir en það var Askja sem flutti bílinn inn.

Eins og Sirkus greindi frá fyrir nokkrum vikum hefur það færst í vöxt hjá íslensku milljarðamæringum að þeir hafi einkabíl og bílstjóra til taks í borginni og eru þeir Magnús, Þorsteinn og Kevin engin undantekning. Þeir voru áður með Audi A8 bifreið sem var sett upp í Benzinn. Bíllinn er notaður í hin ýmsu viðvik, allt frá því að keyra og sækja athafnamennina út á flugvöll til þess að skjótast með börn þeirra á leikskóla.

Benzinn er ekkert slor. Hann er af gerðinni S 65 AMG og er um 15 sentimetrum lengri en hin venjulega útgáfa. Og þeir félagar ættu ekki að verða seinir á fundi því vélaraflið telur 604 hestöfl sem gerir bílinn að einum þeim öflugasta á götum bæjarins. Heimildir Sirkuss herma að allir mögulegir og ómögulegir aukahlutir hafi verið hnýttir við bílinn.

Sömu heimildir herma að ekki líði á löngu þar til Baugur Group muni hafa yfir að ráða eins bíl. Það kemur kannski ekki svo á óvart því Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs og stjórnarformaður 365, sem gefur meðal annars út Fréttablaðið, er mikill vinur þremenninganna í Materia.

*oskar@frettabladid.is*



**Á FLOTTUM BENZ** Það er óhætt að segja það muni ekki væsa um þá félaga **Magnús Ármann** og **Þorstein M. Jónsson** í glæsivagninum sem þeir keyptu fyrir nokkrum dögum. **Jón Ásgeir Jóhannesson** er þegar búinn að panta einn Benz fyrir Baug Group.



alltaf eitthvað nýtt www.mubla.is

mubla

nýbýlavegi 18 I s. 517 2100




alltaf eitthvað nýtt www.mubla.is

ÆTTLEIÐINGARFERLIÐ ER LANGT OG FLÓKIÐ. SIRKUS RÆDDI VIÐ FJÓRAR FJÖLSKYLDUR SEM ÆTTLEITT HAFA BÖRN FRÁ ÓKUNNU LANDI OG SEGJA BIÐINA SANNARLEGA HAFA VERIÐ ÞESS VIRÐI.

# ÆTTLEIDDIR GIMSTEINAR

## Löng og öðruvísi meðganga

„Við vorum búin að bíða eftir henni í tæp tvö ár," segir Þórunn Herdís Hinriksdóttir en hún og eiginmaður hennar Gunnar Bender sóttu litla stelpu til Kína í byrjun desember 2004. Litla dóttirin hefur fengið nafnið Ingibjörg Anja Baixue Bender og er 3 og hálfs árs skvísa sem gengur í leikskóla heima á Akranesi. Nafnið Baixue var kínverska nafnið hennar sem foreldrar hennar völdu að halda í en nafnið þýðir hvítur snjór eða Mjallhvít og passar því vel á litla stelpu á Íslandi. Mamma hennar segir ferðalagið til Kína hafa verið algjört ævintýri. „Þetta var stórkostleg upplifun og það var rosalega skemmtilegt og gaman að sjá þetta framandi land," segir hún og bætir við að um langa og öðruvísi meðgöngu hafi verið að ræða. „Þetta var allt öðruvísi lífsreynsla en tilfinningin að fá hana í fangið var sú sama og fá barn í fangið eftir venjulega meðgöngu," segir Þórunn en Ingibjörg Anja á eldri bróðir. „Hún var alveg stjörf fyrstu dagana og hleypti okkur ekki strax að sér en eftir fjóra daga kom þetta." Þórunn og Gunnar dvöldu í Kína í 17 daga og komu heim með dótturina rétt fyrir jólin sem urðu heldur betur ógleymanleg. „Þetta var æðislegur tími og stórkostleg jólagjöf."



**FJÖLSKYLDAN** Þórunn Herdís, Gunnar Bender og börnin Ingibjörg Anja Baixue og Andri Freyr.



**SÆTAR SYSTUR** Myndin er tekin úti í Kína daginn eftir að þau fengu Herdísi í fangið.

## Halda í gamla menningararfinn

„Við fórum og sóttum eldri stelpuna okkar í nóvember 2003," segir Gíslína V. Ólafsdóttir en hún og eiginmaður hennar, Friðjón Guðjohnsen, hafa ættleitt tvær stelpur frá Kína. Elly Rún Hong er rúmlega fjögurra ára en yngri dóttirin, Herdís Heiða sem sótt var af foreldrum sínum um síðustu jól, er tæplega 17 mánaða. Gíslína segir að ferlið hafi reynst þeim foreldrunum auðveldara í annað skiptið. „Í fyrra skiptið var þetta svona meira eins og vera kastað út í djúpu laugina enda var ekki komin svo mikil reynsla á Kína á þeim tíma. Við vorum samt heppin að hafa þekkt fólk sem hafði farið og fengið upplýsingar hjá þeim," segir Gíslína sem mælir eindregið með að væntanlegir foreldrar leiti til þeirra sem þekki ferlið áður en haldið er af stað. Aðspurð segir Gíslína að Elly Rún Hong sé afar ánægð með yngri systurina. „Við höfðum búið okkur undir afbrýðisemi af hennar hálfu en hún dýrkar hana alveg og þær eru mjög góðar saman," segir hún en Elly Rún fékk að fara með til Kína að sækja litlu systur. Gíslína og Friðjón eru ákveðin í að hjálpa systrunum að kynnast gamla menningararfinum og gamla landinu. „Elly Rún var ofsalega ánægð með ferðina til Kína og við stefnum á að fara út með þær áður en þær verða unglingar og leyfa þeim að kynnast landinu og upplifa það á meðan þær eru enn börn," segir hún. Hvort þau hjónin ætli sér að stækka fjölskylduna enn frekar segir Gíslína það ekki á planinu. „Það verður þá slysabarn," segir hún hlæjandi og bætir við að það væri þá ekki nema umsókn slysaðist inn til Íslenskrar ættleiðingar.

## Varð óvænt ófrísk

„Við fengum Lovísu Lín í fangið 1. mars 2004," segir Lilja Ólafardóttir en hún og eiginmaður hennar, Trausti Ægisson, ættleiddu Lovísu Lín frá Kína. Lilja segir að Lovísu hafi brugðið mikið þegar hún hitti foreldra sína í fyrsta skiptið. „Hún var alveg lömuð þegar ég fékk hana í fangið og sýndi engin viðbrögð. Þegar við komum á hótelið greip hún fastataki í pabba sinn og vildi ekki sjá mig. Við höfðum búið okkur undir að hún myndi taka öðru okkar en ég held að við höfum bæði haldið að hún myndi velja mig," segir Lilja og bætir við að tíminn þangað til dóttirin tók hana í sátt hafi verið henni afar erfiður. Hjónin sendu fljótlega út aðra umsókn en tveimur mánuðum seinna kom í ljós að Lilja var ófrísk. „Við hefðum átt að fara út um síðustu jól en þar sem ég varð óvænt ófrísk frestaðist ferðin," segir Lilja og bætir við að um tíma hafi litið út sem hún yrði á fæðingardeildinni á meðan Trausti færi út. „Við hefðum haldið okkar striki ef okkur hefði verið leyft það, jafnvel þó ég hefði misst af ferðinni. Kínversk yfirvöld settu ættleiðinguna á frest því samkvæmt nýjum reglum sem taka gildi 1. maí þarf yngsta barn í fjölskyldu að vera ársgamalt þegar sótt er um að ættleiða. Við lentum í millibilsástandi og þeir settu þá reglu fyrir okkur að við yrðum að setja umsóknina á bið þar til yngri dóttirin, Matthildur Inga, yrði 8 mánaða. Þetta er hins vegar það mikil fjölskyldustund og okkur myndi aldrei detta í hug að fara til Kína án stelpnanna. Þrátt fyrir að nýja barnið þurfi mikla athygli þá eru það ekki bara hjónin sem eignast nýtt barn heldur er öll fjölskyldan að eignast nýjan fjölskyldumeðlim."



**STÆKKANDI FJÖLSKYLDA** Lilja og Trausti eru að bíða eftir dóttur frá Kína.

## Sneri baki við mömmu sinni

„Hópurinn sem fór út saman hefur haldið góðu sambandi og við hittumst að minnsta kosti einu sinni í mánuði og borðum saman grjónagraut," segir Sigurrós Ingimarsdóttir en hún og eiginmaður hennar, Jóhann Sigurðsson, ættleiddu litla stelpu frá Kína í lok ársins 2004. Litla dóttirin heitir Guðný Sigurrós og er þriggja og hálfs árs í dag. Mamma hennar segir að það hafi verið afar sérstök upplifun að eignast barn á þennan hátt en Sigurrós og Jóhann eiga 18 ára dóttur fyrir. „Þetta var mjög sérstakt en hópurinn hafði kynnst áður en lagt var af stað svo það var gott að hafa stuðninginn hjá þeim sem voru að ganga í gegnum það sama," segir Sigurrós og bætir við að Guðnýju Sigurrós hafi brugðið mikið þegar hún kom fyrst í fang foreldra sinna. „Þegar við fengum hana komu nokkur tár en svo var hún bara frosin. Á hótelinu fór hún aðeins að hlæja en augun voru tóm. Daginn eftir sneri hún svo alveg baki við mömmu sinni en ákvað að þarna væri hún komin með góðan pabba og leit aðeins við honum fyrstu vikuna. Ég fékk að gefa henni að borða ef hún sat í fanginu á honum og gat tekið hana upp í til mín þegar hún var sofnuð. Að lokum breiddi hún út faðminn en það tók hana langan tíma að taka mig í sátt. Hún var og hefur alltaf verið mikil pabbastelpa en tekur okkur jafnt í dag." Sigurrós og Jóhann eru komin á biðlista eftir öðru barni frá Kína og vonast til að komast út eftir eitt ár. „Við sáum eftir að hafa ekki tekið eldri stelpuna með í fyrra skiptið. Hún á sjálf von á barni núna þannig að óvíst er hvort hún kemur með í næsta skipti, tíminn leiðir það í ljós en Guðný Sigurrós kemur alveg pottþétt með okkur."



**PABBASTELPA** Guðný Sigurrós hefur alltaf verið mikil pabbastelpa en sættist við mömmu sína fljótlega eftir að þær hittust.

*indiana@frettabladid.is*


Hilla kr. 193.000


Skápur kr. 245.000


Borð kr. 166.500 (áður 208.000)


Skápur kr. 199.000 Skápur kr. 187.000


Skápur kr. 199.000


Sófi kr. 85.00 (áður 142.000)


Borð kr. 37.00 (áður 46.000)


Borð kr. 39.000 (áður kr. 56.000)


Borð kr. 39.000 (áður kr. 62.000)


Borð kr. 56.000 (áður kr. 112.000)


Borð kr. 39.000 (áður kr. 56.000)


Skápur kr. 100,000


Dúkar 100-400 cm - 20-50% afsláttur


Postulín 20% afsláttur


Skemmuvegur 6

# BROSDAGAR

**20-50% afsláttur af**

**Borðum**

**Dúkum**

**Postulínstellum**

BORÐ FYRIR TVO

Einstakir hlutir fyrir einstök heimili

BORÐ FYRIR TVO - Skemmuvegi 6 (blá gata) - s: 568-2221

# Raunhæft að komast í úrslitaþáttinn



Guðný og Íris skipa dúettinn GÍS. Þær tóku báðar þátt í Idolinu og voru leiddar saman af þriðju manneskjunni sem taldi að þær myndu hljóma vel saman. Þær þekktust sem sagt ekkert áður en X Factorinn hófst en hittust tveimur dögum fyrir áheyrnarprufurnar og æfðu lagið Living on a prayer. Nú eru þær komnar í hópi þeirra fjögurra atriða sem eftir eru.

„Við fórum ekki með geðveikar væntingar heldur frekar til að hafa gaman af því. Það tókst og hefur gengið framar öllum vonum," segja Guðný og Íris í samtali við Sirkus.

Þær segja lykilinn að öllu saman vera þann að breyta ekki sjálfum sér.

„Við ákváðum strax frá fyrsta degi að vera við sjálfar. Við erum búnar að fara í gegnum alla þessa keppni sem við og höfum ekki breytt okkur neitt. Okkur fannst það mikilvægt því við vorum báðar í Idolinu og settum þá á okkur grímu. Við reyndum þá að vera það sem við héldum að þjóðin myndi fíla, þessar sætu og prúðu stúlkur en það virkaði greinilega ekki. Nú erum við bara við og ef þjóðin fílar það ekki þá verður bara að hafa það," segja stelpurnar sem tóku strax þá ákvörðun að gera það sem þeim þætti skemmtilegt.

„Okkur finnst skemmtilegt að syngja hátt uppi og teljum okkur vera „rock chicks". Við erum ekki miklir dansarar en reynum að vera með sönginn á hreinu. Okkur finnst skemmtilegra að syngja en dansa og það á ekki að fara á milli mála."

GÍS-stelpurnar segjast hræðast Jógvan mest en þó séu kannski Hara í mestri samkeppni við þær. „Það er búið að vera að bera okkur saman við þær en það eru algjör mistök. Það eina sem við eigum sameiginlegt er að við erum dúettar og við erum kvenkyns. Annað er það ekki. Þær dansa og hafa gaman en við syngjum og höfum gaman. Við vonum að fólk fari að sjá það," segja stelpurnar og hlæja.

Um möguleikana á sigri segja þær allt geta gerst. „Það snýst allt um kvöldið í kvöld. Það fær enginn neitt fyrir síðasta föstudag. Fyrir okkur er raunhæft að komast í úrslitaþáttinn en markmiðið er að sigra. Við settum okkur fyrst það markmið að komast í Smáralindina. Þegar það náðist varð markmiðið að komast í eina utanlandsferð. Nú er það komið og þá er markmiðið að vinna keppnina. Það getur allt gerst. Það hefur sýnt sig í keppninni."

# Er alltaf jafn hissa þegar ég kemst áfram



Guðbjörg er yngsti keppandinn sem eftir er en hún er aðeins sextán ára gömul. Guðbjörg hefur undanfarin ár lært klassískan söng og kemur því með annan bakgrunn inn í keppnina en aðrir. Hún segist hafa fundið það betur eftir að hafa tekið þátt í þessari keppni að hún á meira heima í klassíkinni heldur en poppinu.

„Ég er eiginlega komin með svolítið nóg af poppinu eftir að hafa sungið nú í hverri einustu viku og ég er viss um að ég á eftir að fara í klassíkina þegar þessi þáttur er búinn. Það er öruggt að það kemur ekki poppplata frá mér á næstunni," segir Guðbjörg en neitar því þó ekki að poppið hafi sinn sjarma.

„Það er hægt að túlka popplögin meira því ég skil tilfinningarnar betur þar heldur en í þungum aríum en það er miklu meiri áskorun að taka aríurnar í Söngskólanum."

Guðbjörg segist samt ekki vera orðin þreytt. „Þetta er auðvitað mikið álag og hefur aukist en þetta er alltaf jafn gaman. Það er kannski sérstaklega mikið álag núna því við munum flytja tvö lög í næsta þætti og höfðum einum degi minna til að undirbúa okkur."

Aðspurð um væntingar segist Guðbjörg ekki hafa verið viss um að hún kæmist í gegnum prufurnar.

„Ég er eiginlega alltaf jafn hissa þegar ég kemst áfram í hverjum þætti."

Guðbjörg segir að það sé ekki hægt að gera upp á milli þeirra sem eftir eru í keppninni. „Það eiga allir möguleika á því að vinna. Það er allir einstakir á sinn hátt og síðan skiptir dagsformið miklu máli."

Guðbjörg segist hafa lært heilmikið á þátttöku sinni í X Factor. „Ég veit núna hvað ég ræð við og hvað ekki. Ég held að það sé ekki spurning um að ég er miklu betri tónlistarmaður eftir þetta. Það er líka afar mikilvægt að fólk er farið að þekkja mig. Þannig er auðveldara að koma sér á framfæri og það mun hjálpa mér í framtíðinni sem tónlistarmaður. Það er ekki auðvelt að koma sér á framfæri og því er þetta frábært tækifæri. Síðan hef ég fengið mikla reynslu í keppninni við að koma fram. Ég var skíthrædd að fara á svið fyrst en nú er þetta miklu minna mál. Það er gífurleg reynsla sem ég hef fengið í þessum þætti."

# FJÓRIR EFTIR Í X FACTOR

**Nú er spennan að magnast í X Factor-þáttunum. Aðeins fjögur atriði eru eftir. sirkus ræddi við Jógvan, Guðbjörgu og stelpurnar í Hara og GÍS um baráttuna sem fram undan er en þetta er í fyrsta sinn sem þau fá leyfi til að tala við prentmiðla frá því að keppnin hófst.**

SIRKUSMYNDIR/VALLI

# Ég hræðist sjálfan mig



Færeyingurinn Jógvan Hansen hefur brætt hjörtu íslenskra kvenna og jafnvel karla líka með frammistöðu sinni og framkomu í X Factor-þáttunum.Það er þó ekki honum að þakka að hann er með í þessari keppni því hann ætlaði aldrei að skrá sig. Það voru systurnar Rakel og Hildur í Hara sem skráðu hann til leiks og sáu til þess að Íslendingar fóru ekki mis við „færeyska folann" eins og hann er kallaður.

„Æi! Af hverju þarftu að spyrja að þessu," segir Jógvan þegar hann er inntur eftir því hvort hann finni fyrir meiri áhuga kvenmanna í hans garð eftir að þættirnir byrjuðu. „Ég ætla ekki að svara þessu beint en vissulega eru það fleiri sem þekkja mig vegna þáttanna. Það hefur hins vegar engin áhrif á mig. Ég er bara ég og ég held að það sé málið. Að reyna ekki vera einhver annar en maður er og að vera með báða fætur á jörðinni," segir Jógvan.

Um vonir og væntingar segist Jógvan ekki einu sinni hafa ætlað að vera með en systurnar í Hara hafi skráð sig. „Það var mjög erfitt í byrjun að ímynda sér hvernig það yrði að standa á sviði fyrir framan íslensku þjóðina og syngja en auðvitað fór ég í keppnina til að vinna hana," segir Jógvan.

Hann var stjarna í Færeyjum þegar hann var yngri en Jógvan segist ekki í vafa um að þessi keppni hafi gert hann að mun betri söngvara. „Ég er afar þakklátur fyrir að hafa notið leiðsagnar manneskju eins og Kristjönu sem hefur kennt mér gífurlega mikið. Auk þess hafa Einar Bárðar og Yasmine hjálpað mér mikið."

Eins og áður sagði ætlar Jógvan sér að vinna keppnina en hvaða andstæðinga skyldi hann óttast mest. „Ég hræðist sjálfan mig. Ég er ekki að keppa heldur er ég að syngja. Ég hugsa eingöngu um sjálfan mig og reyni að sleppa við að hugsa um eitthvað sem ég á ekki að vera að hugsa um. Ég ræð yfir mínum örlögum og hugsa því fyrst og fremst um mig. Hinir keppendurnir eru vinir mínir en ég hugsa ekkert um hvað þau eru að gera meðan á keppninni stendur," segir Jógvan.

Framtíðin er óráðin hjá Jógvan enda mega keppendur í X Factor ekki skuldbinda sig í nein verkefni fyrr en þættinum lýkur. „Ef ég vinn þá fæ ég plötusamning en annars vona ég bara að ég eigi eftir að geta unnið við tónlist. Það er draumurinn."

# Vilja komast í úrslit með Jógvan



Systurnar Rakel og Hildur mynda dúettinn Hara sem vakið hefur athygli fyrir frábæra sviðsframkomu í þáttunum. Sex ára aldursmunur er á systrunum, Rakel verður 29 ára í október en Hildur er 23 ára. Þær segjast hafa verið tilneyddar til að reyna fyrir sér á öðrum vígstöðum en í Hveragerði þar sem fólkið í bænum var búið að fá nóg af þeim.

„Við vorum eiginlega heimsfrægar í Hveragerði," segja þær og hlæja. „Það var ekki haldin skemmtun öðruvísi en að við mættum og tókum lagið. Það voru allir komnir með ógeð á okkur í Hveragerði þannig að við ákváðum að reyna eitthvað annað."

Aðspurðar um vonir og væntingar í áheyrnarprófinu á Nordica segjast þær hafa rennt blint í sjóinn. „Við vissum ekki við hvað vorum að fara að keppa en vorum alveg sannfærðar um að við hefðum eitthvað fram að færa í þessa keppni. Við heyrðum ekki í neinum en fengum þó að vita frá Einari Bárðar að við værum í hópi fjögurra bestu í prufunum. Þar sem við vorum seint í röðinni þá gaf það okkur byr undir báða vængi," segja systurnar.

Það hefur oft verið sagt að systur eigi ekki auðvelt með að vinna saman en Rakel og Hildur segja samstarfið hafa gengið frábærlega vel. „Við erum rosalega ólíkar. Ég er kannski aðeins meira til baka og ætli það verði ekki að viðurkennast að Rakel á yfirleitt síðasta orðið," segir Hildur. „Jú, það er rétt. Ég leyfi henni að segja það sem henni finnst og síðan ákveð ég þetta," segir Rakel og skellihlær. „En svona grínlaust þá erum við afar samrýmdar og getum rætt málin og komist að niðurstöðu. Síðan erum við báðar mátulega kærulausar og tökum okkur ekki of hátíðlega. Annars værum við sennilega löngu dottnar út úr þessari keppni," segir Rakel.

Þótt þær systur segjast gjarnan vilja vinna keppnina þá segja þær mikilvægast að komast í úrslitaþáttinn. „Við viljum vera þar og hafa Jógvan með okkur. Við skráðum hann í keppnina og færðum íslensku þjóðinni færeyska folann," segja þær og skellihlæja. „Það skiptir ekki máli hver vinnur úr þessu. Við erum öll sigurvegarar," segir Rakel.

Þegar talið berst að framtíðinni má ljóst vera að íslenska þjóðin fær að heyra meira frá Hara eftir að X Factor lýkur. „Við trúum því að eitthvað gerist eftir keppnina. Við megum ekki ræða eitt né neitt núna en þessi þáttur hefur þegar breytt lífi okkar. Vonandi getum við unnið við tónlist á næstu árum. Það er það sem við stefnum að," segja systurnar úr Hveragerði.

HAFÐU BÁÐAR HENDUR Á STÝRI

www.rs.is

*Nú getur þú hringt og svarað símtölum með GPS tækinu!*




**Garmin nüvi 660**

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu, með stórum skjá en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukku, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN. Bluetooth radiomidun R. SIGMUNDSSON

**Umboðsmenn** **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin · **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan · **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

# Nýir bílar

FÖSTUDAGUR 23. MARS 2007



## Ágætisbíll með hræðilegt nafn

**Nissan Qashqai er blanda af fólksbíl og borgarjeppa.** **BLS. 6**






# Þarftu betri bíl?

Þarftu stærri, nýrri, lengri eða einfaldlega betri bíl? Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

**Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

# Hugmyndabílar og heimskupör í Genf

**Bílasýningin í Genf er ein af stærstu bílasýningunum. Þar er hægt að sjá fallega hugmyndabíla og einhverra hluta vegna fallegar konur standandi við hlið flesta þeirra.**

Bílasýningin í Genf er nýafstaðin. Þangað hrúguðust blaðamenn og aðrir áhugamenn um bíla til að horfa á og skrifa um misgáfulega hugmyndabíla eða bíla sem eru um það bil að koma á markað. Mikið var um dýrðir og kepptust framleiðendur við að draga athyglina að bílum sínum.

Ein af vinsælli aðferðunum til að fanga athygli gesta eru fáklæddar konur. Hvernig þær og hraðskreiðir bílar urðu að einhvers konar órjúfanlegri en um leið ósamstæðri heild er erfitt að segja. Ætli sé ekki verið að höfða til grunnþarfa karlmanna, þörfina fyrir að fjölga sér og fyrir að fara hratt. Þá spyr maður sig af hverju það er enginn klæddur í pulsubúning og látinn dansa við hliðina á sportbíl því við þurfum jú öll að borða.

Hverju sem því líður voru margir fallegir og forvitnilegir bílar frumsýndir í Genf í ár. Hér eru nokkrir þeirra en heilt Fréttablað þyrfti til að sýna þá alla. *- tg*



Það eru ekki allir jafn stíliseraðir í kynningunum. Þó svo Skoda hafi náð ótrúlega langt með bíla sína á skömmum tíma á fyrirtækið langt í land með skemmtiatriðin sín.



Toyota Motor Triathlon er ætlað að vera alhliða kappakstursbíll. Ekki er vitað hvaða stöðu leðurklædda konan gegnir hjá Toyota og sömuleiðis er ekki er vitað af hverju hún er ekki í pulsubúningi. NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES



Á hversu marga vegu er hægt að láta bílhurðir opnast? Koenigsegg CCR bætir við enn einni útgáfunni.



Hver einasti bíll er skoðaður gaumgæfilega af blaðamönnum og öðrum gestum. Hér fær Mazda MX-5 skoðun.

Saab Aero-X er 400 hestafla etanólbíll. Alltaf má treysta Svíunum til að gera eitthvað stórkostlegt. Eina stundina er það Lína langsokkur þá næstu ofursportbíll.





Pagani Zonda er draumabíll margra. Þessi Roadster-útgáfa ætti að henta draumóramönnum ágætlega því hún smellpassar inn í drauminn um frönsku Rívíeruna.



Opel GT var frumsýndur með miklu geislaskini. NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

FJAÐRIR OG GORMAR
Í FLESTAR GERÐIR
JEPPA
Japan/U.S.A.



FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

**●HÁTÍSKA Í FORMÚLUNNI** Formúla 1 snýst langt í frá eingöngu um ofur hraðskreiða bíla og leggja stærstu bílasmiðirnir ekki síður áherslu á tískuna en tæknina.

Í þessum efnum er BMW meðal þeirra fyrirtækja sem ganga hvað lengst, eins og BMW Sauber F1 Team fatalínan er til marks um. BMW efndi fyrr á árinu til samkeppni meðal annars árs nema við hinn virta alþjóðlega hönnunarskóla í München, ESMOD, um hönnun á nýrri línu innan fatalínunnar sem nefnist „Grid Looks". Hönnuninni var ætlað að fanga anda hátískunnar í bland við íþróttatískuna eins og hún hefur mótast í tengslum við F1.

Samkeppnin stóð um tvenns konar alklæðnað annars vegar fyrir dömur og hins vegar herra, og voru fjórir vinningshafar útnefndir. Það fylgir síðan sögunni að enginn af vinningshöfunum fjórum hafði minnsta áhuga eða vit á Formúlu 1 kappakstrinum áður en þeir tóku þátt í keppninni.



Þetta eru sigurhugmyndirnar fjórar. Þarna má sjá tilvísanir í BMW „nýrnagrillið", og liti og form F1 keppnisbíls BMW.

# Öryggi - Þægindi - Gæði





Young Profile plus
0-13 kg

kr. 15.744



Isofix System

kr.11.104

Start
9-36 kg

Einstakur stóll
sem vex
með barninu

kr. 33.500




Young Sport
9-36 kg

kr. 29.900




Recaro Young

Stroller Léttakerra með
ungbarnastól 0-13kg (fylgir)

kr. 33.900



# Örugg og ánægð börn í bílnum

**Úrval aukahluta**

Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16
www.bilasmidurinn.is

Fífa barnavöruverslun
Húsgagnahöllinni

Baby-Sam
Smáralind og Skeifan

RECARO

# Transformers snúa aftur

Þeir eru vélmenni, geimverur, bílar, flugvélar, vinir og óvinir. Varla er til ungur faðir eða móðir sem ekki man eftir Transformers úr barnæsku sinni. Teiknimyndirnar um baráttu illa flugvélavélmennisins Megatrons og hins góðvélaða vörubíls Optimus Prime vöktu hrifningu ungra huga sem nauðuðu í mömmu og pabba að kaupa plastfígúrur sem hægt var að breyta úr bílum í vélmenni og til baka.



Hér liggur Bumblebee og hvílir sig við tökur á Transformers. Vélmennið er engin smásmíði.

Nú eru vélmennin komin aftur og með meiri látum en nokkru sinni fyrr. Endurkoman á sér stað í Hollywood (hvar annars staðar?) í risavöxnum sumarsmelli. Mannkynið lendir fyrir slysni milli steins og sleggju í hörðu stríði vélmenna sem eru dulbúin sem flugvélar og bílar (hljómar svo skemmtilega furðulega). Útkoman er full af sprengingum, tæknibrellum og án efa slatta af amerískri væmni.

Þeir bílar sem „leika“ aðalhlutverk í myndinni eru allir frá bandaríska bílaframleiðandanum General Motors. Viss vonbrigði fyrir okkur Evrópubúa og engu minni fyrir Japana, en hver veit nema Saab Decepticon sjáist berjast við Toyota Autobot einhvers staðar í bakgrunni myndarinnar.

Myndin Transformers verður frumsýnd hér á landi 10. ágúst. *-tg*



Þetta eru „leikararnir“ í Transformers. Hinn guli Bumblebee er Chervolet Camaro, silfraði Pontiac Soltice er hann Jazz, björgunarvélmennið Ratchet er Hummer, og naglinn Ironhide mun birtast á hvíta tjaldinu í GMC Topkick. Starscream, eina flugvélin sem aðstoðar mannkynið, er Stealth þotan F-22 Raptor. Lögreglubíllinn Prawl er Ford Mustang, en einhverjar sögusagnir hafa gengið á netinu að hann muni heita Crawl og vera einn af hinum illu Decepticon. Optimus Prime er svo... ótrúlega amerískur trukkur.



Hvernig skyldi hugmyndin að Transformers hafa kviknað? Var það nýliði hjá leikfangaframleiðanda sem loksins manaði sig upp í að kynna hugmyndina á stjórnarfundi? Var vandræðaleg þögn eftir kynninguna því hversu fáránlega hljómar að búa til leikföng sem eru vélmenni dulbúin sem sendiferðabílar? Stóð svo einn upp og klappaði og allir sá snilldina?


60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON

PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is




Nýi Esso-bíllinn er af gerðinni Subaru Impreza. Á honum ætla Borgar og Jón Bjarni að gera atlögu að Íslandsmeistaratitlinum. MYNDIR: HEIÐA

# 298 hestöfl í rallið

Félagarnir Borgar Ólafsson og Jón Bjarni Hrólfsson höfnuðu í öðru sæti á Íslandsmótinu í ralli í fyrra. Í ár ætla þeir sér að lenda einu sæti ofar og þar sem þeir eru búnir að fá nýjan og öflugri bíl er ekki ólíklegt að það takist.

Nýi bíllinn er af tegundinni Subaru Impreza STI og á pappírnum er hann einn öflugasti rallbíll landsins. Vélin togar 440 Nm og skilar 298 hestöflum út í hjól, en leyfilegt hámark í íslenska rallinu er 300 hestöfl. Bíllinn hefur verið tekinn í gegn af breska kappakstursfyrirtækinu Prodrive, en fyrirtækið hefur verið í sviðsljósinu undanfarið vegna kaupa á ráðandi hlut í Aston Martin. „Það er bara allt það besta sem Prodrive hefur upp á að bjóða í bílnum. Ohlings-fjöðrun, WRC-veltibúr og -stólar og öxlar, túrbína og fleira frá Prodrive,“ segir Jón Bjarni.

Imprezan, eða Esso-bíllinn eins og hann kallast, hefur staðið í tvö ár nær ónotaður inni í bílskúr. „Þáverandi eigandi fékk bílinn í afmælisgjöf frá syni sínum. Hann keppti sex sinnum á honum en svo var honum neitað um endurnýjun keppnisleyfis vegna þess að hann þurfti að fara í hjartaþræðingu,“ segir Jón Bjarni. „Hann var alltaf að bíða eftir því að fá leyfið aftur en að lokum gafst hann upp og setti bílinn á sölu.“



Það er ekki þægindunum fyrir að fara í Esso-bílnum frekar en öðrum rallbílum. Hér eru öryggi og aksturseiginleikar einu farþegarnir.

Esso-bíllinn er ekki eini nýi rallbíllinn í Íslandsmótinu í ár. Fjórir til fimm nýir bílar, sem allir eru nógu vel búnir til að blanda sér í toppbaráttuna, koma til landsins í vetur og því er ljóst að hart verður barist í rallinu á komandi sumri. *- tg*




# Ódýrasti sjálfskipti dísel jeppinn á markaðinum.*

## Nýir 2006 Freelander TD4 Summit.



*skv. könnun á heimasíðum seljenda þann 7.mars.2007

**Vél:** 2,0 i "Common – Rail" Turbo dísel, 112 hestöfl, 260 Nm tog.
**Drif:** Sídrif með spólvörn og stöðugleikakerfi. ("Electronic Traction Control" = ETC).
**Bremsur:** ABS bremsukerfi og ( "Electronic brake distribution" = EBD ).
**Búnaður:** Sjálfskiptur 5 þrepa með "Commant Shift", vökvastýri, "16 álfelgur, leður og alcantara innrétting, litað gler, rafknúnar rúður, rafknúnir upphitaðir og aðfellanlegir útispeglar, loftkæling, hiti í framsætum, bakkskynjari, kastarar, líknabelgir, fjarstýrðar samlæsingar, þakbogar. "Metalic" lakk.
**Hljómgræjur:** Útvarp, CD spilari og 6 diska CD magasín.
**Eyðsla:** Uppgefið af Land Rover:
Utanbæjar 7,1 L/100 km.
Innanbæjar 11,3 L /100 km.
Blandaður akstur 8,6 L/100 km.
**Litir:** Dökkgrænn, dökkgrár, milligrár og silfur.
**Ábyrgð:** Tveggja ára verksmiðjuábyrgð.

**Listaverð: Listaverð með þessum búnaði er um 4.500 þúsund.**
**Afsláttur: 1 milljón.**

**Okkar verð: 3.490 þúsund.**
**Með glertopplúgu: 3.590 þúsund.**

SPARIbíll

**www.sparibill.is**

Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344

# Fjörugur blendingur eða íranskur hirðingi



Nissan Qashqai er fjórhjóladrifinn blendingur sem hentar vel fyrir norðlægar borgir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Nissan Qashqai er blanda af borgarjeppa og smærri fólksbíl. Hann er fjórhjóladrifinn, með spræka vél, fína sjálfskiptingu en alveg hræðilegt nafn.**

Nissan Qashqai er svokallaður blendingur (crossover). Blendingar eru eins konar afkvæmi tveggja bíla úr mismunandi flokkum, í þessu tilfelli borgarjeppa og hlaðbaks. Hann er ekki mikið stærri en til dæmis Ford Focus, nema hvað hann hefur erft veghæðina frá jeppamömmu sinni. Hann hefur líka erft fjórhjóladrif og það í svo litlum bíl er afar skemmtilegur eiginleiki. Qashqai er þannig bæði nógu nettur fyrir borgina og nógu grófur fyrir sveitina.

Útlit Qashqai minnir á smábíl sem fór í ræktina; hann er ekki stór en það er heilmikið kjöt utan á honum. Frágangurinn að innan er á svipuðum nótum. Mælaborðið er skemmtilega þrívítt og auðvelt er að lesa á það, sætin eru þægileg og þar sem hægt er að stilla hæð þeirra (eins og í flestum nýjum bílum) ræður maður hvort setið er niðri við götuna til að fá fólksbílatilfinningu, eða hvort setið er hátt til að fá jeppayfirsýnina. Það eina sem hægt er að setja út á í innréttingunni er vafasamt efnisval í sumum smáhlutum hennar og gapandi op miðstöðvarinnar.

Qashqai er ágætur í akstri, vélin er mjög skemmtileg og sjálfskiptingin í bílnum er frábær. Hún gefur manni kost á að stjórna því með bensíngjöfinni hvenær gírkassinn skiptir um gír og öfugt við margar aðrar gerðir slíkra skiptinga virkar hún vel.

Vandamálin sem verkfræðingar Nissan stóðu frammi fyrir við hönnun Qashqai hafa án efa verið þau sömu og fylgja öllum blendingum. Þegar kostir tveggja bílaflokka sameinast í einum bíl fylgja gallarnir í kjölfarið. Þetta kristallast í fjöðrun Qashqai. Verkfræðingarnir hafa þurft að ákveða hvort hún hafi átt að vera stíf til að ná fram sportlegum eiginleikum kröftugs fólksbíls, eða mjúk eins og fjöðrun jeppa. Þeir virðast ekki hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu og er útkoman að bíllinn er full stífur að aftan miðað við framhlutann.

Stærsti galli Qashqai snýr ekki að bílnum sjálfum sem slíkum heldur nafngift hans. Nafnið er borið fram Kaskæ en ef það hjálpar er Qashqai einnig þjóðflokks tyrkneskumælandi hirðingjaflokka í Íran. Til þessa þjóðflokks teljast ein til tvær milljónir manna, sem flestir búa í Shirazborg í Fars-héraðinu, en einnig eru margir búsettir í Khuzestan og Suður-Isfahan.

*tryggvi@frettabladid.is*

## REYNSLUAKSTUR

### NISSAN QASHQAI SE CVT

**Vél:** 2.0 l bensín
140 hö / 196 Nm
**Þyngd:** 1.454 kg
**Meðaleyðsla:** 8,9 l/100 km
**Verð prufubíls:** 2.890.000 kr
**Verð frá:** 2.550.000 kr

**Kostir:**
Fjölhæfur
Spræk vél
Góð sjálfskipting
**Gallar:**
Illa hljóðeinangraður
Stíf fjöðrun að aftan
Erfitt nafn

**Aðrir sem vert er að skoða:**
Ford Edge (frumsýndur 31. mars)
Suzuki SX4
Mitsubishi Outlander



**Mælaborðið er ágætlega heppnað en efnisval í ýmsa smáhluti innréttingarinnar er vafasamt.**



**2.0 lítra bensínvélin skilar 140 sprækum en frekar háværum hestöflum.**



**Fjórhjóladrifið er ótvíræður kostur í slabbi og drullu.**

*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**

ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA







**TRUCK - LITE**
**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*



SKF
Kúlulegur
Keflalegur
Veltilegur
Rúllulegur
Flangslegur
Búkkalegur
VIT
S: 555 6006 • www.skf.is
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi S. 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288
.:.:: http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is ::.:.




INTERPUMP
HÁÞRÝSTIÞVOTTADÆLUR
· Fyrir fagmanninn og í bílskúrinn
· 90 - 500 bar, 7 - 35 l/mín
· Ein fasa og þriggja fasa
· Sjóþolnar og glussadrifnar
· Bensín drifnar
· Háþrýstislöngur og fittings
· Spíssar og framlengingar
· Hvirfilspíssar (túrbó)
TX
TSX
Blue Time
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
S: 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288
.:.:: http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is ::.:.

# Fiat sendir inn stórskotaliðið

**Fiat Croma er blanda af amerískum fótboltamömmubíl og ítölskum fólksbíl. Mjúk fjöðrun, mikið pláss, og falleg innrétting í óspennandi umbúðum.**

Fiat hefur verið í mikilli sókn með Grande Puto í broddi fylkingar. Nú á að fylgja sókninni eftir með endurkomu riddaraliðans og rúmmikla fjölskyldubílsins Croma. Þessi riddaraliði á hins vegar við vandamál að stríða. Hann er klofinn persónuleiki, dr. Jekyll og mr. Hyde, amerískur að utan en evrópskur að innan.

Croma lítur út eins og hinn dæmigerði fjölskyldubíll. Hann er kannski full dæmigerður og algjörlega á skjön við það sem blasir við innan í bílnum. Reynsluakstursbíllinn var allur leðurklæddur í ljósu á stílhreinan hátt og maður fær á tilfinninguna að þar hefði verið lagt mikið upp úr gæðum og góðri hönnun. Sú er líka raunin enda er bíllinn merktur stórhönnuðinum Giugiaro, en hann rekur hönnunarfyrirtæki sem hannar allt frá gosdrykkjaumbúðum til lesta.

Þetta skilar sér í því að Croma er góður staður að vera í. Sætin eru þægileg, mælaborðið er fallegt, og þar sem allt er vandað fær maður á tilfinninguna að hér sé gæðavara á ferð. Skottið er rúmgott og þar er gólf sem með einu handtaki er hægt er að lækka og um leið stækka skottið. Hönnuðirnir hafa ekki gleymt neinu. Bara ef þeir hefðu líka hannað vélina.

Dísilvélin er líkt og útlitið klofin í tvo persónuleika. Það tekur hana heila eilífð að koma sér af stað en þegar hún er svo komin upp í um 2.500 snúninga tekur hún kipp og bíllinn þeysist af stað. Þetta var þekkt vandamál í dísilvélum en í flestum nýrri dísilvélum er búið að draga úr þessu hiki. Þá eruð nokkur vonbrigði að Ítalirnir hafi ekki fylgt þessari þróun eftir því að öðru leyti er vélin skemmtilega kraftmikil. Fjöðrunin í Croma er mjúk og gerir það aksturinn áreynslulausan. Aksturinn er í raun ánægjulegur að öllu leyti nema á fyrstu metrunum.

Mikið er lagt upp úr Croma og ber hann þess glöggt merki að Fiat ætlar að losa sig við gömlu ímyndina um ódýru og einföldu smábílana sem amma keypti og seldi svo barnabarninu sem skólabíl. Croma er sterkur leikur hjá Fiat og þó svo þessi riddaraliði eigi við sín persónulegu vandamál að stríða ætti hann að standa sig ágætlega á vígvellinum.

*tryggvi@frettabaldid.is*

**REYNSLUAKSTUR**

**FIAT CROMA**

**Vél:** 1,9 JTD dísil
150 hö / 320 Nm
**Þyngd:** 1.532 kg
**Meðaleyðsla:** 7,1 l/100 km
**Verð prufubíls:** 3.690.000 kr
**Verð frá:** 2.790.000 kr

**Plús:**
Innviðir
Rúmgóður

**Mínus:**
Vélin lengi af stað
Afar venjulegt útlit

**Aðrir sem vert er að skoða:**
Renault Megane Scenic
Mazda 5
Peugeot 807



Fiat Croma er markaðssettur sem rúmgóður fjölskyldubíll og það er nákvæmlega það sem hann er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Reynsluakstursbíllinn var sá fyrsti sem kom hingað til lands. Hann var allur leðurklæddur og gefur því ef til vill skakka mynd af þeim búnaði sem flestir munu kjósa sér.**



**Skottpláss er gott og botninn sem hægt er að færa upp og niður er einn af þessum „sniðugu" hlutum sem allir elska í bílum.**





ASR Spólvörn
ABS Hemlakerfi
Nýr EURO 4 mótor
Tímastillt olíumiðstöð
ESP Stöðugleikastýring
Stórir rafdrifnir upphitaðir speglar

Heildarþyngd allt að 6,5 tonn.
Í boði eru fimm vélastærðir
frá 106 hö. til 176 hö.
Mikið úrval aukabúnaðar m.a.
6 þrepa rafskipting
Loftpúðafjöðrun og driflæsing

VÉLAVER HF
Krókhálsi 16, Reykjavík
Sími 588 2600 - www.velaver.is

EURO NCAP
www.euroncap.com

## Fiat Croma

# Fjölskyldan sameinast í Croma






- **Stíll**. Hannaður af Giorgetto Giugiaro.
- **Þægindi**. Stór fjölskyldubíll – einstaklega rúmgóður.
- **Öryggi**. 5 stjörnur í Euro Ncap.
- **Úrval**. Fæst sjálfskiptur, dísel.

**Þjónusta alla leið!**
Varahlutaþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.



Fiat Ducato · Fiat Scudo · Fiat Dobló · Fiat Multipla · Fiat Punto · Fiat Panda · Fiat Croma

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

**Opið:**
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

**SAGA**
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

PIPAR • SÍA • 70589

Viltu lengri endingu?



Láttu okkur sandblása og pólýhúða felgurnar í hvaða lit sem er með Epoxy grunn, Polyester lit og Acryl glæru. Það verður ekki sterkara!

Pólýhúðun
Powder coating
Smiðjuvegi 1 • s. 544-5700 • www.polyhudun.is

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!


# 1.500 hestöfl í ofurbílum í nýjum Audi-sýningarsal

**Í nýjum Audi-sýningarsal hjá Heklu verða rúmlega 1.500 hestöfl frumsýnd í fjórum bílum. Meðal þeirra er R8 en hann er uppseldur á heimsvísu tvö ár fram í tímann.**



Audi R8 verður til sýnis hjá Heklu um helgina en flogið verður með hann út aftur að sýningu lokinni.

Hekla opnar nýjan sýningarsal fyrir Audi-bíla í Hekluhúsinu á Laugavegi um helgina. Í tilefni af þessum tímamótum verða frumsýndir nokkrir af aflmestu fjöldaframleiddu bílum heims. Þar ber hæst Audi R8, 420 hestafla bíl með miðstæðri vél, en það er í fyrsta sinn sem Audi smíðar slíkan bíl. Bíllinn er sérinnfluttur með flugi vegna opnunar Audi-salarins en R8, sem er að koma á markað um þessar mundir í Evrópu og Bandaríkjunum, er afar eftirsóttur og uppseldur tvö ár fram í tímann. Honum hefur verið hælt sem raunhæfum valkosti fyrir þá sem vilja góðan akstursbíl en eru orðnir leiðir á froskaútlitinu hjá Porsche.



Á sama tíma og R8 baðar sig í dýrðarljómanum frumsýnir Hekla sex aðra Audi-sportbíla. S8 er einn þeirra en 10 strokka 5,2 lítra og 450 hestafla vélin gerir hann að algjöru skrímsli. Hann, líkt og aðalleikarinn R8, er búinn quattro-aldrifinu, en hann er hins vegar mun meiri lúxusbíll, afskaplega hraðskreiður lúxusbíll.

Hann er rétt yfir fimm sekúndur úr kyrrstöðu í 100 km hraða, en vélin er sú sama og í Lamborghini Gallardo. S-deild Audi hefur bara sniðið hana aðeins að sínum óskum.

Ekki er allt þó upp talið, því RS4 verður einnig frumsýndur um helgina. RS4 leynir heldur betur á sér en V8-vélin skilar 420 hestöflum og fer upp í 8.250 snúninga á mínútu.

Til að fullkomna uppstillingu draumaliðs Audi verður nýr Audi TT Coupe kynntur. Að öllu jöfnu þætti frumsýning nýs TT stórfrétt en eftir þessa upptalningu líta 250 hestöfl út eins og prentvilla.

Auk allra ofurdýru ofurbílanna verða A6 S-línan, A4 S-línan, og Audi Q7 S-línan, og S3 einnig til sýnis.

Sýningin er opin um helgina frá klukkan 12.00 til 16.00.



Audi TT var fyrstur inn í nýja Audi-salinn en þetta er í fyrsta sinn sem hægt er að sýna alla níu bílana frá Audi í einum sal hérlendis.


Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar







Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557




Sjáðu sjónvarpsefni beint um gervihnött með búnaði frá okkur

Búnaður fyrir heimilið og sumarbústaðinn

Leiðandi í
• loftnetskerfum
• mögnurum
• tenglum
• loftnetum
• gervihnattadiskum
• móttökurum
• örbylgjunemum
• loftnetsköplum

ÖREIND
Auðbrekka 3 - Kópavogur
sími: 564 1660 - oreind@oreind.is

www.oreind.is


Arnarfell ehf Sjafnarnesi 2 603 Akureyri s: 460-7300 www.arnarfell.is arnarfell@arnarfell.is
ARNARFELL ehf
Verktakar
í 20 ár
Verktakar
Steypusala
Efnisvinnsla
Jarðgangnagerð
Vegagerð í Kambanesskriðum
Flutningur brúarboga í Vatnsfelli
Vegagerð
Gerð Hörgárdalsvegar
Svæði Arnarfells ehf á Akureyri
Mölun í Bárðardal
Fnjóskárbrú
Steypt í Reykjadal
Snjóflóðagarðar á Neskaupsstað
Vegagerð
Steypt á Akureyri
Jarðgangnagerð
Jarðgangnagerð í Hraunveitum
1984
1985
1986
1987
1988
1989
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996
1997
1998
1999
2000
2001
2002
2003
2004
2005
2006
2007
2008
2009




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




**Minnum á að við erum þegar farin að taka á móti umsóknum í allar deildir skólans. Því fyrr sem þú sækir um, því meiri möguleika áttu á námsvist. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans, www.bifrost.is**

## Lagadeild

Í lagadeild er boðið upp á viðskiptalögfræði sem samsett er úr greinum lögfræði, fjármála og viðskipta. Námið er afar hagnýtt og getur verið góður undirbúningur fyrir atvinnulífið eða frekara nám. Nemendur útskrifast með BS gráðu í viðskiptalögfræði.

## Viðskiptadeild

Alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Í BS námi í viðskiptafræði eru kennd öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta.

## Félagsvísindadeild

Deildin býður upp á grunnnám til BA í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði). Grunnnám í HHS er traustur undirbúningur fyrir hvers kyns framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda, til meistara- eða doktorsgráðu og fyrir störf á alþjóðlegum vinnumarkaði.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Frekari upplýsingar:
**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**



FYRIR Aníta Kristín var 156 kg áður en hún fór í aðgerðina.

# MAGAMINNKUN & 100 KG FUKU

Una Nikulásdóttir og Aníta Kristín Jónsdóttir höfðu reynt allt í baráttu sinni við offituna. Stelpurnar kynntust á Reykjalundi eftir að hafa farið í magaminnkunaraðgerð. í dag eru þær alsælar og hafa misst yfir 100 kg samtals.

Ég hafði alltaf verið feit en eftir að ég eignaðist stelpuna mína þegar ég var 17 ára missti ég öll tök," segir Una Nikulásdóttir, 21 árs nemi, sem fór í magaminnkunaraðgerð í maí í fyrra. Á Reykjalundi kynntist Una Anítu Kristínu Jónsdóttur sem fór í aðgerðina í desember á síðasta ári og hefur myndast vinskapur milli þeirra enda gott að geta rætt málin við þá sem þau þekkja.

## 67 kg farin

Á því tæpa ári sem liðið hefur síðan Una lagðist undir hnífinn hefur hún lést um 51,5 kg en í heildina hefur hún lést um 67 kg frá því hún var sem feitust. Aníta hefur misst 20 kg á þeim tæpum þremur mánuðum sem liðnir eru frá aðgerðinni og er alsæl með árangurinn. „Ég lenti í slæmu hjónabandi og át mér til huggunar," útskýrir Aníta sem er að verða 26 ára og á einn strák á níunda ári. Hún var 156 kg þegar hún var sem þyngst en er í dag 121 kg og er staðráðin í að komast í kjörþyngd.

## Aðgerðin er þrautalending

Stelpurnar eru sammála um að ákvörðunin um að fara í aðgerðina hafi ekki verið erfið. Læknarnir sem framkvæmi aðgerðina hér á landi séu á heimsælikvarða svo þær hafi aldrei óttast um líf sitt. Hins vegar hafi þær staðið frammi fyrir heilsuleysi vegna offitu en vissu að mögulega gætu þær endurheimt heilsuna með aðgerðinni. „Ég hafði prófað allt enda er þessi aðgerð þrautalending," segir Una og bætir við að hún hafi náð góðum árangri af og til en kílóin hafi alltaf komið aftur. Aníta tekur í sama streng og segist alltaf hafa gefist upp á öllum megrunarkúrum.

## Engin skyndilausn

„Þessi aðgerð gefur manni ákveðið forskot. Ef maður gerir þetta rétt missir maður kílóin hratt og þá er auðveldara að halda áfram," segir Aníta og vinkonurnar ítreka að um skyndilausn sé ekki að ræða. „Við verðum að passa okkur því það er auðveldlega hægt að fitna aftur. Ég spái vandlega í allt sem ég set ofan í mig og reikna matinn í stigum. Ég hélt að þetta yrði mikið mál en þetta komst fljótt í vana," segir Una og Aníta tekur undir. „Þótt skorin séu í burtu 90% af maganum getur hann orðið jafn stór innan tveggja ára. Ég passa mig mjög vel og keypti mér til dæmis barnadiska því þessir venjulegu matardiskar eru alltof stórir. Ég hef hvorki smakkað gos né skyndibita og sakna þess ekkert," segir Aníta brosandi og þær bæta báðar við að þær hreyfi sig einnig reglulega.

## Erfitt að taka hrósi

Fyrir utan að hafa endurheimt heilsuna og geta nú keypt sér föt í tískuverslunum segjast stelpurnar finna verulegan mun á sér andlega. Aníta þjáðist af þunglyndi fyrir aðgerðina og hún segir að sér líði betur með hverjum deginum. „Daglegir hlutir verða miklu auðveldari og bara það að troða sér á milli borðs og stóls eða komast áfram í margmenni er ekki lengur erfitt eða neyðarlegt," segir Una og bætir við að hún finni mikinn mun á því hvernig samfélagið taki við henni grannri en þegar hún var feit. „Fólk glápir ekki eins mikið á mig í dag en ég finn hvað ég á erfitt með að taka hrósi. Um daginn vatt ókunnug kona sér að mér og hrósaði mér og sagði að ég liti vel út. Ég tók því sem kaldhæðni til að byrja með en svo gerði ég mér grein fyrir að hún væri að meina þetta og þakkaði fyrir." Aníta segist aldrei hafa fundið fyrir fordómum í sinn garð þótt hún hafi verið feit. „Hins vegar fær maður alls staðar hrós í dag sem er alveg yndislegt. Núna hugsa ég mun meira um útlitið og verð að passa mig að verða ekki algjört fatafrík. Það þýðir ekki að kaupa sér mikið af fötum núna þegar maður er enn að léttast því þau verða allt of stór eftir skamma stund." Una tekur undir þetta. „Litli bróðir minn mun fermast bráðlega og ég er strax búin að ákveða í hverju ég ætla að vera og hlakka mikið til. Áður var ég alltaf í sömu sparifötunum og allir í fjölskyldunni höfðu séð mig í þeim."



Una hefur lést um 67 kg frá því hún var sem feitust.

SÁTTAR MEÐ ÁRANGURINN Una og Aníta eru alsælar með ákvörðun sína um að gangast undir magaminnkunaraðgerð.

## Mæla með aðgerðinni

Stelpurnar mæla báðar með magaminnkunaraðgerðinni fyrir þá sem reynt hafa allt í baráttunni við offituna. Þær vilja einnig koma þakklæti sínu á framfæri til læknanna sem framkvæmdu aðgerðina sem þær segja frábæra. „Læknarnir og allt starfsfólk sjúkrahússins stóðu sig frábærlega og gerðu allt fyrir mann svo við viljum nota tækifærið og þakka þeim fyrir."

indiana@frettabladid.is

# flottir svefn-sófar



Split back svefnsófi 115x200
kr. 73.500









Sly Svefnsófi
140x200
kr. 87.500



Super Soft svefnsófi
140x200
kr. 88.600



Skull Svefnsófi
120x200
kr. 69.800

LÍNAN
HÚSGÖGN

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 553 7100 • www.linan.is

# Hollywood Hanna



KYSS, KYSS Spike Jonze og Drew Barrymore saman á veitingastað í Hollywood.

## Skemmtilegt par

Leikstjórinn Spike Jonze datt heldur betur í lukkupottinn þegar hann hneppti í hina sykursætu krúsídúllu Drew Barrymore. Spike Jonze er einna þekktastur fyrir leikstjórn á myndböndum og einnig kvikmyndinni Being John Malkovich. Spike var giftur leikstjóranum Sopiu Coppola í fjögur ár. Drew er tiltölulega nýhætt með unnusta sínum til margra ára, Fabrizio Moretti, og er ekki annað hægt að segja en að Spike og Drew séu svolítið skemmtilegt par. Nöfnin eru að minnsta kosti skemmtileg.



FRÆGUR RASS Afturendi Jessicu Biel er orðin frægari en rassinn á J-Lo.

## Heit og heitari

Vá, ef Ryan Reynolds og Jessica Biel byrja saman verða þau án efa heitasta par sem sést hefur lengi í Hollywood. Þau eru bæði með rosalega líkama og falleg andlit. Ú, þau verða bara að byrja saman. Fullkomið par í alla staði.



Á DEITI Jessica Biel og Ryan Reynolds spjalla saman. Ryan var lengi vel með Alanis Morrisette.



SMAKKAÐU MÍNA Rachel Bilson gefur Hayden Christensen að smakka á pönnukökunni sinni.

## Borðuðu pönnukökur

Litla sæta Rachel Bilson deildi pönnukökum með Star Wars-töffaranum Hayden Christensen, en þau kynntust við gerð myndarinnar Jumper. Það fór vel á með þeim þegar skötuhjúin gæddu sér á hádegismat ekki fyrir löngu síðan. Daginn eftir fóru þau saman í innkaupaferð. Úlala.




# FLOTTAR SKORUR Í HOLLYWOOD

**Það er frískandi að sjá leikkonur í Hollywood sem fagna því að vera kvenlegar því allt of margar eru súper grannar. Sirkus tók saman nokkrar fagrar meyjar sem sýna okkur brjóstaskoruna með miklu stolti.**



SCARLETT JOHANSON Valin kynþokkafyllsta kona af mörgum tímaritum síðastliðið ár. Við skiljum alveg af hverju.



HALLE BERRY Alltaf gullfalleg.



KATHERINE HEIGL Grey's Anatomy-skvísan er með flottan barm.



PENELOPE CRUZ Hvílíkur kroppur.



JENNIFER HUDSON Skærasta stjarnan í Hollywood er alvöru kona.



SALMA HAYEK Vavavúmm. Hvað annað er hægt að segja um þessa tilvonandi móður?

# Láttu drauminn rætast

## fráber fermingartilboð á rúmum & svefnsófum




**Karolin** tungusvefnsófi




**Karolin** 3ja sæta svefnsófi




Doris 120 x 200cm
verð. 39.900.- áður ~~61.800.-~~




Suprima
90x200cm v/33.280.- áður ~~41.600.-~~
120x200cm v/ 42.400.- áður ~~53.000.~~
140x200cm v/ 49.360.- áður ~~61.700.~~




Rafmagnsrúm verð áður ~~101.600~~




Electa 120x200 v/ 59.980 áður ~~67.300~~

www.toscana.is

Opið virka daga 10 til 18
laugadaga 11 til 16

HÚSGAGNAVERSLUN
TOSCANA
SMIÐJUVEGI 2, KOP S:587 6090
HÚSGÖGNIN FÁST EINNIG Í HÚSGAGNAVAL, HÖFN S: 478 2535

# helgin

## Hvað á að gera um helgina?



„Fyrri hluti helgarinnar verður bara rólegur, föstudagskvöld er fastur fjölskyldu tími og þá verður eitthvað skemmtilegt gert. Á sunnudaginn ætlum við konan að skella okkur eitthvað gott út að borða og í bíó eða leikhús þannig að þetta verður róleg en skemmtileg helgi.“

**Sævar Pétursson Baðhúsinu**

„Ég fer á árshátíð Efnafræðifélags Íslands á föstudagskvöldið. Á laugardagskvöldið verður pitsugerðarkeppni hjá líkamsræktarhópnum mínum og einnig er búið að bjóða mér í tvö afmæli; ætla að reyna að reka inn nefið í annað þeirra. Annars verð ég að vinna um helgina en ætli ég reyni ekki að komast á hestbak milli vakta.“

**Soffía Sveinsdóttir veðurfréttakona**





„Ég er spila alla helgina með Gunna Óla, á fimmtudaginn erum við á Hverfisbarnum, á föstudaginn erum við á Café Viktor og á laugardaginn erum við að spila á árshátíð þannig að það er mikið að gera í vinnunni og lítill tími fyrir annað. Annars ætla ég að nýta allan aukatíma með fjölskyldunni og fara á hestbak.“

**Sigurjón Brink tónlistarmaður**

„Helgin er nokkuð laus í reipunum og líklega fyrsta helgi ársins sem ekki er plönuð. Ég býst við að nota föstudagskvöldið til að slaka á eftir annasama viku. Ég á nokkrar kaffihúsaferðir inni með vinkonunum og vonast til að þær geti hitt mig á laugardeginum á Sólon eða Thorvaldsen. Um kvöldið vonast ég svo til að mér verði boðið í mat en það er ekkert ákveðið.“

**Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir blaðamaður**



## Við mælum með



„Ég get eindregið mælt með Killer Joe í Borgarleikhúsinu. Rosalega vel leikið og frábær skemmtun. Passar fyrir alla sem hafa gaman af lífinu og dauðanum. Fullkomið fyrir fyrsta stefnumót til dæmis, eða síðasta!“

**Stefán Svan stílisti**

„Laddi 6-tugur býður upp á kvöldstund, þar sem hláturtaugarnar eru kitlaðar. Það er líka einstök tilfinning að finna fyrir kærleik áhorfenda til þessa elskaða listamanns. Ást og gleði í einum pakka – það hlýtur að lengja lífið og gera okkur að betri samferðamönnum.“



**Maríanna Friðjónsdóttir kvikmyndaframleiðandi**



„Sýning Íslenska dansflokksins er kraftmikil listtjáning. Mjög flott og áhrifaríkt. Geðveikir dansarar í súperformi. Fær mann til að drullast í ræktina. Ég mæli líka með reykleysi á veitingahúsum og skemmtistöðum! Það verður yndislegt þegar reykbannið skellur á. Sé fyrir mér sæludaga á menningarröltinu eftir miðnætti í framtíðinni. Come on! Reykingar eru bara alveg út!“

**Selma Ragnarsdóttir klæðskeri**

„Ég mæli sannarlega með James Morrison og disknum hans Undiscovered. Nýi endurhljóðblandaði Bítladiskurinn er frábær og svo skil ég ekki af hverju það eru enn til miðar á Cliff Richard, þar er stórviðburður sem enginn ætti að missa af.“



**Bragi Guðmundsson útvarpsmaður**

**sirkus**
**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm.
**Ritstjórn** Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is,
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000
**Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

# SPURNINGAKEPPNI sirkus



1. Hvaða samtök standa fyrir styrktartónleikum á Nasa 1. apríl þar sem Björk mun meðal annars koma fram?
2. Hver er fyrrverandi eiginkona leikarans Ryan Phillippe?
3. Hvað heita hóparnir tveir sem enn keppa í X-factor?
4. Hver er fegurðardrottning Íslands?
5. Hver er besta höndin í Texas Holdem póker?
6. Hver er ritstjóri DV?
7. Hver leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni The Last King of Scotland?
8. Hvað heitir þverpólitíski hópurinn sem andsnúinn er stækkunaráformum álversins í Straumsvík?
9. Í hvaða stjörnumerki er sá sem á afmæli 30. október?
10. Hver stjórnar þættinum Fyrstu skrefin sem sýndur er á Skjá einum?







### Þóra Sigurðardóttir

1. Forma.
2. Reese Witherspoon.
3. Gís og Hara.
4. Veit það ekki.
5. Tveir ásar.
6. Veit ekki.
7. Forest Whitaker.
8. Veit ekki.
9. Sporðdreki.
10. Sigurlaug M. Jónasdóttir.



### Jónsi í Svörtum fötum

1. Forma, samtök átröskunarsjúklinga.
2. Reese Witherspoon.
3. Hara og Gís.
4. Veit það ekki.
5. Fullt hús.
6. Hann var á Blaðinu.
7. Forest Whitaker.
8. Sól í straumi.
9. Bogamanninum.
10. Guðrún Gunnarsdóttir.

Þóra sigrar Jónsa með sex stigum á móti fimm. Jónsi skorar á Svöfu Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík.

**Rétt svör:** 1. Forma, samtök átröskunarsjúklinga. 2. Reese Witherspoon. 3. Gís og Hara. 4. Sif Aradóttir. 5. Konungleg röð. 6. Sigurjón M. Egilsson. 7. Forest Whitaker. 8. Sól í straumi. 9. Sporðdrekanum. 10. Sigurlaug M. Jónasdóttir.

# ALLIR EIGA MÖGULEIKA Á BATA

Að okkar mati eiga allir átröskunarsjúklingar möguleika á bata,“ segir Alma Dröfn Geirdal, framkvæmdastjóri Forma, samtaka átröskunarsjúklinga en eins og fram hefur komið halda samtökin styrktartónleika á Nasa 1. apríl. Alma segir aldrei of seint að grípa inn í þegar átröskun er annars vegar. „Líkurnar á bata eru persónubundnar en fólk má aldrei hugsa sem svo að það sé of seint að gera eitthvað í málunum. Baráttuviljinn er þó mismunandi og það er misjafnt hvar fólk er statt í sjúkdómnum. Flestir ná bata en samkvæmt erlendum tölum jafnar einn fjórði hluti sig aldrei,“ segir Alma og bætir við að það séu til afar takmarkaðar rannsóknir á sjúkdómnum hér á landi. „Ef við miðum við tölur frá árinu 2002 þá eru um það bil sex þúsund einstaklingar sem hafa verið greindir. Við fáum til okkar tvö til sex ný tilvik í hverri viku, á geðdeild leita um það bil fimm einstaklingar á viku sem eru eldri en 18 ára og þegar Rauði krossinn var með átaksviku fékk hann eitt símtal á viku svo það er greinileg fjölgun.“

Alma segist þakklát fyrir góðar undirtektir í umræðunni sem hefur orðið um sjúkdóminn í kjölfar tónleikanna. „Ástæðan fyrir tónleikunum er sú að geta að halda samtökunum á lífi og til að berjast fyrir meðferðarheimilum auk þess sem við viljum koma upp á yfirborðið hver stefna yfirvalda er í þessum málaflokki,“ segir Alma og bætir við að það fari hver að verða síðastur að tryggja sér miða. „Það er ekki orðið uppselt en það stefnir allt í það enda frábært tónlistarfólk sem ætlar að koma fram.“

indiana@frettabladid.is

**FORMA Alma Dröfn Geirdal og Edda Ýrr Einarsdóttir stofnuðu Forma og halda núna tónleika svo þær geti haldið samtökunum gangandi.**



# Láttu Netbankann koma þér á óvart!

# HELMINGI LÆGRI YFIRDRÁTTARVEXTIR



Hjá Netbankanum færðu helmingi lægri yfirdráttarvexti fyrstu 6 mánuðina og betri vexti eftir það. Þú færð einnig ýmsa fría þjónustuþætti þegar þú kemur í viðskipti við Netbankann.

## Fáðu tilboð í bankaviðskipti!

Tilboðið er án skuldbindinga og þér að kostnaðarlausu.

## Þú gætir dottið í lukkupottinn

Allir nýir viðskiptavinir Netbankans eiga kost á því að vinna glæsilegan ferðavinning. Þeir sem stofna Vildarkort VISA og Icelandair geta unnið 100 þúsund Vildarpunkta og þeir sem stofna MasterCard-kreditkort geta unnið 50 þúsund króna ferðaávísun. Dregið verður þann 16. maí 2007.

Sæktu um á nb.is eða hringdu í þjónustufulltrúa í síma 550 1800

Himinn og haf / SÍA

**www.nb.is**

Netbankinn
*kemur á óvart*


VERTU MEÐ...
VERTU DÚNDUR!
Góa Lakkrís dúndur
hausverk / SÍA / 5971
Góa
Stofnað 1968

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

LR MEGRUN, virkar hratt. LR er 23 ára þýskt fyrirtæki og er stærsta fyrirtæki í evrópu sinnar tegundar. Komum og kynnum s. 662 5599.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife, skynsamleg næring fyrir alla. Uppl. www.dagamunur.is og í s. 891 8902.

## Nudd

Viltu nudd ? Hafðu samband í síma 869 6914.

## Snyrting




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

**QueenSize rúm til sölu**
Amerískt queen size, 150x200. Verð aðeins 20 þús. Uppl. í síma 848 5125.

## Dýrahald

**Alþjóðleg hundasýning Íshunda**
**verður haldin helgina 14-15 apríl n.k. í reiðhöll Fáks í Víðidal.**
**Skáning er hafin í síma 577 2474 & 863 8596 og á ishundar.is Allir hundar velkomnir. Skráningarfrestur er til 23.mars.**

**Hundaræktin að Dalsmynni auglýsir.**
**Kíktu á heimsíðu okkar www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 - www.dalsmynni.is**

Til sölu Silki Terrier hvolpar sem eru undan pari sem bæði hafa hlotið alþjóðlegan og íslenskan meistaratitil, einnig hefur tíkin orðið besti hundur sýningar. Uppl. í s. 697 7860.

Franskur mastiff 15 mán. hundur þarfnast heimilis vegna ofnæmis. Einungis góð fjölskylda kemur til greina.

Hundasnyrtistofan Hvuttakot verður lokuð til 3.apríl en á meðan bjóðum við afslátt af völdum vörum af hinum frábæru Plus Puppy ásamt miklu úrvali af hundafötum. Allar nánari upplýsingar eru í s. 660 8504 og inni á www.halsakot.is

Hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Með ættbók frá Íshundum. Örmerktir og bólusettir. Verð 140 þús. Uppl. í s. 821 7852.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. www.vadlaborgir.is s. 897 5300, Leó.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

2ja herb íbúð í 112 til leigu í 3-6 mán frá 1/4 '07. Áhugasamir sendið upplýs. á skammtima@hotmail.com

Til leigu frá 15. apríl 4 herb. íbúð við Skipholt, leiga 120.000,- uppl. s. 897 5090.

**Spánn**
Mjög fallegt parhús fyrir 8 manns í rúmum og raðhús fyrir 6 manns í rúmum til leigu á Torreveja svæðinu. Nánari uppl. á www.spanarsol.is

## Húsnæði óskast

Bráðvantar herbergi með sérsnyrtingu eða íbúð til leigu. Skammtímaleiga, góð umgengni, öruggar greiðslur. S. 849 3405.

Reglusöm kona óskar eftir snyrtilegri einstaklings eða stúdíóíbúð á sanngjörnu verði. Skilvísum greiðslum heitið. Sími 846 5772.

Snyrtileg og áræðanleg kona á fimmtugsaldri óskar eftir íbúð. Uppl. í s. 698 1305.

Óska eftir sérbýli til leigu, helst við borgarmörkin. Annað kemur til greina. Uppl. í s. 866 6386 & jonmagg@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 96 fm iðnaðarhúsnæði við Dalshraun Hafnarf. S. 868 1451.

## Geymsluhúsnæði

**Óska eftir lagerplássi**
**Óska eftir góðu lagerplássi, helst miðsvæðis í Rvk. Skilvísum og öruggum greiðslum heitið.**
**Upplýsingar í s. 694 2150, Hildur.**

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr eða litlu atvinnuhúsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl í s 860 1998.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**AVM Solutions geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi**
**-bæði karla og konur, svo sem matreiðslufólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum eða byggingariðnaði. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði.**
**AVM Solutions geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skamms tíma, þegar um veikindi, frí eða skamman fyrirvara er að ræða.**
**Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is**

**Aktu Taktu**
**Aktu Taktu Skúlagötu óskar eftir starsfólki til að vinna aðra hverja helgi.**
**Umsóknir á aktutaktu.is**

**Meiraprófsbílstjórar**
**Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra í framtíðar- og sumarstörf með aðsetur í Reykjavík, Reykjanesbæ og víðar um land. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar og tanka. Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Starfið stendur báðum kynjum til boða.**
**Nánari upplýsingar veitir Helgi M. Egonsson í síma 5509937 eða helgim@odr.is**

**Loftorka Reykjavík.**
**Óskar eftir að ráða bílstjóra á trailer og vélamann á jarðýtu. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.**
**Upplýsingar í síma 565 0875.**

**Meiraprófsbílstjórar**
**Vífilfell hf óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra**
**Hægt er að sækja um á heimasíðunni vifilfell.is auk þess liggja umsóknareyðublöð frammi í afgreiðslu Vífilfells Stuðlahálsi, Nánari upplýsingar er gefnar í síma 525 2500.**

**Fjarðargrjót ehf.**
**Fjarðargrjót óskar eftir að ráða vana gröfumenn og bílstjóra. Aðeins vanir menn koma til greina.**
**Upplýsingar í síma 893 9510 & 896 5858.**

**Café Flóra, Grasagarði Reykjavíkur, óskar eftir að ráða til sín matreiðslumann í dagvinnu og starfsfólk í sal, ekki yngra en 20 ára. Um er að ræða sumarstarf á frábærum vinnustað, frá maí til september. Upplýsingar veitir Marentza í síma 661 7305.**

**Óskum eftir að ráða vanan gröfumann á nýja hjólagröfu og beltagröfu. Uppl. í s. 893 2000.**

**Kranamaður óskast**
**Óskum eftir vönum manni á byggingarkrana Uppl. í s. 660 9797.**
**Íbyggð Ehf.**

**Foldaskálinn Grafarvogi**
**Óskar eftir starfsfólki 18 ára og eldri í fullt starf.**
**Áhugasamir hafi samband við Óskar í síma 897 7466.**

Kíktu á þetta!! Viltu vinna með skemmtilegu fólki? Ertu eldri en 22 ára? Hefurðu þjónustulund? Okkur á Andarunganum vantar fólk í vinnu. Ef þig langar að vinna með okkur hringdu þá i Ásu í síma 849 5422.

Björnsbakarí - Vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Helga gefur frekari upplýsingar 699 5423. Góð laun í boði.

**Hársnyrti stólaleiga!**
Áhugasamur hársnyrtir óskast í stólaleigu á góðum stað. Uppl. í s. 848 9816, Símon.

**Svarti Svanurinn**
Óskar eftir starfskrafti frá 11 virka daga. Uppl. á staðnum og í síma 897 6966. Svarti Svanurinn, Rauðarástíg 6.

Íslenskir sjávarréttir í Garði óska eftir starfsfólki í matvælavinnslu. Uppl. hjá Kristmanni í s. 862 3190.

Félagsmiðstöðin Bólstaðarhlíð 43 óskar eftir að ráða fólk til starfa við félagslega heimaþjónustu í Hlíðahverfi. Starfið felur m.a. í sér ýmsa aðstoð við heimilishald og að veita félagslegan stuðning. Laun greidd skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar. Nánari upplýsingar gefur Kristín Arnardóttir í síma 535 2760, netfang. kristin.arnardottir@reykjavik.is

## Atvinna óskast

Flísari tekur að sér aukavinnu, er vandvirkur með margra ára reynslu, 894 2908.

29 maður með meirapróf(vörubilpróf,rútupróf,lyftarapróf)vantar vinnu. Get byrjað strax.Upply. i sima 8989464 Thomas(tala ensku)

2 smiðir óska eftir vinnu. Vilja mikla vinnu. S. 893 5908.

20 ára maður óskar eftir vinnu við pípulagnir eða smíðar. Uppl. í s. 616 9611.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Ég er strákur frá Póllandi sem vantar pólsku-/íslenskumælandi til að kenna mér íslensku 1-2 í viku. Sími 659 3480.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál




Ekkjumaður um sjötugt óskar eftir vinkonu og félaga. Við bestu heilsu. Stundum einmana, annars allt í góðum málum. Tilboð sendis fyrir 30.03. á F.B.L „Páskar"

Háseti! Vanur háseti óskast á línubát 10 ton frá Suðurnesjum. Uppl. Í s. 897 8609.







## Félagsfundur

Félagsfundur Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu verður haldinn þriðjudaginn 27. mars 2007, kl. 20:00 í félagsheimili Sjálfsbjargar, Hátúni 12.

Fundarefni: Fulltrúar stjórnmálaflokkana ræða um málefni öryrkja og stefnu flokkanna í komandi kosningum.

**Frummælendur:**
Ögmundur Jónasson frá Vinstri grænum
Ásta Möller frá Sjálfstæðisflokki
Guðjón Ólafur Jónsson frá Framsóknarfokki
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir frá Samfylkingunni
Jón Magnússon frá Frjálslyndum

Mætum öll
Stjórnin

## AÐALFUNDUR
**Verkstjórafélags Reykjavíkur 2007,**

verður haldinn í dag föstudaginn 23. mars 2007, í Gallerý á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38 og hefst fundurinn kl. 18:00.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundasörf skv. lögum félagsins.

**Stjórn Verkstjórafélags Reykjavíkur.**

## Sveitarfélagið ÁLFTANES

### Breyting á deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis á Álftanesi

Bæjarstjórn Álftaness hefur samþykkt að auglýsa, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, tillögu að breytingu á deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis á Álftanesi.

Deiliskipulagsbreyting þessi gildir fyrir íþróttamannvirki á skóla- og íþróttasvæði. Breytingin felst í stækkuðum byggingarreit fyrir sundlaug og gerð sundlaugargarðs, stækkuðum byggingarreit fyrir vallarhús í stað geymslu, færslu á byggingarreit fyrir símstöð og fjölgun bifreiðastæða. Gert er ráð fyrir byggingu keppnisvallar með gervigrasi og flóðlýsingu þar sem nú er malarvöllur. Jafnframt er gert ráð fyrir hjólabrettavelli.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum, Íþróttamiðstöð Álftaness og á vefsíðunni **www.alftanes.is**, frá og með 23. mars 2007 til 20. apríl. 2007.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 4. maí 2007. Athugasemdir skulu vera skriflegar og þeim skilað til skipulags- og byggingarfulltrúa Álftaness, Bjarnastöðum. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

Bjarni S. Einarsson,
bæjartæknifræðingur

**allt**
auglýsingasími
550 5880

ATVINNA

## Vélamann vantar!

Vélamann vantar á 180 tonna bát sem gerður er út á rækju.
**Upplýsingar í s. 893 3077.**

**Rótgróin bílasala í Reykjavík óskar eftir að ráða duglegan sölumann til starfa sem fyrst.**

Umsækjendur er beðnir að senda ferilsskrá með nafni og símanúmeri til Fréttablaðsins eða á box@frett.is, merkt Sölumaður bíla-311 fyrir kl. 18:00 miðvikudaginn 28. mars næstkomandi.

Öllum umsóknum verður svarað.

FM957

Bannað!
Er orð sem við þekkjum ekki

Zúúber – morgunþáttur alla virka morgna frá kl. 7.00–10.00.

Upptökur úr þættinum er að finna á FM957.is



## Járnsmiður

ATLANTSKAUP ehf.

Atlantskaup óska eftir að ráða starfsmenn til að smíða úr ryðfríu stáli og gleri. Snyrtileg vinnuaðstaða. Getur útvegað húsnæði. Góð laun fyrir rétta aðila.

**Starfssvið:**
- Vinna með ryðfrítt stál
- Uppsetningar og mælingar á gleri
- Smíði og uppsetningar á handriðum o.fl.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði járnsmíða kostur
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- Íslensku eða ensku kunnátta

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 27. mars nk. Áhugasömum er bent á að leggja inn umsókn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar www.radning.is og sækja þar sérstaklega um starfið.

Umsjón með starfinu hefur
Monika Maria Bajda, monika@radning.is

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is

GOTT FÓLK McCANN



*Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI*
*6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA*

*HEIMIR OG KOLBRÚN TAKA Á MÓTI ÞÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR*
*FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN*

*Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli*

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

# HÚSIÐ FASTEIGNASALA

*- heilshugar um þinn hag -*

**Suðurlandsbraut 50**

Bláu húsin v/Faxafen

husid@husid.is

## Sími 513 4300

| | |
|---|---|
| Vilhjálmur Bjarnason | lögg. fast.sali |
| Helgi H. Jónsson | lögg. fast.sali |
| Guðný Guðmundsdóttir | sölumaður |
| Gunnar Magnússon | sölumaður |
| Hrafnhildur Helgadóttir | sölumaður |
| Kolbeinn Sigurðsson | sölumaður |
| Kristinn Erlendsson | sölumaður |
| Ólafur H. Haraldsson | sölumaður |
| Ólafur M. Sævarsson | sölumaður |
| Vilborg G. Hansen | sölumaður |
| Heimir H. Eðvarðsson | sölumaður |
| Sigrún Þorvarðardóttir | sölumaður |
| Vignir Daðason | sölumaður |
| Yngvi Laxdal | sölumaður |
| Rannveig Sveinsdóttir | móttaka |
| Erla R. Guðmundsdóttir | bókari |
| Ómar Haraldsson | tölvuumsjón/frágangur |
| Ingvaldur Mar Ingvaldsson | framkv.stjóri |

Frum

### Stærri íb. og sérh. — Laufrimi - Kóp.



Mjög björt og falleg 4ra herbergja 99,6 fm endaíbúð á jarðhæð með góðu aðgengi, má segja sérhæð þar sem nánast allt er sér og innan íbúðarinnar. Húsið er á rólegum stað þar sem stutt er í Spöngina með allri þeirri verslun og þjónustu sem þar er. Stór og flottur, nýr ca 24 fm trépallur með skjólgirðingu og sameiginleg lóð með leiktækjum fyrir börn í sjónfæri frá íbúðinni. Sérmerkt bílastæði á planinu við hlið hússins. Verð 25,4 millj.

### 2 herbergja — Grettisgata - Rvk.



Er þetta HÚSIÐ þitt? 2ja herbergja vel skipulögð íbúð á jarðhæð með sérinngangi og öllu sér og innan íbúðarinnar í steinsteyptu og nokkuð snyrtilegu sex íbúða húsi á eignarlóð á frábærum og rólegum stað í miðbæ Reykjavíkur, stutt að labba í bæinn en samt þægilega langt frá. Stórt herbergi með stórum skáp. Björt íbúð, mikið af gluggum. Verð 11,7 millj.

### Stærri íb. og sérh. — Þinghólsbraut – Kóp.



Mjög stór og rúmgóð 161,4 fm, sjö herbergja efri sérhæð í snyrtilegu og klæddu þríbýlishúsi með glæsilegu útsýni og aukaherbergi í kjallara ásamt 26,1 fm sérbyggðum bílskúr á frábærum stað í vesturbæ Kópavogs. Eignin skiptist í 4 svefnherb., stóra stofu og arinstofu, góða borðstofu sem mætti loka og nota sem herbergi ásamt aukaherb. í kjallara. Stutt í gönguleiðir meðfram ströndinni, í sundlaugina og skóla ásamt verslun og þjónustu í Hamraborg. Verð 38,4 millj.

### Jörð — Tjarnarhólsmýri



10,4 ha lóð undir hestabúgarð í heilsársbyggð sem rísa á skammt frá Svínavatni. Á lóðinni er 84 fm hesthús, sem þarfnast lagfæringa, og leyfi er til að byggja 250 fm einbýlishús ásamt 30 fm gestahúsi, eða samtals 280 fm. Vatn og rafmagn er komið að lóðarmörkum. Þetta er upplagt tækifæri fyrir hestaáhugamanninn að setjast að í sveitarsælunni. Verð 15.0 millj.

### 4 herbergja — Ársalir - Kóp.



Glæsileg 113 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð ásamt bílskýli, með 30 fm afgirtum sólpalli, staðsett innst í botnlanga. Stutt í alla þjónustu, barnvænt hverfi.
Verð 28,9 m kr., möguleiki á því að yfirtaka ca 19,5 m kr. lán.

**Opið hús verður að Ársölum 5, íbúð 102 - Sunnudaginn 25. mars frá kl. 14 – 15**

## Gunnarsbraut Norðurmýri



- Falleg 135 fm 5 herbergja efri sérhæð og ris.
- Sér inngangur.
- Parket á íbúð er nýlegt.
- Fallegar innréttingar.
- Hitalögn er í hellulagðri innkeyrslu.
- Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á húsinu í sumar og eru þær framkvæmdir á kostnað seljanda.
- Verð 35,0 millj.

### Nýbyggingar — Hraunbær - Hveragerði



Falleg raðhús í byggingu, 143,3 fm að stærð og þar af 25 fm í innbyggðum bílskúr í Hveragerði. Eignin skiptist í: Anddyri, hol, 2 herbergi, baðherbergi, stofa, eldhús, þvottahús, geymsla og bílskúr.
Húsin skilast fullbúin að utan og tilbúin án gólfefna að innan með grófjafnaðri lóð.
Verð 26,8 millj. fyrir endahús og 25,9 millj. fyrir miðjuhús.

### 4 herbergja — Veghús - Grafarvogur



Falleg og vel skipulögð 121 fm 4ra herbergja íbúð á annarri hæð í góðu þriggja hæða fjölbýli. Góð íbúð í Grafarvoginum þar sem aðgengi er gott og stutt í alla helstu þjónustu svo sem sund, verslanir, veitingastaði, golfvelli og líkamsræktarstöðvar.
Húsaskóli og tveir leikskólar í göngufæri. Verð 25,9 millj.

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**


PIPAR • SÍA • 70250

# Þarftu að selja / gengur illa að selja?

**Bjóðum upp á árangursríka leið sem eykur líkurnar á að fasteign þín seljist hratt og á góðu verði!**

Föst lág söluþóknun

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma **530 1800/ 530 1820**

Draumahús

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Strandgötu 41 • 220 Hafnarfjörður • Sími 530 1820 • Fax 530 1801
draumahus@draumahus.is • draumahus.is

# KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.

Starfsmenn Capacent Ráðninga starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

- Capacent Ráðningar móttekur skráningar í gagnagrunn og umsóknir um ákveðin störf
- Ráðgjafi hefur samband við umsækjanda telji hann viðkomandi koma til greina í það starf sem í boði er
- Umsækjanda er ráðlagt að fylgjast með auglýstum störfum á heimasíðu Capacent
- Umsækjendum gefst kostur á að fylgja umsókn / skráningu eftir með því að panta viðtal hjá ráðgjafa
- Hægt er að fylgjast með framvindu auglýstra starfa á vef Capacent
- Ráðgjafi fær samþykki umsækjanda til að senda ferilskrá til fyrirtækis
- Umsagna er ekki leitað hjá þriðja aðila nema að fengnu samþykki umsækjenda
- Öllum umsækjendum um auglýst störf er svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu í starfið

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Í (skálka)skjóli múrsins

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál

Frá ómunatíð hafa valdsmenn reist ýmiss konar múra sér og sínum til varnar. Múrinn getur ekki aðeins aftrað ágangi og ásælni utanaðkomandi aðila heldur líka ýtt undir fákeppni og fátækt, stöðnun eða afturhald, klíkuskap og smákóngahneigð, spillingu og sérhagsmunapot. Sagan segir að fæstir ráðamenn hafi orðið andvaka yfir slíku, sumir jafnvel þakkað sínum sæla að með múrnum mætti bægja frá framúrstefnulegum hugmyndum um frelsi, jafnrétti og bræðralag og draga í lengstu lög að stíga ýmis framfaraspor.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að hnattvæðingin umbyltir nú heimi manna. Á Íslandi gæti sú þróun nýst betur en víðast hvar en fyrst þyrfti að gera eitt og annað, til dæmis (a) að hefja Ísland til vegs og virðingar sem griðland hreinnar náttúru, sjálfbærni og siðferðisvitundar, (b) að hlúa að nýsköpun í atvinnulífi, (c) að ná fram jafnvægi í hagstjórn, (d) að efla menntir og vísindi.

En hvernig mætti ná svona háleitum markmiðum? Jú, hvernig væri til dæmis að biðjast opinberlega afsökunar á aðild að innrásinni í Írak? Láta af hvalveiðum? Hækka lágmarkslaun? Setja skýrari leikreglur til að sporna við græðgi og ábyrgðarleysi, ekki síst hjá bönkum og fleiri stórfyrirtækjum? Styðja við sprotafyrirtæki, til dæmis með því að endurgreiða hluta af rannsókna- og þróunarkostnaði? Standa gegn því að ýtt sé undir þenslu, vaxtaokur og hátt gengi með óhóflegum stórframkvæmdum? Og hvernig væri að leggja meira fé í verk-, tækni- og háskólanám? Væri það ekki brýnna en til dæmis að reka stássleg sendiráð á öðrum hverjum útnára, halda uppi sæg sendiherra heima og heiman og greiða góðum og gegnum flokkshestum langtum ríflegri eftirlaun en öðrum — löngu áður en þeir láta af feitum embættum hjá hinu opinbera?



EINAR SIGMARSSON

Með því að skjóta styrkari stoðum undir hátækni- og þekkingariðnað á Íslandi mætti laða að erlent fjármagn og skapa vel launuð störf, stækka kökuna og bæta þjóðarhag. Fjölbreyttara atvinnulíf er jú verðugt markmið í sjálfu sér enda varhugavert að leggja öll sín egg í sömu körfu.

Svona mætti hefjast handa um að rjúfa skörð í múrinn.

Þröngsýni og nýjungafælni geta reynst illkleifur múr. Það er landsstjórnarmanna að klöngrast þar upp á og hvessa augun út að ystu sjónarrönd – fyrir austan sól og sunnan mána. Þá fyrst gætu þeir komið auga á Eldóradó og leitað fyrirmynda í gullroðnu goðsagnalandi. En á Íslandi er því ekki að heilsa: Umluktir himingnæfum múr rýna núverandi stjórnarherrar upp í hvolf dansandi norðurljósa og mæna hugfangnir á dimman skugga sem færist óðfluga nær, sogandi í sig hvaðeina sem á veginum verður. Og hvaða myrkranna gímald skyldi þar fara? Jú, það sem þar fer gapandi með himinskautum er svarthol, botnlaust og óseðjandi. Þar ríkir eitt afl – þar ríkir stóriðjan ein.

*Höfundur er íslenskufræðingur.*

# Rányrkjubúskapur

**UMRÆÐAN**
Umhverfisvernd



HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR

Það eru alltaf að koma fram nýjar og ógnvekjandi upplýsingar um hvað við erum að gera landinu okkar næstum óbætanlegan skaða fyrir framtíðina og afkomendur okkar, með því að stunda rányrkjubúskap enn þá á stórskemmdu landinu.

Þröstur Eysteinsson skógfræðingur var að flytja erindi á Húsavík. Þar kom fram að þessar milljón kindur sem naga gróðurinn allt sumarið, éta þvílíka býsn að þær koma í veg fyrir gríðarlega upptöku kolefnis, sem gróið ósnortið land er vant að gera. Þetta kemur fram í rannsókn sem hann og Jón Guðmundsson eru að vinna á vegum Búnaðarháskólans. Það er þegar vitað að koltvísýringurinn sem streymir upp úr ræstum mýrum og illa grónu og skemmdu landi, er á við mengun frá öllum skipaflotanum okkar.

Er þetta ásættanlegt ástand, þegar við þurfum ekki allar þessar skepnur? Þúsund tonn voru offramleiðsla í haust og þetta er gróður blæðandi landsins okkar. Og hvað er gert af stjórnvöldum til að koma í veg fyrir áframhaldandi skaða fyrir landið og ríkissjóð? Landbúnaðarráðherra skaffar sauðfjárbændum úr ríkissjóði 16 milljarða til að auka framleiðsluna. Ég skrifaði grein sem hét: „Hvers vegna tárfellir Fjallkonan alltaf 17. júní?“ Hvað haldið þið?

Andrés Arnalds skrifar: „Fjórar til fimm milljónir ha. gróðurlendisins er horfin og um leið jarðvegurinn, gróðurmoldin, okkar dýrmætasta eign. Nú verðum við að greiða skuldina við landið, og ákveða hvernig, en ekki hvort við gerum það. Tíminn skiptir máli, við verðum að sigrast á eyðingunni hraðar en eyðingaröflin vinna. Ella höfum við ekki undan og vandinn verður óviðráðanlegur.“ Tilv.lýkur. Landgræðslan á 100 ára afmæli í ár. 1974 fékk hún svonefnda þjóðargjöf sem menn bundu miklar vonir við en hún er sögð hafa verið étin upp á nokkrum árum. Hvað fær Landgræðslan í 100 ára afmælisgjöf? Eina vitið er: skepnur í girðingar, í staðinn fyrir gróðurinn og fólkið. Það er botninn í tunnuna. Og þá fyrst er hægt að gera heildaráætlun um hvernig við ræktum upp landið.

*Höfundur er leikkona og fyrrv. formaður Lífs og lands.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# Flokkur gegn pólitísku kviksyndi

**UMRÆÐAN**
Málefni aldraðra


ALBERT JENSEN

Mörg ár eru síðan ég fór að skrifa um þau mál sem nú brenna heitast á landsmönnum. Mikið er ég búinn að hlakka til þess tíma að þeir átti sig á hinum sönnu og raunverulegu gildum sem gera lífið eftirsóknarvert. Skyndilega virðist þjóðin hafa vaknað til vitundar um mikilvægi náttúrunnar og að aldraðir og öryrkjar, að ógleymdum þeim verst launuðu, eru líka fólk sem vísvitandi hefur verið haldið niðri. Það vekti litla undrun, en eflaust árviss vonbrigði ef flokkarnir reyndust að kosningum loknum aðeins ómerkilegir hræsnarar sem treystu á gleymsku og fyrirgefningu. Aumasta og lítilmannlegasta þjónslundin er að láta flokkshollustu kæfa sannfæringu sína og réttlætiskennd. Flokkaflakkari er í flestum tilfellum hrósyrði. Allir Íslendingar gætu haft það gott ef græðgi og bruðl væru ekki svo mikils ráðandi.

Mér er ógerlegt að skilja þingmenn eins og Pétur Blöndal sem telja ekki hægt að komast hjá að mismuna fólki og fátækt sé eðlilegur fylgifiskur þess. Skil ekki hvað heilbrigðisráðherrann Siv Friðleifsdóttir fær tildæmis útúr því að torvelda fötluðum bílastyrki. Í viðtali sem ég átti við hana sagðist hún ekki sjá að fatlaðir hefðu ástæðu til að kvarta. Það væri mulið undir þetta fólk og ekkert til sparað eins og tölur sýndu. Það er greinilegt að fatlaðir og aldraðir eiga undir högg að sækja meðan þessi kona er ráðherra heilbrigðismála.

Aldraðir og öryrkjar sem ég hef rætt við kvíða fáu eins mikið og að Framsókn haldi völdum, því þá verði Siv áfram. Framsókn vill nú rétt fyrir kosningar færa inn í stjórnarskrána eign þjóðarinnar á sjávarauðlindum. Þetta er það eina góða sem flokkurinn hefur lagt fram síðustu árin. Hræsni Framsóknar er svo augljós að mönnum flökrar. Framsókn væri ekki að neyða Sjálfstæðisflokkinn til að gera það sem honum er meinilla við og mun samþykkja af ótta við kjósendur, ef ekki blasti við algert hrun hans. Formaður Framsóknar er háll sem áll og talar þannig að nær hvergi er hægt að henda reiður á meiningar hans, eða hvort hann er með eða var með eða á móti. Sitji stjórnin áfram eftir kosningar, mun hún gera að lögum frumvarp sem er í bið og leyfir sölu vatnsréttinda. Það er stórhættulegt og gæti fært einstaklingum, jafnvel útlendingum, eignarrétt á mikilvægustu auðlind okkar Íslendinga. Þessu frumvarpi kom Valgerður Sverrisdóttir þáverandi atvinnumálaráðherra í gegn af alkunnri skammsýni og ábyrgðarleysi sem einkennt hefur Framsókn síðustu áratugina.

Stjórnmálaflokkunum er það sameiginlegt að láta mikið í orði og nær ekkert á borði þegar kjör aldraðra og öryrkja eru til umræðu. Framsókn og Sjálfstæðisflokkur eru þó svæsnastir í þeim efnum og óskiljanlegt hvað þeim er illa við að öllum geti liðið vel. Þegar horft er til dáðleysis útbrunnu flokkana, ætti að vera gleðiefni að fólk sem ber hag lands og þjóðar fyrir brjósti, ætli að mynda flokk sem hefur velferð allra Íslendinga að leiðarljósi. Fyrir þessu ætlunarverki fer Ómar Ragnarsson sem ég kalla þjóðhetju okkar Íslendinga. Í framlínu með honum eru umhverfisvinirnir Guðrún Ásmundsdóttir, Margrét Sverrisdóttir, Jakob Frímann Magnússon og vonandi María Ellingsen. Umhverfið er það sem allt fellur með eða lifir. Því er sjálfsagt að hafa það í forgrunni. En það er ekki þar með sagt að farið verði í kringum málefni þeirra sem minna mega sín eins og köttur um heitan graut. Það hafa allir hinir flokkarnir gert og er ég vongóður um að í þeim efnum verði ólíku saman að jafna eins og mörgu öðru. Ég vona að þjóðin beri gæfu og þor til að fleyta þessum flokki sterkum inn á þing.

*Höfundur er trésmíðameistari.*

# Eldfjallagarður á Reykjanesi?

**UMRÆÐAN**
Fræðsla


ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON

Reykjanesskaginn er um 1.700 ferkílómetrar að flatarmáli og er þar að finna margvíslegar menjar um eldvirkni undanfarinna 200.000 ára. Úthafshryggir og plötuskil ganga hvergi í heiminum upp á land á stóra, byggða eyju sem hefur myndast á þeim, nema á Íslandi. Reykjanesskaginn, allt norðaustur fyrir Þingvelli, landsvæðið hjá Eldgjá, Lakagígum og Langasjó og svo Ódáðahraun, Askja, Mývatn og Krafla eru lykillandsvæði í þessu tilliti. Eina stóra landsvæðið með öflugum plötuskilum eins og hér, er að finna á austurhorni Afríku, t.d. í Eritreu, en þar er þó meginland að klofna og því nokkur munur á. Á Reykjanesskaganum er þannig til orðið stórt og sérstætt, náttúrulegt útisafn um plötuskilaeldvirkni og jarðhnik, þ.e klofnun jarðskorpu og sig.

Þessa sérstöðu Reykjanesskagans í námunda við helsta þéttbýli landsins á að nýta af skynsemi. Það má til dæmis gera með því að hlífa sumum jarðhitasvæðum við nýtingu og halda þeim óvirkjuðum, vernda gosmyndanir betur en gert hefur verið lengst af og hanna eldfjallagarð sem getur nýst mörgu fólki til fræðslu, jafnt leikum sem lærðum. Um hann hafa hugmyndir verið á kreiki í meira en áratug.

Eldfjallagarðar, söfn eða upplýsingamiðstöðvar, eru til víða um heim. Sums staðar tengjast þeir sögunni, annars staðar er um mjög tækni- og vélvæddar miðstöðvar að ræða (sbr. Vulcania í Frakklandi) og enn annars staðar er fyrst og fremst náttúran sjálf látin „tala við“ gestinn. Þannig háttar t.d. til í eldfjallagarði á austustu (og nýjustu) Hawaii-eyjunni þar sem samvaxnar, risastórar klasahraundyngjur eru enn eldvirkar ofan á heitum reit en fjarri plötuskilum. Ýmiss konar menjar basalteldvirkni eru þar mikilfenglegar og í meira en áratug hefur eldgos glatt augu gesta. Skýrir það að hluta heimsóknartölur upp á 3-4 milljónir gesta á ári en garðurinn er um 80 ára og sá þekktasti í heimi.

Basalteldvirkni og dyngjugos eru vel þekkt t.d. á Galapagoseyjum, Reunion og víðar. Á Íslandi hafa dyngjugos verið algeng (stök gos og smáar dyngjur miðað við risana á Hawaii eða Galapagos) en hér auðga plötuskila-sprungueldgos myndina og einnig þróaðar megineldstöðvar af meginlandsgerð (sbr. Öræfajökul) eða með öskju (sbr. Grímsvötn), sem hinar eyjarnar státa ekki af. Af þessu leiðir að eldfjallagarðar eru ekki síður vænlegir hér en t.d. á Hawaii þótt þar komi til sérleg veðursæld, mikill ferðamannafjöldi og fjármagn sem ekki er hægt að líkja saman við það sem hér gerist.

Nú hefur verið hafin alvöruumræða um eldfjallagarð á Reykjanesskaga. Gott er það. Slíkir þemagarðar eru stórir og fjölbreyttir, þarfnast litlu fleiri vega eða stíga en við þekkjum á nesinu en þeim mun meiri leiðbeininga, les- og myndefnis og merkinga. Auk þess bjóða bæirnir aðstöðu og við sögu koma fræðslutilboð á borð við Eldgjá í Svartsengi, fyrirhugaða fræðslusýningu (Orkuverið jörð) í nýja orkuverinu á Reykjanesi og það sem Orkuveita Reykjavíkur mun sýna á Hengilssvæðinu. Orkuverin sjálf eru auk þess hluti þemagarðs. Ef af eldfjallagarði verður á skaganum mætti síðar þróa sams konar garða á öðrum lykilsvæðum í landinu.

Grunnhugmynd þemagarðs er hringleiðir þar sem menn aka, hjóla eða ganga fyrirfram gefna leið og skoða fyrirbæri undir beinni leiðsögn eða sjálfsleiðsögn (prentefni, DVD, smáspilarar, þ.e. i-pod með efni, eða smáskjáir). Ég hef t.d. rissað upp þrjá slíka hringi á Reykjanesskaga. Einn er á Reykjanes-Grindavíkursvæðinu, annar á miðbiki skagans og sá þriðji á Hengils-Þingvallasvæðinu. Auk þess tók ég frá ítarsvæði: Brennisteinsfjöll-Þríhnjúka, Trölladyngju-Sog-Keili og svæði við Búrfell-Kaldá-Helgafell. Auðvitað er hér ekki um að ræða hönnun, heldur hugmyndir til þess að sýna mætti landsvæðisins (pótensíal). Útfærsla á til þess bærum eldfjallagarði er ferli sem krefst athugana og yfirlegu, auk samvinnu margra aðila.

Þannig mætti skipta skaganum í svæði sem til samans eru á við digra kennslubók varðandi plötuskrið, eldvirkni á landi og í sjó, jarðskorpuhreyfingar og jarðhita – með viðráðanlegum kostnaði. Fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og samtök geta sem best unnið að þessu í sameiningu.

*Höfundur er jarðeðlisfræðingur og rithöfundur.*


**LAKAGÍGAR** „Úthafshryggir og plötuskil ganga hvergi í heiminum upp á land á stóra, byggða eyju sem hefur myndast á þeim, nema á Íslandi,“ segir meðal annars í greininni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






# Hvaða máli skipta fullveldisréttur og eignarréttur?

**UMRÆÐAN**
Auðlindaákvæði


HELGI ÁSS GRÉTARSSON

Undirstaða valda í hverju samfélagi er rétturinn til að setja öðrum mönnum reglur og rétturinn til að eiga sérgreint verðmæti. Fyrrnefndu réttindin kallast fullveldisréttur en hinn eignarréttur. Það er eðlilegt að átök séu um hver eigi að fara með handhöfn þessara réttinda. Í þjóðfélagsumræðu um náttúruauðlindir Íslands gleymist oft að gera greinarmun á þessum grundvallarhugtökum.

Árið 1925 lýsti lagaprófessorinn Einar Arnórsson muninum á fullveldisrétti og eignarrétti í grein sinni „Landhelgi Íslands“ í 50. árgangi tímaritsins Andvara, með dæmi sem var nokkurn veginn á þessa leið: Íslenska ríkið á jörð. Í samræmi við lagaheimild selur ráðherra jörðina til einkaðila. Fullveldisréttur ríkisins yfir því landsvæði sem jörðin nær til er óbreyttur. Handhafar ríkisvalds á hverjum tíma hafa enn óskert forræði til að setja reglur sem kunna að hafa áhrif á réttarstöðu jarðarinnar.

Af þessu má leiða að eðli þessara tveggja heimilda er gjörólíkt. Sá sem fer með handhöfn fullveldisréttar ríkis á hverjum tíma hefur heimildir til að setja lög og framfylgja þeim á meðan rétthafar eignarréttar fá heimildir til er að hagnýta sér eign sína, selja hana, veðsetja o.s.frv.. Rétthafi eignarréttar má gera allt við eign sína innan takmarkana laga á meðan handhafi fullveldisréttar ríkis getur sett reglur um allt milli himins og jarðar svo framarlega sem þær eru ekki í andstöðu við grundvallarreglur stjórnskipunar landsins.

Þessi hugtök má skýra enn frekar með dæmi úr nútímanum. Fyrirtækið Landsvirkjun var stofnað árið 1965 og átti íslenska ríkið helmingshlut í því. Eitt af stofnframlögum íslenska ríkisins til fyrirtækisins voru vatnsréttindi og land vegna virkjunar í Þjórsá við Búrfell. Árið 1998 voru sett þjóðlendulög sem kváðu á um að allt land sem væri ekki undirorpið beinum eignarrétti væri eign íslenska ríkisins. Á grundvelli laganna er íslenska ríkið nú eigandi réttindanna en ekki Landsvirkjun. Þjóðlendulögin voru tiltölulega skýr um tilgang sinn að gera land sem enginn átti að eign ríkisins. Þetta gat ríkið gert í skjóli fullveldisréttar síns. Sem eigandi tiltekinna réttinda árið 1965 var ríkið hins vegar í hlutverki eiganda sem var í góðri trú þegar eign var ráðstafað. Þessi hlutverk ríkisins voru og eru ekki þau sömu. Það er munur á fullveldisrétti og eignarrétti.

Það leiðir umræðu um auðlindamál á villigötur þegar enginn greinarmunur er gerður á hugtökunum fullveldisrétti og eignarrétti. Kannski hafa sumir hag af slíkum hugtakaruglingi þar sem þá geti almenningur fremur fellt sig við að hafa hugtak í lögum og jafnvel stjórnarskrá sem vísar til þess að eitthvað sé eign eða sameign þjóðar. Vandinn við þá hugtakanotkun er að hún færir aldrei þjóðinni eignarréttarlegar heimildir. Hins vegar er heimilt að upphefja ríkiseignir með því að kalla þær þjóðlendur og þjóðareign. Það breytir hins vegar ekki lagalegri stöðu þeirra sem eign íslenska ríkisins.

*Höfundur er sérfræðingur hjá Lagastofnun HÍ í auðlindarétti.*




**985** kr/kg. áður 1.759 kr/kg.
Goða rauðvíns lambalæri




**1.241** kr/kg. áður 2.256 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur - án skins




**947** kr/kg. áður 1.722 kr/kg.
BK helgarlamb m/ sérvöldu kryddi f. íslenskt lambakjöt




**365** kr/kg. áður 609 kr/kg.
Íslandsfugl Kjúklingalæri m/legg




**333** kr/kg. áður 605 kr/kg.
Ísfugl kjúklingaleggir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 22. mars til 25. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**nettó**
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR ER 57 ÁRA Í DAG**

*„Það var mikið stuð strax á leiðinni út og í rútunni á ráðstefnuna sem var í hádeginu.“*

***Utanríkisráðherra skrifar á heimasíðu sinni um ferð 90 kvenna á vegum Exedra til Lundúna á dögunum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 23. MARS 1998

## *Titanic hlýtur 11 Óskarsverðlaun*



Það var á þessum degi árið 1998 sem stórmyndin Titanic hlaut ellefu verðlaun á Óskarsverðlaunahátíðinni. Búist var við því að Titanic myndi hljóta fjölmörg verðlaun enda hafði engin kvikmynd fyrr eða síðar hlotið eins margar tilnefningar, fjórtán talsins. Kvikmyndin jafnaði einnig met Ben Hur með því að fá ellefu Óskarsverðlaun en síðasti hluti Hringadróttinssögu jafnaði það svo árið 2003.

Titanic var óhemjuvinsæl kvikmynd þennan vetur. Í aðalhlutverkum voru þau Kate Winslet og Íslandsvinurinn Leonardo DiCaprio. Winslet hlaut Óskarinn sem besta leikkonan í aðalhlutverki og James Cameron var valinn besti leikstjórinn. Þá hlaut Titanic hinn eftirsótta heiður að vera valin besta myndin.

Rómantísk sagan og flott stórslysaatriði voru aðall Titanic ásamt frammistöðu aðalleikaranna tveggja. Þetta hefði þó getað farið öðruvísi því framleiðendur kvikmyndarinnar vildu fá Matthew McConaughey í stað DiCaprio og um tíma kom meira að segja til greina að barnastjarnan Macaulay Culkin fengi hlutverkið. Ómögulegt er að fullyrða hvort þetta hefði breytt velgengni Titanic en víst má telja að James Cameron sjái ekki eftir neinu.

## MERKISATBURÐIR

1919 Benito Mussolini klýfur sig úr ítalska Sósíalistaflokknum og stofnar Fasistaflokkinn.

1933 Þýska þingið samþykkir framsal á löggjafarvaldinu til ríkisstjórnarinnar og festir þar með völd nasista enn meira í sessi.

1937 Fjölmenni er við vígslu Sundhallarinnar í Reykjavík, sem hafði verið í byggingu í nokkur ár.

1960 Söngsveitin Fílharmónía syngur við flutning á verkinu Carmina Burana í Þjóðleikhúsinu en þetta er í fyrsta sinn sem söngsveitin kemur fram opinberlega.

1983 Barney Clark deyr, einungis 112 dögum eftir að hann varð fyrsti maðurinn sem fékk grætt í sig gervihjarta.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurfinnur Ólafsson**

Sólheimum, Kleifum, 625 Ólafsfirði,

verður jarðsunginn frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 24. mars kl. 14.00.

Svana S. Jónsdóttir
S. Ásta Sigurfinnsdóttir — Vilhjálmur Hróarsson
Þorvaldur H. Einarsson — Matthildur Jónsdóttir
Ásgerður Einarsdóttir — Finnur Óskarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Elskulegur bróðir, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Guðmundur Ágúst Jensen**

pípulagningameistari, Grensásvegi 54 Reykjavík,

lést á Landakotsspítala föstudaginn 16. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 29. mars kl. 15.

Eiríkur Jensen — Kristjana Margrét Guðmundsdóttir
Halldóra Guðmundsdóttir — Kristján Helgi Bjartmarsson
barnabörn og tengdabörn.



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, bróðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Baldvinsson**

frá Hofsósi, Blesugróf 40, Reykjavík,

andaðist á Dvalarheimilinu Hjallatúni, Vík í Mýrdal þann 17. mars sl. Jarðarförin auglýst síðar.

Margrét Þorgrímsdóttir
Trausti Baldvins Gunnarsson — Jóhanna Clausen
Guðrún Jóna Gunnarsdóttir — Steinn Márus Guðmundsson
Gunnar Heiðar Gunnarsson — Sólveig Ingunn Skúladóttir
Friðrikka Baldvinsdóttir — Heimir Jóhannsson
barnabörn, langafabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



## 48 ára

**Kolbrún Baldursdóttir**

sálfræðingur

er 48 ára í dag.



**FRÁ ÍSLANDSMÓTI IÐNNEMA 2006** Keppendur í dúkalagningu voru einbeittir að sjá á Íslandmótinu í fyrra og ekki von á öðru en svipaði staðfestu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÍSLANDSMÓT IÐNNEMA 2007: 75 KEPPENDUR TAKA ÞÁTT Í MÓTINU

# Keppt í ellefu greinum

Kringlan verður undirlögð hefilbekkjum, hárblásurum og heftibyssum í dag, þar sem hún hýsir Íslandsmót iðnnema. 75 keppendur frá tólf skólum keppa í ellefu iðngreinum. „Þetta er þriðja árið sem Íslandsmótið er haldið með þessum hætti, í verslunarmiðstöð. Það er gert með það fyrir augum að leyfa almenningi að njóta þess betur. Áður var það haldið inni í skólunum,“ sagði Gyða Dröfn Tryggvadóttir hjá Mennt, sem sér um skipulagningu mótsins í þriðja sinn í ár.

Keppnin fer fram á Degi iðn- og starfsmenntunar, en þetta er annað árið í röð sem sá dagur er í heiðri hafður. „Þetta á eftir að byggja meira upp og gera sýnilegra,“ sagði Gyða. Markmið dagsins er einmitt að kynna iðngreinar, gera þær sýnilegri og bæta ímynd þeirra. „Það hefur heilmikið gerst og breyst á síðustu árum. Það hefur líka þurft að bæta ímynd greinanna og þetta er einn liður í því. Enn er mikil áhersla á bóknám, svo það þarf að vekja frekari athygli á iðn- og starfsnámi,“ sagði hún.

Keppendur á Íslandsmótinu eru undir 22 ára aldri og keppa í jafn fjölbreyttum greinum og málmsmíði, málun, hársnyrtingu, grafískri miðlun og ljósmyndun, svo eitthvað sé nefnt. „Grafísk miðlun og ljósmyndun eru nýjar greinar frá því í fyrra. Keppendur í þeim verða saman í liði og verður falið að hanna plakat. Ljósmyndarinn tekur myndir og miðlarinn á að setja plakatið upp,“ útskýrði Gyða.

Grafísk miðlun er jafnframt dæmi um þá þróun sem hefur átt sér stað innan iðnnámsins. „Greinarnar þróast og breytast. Grafísk miðlun hét prentsmíð áður, en í henni voru ekki notaðar tölvur. Þetta breytist allt með tilkomu nýrrar tækni,“ sagði Gyða.

Keppni lýkur klukkan fjögur í dag. Klukkan 17.30 mun Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, afhenda sigurvegurum verðlaun sín. Kynnir er Gunnlaugur Helgason útvarpsmaður.

sunna@frettabladid.is

# Leikhúsleikur slær í gegn

Leikhúsleikur Café Oliver og leikhus.is hefur heldur betur slegið í gegn en nú eru síðustu forvöð að vera með. Að sögn Arnars Þórs Gíslasonar, framkvæmdastjóra Oliver, hafa 2.300 manns sótt vefinn á undanförnum sex dögum og tekið þátt í leiknum. „Þetta er framar björtustu vonum hjá okkur en sýnir líka glöggt hversu mikill markaður er fyrir að færa leikhúsið nær almenningi,“ útskýrir Arnar.

Heppnir vinningshafar geta unnið mat fyrir tíu á Café Oliver og fimm miða á einleikinn Pabbinn eftir Bjarna Hauk sem sýndur er í Iðnó og hefur fengið góðar viðtökur. „Það hefur alltaf verið vinsælt hjá íslenskum leikhúsgestum að blanda saman mat og leikhúsi og ég hef fundið mikið fyrir því að gestir leikhúsanna hafa komið hingað og fengið sér léttan snæðing fyrir eða eftir,“ útskýrir Arnar. „Enda býður staðsetningin upp á það,“ bætir hann við.



**ARNAR ÞÓR** Segir góðar viðtökur við leikhúsleiknum á leikhus.is ekki hafa komið sér óvart. Íslendingar vilji gjarnan blanda saman menningu og mat.

# Frábær tilboð

**Fáanlegt í Smáralind, Kringlu og á Akureyri**

## JVC 26" LCD sjónvarp LT26A61

- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive scan
- HD ready
- Skerpa 1000:1 og svartími: 7ms
- Birta: 500cd/m2
- 20w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart (með RGB), component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- DVI tengi
- Textavarp með 10 síðna minni
- Borðstandur fyglir
- Mál í cm (bxhxd): 68,6x47,4x12,2 og þyngd: 12,4kg







### United 15" LCD sjónvarp LTV15L52

• 15" 4:3 LCD Sjónvarp • Digital Comb Filter • 8w Nicam stereó hljóðkerfi • 12V og 220V • Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Svefnrofi og fjarstýring • Borðstandur fylgir • Stærð í cm (bxhxd): 38,3x31,6x6,5




### Enox 17" LCD sjónvarp LTV7417HD

• Upplausn: 1280x1024 punktar • Progressive scan
• Skerpa: 500:1 og svartími: 8ms • Sjónsvið (H/V): 140/125° og birtustig: 350 cd/m2 • 12w Nicam stereó hljóðkerfi
• Scart, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
• VGA tengi • Borðstandur fylgir • Mál í cm (hxbxd): 39,6x36,5x8,9 • Þyngd: 3,4kg




### Philips 20" LCD sjónvarp 20PF4121

• Upplausn: 640x480 punktar • Crystal clear og progressive Scan
• Skerpa: 500:1 og svartími: 16ms
• Sjónsvið (H/V): 160/120° og birtustig: 450 cd/m2
• 20w stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround
• Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
• DVI-i tengi (styður VGA, XGA) • Borðstandur fylgir
• Mál í cm (bxhxd): 59,4x39,1x8,3 • Þyngd: 8,8kg




### JVC 37" LCD sjónvarp LT37R70

• Upplausn: 1366x768 punktar • DynaPix HD D.I.S.T. myndtækni
• HD ready • Skerpa 1.200:1 og svartími: 8ms • Birta: 500cd/m2
• Super DigiPure og Digital Comb filter • 20w RMS, BBE nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi (styður VGA og XGA)
• Textavarp með 1.500 síðna minni • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Mál í cm (bxhxd): 91,9x60,3x12,8 og þyngd: 19,8kg




### Philips 32" LCD sjónvarp 32PF5331

• Upplausn: 1366x768 punktar • Digital crystal clear og progressive scan • HD ready • Skerpa: 1.600:1 og svartími: 8ms
• Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
• Active control og contrast plus • 2 x 30w nicam stereó hljóðkerfi með dolby virtual surround • 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
• Borðstandur fylgir • Mál í cm (bxhxd): 92,4x55x11,9




### United 32" LCD sjónvarp LTV32W63

• Upplausn: 1366x768 punktar • HD ready • Progressive scan
• Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp
• Fjarstýring • Passar fyrir VESA200 veggfestingar (fylgja ekki)
• Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11

Gildir til 29. mars eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*




## STUÐ MILLI STRÍÐA: 300 í Hvalfjarðargöngum

**TRYGGVI GUNNARSSON** VILL GERA ÍSLENSKA STÓRMYND UM 300 MÓTMÆLENDUR MEÐ MAGAVÖÐVA



Ég vil sjá íslenska endurgerð á kvikmyndinni 300. Sögusviðið yrði Ísland í náinni framtíð þegar virkja ætti Jökulsá austari í Skagafirði. Risastór her upplýsingafulltrúa, markaðsráðgjafa, virkjanasinna, spilltra stjórnmálamanna, almannatengslafulltrúa og talsmanna erlendra stórfyrirtækja, sá stærsti sem nokkru sinni hefði verið myndaður, legði af stað frá Ameríku undir forystu George Bush yngri. Góð ráð væru dýr, enda landsmenn klofnir í mörg sveitarfélög þar sem hver höndin væri upp á móti annarri og sveitarstjórnarmenn hugsuðu ekki lengra en út að kjördæmismörkum.

Þá risi upp hetja, konungur mikill, rauðbirkinn og þver, Ómar nokkur Ragnarsson. Hann svifi um landið á rellunni sinni TF-FRU og safnaði liði. Aðeins 300 myndu svara kallinu, 300 mótmælendur sem hver um sig hefði ægilega vöðvakippu á kviðnum, 1.800 magavöðva í allt.

Þeir myndu marsera stoltir og sterkir í átt að Hvalfjarðargöngunum. Þar myndu þeir freista þess að stöðva hinn ógurlega innrásarher í nógu langan tíma til að þjóðin gæti sameinast og setja pressu á Alþingi að stöðva frekari virkjanir. Baráttan væri vonlaus og eina vonin fólgin í að annar rauðbirkinn konungur, Steingrímur J. Sigfússon, héldi baráttunni áfram og næði góðum árangri. Sömuleiðis að George Bush og félagar uppgötvuðu ekki leynileiðina inn Hvalfjörðinn.

Allt færi á versta veg. Kristinn H. Gunnarsson fengi ekki að mótmæla og legðist á sveif með Bush og segði honum frá Botnsskála. Ómar myndi falla en ekki fyrr en hann fengi fréttirnar að Steingrími hefði tekist að sigra í kosningunum og landinu væri borgið frá frekari stóriðju.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





1. FLOKKS FERMINGARGJAFIR
CASIO
7,2 MILLJÓNIR PIXELA
ANTI SHAKE HRISTIVÖRN
EXILIM
Casio EXZ700
Stafræn MYNDAVÉL með 7,2 milljón punkta upplausn, 2.7" LCD skjá, BESTSHOT, Anti Shake DSP hristivörn, Super Life rafhlöðu sem endist 460 myndir, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, linsa: 6.2 - 18.6mm (35mm samb.: 38 - 114mm), hreyfimyndatöku með hljóði, 8.3mb innra minni og rauf fyrir SD kort.
TILBOÐ
24.995
FULLT VERÐ 32.995
1GB SD MINNISKORT FYLGIR
PHILIPS
TILBOÐ
19.995
FULLT VERÐ 24.995
Philips MCM275
2x10w MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 GEISLASPILARA og stafrænu FM útvarpi með stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, Digital Sound Control, klukku með vekjara og svefnrofa, Aux inngangi og heyrnartólstengi, 2-way Bass Reflex hátölurum og fjarstýringu.
PHILIPS
ÖRÞUNNT LCD
20 TOMMUR
HD ready
Philips 20PF5320
20" HD LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Crystal Clear III og Progressive Scan, HD Ready, 600:1 skerpu, Active Control, FM útvarpi með stöðvaminnum, 20w stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI-i tengi (styður VGA, SVGA, XGA og WXGA), textavarpi og fjarstýringu.
TILBOÐ
69.995
FULLT VERÐ 89.995
DVD HEIMABÍÓSETT
PHILIPS
Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD/SVCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra
Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
Philips HTS3100
HEIMABÍÓSETT með fjölkerfa DivX DVD SPILARA, 200w RMS (4x25w og 2x50w) Digital magnara, Video Upsampling, 5 litlum hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með 20 stöðvaminnum, SCART (með RGB), S-Video og RCA tengi, Aux inn og fjarstýringu.
TILBOÐ
16.995
FULLT VERÐ 27.995
Funai LCDA2004
20" LCD SJÓNVARP með 640x480 punkta upplausn, Progressive Scan, 500:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.
TILBOÐ
39.995
FULLT VERÐ 49.995
FUNAI
ÖRÞUNNT LCD
20 TOMMUR
DVD HEIMABÍÓPAKKI
DivX VIDEO
KENWOOD
TILBOÐ
89.995
FULLT VERÐ 109.995
Kenwood og Dali Heimabíópakki
Kenwood KRF-V5100D 5x120w RMS Dolby Digital Ex/DTS-ES MAGNARI
Kenwood DVF-3300-B fjölkerfa DivX DVD SPILARI
Kenwood KS-3200HT 5x120w HÁTALARASETT
Dali AW10 60w BASSABOX
DALI
PHILIPS
Philips HQ6646
Philishave Reflex RAKVÉL með Reflex action hnífum, stillanlegri fjöðrun á kömbum og bartskera.
TILBOÐ
3.995
FULLT VERÐ 5.995
Philips HP4661
Vandað SLÉTTUJÁRN með keramik húð. Nær Hitnar 180°. Hitnar á 3 mínútum.
TILBOÐ
3.995
FULLT VERÐ 4.995
Heimilistæki
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
www.ht.is
REYKJAVÍK
SÆTÚNI 8
SÍMI 569 1500
AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380
HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600
SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700
HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

**!** **Kl. 21.30**
*Trúbadorinn og skáldið Kristján Pétur Sigurðsson treður upp í Populus Tremula á Akureyri ásamt Örnu Valsdóttur. Kristján leikur og syngur eigin lög og texta ásamt hljómsveit. Af þessu tilefni gefur Populus Tremula út bók með textum Kristjáns Péturs sem fáanleg verður á staðnum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Epli og eikur hjá Hugleik



**LEIKFÉLAGIÐ HUGLEIKUR** Nýtt verk eftir Þórunni Guðmundsdóttur verður frumsýnt í kvöld. MYND/HUGLEIKUR

Leikfélagið Hugleikur frumsýnir í kvöld nýtt leikrit eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Verkið Epli og eikur er gamanleikur með söngvum sem fjallar um ástir og áhugamál nokkurra einstaklinga sem tengjast ýmsum böndum. Hin margslungnu samskipti persónanna þróast á fyndinn og blæbrigðaríkan hátt þar sem ýmsum brögðum er beitt við persónusköpun og allt litróf tungumálsins er lagt undir, eins og höfundi einum er lagið. Leikstjóri sýningarinnar er Oddur Bjarni Þorkelsson.

Hugleikur er eitt öflugasta áhugaleikfélag landsins en það hefur starfað óslitið í Reykjavík frá árinu 1983 og er fjöldi verka sem félagið hefur sett upp farin að nálgast hundraðið. Félagið setur eingöngu upp frumsamin verk eftir félagsmenn og hafa höfundar úr röðum Hugleiks einnig skrifað fyrir merkustu leiklistarstofnanir landsins, svo sem Sjónvarpið, Leikfélag Akureyrar og Þjóðleikhúsið, auk fjölda áhugaleikfélaga.

Sýningar á verkinu fara fram í Möguleikhúsinu við Hlemm.



### > Ekki missa af …

kvikmyndahátíðinni **700.is Hreindýraland** sem hefst á Egilsstöðum um helgina. Á hátíðinni verður sýnt úrval framsækinna mynda hvaðanæva úr heiminum en dagskráin er afar vegleg. Auk sýninga og hvers kyns námskeiða verður einnig boðið upp á listamannaspjall næstkomandi sunnudag þar sem listafólkið **Steina Vasulka**, **Rúrí** og **Finnbogi Pétursson** taka þátt. Spjallið fer fram á **Eiðum**.





LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

## Sýningaskrá Landnámsseturs

### Mars

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fim | 22. mars | kl 20 | Mýramaðurinn | Laus sæti |
| fö | 23. mars | kl. 20 | KK og Einar | Aflýst |
| lau | 24. mars | kl. 20 | KK og Einar | Aflýst |
| Lau | 24.mars | kl.20 | Mr. Skallagrímsson | Aukasýning |
| su. | 25 mars | kl. 16 | Mýramaðurinn | Laus sæti |
| fi | 29. mars | kl. 20 | Mr. Skallagrímsson | uppselt |
| fö | 30. mars | kl. 20 | Mr. Skallagrímsson | uppselt |
| lau | 31. mars | kl. 20 | KK og Einar | Örfá sæti laus |

### Apríl

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| mi | 4. apríl | kl. 20 | KK og Einar | Örfá sæti laus |
| fi | 5.apríl skírdag | kl. 20 | Mýramaðurinn | Laus sæti |
| lau | 7. apríl | kl. 20 | Mýramaðurinn | Laus sæti |
| 9. apríl annar í páskum | | kl.16 | KK og Einar | laus sæti |
| fi | 12. apríl | kl. 20 | KK og Einar | Laus sæti |
| fö | 13. apríl | kl. 20 | Mr. Skallagrímsson | uppselt |
| lau | 14. apríl | kl. 20 | Mr. Skallagrímsson | Uppelt |
| su | 15. apríl | kl. 16 | Mr Skallagrímsson | laus sæti |
| mið | 18. apríl | kl.20 | Mr.Skallagrímsson | uppselt |
| fi | 19. apríl | kl. 20 | Mýramaðurinn | Laus sæti |
| fö | 20. apríl | kl. 20 | Mr Skallagrímsson | uppselt |
| lau | 21. apríl | kl. 20 | KK og Einar | Laus sæti |
| su | 22. apríl | kl. 16 | Mr. Skallagrímsson | Laus sæti |
| fö | 27. apríl | kl. 20 | Mr. Skallagrímsson | Uppselt |
| lau. | 28.apríl | kl 16 | Mr.Skallagrímsson | Örfá sæti laus |
| lau. | 28. apríl | kl. 20 | Mr. Skallagrímsson | uppselt |
| su | 29. apríl | kl. 20 | KK og Einar | Laus sæti |

Sjá nánar á landnam.is - Míðasala S: 437 1600


# Nýtt ævintýri á göngufför

**Það ríkir eftirvænting á Akureyri vegna frumsýningar kvöldsins í Rýminu. Þá birtist Akureyringum nýtt verk eftir heimamann, Þorvald Þorsteinsson, í sviðsetningu Kjartans Ragnarssonar og er þetta fyrsta sviðsetning hans eftir nokkurt hlé. Það er LA sem stendur að frumsýningunni í Rýminu í samstarfi við leiklistardeild Listaháskólans. Uppselt er á tólf fyrstu sýningarnar.**



**LEIKLIST** Þráinn Karlsson og Kristín Þóra Þórhallsdóttir í ævintýri fólks á göngufför eftir Þorvald Þorsteinsson sem frumsýnt er í kvöld í Rýminu
LEIKFÉLAG AKUREYRAR/GRÍMUR BJARNASON

Lífið – notkunarreglur heitir verkið. Einvala lið listrænna stjórnenda stýrir leikhópi LA og útskriftarárgangi leiklistardeildar Listaháskólans. Megas hefur samið tónlist við verkið sem meðal annars inniheldur tíu ný sönglög við texta Þorvaldar. Þetta er í fyrsta sinn sem þeir vinna saman en þeir áttu góðar samverustundir fyrir fjölda ára í Myndlista- og handíðaskólanum. Magga Stína útsetur, stýrir tónlistinni í sýningunni, semur hljóðheim verksins og tekur þátt í flutningi verksins. Leikskáldið Þorvaldur hannar einnig leikmynd og búninga en þetta er í fyrsta skipti sem hann tekst á við það í leikhúsi, þótt hann sé þekktur myndlistarmaður.

Í kynningarefni um sýninguna segir: „Lífið – notkunarreglur er ævintýrið um okkur öll – fullt af hlýju, tónlist og leiftrandi húmor. Hvað var það nú aftur sem við áttum að gera við þetta blessaða líf? Erum við kannski að misskilja þetta allt saman? Eða er ástin ef til vill svarið sem allt snýst um? Litríkur hópur fólks stendur frammi fyrir áleitnum spurningum um framtíðina og eigin hlutverk í lífinu, spurningunum sem enginn virðist geta svarað svo vel sé, enda fylgir sjaldnast bæklingur með börnunum sem fæðast í þennan heim. Hér er fjallað um sundurleitan samtíma og óvissa framtíð á svo mannlegum og hrífandi nótum að allir verða ríkari á eftir.“

Þorvaldur hefur þreifað fyrir sér á ýmsum sviðum: Meðal rómaðra verka hans eru Feðgarnir, Maríu sögur, ...and Björk of course, Blíðfinnur og Skilaboðaskjóðan, sem verður sett upp í Þjóðleikhúsinu á komandi hausti. Hann hefur staðið fyrir uppsetningu sérstakra sýninga og tekið þátt í samsýningum af ýmsu tagi. Bækur hans um Blíðfinn þekkja öll börn og skáldsaga hans Við fótskör meistarans verður brátt kvikmynduð af Poppoli Films í leikstjórn Ólafs L. Jóhannesson.

Kjartan Rganarsson hefur ekki unnið að leikstjórn um nokkurt skeið. Hann er einn reyndasti leikstjóri landsins og meðal sýninga hans eru Sjálfstætt fólk, Þrúgur reiðinnar og Land míns föður. Þetta er fyrsta sýning hans fyrir LA. Langt er síðan hann vann með lokaársnemum: „Það er bara gaman í dag,“ sagði hann í viðtali við Fréttablaðið í gær. „ Þetta er fínt rými, svipar til Kassans og Nýja sviðs Borgarleikhússins, þó það sé minnst þeirra. Það tekur 120 gesti í sæti. Við leikum verkið í rennu á miðju gólfinu. Ég sæki í það form, setti upp þrjár sýningar í Svíþjóð á slíku leiksvæði og tvær í Borgarleikhúsinu.“



**KJARTAN RAGNARSSON** Snýr aftur í leikstjórastólinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það eru nær tvö ár síðan Kjartan vann við leikstjórn, enda segir hann aðkomu sína að Landnámssetrinu í Borgarnesi hafa verið á við þrjár til fjórar produktsjónir. Hann segir Þorvald leitandi skáld og metnaðarfullan, hann fari ekki hefðbundnar leiðir.

Kjartan hefur ekki unnið áður með þessum hópi leikara: „Þau eru að læra á mig og ég er að læra á þau.“ Leikarar eru Guðjón Davíð Karlsson, Ólafur Steinn Ingunnarson, Páll Sigþór Pálsson, Þráinn Karlsson, Vignir Rafn Valþórsson, Sigrún Huld Skúladóttir, Tinna Lind Gunnarsdóttir, Sara Marti Guðmundsdóttir, Magnús Guðmundsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Bjarni Snæbjörnsson, Anna Svava Knútsdóttir og Hallgrímur Ólafsson.

Og um hvað snýst verkið? „Þetta er ævintýri fyrir fullorðna, dæmisaga. Fólk er á ferð um skóg – það er bannað að nema staðar og vera kyrr um stund. Þá koma verðir og reka fólkið áfram. Það er bannað að stoppa. Um þetta snýst verkið.“

pbb@frettabladid.is

# Iður Bjarna í Iðuhúsi

Bjarni Sigurbjörnsson myndlistarmaður opnar sýninguna Iður í nýjum húsakynnum Anima gallerís í Iðu-húsinu í Lækjargötu.

Bjarni hefur haldið fjölda sýninga bæði hér heima og erlendis og þrisvar verið tilnefndur til Carnegie-verðlaunanna. Hann er þekktur fyrir íburðarmikil málverk sem hann vinnur á plexígler.

Með vísan í titil sýningarinnar er hér um að ræða ýmiss konar kviðarholsmyndir, kjarnasneiðmyndir eða líkamsvessa með öllum sínum fallegu litabrigðum.

Þetta eru í senn skuggamyndir holds, dásamlegar slettur kukls og kynngis í hringiðu mannlífsins, sár á gljúpu hörundi jarðar eða hið hverfula sjúka skinn andrúmsins, hold vatns og þéttar silfurmænur eða ef til vill einungis málverk á gagnsæjum fleti, þar sem andhverfunni er snúið að áhorfandanum og eitrað botnfall fegurðarinnar kemur í ljós.

Sýningin hefst kl. 17 og verður opin á þjónustutíma hússins frá 10-22 alla daga. Hún stendur til 15. apríl.



**MYNDLIST** Bjarni Sigurbjörnsson vinnur íburðarmikil málverk á plexígler.



# Austurland tækifæranna



## Tækifæri til að nýta og njóta

Á Mið-Austurlandi er að myndast öflugur byggðaklasi í skjóli einstakrar náttúru, friðsæll og fjölskylduvænn staður. Hátt í þúsund ný framtíðarstörf bjóðast fólki með margs konar menntun og reynslu. Með eflingu atvinnulífs og fjölgun íbúa skapast fjölbreytt viðskiptatækifæri fyrir hugmyndaríka frumkvöðla.

Sveitarfélög á Mið-Austurlandi hafa kostað kapps um að styrkja innviði samfélagsins og hundruð nýrra íbúðarhúsa eru að rísa. Nú bjóðast frábær tækifæri til afþreyingar og hvers konar útivistar allt árið um kring, listirnar dafna og íþróttastarfsemi er öflug. Hægt er að stunda hvers kyns veiðar, hestaíþróttir njóta vaxandi vinsælda og golfurum fjölgar stöðugt.

Þjónusta á Mið-Austurlandi færist stöðugt nær því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu og neytendur hafa úr mörgu að velja. Samgöngur til og frá svæðinu eru góðar, á landi, í lofti og á sjó.

AUSTURLAND
TÆKIFÆRANNA

## Kynning og sýning á Nordica Hotel laugardaginn 24. mars kl. 12:00–16:00

Á þriðja tug fyrirtækja, samtaka og stofnana kynna hin margvíslegu tækifæri sem bjóðast á Austurlandi, atvinnutækifæri, búsetutækifæri og viðskiptatækifæri. Kynnist meðal annars atvinnutækifærum hjá Fjarðaáli.

# Síðustu 100 störfin í boði

## Framleiðslustarfsmenn

Okkur vantar fleiri eldhressa starfsmenn í álframleiðslu og málmvinnslu. Til framleiðslustarfsmanna eru ekki gerðar ákveðnar kröfur um menntun eða kunnáttu. Allir fá viðamikla þjálfun og fræðslu í fyrirtækinu. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

## Rafiðnaðarmenn og véliðnaðarmenn

Við leitum að faglærðum rafiðnaðarmönnum og véliðnaðarmönnum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátækniværddu álveri Fjarðaáls. Hjá fyrirtækinu verða um 120 tæknimenntaðir starfsmenn. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina.

**Öll störf henta bæði konum og körlum.**
**Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl.**
**Viðkomandi munu hefja störf á næstu sex mánuðum.**

capacent
RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á **capacent.is** (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á **www.alcoa.is** og hjá **Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is)** og **Helgu Snædal (helga.snaedal@capacent.is)** hjá Capacent í síma 540 1000.

**www.alcoa.is**

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 36761 03/07

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
25. mars kl. 17:00 örfá sæti laus
1. apríl kl. 14:00 og 1. apríl kl. 17:00
Leikhópurinn Á senunni & Hafnarfjarðarleikhúsið
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is

GIANNI SCHICCHI
SUOR ANGELICA
Giacomo Puccini
ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR: Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA !
2. sýn. sun. 25 mars kl. 20- 3. sýn. þri. 27. mars kl. 20
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - LOKASÝNING
Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik
CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM
Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - FRUMSÝNING - UPPSELT
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - 4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
GLITNIR
ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Á SVIÐSBRÚNINNI
Í tilefni leiklistardaga verða umræður eftir sýningu á Leg á laugardag og seinni sýninguna á Sitji guðs englar á sunnudag. Aðstandendur sýningarinnar ræða við áhorfendur af sviðsbrún.

Stóra sviðið kl. 20:00
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, kl. 17.00 örfá sæti laus, sun. 1/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 nokkur sæti laus, sun. 15/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00, sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00.
Sýningum lýkur í apríl!
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
8. sýn. lau. 24/3 uppselt, mið. 28/3 uppselt, fim. 29/3 uppselt fös. 30/3 örfá sæti laus, lau. 31/3 örfá sæti laus, fim. 12/4, fös. 13/4 örfá sæti laus, lau. 14/4, fim. 19/4, fös. 20/4 örfá sæti laus, lau. 21/4 nokkur sæti laus.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.
ÍMYNDUNARVEIKIN eða Þögn Molières eftir Molière/Macchia.
Franskur gestaleikur með íslenskum texta.
Í kvöld fös. 23/3 örfá sæti laus.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette.
Frumsýning lau. 14/4 uppselt, sun. 15/4 örfá sæti laus, fös. 21/4.
Kúlan
PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.
Aukasýningar lau. 24/3 kl. 13:30 og kl. 15:00 nokkur sæti laus, sun. 25/3 kl. 13:30 og kl. 15:00 nokkur sæti laus. Allra síðustu sýningar!
Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar Mið 18/4 kl. 20 Miðav. 3.900
VILTU FINNA MILLJÓN?
Í kvöld kl. 20 Lau 31/3 kl. 20
Sun 15/4 kl. 20 Fös 20/4 kl. 20
HÖRÐUR TORFA
Kertaljósatónleikar Mán 2/4 kl. 20 Miðav. 3.100
EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 25/3 kl. 20 Mið 4/4 kl. 20 AUKAS.
Sun 15/4 kl. 20 Þri 17/4 kl. 20
LADDI 6-TUGUR
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS.
Lau 31/3 kl14 UPPS. Þri 3/4 kl. 20 UPPS.
Mið 4/4 kl.20 UPPS. Mið 4/4 kl. 22:30 UPPS.
Fim 5/4 kl. 17 Fim 5/4 kl.20 UPPS.
Sun 15/4 kl. 14 UPPS. Mán 16/4 kl.21 UPPS.
Fim 19/4 kl. 14 Fim 19/4 kl. 17 UPPS.
Fim 19/4 kl. 21 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. Fös 4/5 kl. 20
Fös 4/5 kl. 22:30 Fim 10/5 kl. 20 UPPS.
FEBRÚARSÝNING Íd
Sun 25/3 kl. 20 Síðasta sýning
SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fim 29/3 kl. 20 UPPS.
Fös 30/3 kl. 20 UPPS. Lau 31/3 kl. 20 UPPS.
Sun 1/4 kl. 20 UPPS. Lau 14/4 kl. 20 UPPS.
Sun 15/4 kl. 20 Fös 20/4 kl. 20
Lau 21/4 kl. 20 Sun 22/4 kl. 20
Mið 25/4 kl. 20 UPPS. Lau 28/4 kl. 20
DAGUR VONAR
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Sun 25/3 kl. 20 UPPS.
Mið 18/4 kl. 20 Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20
SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING UPPSELT
Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 1/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Lau 14/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 21/4 kl. 20 4.sýning Græn kort
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 25/3 kl. 14 Síðasta sýning
KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Í kvöld kl. 20 Fim 29/3 kl. 20
Fös 30/3 kl. 20 Fim 5/4 kl. 20
KARÍUS OG BAKTUS
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Mið 28/3 kl. 20 AUKAS. Síðasta sýning
MEZZOFORTE
Þri 27/3 kl. 18 Þri 27/3 kl. 21 UPPS.
Miðaverð 2.500
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ


# Ný ópera í Skagafirði

Ópera Skagafjarðar var stofnuð skömmu fyrir síðustu áramót að undirlagi sópransöngkonunnar Alexöndru Chernyshovu en brátt hillir undir fyrsta verkefni þess félagsskapar. Ópera Skagafjarðar mun í samvinnu við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands flytja óperuna „La Traviata“ í Sæluviku Skagfirðinga í lok apríl en auk þess verða tónleikar með völdum köflum úr óperunni á Egilsstöðum, Akureyri, Blönduósi og í Reykjanesbæ nú á vordögum.

Markmið þessa verkefnis er að styrkja tónlistarlíf í héraðinu en Skagfirðingar eru jú annálaðir fyrir söngmennsku sína og kórastarf. Ef vel tekst til er stefnt að því að gera þetta að árlegum viðburði, það er að setja upp eitt óperuverk á ári, eina til tvær stórar sýningar hverju sinni og aðrar minni eða eftir því hvernig áhugi verður.

Auk þrjátíu manna kórs koma sjö einsöngvarar fram ásamt fjórtán hljóðfæraleikurum. Flestir þátttakendanna eru innansveitarmenn en liðsauki berst einnig frá nálægum sýslum. Gefst með framtaki þessu einstakt tækifæri til að tengja saman starf listastofnana þar nyrðra, svo sem tónlistarskóla svæðisins, kóra, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Tónlistarfélags Skagafjarðar, og auðga með því flóru menningar og tónlistar í Skagafirði, sveitarfélaginu og almenningi til yndisauka og hagsbóta.


**HUGSJÓNAKONA Á HESTBAKI** Söngkonan Alexandra Chernyshova er stjórnandi og einn einsöngvara í fyrstu uppfærslu Óperu Skagafjarðar.

Alexandra Chernyshova er listrænn stjórnandi uppfærslunnar og hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson en Jóhanna Marín Óskarsdóttir stýrir á minni tónleikunum. Einsöngvarar auk Alexöndru eru Ari Jóhann Sigurðsson, Þórhallur Bárðarson og Sigurður Skagfjörð. Leikstjóri er Guðrún Ásmundsdóttir. Sýningin fer fram sunnudaginn 29. apríl kl. 16 í íþróttahúsinu í Varmahlíð.


Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
22. mars fimmtud. 2. sýn kl. 20:00
23. mars föstud. 3. sýn kl. 20:00
24. mars laugard. 4. sýn kl. 20:00
29.mars fimmtud. 5.sýn kl. 20:00
30. mars föstud. 6.sýn kl. 20:00
31.mars laugard. 7.sýn kl. 20:00
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is



**MYNDLIST ÓLAFS LÁRUSSONAR**

## Austrænn innblástur

Ólafur Lárusson myndlistarmaður sýnir verk sín hjá Ófeigi gullsmið á Skólavörðustíg. Sýningin var opnuð í byrjun mánaðarins en þar er að finna verk sem listamaðurinn gerði eftir mikla ævintýraför sína til Kína á haustdögum 2006.

Sýningunni lýkur næstkomandi miðvikudag, hinn 28. mars.


GERÐUBERG
www.gerduberg.is
RÚRÍ
Tími - Afstæði - Gildi
Sýning frá glæstum listferli
Sjá www.ruri.is
Óður til íslenskrar náttúru
Guðlaug I. Sveinsdóttir sýnir málverk og vefnað
Vissir þú af...
góðri aðstöðu fyrir veislur, námskeið, fundi o.fl.
Nánar á www.gerduberg.is
Sýningar eru opnar virka daga kl. 11 - 17 og um helgar kl. 13 - 16 • sími 575 7700

Unaðslegar stundir
með spennandi fjögurra rétta kvöldverði á aðeins 3.900.- allar helgar í janúar, febrúar og mars
rauða húsið
restaurant Eyrarbakka
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakki • 483-3330





Rauða Húsið · Sími: 483-3330
Búðarstíg 4 · 820 Eyrarbakka
www.raudahusid.is


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

20 21 22 **23** 24 25 26

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

**22.00** Kvartett **Hauks Gröndal** leikur djasstónlist í anda gömlu meistaranna á **Kráknni** á **Grundarfirði**. Hljómsveitin er skipuð Hauki Gröndal á saxófón, Ásgeiri Ásgeirssyni á gítar, Þorgrími Jónssyni á bassa og Erik Qvick á trommur.

### LEIKLIST

**20.30** **Halaleikhópurinn** sýnir nýtt leikrit eftir **Ármann Guðmundsson** í leikstjórn höfundar í **Hátúni 12**.

### SÝNINGAR

**11.00** Sýning á verkum færeyska málarans **Zacharias Heinesen** stendur yfir í **Hafnarborg**. Sýningin ber heitið **ZH 06** og var sett upp í **Listahöllinni í Þórshöfn** í fyrra. Sýningunni lýkur 9. apríl.

**12.00** Í **Listasafni Akureyrar** stendur yfir ljósmyndasýningin **Aughliti til auglitis**. Fjórtán franskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni og markmið hennar er að veita innsýn í hvernig myndlistarmenn nútímans nota miðil ljósmyndarinnar. Sýningarstjóri er **Isabelle de Montfumat** en sýningin er liður í frönsku menningarkynningunni **Pourquoi pas?**

**12.00** Í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** standa yfir tvær sýningar í tilefni af frönsku menningarkynningunni **Pourquoi pas?** Ljósmyndararnir **Jo Duchene** og **Damien Peyret** sýna og standa sýningarnar yfir til 26. maí.

**13.00** Myndlistarmaðurinn **Stefán Boulter** heldur sýninguna **Handan við nútímann** í galleri **Turpentine** í **Ingólfsstræti**.

**13.30** Samsýning í **Listasafni Reykjanesbæjar**. Danski listamaðurinn **Thomas Andersson** sýnir skúlptúra þar sem viðfangsefnið er maðurinn í allri sinni nekt og færeyski listamaðurinn **Kári Svensson** sýnir málverk þar sem hin óblíða náttúra Norður-Atlantshafsins er viðfangsefnið.

**14.00** Myndlistarmaðurinn **Ragnar Kjartansson** sýnir í **galleri i8** við **Klapparstíg**. Á sýningunni **Samviskubit** er myndbandsverk og málverk.

**14.00** **Hlynur Hallsson** sýnir í **galleriBOXi** á Akureyri. Á sýningunni **LJÓS LICHT LIGHT** er verk sem samanstendur af borði og sætum sem gerð eru á afar einfaldan hátt úr froðuplastplötum og gæruskinni.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


Gamanleikritið
BAR PAR
Leikstjóri: Gunnar I. Gunnsteinsson –eftir Jim Cartwright
Aðalhlutverk:
Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir
Steinn Ármann Magnússon
Næstu Sýningar:
föstudaginn 23.03 kl. 20
Örfá sæti laus
Fimmtudaginn 29.03 kl. 20
Takmarkaður sýningafjöldi!
Miðasala:
Á Nasa, einnig á www.nasa.is og www.midi.is
NASA Carlsberg Léttöl

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Vesturport BORGARLEIKHÚSIÐ
Í samstarfi við vesturport
23. mars - uppselt
29. mars - uppselt
30. mars - uppselt
31. mars - uppselt
1. apríl - uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is





KRINGLUKRÁIN
Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




www.ondvegi.is, ondvegi@ondvegi.is

# RÝMINGAR-SALA

# 30-70% AFSLÁTTUR!

Vegna breytinga og flutninga á verslun okkar bjóðum við í takmarkaðan tíma allar vörur með 30-70% afslætti! • Fyrstir koma - fyrstir fá!

## FULL BÚÐ AF VÖRUM

## ÓTRÚLEGT VERÐ!

OPIÐ: VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAGA 11-16, SUNNUDAG 13-17.

Grafíska smiðjan ehf. 03-07

ÖNDVEGI HÚSGAGNAVERSLUN, SÍÐUMÚLA 20, SÍMI 568 8799.



LCD SOUNDSYSTEM



FLÍS

## > Í SPILARANUM

**The Horrors** - Strange House
**LCD Soundsystem** - Sound of Silver
**Kings of Leon** - Because Of The Times
**Rosebuds** - Night Of The Furies
**Flís og Hugleikur** - Leg

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *Aflýst vegna ástarsorgar*



Ástæðan fyrir því að söngkonan Amy Winehouse aflýsti tónleikum sínum í Los Angeles á dögunum var ástarsorg. Winehouse, sem gaf út plötuna Back to Black fyrr á árinu, hætti með kærasta sínum Alex Jones-Donelly fyrr í mánuðinum. Vegna mikils annríkis á tónleikaferð sinni um Bretland og Bandaríkin hafði hún ekki haft neinn tíma til að syrgja sambandsslitin. Auk tónleikanna í Los Angeles hafði hún áður aflýst tvennum tónleikum í London vegna „ófyrirsjáanlegra aðstæðna“.

„Amy elskaði Alex rosalega mikið og var í miklu uppnámi þegar þau hættu saman,“ sagði vinkona hennar. „Hún er mjög þreytt og henni líður illa. Henni finnst hún ekki geta gefið sig alla í tónleikana á meðan henni líður svona.“

Winehouse hefur fengið frábærar viðtökur við Back to Black. Fór platan beint í sjöunda sæti bandaríska vinsældalistans, sem er besti árangur breskrar söngkonu með sína fyrstu plötu þar í landi. Gagnrýnandi Fréttablaðsins var sömuleiðis hrifinn af plötunni, gaf henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum.




## > Plata vikunnar

Grinderman - Grinderman

★★★★

„Nick Cave og félagar hans úr The Bad Seeds stofnuðu þessa sveit, Grinderman, og sömdu efni á heila plötu í sameiningu. Útkoman er eitursvöl og hispurslausari en þær plötur sem Cave hefur sent frá sér upp á síðkastið.“ **BÖS**



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Útbreiddur misskilningur*



Nú í vikunni kom út viðhafnarútgáfa af plötu Davids Bowie, Young Americans, sem kom upphaflega út árið 1975. Þessari nýju útgáfu fylgir DVD-diskur og veglegur bæklingur sem rekur sögu plötunnar. Sköpunargleði Bowies náði hámarki á áttunda áratugnum þegar hvert meistaraverkið rak annað, Hunky Dory, Ziggy Stardust, Aladdin Sane, Diamond Dogs, Young Americans, Stationtostation, Low, Heroes, Lodger. Ekkert af því sem Bowie hefur gert síðan jafnast á við þessar plötur. Nýjustu plötur Bowies, sem hélt upp á 60 ára afmælið í janúar, Heathen frá 2002 og Reality frá 2003, eru fínar en það dettur engum í hug að halda því fram að þær standist samanburð við Ziggy Stardust eða Low, rétt eins og það heldur enginn því fram í alvöru að nýjustu plötur Stones og Paul McCartney jafnist á við verk þeirra frá sjöunda áratugnum.

Það er athyglisvert að Young Americans fékk ekki mjög góðar móttökur þegar hún kom út. Bowie hóf gerð hennar árið 1974 þegar hann dvaldi í Bandaríkjunum. Hann ákvað að gera soul-plötu og fékk til liðs við sig hóp innfæddra, þar á meðal Carlos Alomar gítarleikara, bassaleikarann Willie Weeks, Andy Newmark, fyrrum trommuleikari Sly & The Family Stone, og Luther Vandross sem söng bakraddir, en þetta var hans fyrsta stóra tækifæri á ferlinum. Upptökur fóru fram í því margfræga hljóðveri Sigma Sound í Philadelphiu, en var svo fram haldið í Record Plant í New York þar sem John Lennon bættist í hópinn. Lagið sem Bowie og Lennon gerðu saman, Fame, varð fyrsta topplag Bowies vestanhafs.

Það sem fór í taugarnar á sumum Bowie-aðdáendum var að hann skyldi vera að fást við soul og danstónlist. Sá misskilningur að rokk sé eitthvað betra eða göfugra en soul, popp eða danstónlist hefur lengi verið útbreiddur! Young Americans hefur hins vegar staðist tímans tönn og vaxið með árunum ef eitthvað er, enda eru mörg frábær lög á henni og Bowie hefur sjaldan sungið jafn vel.






# Low tekur eitt skref til baka

**Íslandsvinirnir í hinni ótrúlega áhrifamiklu hljómsveit Low eru nýbúnir að senda frá sér sína áttundu plötu. Steinþór Helgi Arnsteinsson lagði við hlustir.**



**GOÐSAGNIR** Hljómsveitin Low er án efa með áhrifamestu hljómsveitum samtímans. Mikil virðing er borin fyrir sveitinni og fáir efast um tónlistarhæfileika hennar.

Hljómsveitin Low var stofnuð í hinum kuldalega bæ Duluth í Minnesota (fæðingarbæ Bob Dylan) árið 1993 og var í fyrstu hálfgerður húmor gegn sveittu rokki gruggaranna. Sveitin vakti hins vegar fljótt athygli enda var hægfara (slowcore) tónlist hennar gríðarlega vel samin og bar með sér blæ sem fáir höfðu heyrt í áður. Alan Sparhawk, gítarleikari og söngvari sveitarinnar, hefur reyndar alltaf sagst líka illa við að láta kenna sig við slowcore-stefnuna. Honum líki betur við þegar tónlist Low er sögð mínímalísk. Lengst af skipuðu Low, ásamt Alan, þau Mimi Parker (kona Alans), sem söng og barði húðir, yfirleitt ekki meira en ein gólf tom-tromma og einn symball, og bassaleikarinn Zak Sally.

### Nýr bassaleikari

Zak hætti hins vegar í hljómsveitinni í fyrra enda hafði hann ætíð staðið í skugga þeirra Alans og Mimi. Aðdáendur sveitarinnar höfðu reyndar fyrir nokkru síðan tekið eftir því að samstarfið var orðið brösugt og uggur var greinilega innan bandsins. Á nýju plötunni, Drums and Guns, má því finna nýjan bassaleikara, Matt Livingston, sem skilar sínu bara nokkuð vel, til dæmis í Always Fade, Hatchet og sérstaklega í laginu Belarus sem er með betri lögum plötunnar.

Platan heldur áfram á þeirri braut sem sveitin tók að stíga á þarsíðustu plötu, Trust. Þar kvað við nokkuð rokkaðri tón, sem er reyndar nokkuð þversagnakennt í ljósi þess að Steve Albini hafði séð um upptökustjórn á nokkrum af fyrri plötum Low en Steve þessi er þekktari fyrir að vinna með mun hávaðasamari hljómsveitum.

### Eitt skref aftur á bak

Síðasta plata Low, The Great Destroyer, var þannig það langrokkaðasta sem nokkru sinni hefur heyrst frá sveitinni, afskræmdir gítartónar flæddu og mun fjölbreyttari hljóðfæranotkun heyrðist. Á Drums and Guns tekur Low síðan eitt skref tilbaka og líklegast eitt skref til hliðar. Yfirbragðið er rólegra en á The Great Destroyer og mun rafkenndara. Alvarleikinn svífur þó enn yfir vötnum enda hafa textar Low oft borið með sér ádeilublæ. Lagaheitin Violent Past, Sandinista og Murderer segja kannski alla söguna.

Textarnir halda þó áfram að vera nokkuð abstrakt og óræðir þó létt sé að skilja meininguna í sjálfu sér. Jafnvel má skynja í einu laginu smá skot á gamla bassaleikarann, Zak. „Lets bury the hatchet/like the Beatles and the Stones.“

### Annað plan

Platan öll sem slík er síðan stórfín og í raun magnað hversu vel hljómsveitin stendur sig þrátt fyrir langan feril. Hljómsveitin heldur enn fast í mínímalísku útsetningarnar sem eru þó á allt öðru plani en áður; minna er um gítar, djúpi og hægi trommuslátturinn er mun vélrænni og rafhljóð eru nokkuð notuð.

Söngur Mimi er samt nokkuð sem ég sakna enda afburðasöngkona sem hefur oftar en ekki fært yfir mann kyrrð og ró. Alan hefur verið að færa sig upp á skaftið og er á þessari plötu mun meira áberandi en Mimi, sem er reyndar áberandi góð.

## BRENNSLAN SVAVAR EYSTEINSSON



„Ég byrja þessa brennslu á lögum sem hafa fylgt mér frá barnæsku og ég get ómögulega slitið mig frá. Svo koma nokkur nýrri lög sem hafa mótað líf mitt með afgerandi hætti. Vinir mínir sem allir eru miklir meistarar reka svo lestina því þeirra er framtíðin,“ segir Svavar Eysteinsson úr Skakkamanage.

**1. Money for nothing - Dire Straits**
„Trommuintróið í þessum magnaða slagara fær hárin á bakinu á mér til að rísa.“

**2. You Can Call Me Al - Paul Simon**
„Með þessu lagi (og Paradise City) komst ég hindrunarlaust í gegnum sveitastörfin í gamla daga.“

**3. You're Our Two - Deerhoof**
„Þessi tilraunarokkkvartett frá Kaliforníu kann svo sannarlega að trylla dansflórinn.“

**4. Tiny Birds - Yo La Tengo**
„Á leiðinni á fyrsta stefnumótið mitt við Berglindi var ég með þetta lag í eyrunum og þess vegna er þetta uppáhalds ástarsöngurinn minn fyrr og síðar.“

**5. Dress Sexy at my Funeral - Smog**
„Þetta lag kom svo inn í líf mitt á svipuðum tíma. Ég veit að mín ómótstæðilega eiginkona klikkar ekki í jarðarförinni minni.“

**6. Roka - Calexico**
„Hinir seiðandi tónar Calexico leiddu mig að endingu suður á bóginn.“

**7. Xylophobia - Illi Vill**
„Einhvern tímann kemur út plata með meistara Illa Vill og þá verða tíðindi í rokksögunni. Þangað til reiði ég mig á mæspeisið.“

**8. Floods - Lost in Hildurness**
„Ef einhver kann listina að semja sjóðheita sellósmelli þá er það Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir.“

**9. Shoo ba ba - Borko**
„Hvenær ætlar þessi mikli meistari að gefa út plötu spyr ég mig á hverjum degi.“

**10. Regngalsinn - Benni Hemm Hemm**
„Ég skil ekki af hverju þessi mergjaða páverballaða þarf að taka enda.“

## Í BÚNINGSHERBERGINU JETHRO TULL

Evian-vatn
17 flöskur af Becks
1 flaska af Chardonnay frá Kaliforníu
1 flaska af Sauvignon Blanc
Trönuberjasafi
1 lítri af mjólk
Appelsínusafi





7 flöskur af Becks skulu vera við sviðið
Máltíðir fyrir hljómsveitina, mismunandi eftir því hvaða dag tónleikarnir eru:
Mánudagur: Steikur.
Þriðjudagur: Kjúklingur.
Miðvikudagur: Svínakjöt.
Fimmtudagur: Pasta eða pítsa.
Föstudagur: Indverskur matur.
Laugardagur: Kínverskur matur.
Sunnudagur: Mexíkóskur matur.
Auk þess sérstakar óskir fyrir grænmetisætur hvern dag.



# Pétur og úlfurinn gefinn út

Hafnfirska hljómsveitin Alræði öreiganna heldur útgáfutónleika í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld í tilefni af útkomu plötunnar Pétur og úlfurinn, sem er byggð á hinu þekkta tónverki eftir Sergei Prokofiev.

Hljómsveitin setti verkið fyrst upp í eigin rokk-fjúsjón útgáfu á Björtum dögum í Hafnarfirði í fyrra. Tókst sýningin svo vel að ákveðið var að taka verkið upp og gefa út. „Þetta er allt byggt á verkinu og þessum þekktu stefjum úr því. Við reynum að hafa sem fjölbreyttastan takt,“ segir Halldór Ásgeirsson. „Þetta er dálítið frábrugðið upphaflega verkinu en samt mjög auðþekkjanlegt.“

Á tónleikunum verður verkið flutt í heild sinni og tekur flutningurinn um fimmtíu mínútur. Verður það lesið upp af Einari Aðalsteinssyni, sem vann upplestrarkeppni grunnskólanna árið 2000.

Alræði öreiganna, sem var stofnuð fyrir ári síðan, mun meðal annars feta í fótspor Sting sem hefur gert plötu byggða á verkinu. Auk þess hefur Sean Connery lesið söguna inn á plötu. „Ég vona að við séum að feta nokkuð ótroðnar slóðir í þessum útsetningum,“ segir Halldór.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 22.00 og kostar 500 krónur inn.

- fb



**ALRÆÐI ÖREIGANNA** Hljómsveitina skipa þeir Ragnar Jún Ragnarsson, Helgi Egilsson, Snorri Páll Úlfhildarson Jónsson og Halldór Ásgeirsson.




## NÝJAR PLÖTUR

**Dr. Gunni og vinir hans**
**Ababbabb!**

★★★

Slær forvera sínum ekki við enda vandasamt verk að gera nær alveg eins plötu á betri hátt. Fjörið heldur sér þó frá upphafi til enda og er helsti kostur plötunnar.

SHA

**Kaiser Chiefs**
**Yours Truly, Angry Mob**

★★

Platan er nægilega mikið á miðjunni til þess að tryggja frekari útvarpsspilun. Tónlistin fer inn um annað eyrað og strax út um hitt.

BÖS

**The Arcade Fire**
**Neon Bible**

★★★★

Óvænt en jafnframt hrífandi plata og oft á tíðum snilldarlega útfærð. Langbesta platan það sem af er ári sem þó byrjar vel.

SHA

**Jamie T**
**Panic Prevention**

★★★

Bestu lögin á Panic Prevention eru á meðal þess skemmtilegasta sem hefur komið út á árinu. Hrátt, frumstætt, en grípandi popp.

TJ

**Mugison**
**Mýrin**

★★★

Vönduð kvikmyndatónlist og sígildar perlur fá margar hverjar nýtt líf í dökkum útsetningum Mugisons. Líður þó fyrir fábreytileikann.

SHA

**Air**
**Pocket Symphony**

★★★★

Air heldur áfram á sömu braut og áður með Pocket Symphony. Enn ein frábær plata frá einni merkilegustu hljómsveit Frakka.

BÖS

**The Little Ones**
**Sing Song**

★★★

Plata sem minnir kannski helst til mikið á Phoenix en inniheldur samt afar gleðivænt kraftapopp sem passar vel við tíðarandann.

SHA





Vegleg **tilboð** í DMK

Allt að 50% afsláttur!

Meðal þeirra fríðinda sem fylgja því að vera í *DMK þjónustu* SPRON er að reglulega eru fá en vegleg tilboð frá völdum fyrirtækjum auk þess sem viðskiptavinum í *DMK* býðst Einkaklúbbskortið frítt.

Með því að fara inn á **spron.is** getur þú kynnt þér þessi frábæru tilboð sem gilda til 1. júní 2007.

**Þau fyrirtæki, sem nú veita viðskiptavinum í *DMK* afslátt, eru:**

- *Casa*
- *InnX*
- *Sjónvarpsmiðstöðin*
- *Vouge*
- *Lystadún-Marco*
- *Ólavía og Oliver*

**Nýttu þér tækifærið – sæktu um DMK á spron.is**

spron

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Law lendir við áttunda mann í kvöld

Breski leikarinn Jude Law lendir í kvöld á Keflavíkurflugvelli ásamt átta manna hópi samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Töluverður undirbúningur liggur að baki þessarar ferðar leikarans hingað en Law og vinir ætla að taka næturlífið með trompi og skoða allar helstu náttúruperlurnar í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur hópurinn þegar pantað sér herbergi á 101 hótel við Hverfisgötuna og þaðan ætla þeir að leggja af stað út í næturlíf höfuðborgarinnar. Vitað er að hópurinn hefur hug á því að kynna sér einn vinsælasta stað borgarinnar, Óliver, og er ekki útilokað að Law og vinir leggi hann undir sig um helgina enda hefur Óliver verið vinsæll meðal Hollywood-stjarnanna sem hingað koma. Og er þar skemmst að minnast leikhópsins úr Flags of our Fathers sem voru fastagestir þar.

Einkalíf Jude Law hefur verið töluvert í sviðsljósinu eftir að hann sagði skilið við Siennu Miller. Leikarinn hefur verið orðaður við ófáar yngismeyjarnar, þar á meðal Höllu Vilhjálmsdóttur og bandarísku glamúrgelluna Lindsay Lohan. Eins og kemur fram í Sirkus, fylgiblaði Fréttablaðsins, hefur Unnur Birna afþakkað dómarastarf í Herra Heimi í Kína vegna anna í námi. Eins og greint var frá í fjölmiðlum hugðist forsetafrúin Dorrit Moussaieff kynna góðvin sinn Law fyrir fegurðardrottningunni yfir kvöldverði á Bessastöðum síðast þegar Law var hér á landi en það datt upp fyrir vegna anna hjá forsetaembættinu. Ekki er vitað hvort Dorrit ætlar að reyna aftur en forsetahjónin ku vera á landinu að þessu sinni. - fgg



**JUDE LAW** Hefur tekið miklu ástfóstri við land og þjóð og ætlar að þessu sinni að kynna sér næturlíf höfuðborgarinnar.

# *Fékk góða dóma*

Heather Mills, sem er að skilja við Bítilinn fyrrverandi Sir Paul McCartney, kom á dögunum fram í raunveruleikaþættinum Dancing With the Stars í fyrsta sinn.

Um er að ræða bandaríska útgáfu af breska þættinum Strictly Come Dancing þar sem þekktir einstaklingar sýna danshæfileika sína. Mills, sem er með gervifót eftir að hafa lent í bílslysi árið 1993, fékk góða dóma fyrir sinn dans. Hún sagðist hafa ákveðið að taka þátt í þættinum til að sýna fólki að það ætti ekki að láta fötlun aftra sér frá því að láta drauma sína rætast.



**DANSINN DUNAR** Heather Mills ásamt dansfélaga sínum í þættinum Dancing With the Stars.




# KK úr leik með blóðeitrun

**KK liggur heima í rúminu eftir að hafa veikst alvarlega. Hann segist óðum vera að jafna sig en býst ekki við því að vera kominn á ról fyrr en eftir viku.**

„Það komst einhver padda í blóðið og ég fékk krampa, var bara mjög hætt kominn. Ég var fluttur á sjúkrahús með sjúkrabíl og læknunum tókst sem betur fer að bjarga mér,“ segir tónlistarmaðurinn KK, en hann veiktist svona heiftarlega á laugardaginn var. KK var nýkominn heim af spítalanum þegar Fréttablaðið náði tali af honum og bar sig nokkuð vel þrátt fyrir veikindin. „Ég verð að liggja næstu vikuna og má síðan fara rólega af stað,“ útskýrir Kristján.

Tónlistarmaðurinn geðþekki hefur þegar þurft að aflýsa nokkrum tónleikum vegna veikindanna. „Ég reikna með að fyrstu tónleikarnir verði ekki fyrr en 31. mars í Landnámssetrinu þar sem ég verð með Einari Kára og svo styrktartónleikarnir fyrir Formu daginn eftir,“ segir KK en þar hyggst hann frumflytja tvö ný lög sem verða á nýrri plötu. „Ég ætla að vera með soninn á bassa, Guðmund Péturs á gítar, Ásgeir Óskarsson á trommur og svo munu frænkur mínar tvær, þær Elísabet og Elín Eyþórs- og Ellensdætur, styðja við bakið á sjúklingnum,“ segir Kristján og hlær. „Ég hef alltaf átt góða að,“ bætir hann við.

KK er nýkominn heim úr mikilli ævintýraferð um Kína ásamt Magnúsi Eiríkssyni og hann ber Kínverjum vel söguna. „Þetta er náttúrlega landið sem verður allt í öllu eftir tíu ár,“ segir Kristján. „Þarna hefur verið blóðug innanríkisbrátta síðastliðin fimmtíu ár en nú virðist vera að hægja um og fólkið er stolt af því að vera Kínverjar,“ segir Kristján. „Meira að segja Taívanar eru ekki lengur þeirrar skoðunar að vilja losna undan Kína heldur stærra sig bara af þjóðerninu,“ bætir hann við. „Enda vilja allir vera Kínverjar.“

KK segir að vissulega hafi orðið menningarlegir árekstrar í ferðinni enda séu Íslendingar ekki eins og fólk er flest. „En Kínverjar eru það,“ segir tónlistarmaðurinn. „Og kannski Indverjar,“ bætir hann við og segir að hroki og yfirgangur vestrænna þjóða sé þeim óskiljanlegur. „Við ætlumst alltaf til að þeir lagi sig að okkar þörfum en ekki öfugt,“ segir hann en þetta er í þriðja sinn á átta árum sem KK heimsækir stórveldið í austri. „Ég man að árið 1999 fór ég ásamt Didda fiðlu og Ólínu Þorvarðardóttur og þá vorum við í Peking. Til marks um þá miklu breytingu sem orðið hefur í Kína var varla þverfótað fyrir reiðhjólum en einn og einn bíll á stangli. Í dag er þetta bara bíll við bíl.“

freyrgigja@frettabladid.is



**KK** Fékk heiftarlega blóðeitrun og var fluttur í skyndi upp á sjúkrahús þar sem læknarnir björguðu honum.

# Þjóðin velur í kvöld

Aðeins fjórir keppendur eru eftir í X-Factor Stöðvar 2 sem sýndur er í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind en þátttakendurnir syngja að þessu sinni tvö lög hver. Páll Óskar Hjálmtýsson leiðir keppnina en hann á enn tvö atriði inni. Þau Ellý og Einar Bárðar verða því að treysta á þjóðina til að halda sínum keppendum inni enda ráða atkvæði úr símaatkvæðagreiðslu úrslitum og hefur dómnefndin lítið sem ekkert um málin að segja á þessu stigi.



**GUÐBJÖRG**
Secretly
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: SKUNK ANANSIE
I'm so excited
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: POINTERS SISTERS
HÓPUR: ELLÝ
SÍMANÚMER: 900 9002



**GÍS**
U+Ur hand
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: PINK
Smells like a teen spirit
UPPHAFLEGUR FLYTANDI: NIRVANA
HÓPUR: PALLI
SÍMANÚMER: 900 9001



**HARA**
Dust in the Wind
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: KANSAS
Proud Mary
UPPHAFL. FLYTJANDI: CREEDENCE CLEARWATER REVIVAL
HÓPUR: PALLI
SÍMANÚMER: 900 9003



**JÓGVAN**
It must have been Love
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: ROXETTE
Let me entertain you
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: ROBBIE WILLIAMS
HÓPUR: EINAR
SÍMANÚMER: 900 9004



# TAKTU FLUGIÐ MEÐ LÝÐI!

## Háloftasýning í flugvélum Flugfélags Íslands

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

**Nú stendur yfir sýning á munum í eigu Lýðs Oddssonar, lottóvinningshafa. Allir sem fljúga með Flugfélagi Íslands geta barið sýninguna augum og í dag fá farþegar Lottómiða að auki. Góð ástæða til að taka flugið!**

Lottó







## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Charles Harrelson**, faðir leikarans **Woody Harrelson**, er látinn, 69 ára að aldri. Fannst lík hans í klefa Supermax-fangelsisins í Washington þar sem hann afplánaði tvöfaldan lífstíðardóm. Charles var dæmdur fyrir að myrða dómarann John Wood Jr. fyrir utan heimili hans í Texas árið 1979.

# Nornin bítur frá sér

Fyrirsögn þessi er reyndar svolítil rangtúlkun á efni plötunnar. Jú, vissulega eru þetta allt lög (upprunalega) eftir Yoko Ono en það eru í raun hjálparhellur Ono, hinir tónlistarmennirnir á plötunni, sem bíta frá sér og ætli Ono að gera slíkt hið sama í kjölfarið. Mér hefur samt aldrei verið neitt sérstaklega vel við safnplötur eða endurvinnsluplötur (remix-plötur) á borð við þessa. Ringulreið einkennir þær yfirleitt og heildarsvipur þeirra er afar sjaldan mjög sterkur. Yes, I'm a Witch gengur hins vegar vel upp og þrátt fyrir að vera ekki heilsteypt er platan áhugaverð frá upphafi til enda.

Á plötunni kennir ýmissa grasa, allt frá hörðu elektrói Peaches til sýrupopps The Sleepy Jackson. Framlag nokkurra tónlistarmanna er samt töluvert minnisstæðara en annað. Le Tigre pönkar upp hið ótrúlega viðeigandi Sister O Sister, Cat Power gerir íðilfagra ballöðu úr Revelations sem minnir á helstu sprettina úr meistaraverki hennar Moon Pix, Polyphonic Spree sýnir að meðlimir eru ekki enn dauðir úr öllum æðum sem og The Flaming Lips með æsilegri útgáfu af Cambridge 1969. Chris Armstrong lýkur síðan plötunni á dramatískan og viðeigandi hátt.

Þó er meistaraverk plötunnar enn óupptalið. Jason Pierce úr Spiritualized, og áður Spacemen 3, fer með lagið Walking on Thin Ice út fyrir öll endamörk þess sem hægt er að teljast epískt. Án efa það langbesta sem Pierce hefur gert í heilan áratug, jafnvel síðan Spacemen 3 var og hét enda hef ég aldrei verið neinn sérstakur aðdáandi Spiritualized.

Ekki komast þó allir vel frá sínu. The Apples in Stereo valdur vonbrigðum, Blow Up er alveg úti á túni og titillagið nær engum hæðum í klisjukenndri útgáfu The Brother Brothers. Þrátt fyrir þessa galla nær platan oft á tíðum miklu skriði, gefur fína mynd af Yoko Ono og tónlistarsköpun hennar og ætti að virka hvetjandi fyrir þá sem vilja athuga tónlistarferil hennar nánar. Áhugasömum vil ég að lokum benda á útgáfu Galaxie 500 af laginu Listen, the Snow is Falling. Mikið meistaraverk og hefði ég viljað sjá það lag í nýrri útgáfu á þessari plötu. **Steinþór Helgi Arnsteinsson**




**TÓNLIST**
**Yes, I'm a Witch**
Yoko Ono
★★★★

Gömul lög Ono ganga í endurnýjun lífdaga og fá nýjan ljóma á þessu vel heppnaða samsoðningssafni. Útgáfa Jasons Pierce af Walking on Thin Ice ber sérstaklega af.




# Gáfuleg varfærni dugði Gísla ekki

Enn eitt spurningaljónið hefur nú verið að velli lagt í Meistaranum. Jón Pálmi Óskarsson læknir sigraði í sjöttu viðureign spurningaþáttar Loga Bergmanns hinn kunna gáfumann Gísla Ásgeirsson þýðanda í Meistaranum í gærkvöldi í hörkuspennandi viðureign. Fyrir viku fauk hinn fróði Sigurður G. Tómasson úr keppni og því má ljóst vera að ekki er fyrir veifiskata að ætla sér áfram í Meistaranum.

Fyrir liggur að engin skömm er að tapa fyrir Jóni Pálma, sem er tvöfaldur sigurvegari úr Gettu betur. Gegn því hafði Gísli þá einu reynslu að styðjast við að hafa tekið þátt í spurningakeppni kvenfélags á Ísafirði og að hafa keppt í spurningakeppni útvarpsþáttarins Górillu sem var á Aðalstöðinni fyrir um 12 árum. Allt kom fyrir ekki.

Litli bróðir Gísla, Páll Ásgeir, gerði betur en stóri bróðir og er kominn áfram í fjórðungsúrslit. Páll vakti mikla athygli fyrir taktík sem gekk út á að leggja hámark stiga undir við hvert tækifæri. Gísli byrjaði á sömu lund. Stóðu leikar jafnir þegar komið var í töluspurningar en þá tók Gísli forystu. En ákvað undir lokin að sýna klókindi og lagði aðeins eitt stig undir. Hafði ekki svar en tapaði aðeins einu stigi en hafði nú sett pressu á Pálma. Staðan 21–17 fyrir Gísla. En Pálmi átti síðasta leik, lagði fimm stig undir og svaraði rétt. Hann sigraði því 22 –21.

**- jbg**



**GÍSLI ÁSGEIRSSON** Þaulvanur pókerspilari en taktar af því taginu dugðu ekki gegn Gettu betur-meistaranum Jóni Pálma.


















MURPHY MURPHY

FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS

ego spron

**Frönsk- Kvikmyndahátíð 3.Mars Til 1. Apríl** — Háskólabíó

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| THE GOOD GERMAN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.16 | LADY CHATTERLEY | [illegible] |
| 300. | kl. 6:30 - 8:30 - 11 | B.i.16 | TELL NO ONE | kl 5:40 - 10:20 |
| MUSIC AND LYRICS | kl. 8 | leyfð | HORS DE PRIX | kl 8-10 |
| | | | PARIS, JE T'AIME | kl 5:40 |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| WILD HOGS kl 3:40 - 5:50 - | 8 - 8:30 - 10:20 - 10:30 | b.i 7 | SMOKIN ACES | kl. 10:30 | B.i.16 |
| 300. | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 | BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 4 - 6:10 | Leyfð |
| 300. VIP | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | | VEFURINN HE... M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 5:50 - 8 | B.i.12 | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |
| MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| WILD HOGS | kl. 3:50 - 6 - 8:15 - 10:30 | B.i 7 | DIGITAL |
| 300. | kl. 5:30 - 8 - 10:10 -10:30 | B.i.16 | DIGITAL |
| NORBIT | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | Leyfð | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| WILD HOGS | kl. 8 - 10:10 | B.i.7 |
| 300 | kl. 5:30 - 10:30 | B.i. 16 |
| NORBIT | kl. 5:30 - 8 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| WILD HOGS | kl. 6 - 8 - 10 | B.i 7 |
| 300 | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |
| MUSIC & LYRICS | kl. 6 | Leyfð |

Skráðu þig á SAMbio.is

www.SAMbio.is ☏ 575 8900 www.SAMbio.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Óskarsverðlaunaleikarinn **Russell Crowe** mun á næstunni leikstýra sinni fyrstu kvikmynd. Nefnist hún Bra Boys og fjallar um hóp ástralskra brimbrettagaura. Er hún byggð á sannri sögu um gengi sem ber sama nafn. Crowe talaði nýverið inn á heimildarmyndina Bra Boys, sem fjallar um sama efni. Hefur hún notið mikilla vinsælda í Ástralíu að undanförnu.



Leikkonan **Vivica A. Fox**, sem sló í gegn í Kill Bill, hefur verið leyst úr varðhaldi eftir að hafa verið handtekin grunuð um ölvunarakstur. Fox, sem er 42 ára, var stöðvuð af lögreglunni í Hollywood og kom þá í ljós að mikið áfengi var í blóði hennar. Enn á eftir að rétta í málinu.



**Scarlett Johansson** segist aldrei hafa farið á stefnumót með popparanum **Justin Timberlake**. Orðrómur hefur verið uppi um að Scarlett hafi komið upp á milli Justin og leikkonunnar **Jessicu Biel** en hann virðist ekki hafa verið á rökum reistur. Scarlett segist hafa oft eytt tíma með Justin en ástin hafi aldrei blossað upp.

# JEPPLINGA ÚTSALA




**100% lán í 84 mánuði**
**Hyundai Santa Fe**
**Nýskr: 06/2004, 2700cc**
**sjálfskiptur, ekinn 88.000 þ.**




**100% lán í 84 mánuði**
**Land Rover Freelander**
**Nýskr: 12/2004, 1800cc**
**beinskiptur, ekinn 35.000 þ.**

**Úrval Jepplinga** á einstöku tilboði frá 21. til 24. mars. Komdu núna í **Bílaland B&L** og gerðu frábær kaup!

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230.

bílaland B&L notaðir bílar

**bilaland.is**
**575 1230**

**100% lán** í boði í allt að 84 mánuði.

Opið virka daga frá kl. 9 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.

### > Ekki góður dagur hjá Birgi

Það er skammt stórra högga á milli hjá kylfingnum Birgi Leifi Hafþórssyni. Hann var að keppa í Kína í síðustu viku en er núna mættur á portúgölsku eyjuna Madeira þar sem hann tekur þátt í öðru móti á Evrópumótaröðinni. Birgir Leifur lék fyrsta hringinn á tveim höggum yfir pari. Hann lék fyrri níu holurnar á pari en missti síðan dampinn á síðari níu. Hann þarf að leika betur í dag ætli hann sér að komast í gegnum niðurskurðinn.



sport@frettablad

VIKTOR BJARKI ARNARSSON: HEFUR ÞAÐ GOTT MEÐ NORSKA LIÐINU LILLESTRÖM

# *Vilja hlífa mér til að forða meiðslum*

Viktor Bjarki Arnarsson, leikmaður ársins í Landsbankadeild karla síðastliðið sumar, er ánægður með vistina í Lilleström í Noregi en hann gekk til liðs við samnefnt félag seint á síðasta ári. Hann hefur þó haft hægt um sig á undirbúningstímabilinu.

„Ég hef ekki fengið að spreyta mig í byrjunarliðinu enn sem komið er," sagði hann við Fréttablaðið í gær. „Ég hef þó fengið að koma inn á og spila undir lok leikjanna."

Lilleström lék æfingaleik við Vålerenga í gær en leiknum lyktaði með 1-1 jafntefli. Lilleström skoraði jöfnunarmarkið á 87. mínútu og átti Viktor þátt í markinu.

„Markið kom eftir hornspyrnu sem ég vann. Ég skallaði boltann að marki eftir hornið og félagi minn náði að skora eftir að hafa náð frákastinu í kjölfarið. Þetta gekk því vel hjá mér eins og í öðrum leikjum og segjast menn vera ánægðir með mína frammistöðu hér."

Viktor segir að forráðamenn liðsins hafi viljað hlífa sér til að gefa sér nægan aðlögunartíma.

„Þeir segja að margir Íslendingar sem hafi komið í norska boltann hafi meiðst fljótlega vegna álagsins hér. Þeir vilja einfaldlega ekki fara of geyst í þetta," sagði Viktor. „En ég er bjartsýnn á að ég fái mitt tækifæri fljótlega," bætti hann við.

Þjálfari Lilleström er Tom Nordlie og segir Viktor að æfingarnar hjá honum séu ekki auðveldar. „Þetta eru strangar æfingar, yfirleitt um 2-3 tímar. Og þá tvisvar á dag, samtals tíu sinnum í viku. En ég er ánægður, bæði hjá félaginu og í bænum."

Viktor var ekki valinn í íslenska landsliðið sem mætir Spáni í næstu viku þrátt fyrir þau forföll sem hafa orðið á liðinu. Hann segist þó ekki svekktur vegna þessa.

„Nei, kallið kemur þegar það kemur. Ég hef lítið spilað og bjóst því ekki við að vera valinn nú. Ef vel gengur í framtíðinni kemur kannski kallið og þá verð ég tilbúinn."





**ÓLAFUR STEFÁNSSON** Fór hreint á kostum árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ólafur Stefánsson:

## Besti leikmaður í heimi?

**HANDBOLTI** Alþjóða handknattleikssambandið, IHF, hefur gefið út listann yfir þá leikmenn sem koma til greina sem besti handboltamaður heims árið 2006.

Þeirra á meðal er fyrirliði íslenska landsliðsins, Ólafur Stefánsson. Aðrir sem koma til greina eru Króatinn Ivano Balic, Rússinn Eduard Kokcharov, Slóveninn Siarhei Rutenka, Frakkarnir Bertrand Gille og Thierry Omeyer og svo Þjóðverjinn Florian Kehrmann.

Hægt er að taka þátt í kjörinu á heimasíðu IHF, ihf.info.

- hbg



**LOGI GEIRSSON** Fagnar hér EHF-bikarnum með Jicha sem er á förum til Kiel. FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Filip Jicha á förum frá Lemgo:

## Logi aðalskytta hjá Lemgo?

**HANDBOLTI Tékkneski landsliðsmaðurinn Filip Jicha hefur ákveðið að ganga í raðir Kiel frá Lemgo. Hann hafnaði tilboðum frá Gummersbach, Barcelona og Kronau.**

**Þetta eru slæm tíðindi fyrir Lemgo en betri fyrir Loga Geirsson, leikmann liðsins, sem hefur att kappi við Tékkann öfluga um sæti í byrjunarliði Lemgo í stöðu skyttu.**

**Jicha er gríðarlega öflug skytta og var næstmarkahæstur á HM þannig að það hefur verið á brattann að sækja hjá okkar manni, sem hefur engu að síður nýtt sín tækifæri vel.**

**Hann fær vonandi tækifæri sem aðalskytta hjá Lemgo á næsta ári en liðið verður mikið breytt enda margir leikmenn á förum, þar á meðal Ásgeir Örn Hallgrímsson.** - hbg

# Berglind á leiðinni aftur í Val en óvíst með Bjarna

**Landsliðsmarkvörðurinn Berglind Íris Hansdóttir mun að öllum líkindum snúa aftur í Val í sumar. Unnusti hennar, knattspyrnumaðurinn Bjarni Ólafur Eiríksson, segir það óráðið hvort hann sjálfur snúi heim. Það fer eftir gengi Silkeborg.**

**ÍÞRÓTTIR** Berglind Íris Hansdóttir, landsliðsmarkvörður í handbolta, mun að öllum líkindum snúa heim í Val í sumar eftir ársdvöl hjá danska úrvalsdeildarliðinu Århus. Unnusti hennar, Bjarni Ólafur Eiríksson, sem leikur með Silkeborg í dönsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, segir það einnig koma til greina að hann fari sjálfur heim. Það fer þó eftir gengi félagsins sem á í mikilli fallbaráttu.

Bæði eru þau þó samningsbundin sínum liðum í eitt ár til viðbótar. Berglind sagði við Fréttablaðið að hún væri að vinna í sínum málum og ef hún fengi sig lausa kæmi hún strax heim.

„Þetta hafa verið gífurleg vonbrigði fyrir mig," sagði Berglind. „Þegar ég samdi við félagið leit út fyrir að ég fengi að spila mikið á tímabilinu en tveimur dögum síðar samdi félagið við Karen Mortensen, danska landsliðsmarkvörðinn."

Hún segist hafa búist við því að fyrsta árið myndi verða erfitt en þó ekki með þeim hætti eins og raunin hefur orðið. „Stundum fæ ég að spila í 10-15 mínútur og stundum ekki neitt. Ég hef reyndar fengið meira að spila í síðustu tveimur leikjum," sagði Berglind. Dönsku deildinni lauk nú í vikunni en Århus þarf að leika við lið úr 1. deildinni um sæti í úrvalsdeildinni að ári. Århus varð í þriðja neðsta sæti deildarinnar.

Hún segir að ekkert annað komi til greina en að spila með Val, kæmi hún heim. „Það er ekki 100 prósent ákveðið en afar líklegt eins og staðan er nú."

Bjarni Ólafur er einn þriggja Íslendinga í Silkeborg. Hinir eru Keflvíkingarnir Hólmar Örn Rúnarsson og Hörður Sveinsson. Bjarni fór fyrstur þeirra til félagsins, fyrir rúmu ári síðan.



**BERGLIND ÍRIS** Mun líklega verja mark Vals á nýjan leik á næstu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC



**BJARNI ÓLAFUR** Stendur í miklum fallslag með Silkeborg Hér er hann í leik með Val sumarið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Silkeborg er sem stendur í næstneðsta sæti dönsku úrvalsdeildarinnar, átta stigum frá næsta liði fyrir ofan. Liðið vann reyndar afar dýrmætan sigur á botnliði Vejle um helgina, 2-0.

„Þetta var langþráður sigur, það er óhætt að segja það," sagði Bjarni. „Þetta er vonandi á réttri leið, við erum í það minnsta að spila betri fótbolta en við gerðum fyrir áramót."

Hann segist munu skoða það vel hvort hann ætli að koma heim ef liðið fellur. „Ég klára tímabilið og sé svo til. Ég hef þar fyrir utan hreinlega ekki kannað það hvort ég geti fengið mig lausan."

Bjarni hefur verið fastamaður í liði Silkeborg síðan hann kom til félagsins.

eirikur@frettabladid.is



**BENITEZ** Nýir eigendur ætla að halda tryggð við Benitez. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eigendur Liverpool:

## Benitez er okkar maður

**FÓTBOLTI Tom Hicks, annar eigenda Liverpool, segir að Benitez sé sá maður sem þeir vilji að stýri liði félagsins næstu árin. Fjölmiðlar hafa sagt frá því að forráðamenn Real Madrid vilji fá Benitez til starfa hjá félaginu í stað Fabio Capello í lok tímabilsins.**

**Sjálfur hefur Benitez sagt að hann sé skuldbundinn Liverpool og fari hvergi.** - esá

Forráðamenn Brann:

## Gefa upp kaupverð leikmanna

**FÓTBOLTI** Roald Bruun-Hanssen, yfirmaður íþróttamála hjá norska úrvalsdeildarliðinu Brann, segir að félagið muni í framtíðinni gefa upp kaupverð leikmanna sem koma til félagsins. „Það er engin ástæða til að halda þessu leyndu," sagði Hanssen.

Félagið keypti fyrir skömmu Jan Gunnar Solli til félagsins og gaf um leið upp kaupverð hans, sex milljónir norskra króna.

„Við viljum koma í veg fyrir vangaveltur hjá fjölmiðlum um kaupverð. Þær summur eru yfirleitt hærri en þær eru í raun og veru. Launum leikmanna verður þó enn haldið leyndum enda er það persónulegt mál þeirra."

Nánast engin, ef nokkur, dæmi eru um að íslensk félög hafi gefið upp kaupverð sinna leikmanna.

- esá

Formaður dómaranefndar HSÍ vill ekki svara ásökunum þjálfara:

# Samviska mín í málinu er hrein

**HANDBOLTI** Þó nokkrir þjálfarar hafa stigið fram fyrir skjöldu og sakað Guðmund Erlendsson, formann dómaranefndar HSÍ, um vafasama hegðun í starfi. Þjálfararnir hafa meðal annars ásakað hann um að vera kjaftforan og hrokafullan.

Upphaf málsins má rekja til þess er Guðmundi lenti saman við Einar Jónsson, þjálfara ÍBV, eftir leik ÍBV og HK en Guðmundur var eingöngu áhorfandi á leiknum en ekki eftirlitsmaður.

Einar kærði Guðmund, sem kærði á móti. Ekkert var aðhafst í ákærunum af aganefnd HSÍ en ÍBV hefur skotið málinu til dómstóls HSÍ og segist vera tilbúið að fara með það alla leið.

Megn óánægja er með störf Guðmundar í dómaranefndinni og vilja viðmælendur Fréttablaðsins í handboltahreyfingunni vilja sjá hann stíga upp úr stóli formanns dómaranefndar.

Fréttablaðið hafði samband við Guðmund í gær og bauð honum að ræða efnislega um þær ásakanir sem á hann hafa verið bornar. Hann var ekki tilbúinn til þess.

Guðmundur var algerlega ófáanlegur til að svara þeirri spurningu hvort hann ætlaði að segja af sér sem formaður dómaranefndar: „Samviska mín í þessu máli er hrein," var svar Guðmundar við þeirri spurningu hvort hann ætlaði að segja af sér. Hann staðfesti engu að síður að hann væri enn formaður dómaranefndar.

Spurður hvort ásakanir allra þeirra þjálfara sem hafa borið hann sökum væru lygar svaraði Guðmundur: „Þær eru fjarri sannleikanum," og harðneitaði að ræða málið frekar.

- hbg



**GUÐMUNDUR ERLENDSSON** Situr enn sem formaður dómaranefndar HSÍ og vill ekki svara því hvort hann ætli að sitja áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Forskot á vortilboðin
# Flott fermingartilboð



**Ron Thompson öndunarvöðlupakki**
Ron Thompson öndunarvöðlur, Ron Thompson skór og vatnsheldur jakki með útöndun.
**Fullt verð 41.985.**
**Fermingartilboð aðeins 26.995.**



**DAM neoprenvöðlur**
með áföstum stígvélum ásamt vatnsheldum DAM jakka með útöndun.
**Fullt verð 27.990.**
**Fermingartilboð aðeins 19.995**



**Ron Thompson neoprenvöðlur**
með áföstum stígvélum ásamt vatnsheldum **Ron Thompson jakka með útöndun.**
**Fullt verð 25.990.**
**Fermingartilboð aðeins 18.995.**



**DAM öndunarvöðlupakki** – DAM öndunar-vöðlur,DAM skór og vatnsheldur jakki með útöndun.
**Fullt verð 43.985.**
**Fermingartilboð aðeins 29.995.**



**Scierra fluguveiðipakki.**
3ja hluta stöng, gott hjól og vönduð lína. Kastkennsla á DVD fylgir með. **Fullt verð 25.990. Fermingartilboð aðeins 19.995.-**



**Ron Thompson flugu-veiðipakki.** 4ra hluta stöng í hólk. Okuma SLV fluguhjól með góðri bremsu. Vönduð lína. **Fullt verð 26.685. Fermingartilboð aðeins 15.995**



**Scierra EDP kaststöng**
í þrem hlutum. Hólkur fylgir. Vandað Okuma kasthjól. **Fullt verð 18.990. Fermingartilboð aðeins 12.995.**



**Ron Thompson Sandborn kaststöng.** Vandað Okuma kasthjól. **Fullt verð 11.990. Fermingar-tilboð aðeins 7.995.**



**DAM kaststöng** ásamt vönduðu DAM kasthjóli. **Fullt verð 12.990. Ferm-ingartilboð aðeins 8.995.**



**Scierra veiðitöskur.**
Vinsælar og vandaðar töskur.
**Verð aðeins frá 6.995**



**Ron Thompson veiðitöskur.**
Mikið úrval.
**Verð aðeins frá 1.595**



**Ron Thompson veiðivesti.**
**Fullt verð 3.995.**
**Fermingartilboð aðeins 2.795**



**DAM veiðivesti.**
**Fullt verð 6.995.**
**Fermingartilboð aðeins 4.895**



**Scierra veiðivesti.**
**Fullt verð 7.995.**
**Fermingartilboð aðeins 5.595.**

## Munið einnig vinsælu gjafabréfin okkar.

**Sama gjafabréfið gildir nú í þrem verslunum á 800 fermetrum fullum af spennandi veiðivörum.**

### Þú finnur fermingartilboðin einnig á netinu – veidihornid.is

| VEIÐIHORNIÐ | SPORTBÚÐIN | Veiðimaðurinn 1940 |
|---|---|---|
| Síðumúla 8<br>108 Reykjavík - Sími 568 8410 | Krókhálsi 5g<br>110 Reykjavík - Sími 517 8050 | Hafnarstræti 5<br>101 Reykjavík - Sími 551 6760 |

Keflavík vann fyrsta leikinn í undanúrslitarimmunni gegn Grindavík í Iceland Express-deild kvenna:

# Ótrúlegur Keflavíkursigur í dramatískum leik

**KÖRFUBOLTI** Keflavík vann þolinmæðissigur á grönnum sínum í Grindavík í ótrúlegum leik. Tamara Bowie og LaKesha Watson áttu frábæran leik en það var Bryn-dís Guðmundsdóttir sem tryggði sínu liði sigur með stórkostlegri frammistöðu í fjórða leikhluta. Niðurstaðan var 87-84 sigur Keflavíkur.

Grindavík byrjaði betur í leiknum og náði ágætis forystu á upphafsmínútunum. Leikmenn virtust taugastrekktir því skotnýting leikmanna var slæm. Það er að segja allra nema bandarísku leikmannanna hjá báðum liðum. Þær voru í sérflokki, sér í lagi Tamara Bowie sem skoraði 30 af 42 stigum Grindavíkur í fyrri hálfleik.

Heimamenn náðu sér fremur illa á strik, sér í lagi í upphafi annars leikhluta en tókst þó að laga stöðuna fyrir hálfleik. Forysta Grindavíkur var þá sex stig.

Allt annað var að sjá til liðanna í síðari hálfleik. Þá sýndu liðin að mun meiri breidd var hjá liðunum en gaf til kynna fyrir hlé. Mörg þriggja stiga skot hittu körfuna og leikurinn var hraður og skemmtilegur.



**BRYNDÍS STERK** Bryndís Guðmundsdóttir átti mjög góðan leik fyrir Keflavík. Petrúnella Skúladóttir reynir hér að verjast henni. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Keflvíkingar gáfust aldrei upp og þó svo að Grindavík hafi ávallt verið með forystuna voru heimamenn aldrei langt undan. Þegar sjö mínútur voru eftir af leiknum var munurinn orðinn aðeins eitt stig og spennan gríðarleg.

Bryndís Guðmundsdóttir náði svo forystunni fyrir Keflavík í fyrsta sinn í leiknum í stöðunni 75-74. Hún átti frábæran fjórða leikhluta og Grindvíkingar áttu í mestu vandræðum með að losa Bowie úr þeirri ströngu gæslu sem hún var í á þessum tíma. Sóknarleikur Grindavíkur átti engin svör við þeirri varnartaktík sem Keflavík beitti.

Þegar tvær mínútur voru til leiksloka komst Keflavík í átta stiga forystu og virtust á leið með að innbyrða öruggan sigur. En þá vöknuðu gestirnir til lífsins og á rúmri mínútu minnkuðu þeir muninn í eitt stig.

Síðasta mínútan var æsispennandi. Ekkert var þó skorað fyrr en Bryndís skoraði úr báðum vítaskotum sínum eftir að brotið var á henni á lokasekúndunni. Niðurstaðan; ótrúlegur þriggja stiga sigur Keflavíkur.

„Tamara Bowie er besti leikmaðurinn á landinu og ef hún fær ekki að leika lausum hala þá vinnum við leikinn,“ sagði Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, eftir leikinn. „En mínir leikmenn sýndu frábæran leik í kvöld. Það var kannski ekki planið að vinna leikinn á þennan hátt en þetta eru samt sætustu sigrarnir.“ - esá



**PETER SCHMEICHEL** Hér í landsleik með Dönum árið 2000. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fernando Hierro:

## Bað Schmeichel afsökunar

**FÓTBOLTI** Spánverjinn Fernando Hierro hefur beðið danska markvörðinn Peter Schmeichel afsökunar vegna atviks í landsleik sem átti sér stað hinn 17. nóvember árið 1993.

„Við höfum oft velt því fyrir okkur hvort við ættum að senda Schmeichel nokkrar vínflöskur til að biðja afsökunar á þessu,“ sagði Hierro við danska blaðið BT.

Hierro segir að brotið hafi verið á Schmeichel þegar hann hafi ætlað að fara út í boltann eftir hornspyrnu. En í stað þess var ekkert dæmt og skoruðu Spánverjar í kjölfarið og markið tryggði þeim og Írum sæti á HM 1994, á kostnað Dana.

„Ég bið kærlega að heilsa honum,“ bætti Hierro við. „Betra er seint en aldrei.“ - esá

Úrslitakeppni 1. deildar karla:

## Hver fylgir Þór upp úr 1. deild?

**KÖRFUBOLTI Úrslitakeppni 1. deildar karla í körfubolta hefst í kvöld en fjögur lið keppast þar um að fylgja Þór Akureyri upp í Iceland Express-deildina og taka sæti Hauka og Þórs úr Þorlákshöfn sem féllu í ár.**

**Breiðablik fær Stjörnuna í heimsókn í Smárann og á sama tíma tekur FSu á móti Val á Selfossi. Það lið sem fyrr vinnur tvo leiki fer í úrslitin þar sem liðin bítast um að komast í hóp tólf bestu liða landsins.** - óój



**FRÁBÆR LEIKMAÐUR** Michael Laudrup var einn besti sóknarmaður heims á sínum tíma. NORDIC PHOTOS/GETTY

Daninn Michael Laudrup:

## Vill blása til sóknar á Spáni

**FÓTBOLTI** Michael Laudrup, einn besti knattspyrnumaður Dana frá upphafi, vill að danska landsliðið sæki sigur til Spánar og fari um leið langleiðina að því að tryggja sér sæti í úrslitakeppni EM sem fer fram í Sviss og Austurríki 2008. Þjóðirnar mætast í Madríd á laugardaginn og spænska landsliðið tekur síðan á móti því íslenska fjórum dögum síðar.

„Það eru alltaf góð úrslit að ná jafntefli á móti Spánverjum á útivelli en af hverju ekki að leggja kapp á að vinna leikinn? Með því er liðið komið með annan fótinn inn í úrslitakeppnina. Carles Puyol og Sergio Ramos verða ekki með og þar með eru stór skörð höggvin í spænsku vörnina. Það á danska liðið að nýta sér,“ sagði Laudrup í viðtali við Politiken. - óój




Íslandsmeistarar Hauka sigruðu fyrsta leikinn gegn ÍS í gær:

# Ifeoma og sóknarfráköstin skiluðu sigri

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar Hauka eru komnir í 1-0 í undanúrslitaeinvígi sínu gegn Stúdínum eftir 76-61 sigur á Ásvöllum í gær. Það leit út fyrir léttan sigur í upphafi þegar Haukaliðið komst í 8-0 og 14-2 og skoraði hverja hraðaupphlaupskörfuna á fætur annarri.

ÍS-liðið hékk þó inn í leiknum og náði að minnka muninn í 5 stig, 32-27, í lok annars leikhluta og niður í tvö stig, 38-36, með því að skora 7 fyrstu stig seinni hálfleiks. Haukaliðið hélt þó alltaf frumkvæðinu og sigurinn var ekki í mikilli hættu í lokaleikhlutanum.

Ifeoma Okonkwo var langbesti leikmaður vallarins og hélt uppi sóknarleik Hauka með 30 stigum en fyrirliðinn Helena Sverrisdóttir var langt frá sínu besta, klikkaði á 14 af 18 skotum og tapaði 7 boltum. Haukaliðið barðist vel og 28 sóknarfráköst áttu mikinn þátt í að vega upp slaka hittni liðsins. Signý Hermannsdóttir (16 stig) og Casey Rost (14 stig) héldu uppi sóknarleik ÍS en bæði lið hittu illa og leikurinn snerist upp í mikla baráttu.

„Við vorum að spila mjög góða liðsvörn og það var það sem landaði þessum sigri. Við náðum kannnski ekki að stjórna hraðanum eins og við ætluðum okkur en ég er nokkuð sáttur með þennan leik því við eigum svo mikið inni.

Við eigum Helenu inni og marga aðra leikmenn og liðið getur gert mun betur en í kvöld. Við vinnum samt nokkuð sannfærandi sigur og leiðum allan leikinn. Það er nýr leikur á sunnudaginn og stelpurnar þurfa að mæta einbeittar og ætla sér að gera betur en í þessum leik,“ sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hauka:

„Við klúðruðum góðu tækifæri til þess að vinna þennan leik. Við byrjuðum mjög illa og það er munurinn í leiknum þó svo að þetta hafi endað í 15 stigum þá var munurinn í átta stigum eigilega allan leikinn.

Við erum að gefa þeim 28 sóknafráköst en erum að öðru leyti að spila vörnina vel. Við erum líka að stjórna hraða leiksins sem er gott. Útlendingurinn hjá Haukum vann leikinn fyrir þær. Það þarf að vinna þrjá leiki og við vinnum bara næsta leik og jöfnum metin,“ sagði Ívar Ásgrímsson, þjálfari ÍS, eftir leikinn.

**- óój**



**EINS OG JORDAN** Ifeoma Okonkwo fór á kostum með Haukum í gær og frammistaða hennar lagði grunninn að Haukasigrinum. Hún er hér með tunguna úti rétt eins og Jordan. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild kvk:*

| HAUKAR-ÍS | 76-61 |
|---|---|

**Stig Hauka:** Ifeoma Okonkwo 30 (13 fráköst), Helena Sverrisdóttir 14 (13 fráköst), Pálína Gunnlaugsdóttir 11, Kristrún Sigurjónsdóttir 9, Unnur Jónsdóttir 7, Sigrún Ámundadóttir 3 (10 fráköst, 5 stoð.), Bára Hálfdánardóttir 2.

**Stig ÍS:** Signý Hermannsdóttir 16, Casey Rost 14, Stella Kristjánsdóttir 11, Tinna Sigmundsdóttir 5, Helga Jónasdóttir 4, Lovísa Guðmundsdóttir 4, Þórunn Bjarnadóttir 4, Svandís Sigurðardóttir 3.

| KEFLAVÍK-GRINDAVÍK | 87-84 |
|---|---|

**Stig Keflavíkur:** TaKesha Watson 33, Bryndís Guðmundsdóttir 20, María Ben Erlingsdóttir 14, Margrét Kara Sturludóttir 8, Birna Valgarðsdóttir 5, Marín Karlsdóttir 3, Ingibjörg Vilbergsdóttir 2, Svava Stefánsdóttir 2.

**Stig Grindavíkur:** Tamara Bowie 41, Petrúnella Skúladóttir 16, Hildur Sigurðardóttir 12, Ingibjörg Jakobsdóttir 7, Íris Sverrisdóttir 5, Jovana Stefánsdóttir 3.

*Lengjubikarinn:*

| FH-FYLKIR | 4-3 |
|---|---|

Arnar Gunnlaugsson 2, Atli Guðnason, Matthías Vilhjálmsson - Halldór Hilmisson, Hermann Aðalgeirsson, Christian Christiansen.

*Upplýsingar frá fótbolti.net*

| ÍA-KEFLAVÍK | 1-6 |
|---|---|

Björn Bergmann Sigurðsson - Guðmundur Steinarsson 2, Baldur Sigurðsson, Guðjón Árni Antoníusson, Stefán Örn Arnarson, Marko Kotilainen.

*Upplýsingar frá fótbolti.net*

UEFA-bikarkeppnin:

# UEFA hafnaði bón Sevilla

**FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, hafnaði bón spænska liðsins Sevilla um að færa leik liðsins gegn Tottenham á heimavelli í fjórðungsúrslitum UEFA-bikarkeppninnar. Leikurinn á að fara fram þann 5. apríl, á sama degi sem fjölmenn hátíð verður haldin í borginni. Allt að milljón manns taka þátt í hátíðarhöldunum.**

**Sevilla óskaði eftir því að leikurinn yrði færður en UEFA neitaði að verða við þeim óskum.** **- esá**

Spánverjinn Fernando Torres:

# Nóg að vinna næstu níu leiki

**FÓTBOLTI** Staðan er ekki alltof góð hjá spænska landsliðinu í knattspyrnu í baráttu liðsins fyrir sæti á EM í Austurríki og Sviss.

Liðið hefur aðeins hlotið þrjú stig úr þremur fyrstu leikjunum. Spánverjar mæta Dönum og Íslendingum á næstu dögum og þurfa sex stig til þess að eiga raunhæfa möguleika á að komast í úrslitakeppnina. Framherjinn Fernando Torres segir 1-0 sigurinn á Englandi í síðasta mánuði hafa hjálpað liðinu mikið.

„Þetta var nauðsynlegt eftir slæm úrslit í leikjunum á undan. Við erum ekki í góðri stöðu en við höfum þetta ennþá í okkar höndum. Ef við vinnum alla leikina sem við eigum eftir þá komumst við í úrslitakeppnina,“ sagði Torres en Spánn á eftir níu leiki í undankeppninni. **- óój**


KFUM KFUK




SKRÁNING Í SUMARBÚÐIR KFUM OG KFUK

HEFST KL. 13 Á VORHÁTÍÐINNI Á HOLTAVEGI 28

SUMARBÚÐIR KFUM og KFUK:

HÓLAVATN • KALDÁRSEL • VATNASKÓGUR
VINDÁSHLÍÐ • ÖLVER • ÆVINTÝRANÁMSKEIÐ

Fullt af skemmtiatriðum og miklu fjöri! Fram koma:

- ★ Þátttakendur í starfi KFUM og KFUK
- ★ Trúðarnir Barbara og Úlfar
- ★ Jón Víðis töframaður
- ★ Skemmtiatriði úr sumarbúðum KFUM og KFUK

...og margt fleira!

Flokkaskrár sumarbúðanna 2007 má finna á **www.kfum.is**

52 flokkar í 5 sumarbúðum

20 ævintýranámskeið - eitthvað fyrir alla!

Sumarbúðir KFUM og KFUK

**KFUM & KFUK** Holtavegi 28 • 104 Reykjavík • Iceland • sími 588 8899 • kfum@kfum.is • www.kfum.is • www.kfuk.is




# Jón Ólafur bætti sig mest

**Snæfellingurinn Jón Ólafur Jónsson er sigurvegari fyrstu umferðar úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla en Jovan Zdravevski hjá Skallagrími hvarf.**

**KÖRFUBOLTI** Fréttablaðið skoðar í dag hvaða leikmenn bættu mest við sinn leik í 8 liða úrslitum Iceland Express-deildar karla miðað við hvað þeir gerðu í deildarkeppninni í vetur.

Hér er framlagsjafna NBA-deildarinnar notuð til að meta frammistöðu leikmanna, annars vegar í deildinni í vetur og hins vegar í 8 liða úrslitum úrslitakeppninnar. Framlagsjafnan reiknar út hvað menn leggja til síns liðs í stigum, fráköstum, stoðsendingum, stolnum boltum og vörðum skotum að því frádegnu hvað það kostar í misheppnuðum skotum og töpuðum boltum.

Snæfellingurinn Jón Ólafur Jónsson er sá leikmaður sem bætti mest við sinn leik í fyrstu umferðinni en hann hækkaði sig um heil 12 stig, úr 8,5 framlagsstigum upp í 20,5 stig. Jón Ólafur var með 34 stig á 39 mínútum af bekknum í leikjunum tveimur gegn Keflavík og hitti úr 65% skota sinna. Þetta gera 17 stig að meðaltali í leik en Jón Ólafur var með 9 stig að meðaltali í deildinni í vetur. Í seinni leiknum skoraði hann meðal annars 16 stig á síðustu sex mínútunum í þriðja leikhluta þegar Snæfellsliðið breytti stöðunni úr 57-57 í 65-79 og gerði út um leikinn.

Jonathan Griffin hjá Grindavík átti þrjá mjög góða leiki gegn Skallagrími og bætti hátt framlag sitt mikið. Griffin var með 18,6 framlagsstig í leik í deildinni en var kominn upp í 27,7 í framlagi fyrir leikina þrjá gegn Skallagrími þar sem hann skoraði 27,7 stig, tók 8 fráköst og gaf 3,3 stoðsendingar að meðaltali í leik. Griffin var með 22,4 stig, 5,5 fráköst og 3 stoðsendingar að meðaltali í deildinni.

Keflvíkingurinn Sverrir Þór Sverrisson er þriðji á listanum en hann er sá leikmaður sem bætti sig mest í stigum. Sverrir skoraði 9,2 stigum meira að meðaltali í leik í einvíginu gegn Snæfelli en í sjálfri deildarkeppninni í vetur. Keith Vassell hjá ÍR hækkaði sig mest í fráköstum (+3,2) og Hlynur Bæringsson hækkaði sig mest í stoðsendingum (+3,2).

Jovan Zdravevski hjá Skallagrími var sá leikmaður sem lækkaði framlagið sitt mest frá því í deildarkeppninni og einhverjir halda því fram að Makedóníumaðurinn hafi hreinlega horfið í einvíginu gegn Grindavík. Jovan lækkaði sig um heil 12,8 framlagsstig eða um tæpum þremur stigum meira en næsti maður sem var fyrrum félagi hans í Borgarnesi, George Byrd, sem nú spilaði með Hamar/Selfoss.

Það mætti halda að þeir félagar söknuðu hvor annars. Í úrslitakeppninni í fyrra voru þeir saman með 46,6 framlagsstig í sama liði en í 8 liða úrslitunum í ár var framlag þeirra samanlagt aðeins upp á 26,2 stig. Byrd fór úr 31,8 stigum niður í 18,5 en Jovan hrapaði úr 14,8 stigum niður í 7,7. Þetta hafði líka mikil áhrif á lið þeirra sem fór í lokaúrslitin í fyrra en duttu bæði út úr 8 liða úrslitunum í ár.

Jovan skoraði aðeins 10,7 stig að meðaltali í leik í einvíginu gegn Grindavík og klikkaði á 68% skota sinna. Þar af hitti hann aðeins úr 2 af 16 skotum sínum fyrir utan þriggja stiga línuna.

ooj@frettabladid.is

**ÞEIR BÆTTU SIG MEST:**

| | |
|---|---|
| Jón Ólafur Jónsson, Snæfell | +12,0 |
| Jonathan Griffin, Grindavík | +9,0 |
| Sverrir Þór Sverrisson, Keflavík | +8,5 |
| Egill Jónasson, Njarðvík | +8,3 |
| Páll Kristinsson, Grindavík | +8,2 |
| Hlynur Bæringsson, Snæfell | +7,8 |
| Adam Darboe, Grindavík | +7,5 |
| Steinar Arason, ÍR | +7,3 |
| Jeremiah Sola, KR | +6,3 |
| Keith Vassell, ÍR | +5,2 |

**ÞEIR LÆKKUÐU MEST:**

| | |
|---|---|
| Jovan Zdravevski, Skallagrímur | -12,8 |
| George Byrd Hamar/Selfoss | -9,9 |
| Magnús Þór Gunnarsson, Keflavík | -7,5 |
| Páll Axel Vilbergsson, Grindavík | -7,5 |
| Sigurður G. Þorsteinsson,Keflavík | -7,3 |
| Fannar Freyr Helgason, ÍR | -7,1 |
| Sveinbjörn Claessen, ÍR | -7,1 |
| Halldór Rúnar Karlsson, Njarðvík | -6,9 |
| Ólafur Jónas Sigurðsson, ÍR | -6,8 |
| Hreggviður Magnússson ÍR | -6,2 |



**UPP UM 12 STIG** Jón Ólafur Jónsson hjá Snæfelli var í miklu stuði í einvíginu gegn Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**NIÐUR UM 12,8 STIG** Jovan Zdravevski fann sig engan veginn í einvígi Skallagríms gegn Grindavík. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði á dögunum 600. markið sitt í þýska boltanum:

# Skorar mest allra utan af velli

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson er ekki búinn að gefa upp vonina um að verja markakóngstitil sinn í þýska handboltanum en hann er sem stendur í þriðja sæti með 154 mörk í fyrstu 25 leikjum Gummersbach á tímabilinu.

Þetta eru 25 mörkum minna en hjá markahæsta mnni deildarinnar, Kóreubúanum Yoon Kyung-Shin hjá HSV Hamburg. Yoon er á leiðinni að verða markakóngur deildarinnar í áttunda sinn frá árinu 1997 en okkar maður skoraði 12 mörk í síðasta leik og hefur ekki sagt sitt síðasta orð.

Guðjón Valur skoraði 7,8 mörk að meðaltali í leik þegar hann varð markakóngur deildarinnar í fyrra en hann hefur skorað 6,2 mörk að meðaltali í vetur. Hér munar mestu um að Guðjón Valur er ekki lengur vítaskytta liðsins og hann skoraði sín tvö fyrstu mörk af vítalínunni í síðasta leik.

Guðjón Valur hefur hinsvegar skorað fleiri mörk utan af velli í vetur (6,1) en í fyrra þegar hann skoraði 5,7 mörk að meðaltali í leik utan af velli.



**VANTAR VÍTAMÖRKIN** Guðjón Valur Sigurðsson þarf að fara að fá að taka vítin ef hann ætlar að reyna að verja markakóngstitilinn sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GUMMERSBACH

Enginn leikmaður í þýsku deildinni hefur skorað fleiri mörk utan af velli en Guðjón Valur í vetur. Sænska skyttan Kim Andersson hefur skorað tveimur mörkum færra en okkar maður en Yoon hefur aðeins skorað 111 mörk utan af velli, eða 41 færra en Guðjón.

Guðjón Valur skoraði tímamótamark í tapleiknum á móti Kiel á dögunum en fjórða mark hans í leiknum var það 600. sem hann skorar í þýsku bundeslig-unni. Markið skoraði Guðjón af línunni en hann hefur skorað mörkin fyrir Essen og Gummersbach. Guðjón Valur hefur nú 613 mark í 125 leikjum sem gera 4,9 mörk að meðaltali í leik.

- óój

# NÝJUSTU MYNDIRNAR





VIDEOHÖLLIN
Á þínu bandi

BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi


*EF MYNDIRNAR THE DEPARTED, CASINO ROYAL EÐA BORAT ERU EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

## > CHRISTINA RICCI

Hin smávaxna Christina er fædd í Kaliforníu árið 1980. Christina byrjaði að leika tíu ára gömul, þá í myndinni Mermaids á móti Winonu Ryder og Cher. Hún hlaut mikla athygli fyrir leik sinn í The Addams Family og var þá aðeins 11 ára. Í dag hefur Christina náð af sér barnastjörnustimplinum, hún á sitt eigið kvikmyndaframleiðslufyrirtæki og hefur meðal annars leikið á móti Woody Allen í myndinni Anything Else sem sýnd er í Sjónvarpinu kl. 21.20.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON GEFUR FORSMEKKINN AÐ GRÍNINU

# Fyndnasti maður Íslands



Góða kvöldið, góðir gestir! Og aðrir! Gaman að sjá ykkur svona mörg saman komin hérna! Já, líka ykkur úr Kópavoginum. Ha ha ha! Nei, bara létt grín. Þið eruð frábær. Það er fínt fólk sem býr í Kópavoginum. Takk fyrir, takk fyrir. Annars var ég að pæla, þetta með Kópavoginn, hafið þið einhvern tímann reynt að rata í Kópavogi? Það er alveg vonlaust! Hvað er eiginlega málið með það??? Takk fyrir. Svo er annað sem ég hef tekið eftir, þegar ég er úti að keyra í umferðinni, ég geri nefnilega töluvert af því, ég meina hver gerir það eiginlega ekki, það er með þessi bílnúmer! Þú veist, hvað er málið? Einu sinni var bara einn stafur, Reykvíkingar voru með R, Akureyringar voru með A, en Hafnfirðingar voru með G! Hvað var eiginlega málið með það??? Ha? Pælið í því! Svo núna, ha, þá eru tveir stafir. Hvað er eiginlega málið með það??? Af hverju eiginlega tveir stafir? Er það eitthvað betra? Sko, ef einhver er með númerið MO eitthvað eitthvað eitthvað, er hann þá úr Mosfellsbæ? Hvað eru þeir eiginlega að hugsa í samgönguráðuneytinu??? Ha, ha. Já, takk fyrir. Það er gott að vera hérna í kvöld, þið eruð alveg frábærir áhorfendur. Nei, í alvöru. Af öllum sem ég hef verið með svona standöpp fyrir get ég sagt, alveg í fullri hreinskilni, að þið eruð tvímælalaust þau nýlegustu. Ha ha ha! Nei, ég er ekkert að djóka með þetta! Annars, svo ég fari nú úr einu í annað, hvað er eiginlega með þessa GSM-síma? Það er kannski einhver að labba bara í hægðum sínum framhjá manni, að tala á fullu í GSM-síma! Svo er maður kannski úti að keyra, þá er gaurinn í næsta bíl að tala í GSM-síma! GSM-símar úti um allt! Það eru allir að tala í GSM-síma! Mamma mín er að tala í GSM-síma! Hvað er eiginlega málið með það???

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Coach Carter STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** Survivor: Fiji SKJÁREINN



▶ **21.00** Dr. Vegas SIRKUS



▶ **21.45** Punk'd STÖÐ 2



▶ **23.05** Skilyrðislaus ást SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Snillingarnir** (27:28)
**18.25 Ungar ofurhetjur** (19:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Gettu betur** Spurningakeppni framhaldsskólanna. Seinni undanúrslitaþáttur í beinni útsendingu úr Verinu í Reykjavík. Spyrill er Sigmar Guðmundsson, spurningahöfundur og dómari Davíð Þór Jónsson, Helgi Jóhannesson stjórnar útsendingu og dagskrárgerð er í höndum Andrésar Indriðasonar.
**21.20 Allt annað** (Anything Else) Bandarísk bíómynd frá 2003. Ungur grínhöfundur í New York er í ástarraunum og leitar ráða hjá eldri vini sínum. Leikstjóri er Woody Allen og meðal leikenda eru Jason Biggs, Christina Ricci, Woody Allen, Stockard Channing og Danny DeVito. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
▶**23.05 Skilyrðislaus ást** (Unconditional Love) Bandarísk bíómynd frá 2002. Kona fer til London í jarðarför dægurlagasöngvara sem hún hefur dáð alla ævi. Þar hittir hún elskhuga söngvarans og fær hann með sér til Chicago til að grennslast fyrir um hver myrti stjörnuna. Leikstjóri er P.J. Hogan og meðal leikenda eru Kathy Bates, Rupert Everett, Lynn Redgrave, Richard Briers, Dan Aykroyd og Jonathan Pryce.
**01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Coach Carter**
**08.15 Full Court Miracle**
**10.00 Hope Floats**
**12.00 The Day After Tomorrow**
**14.00 Full Court Miracle**
**16.00 Hope Floats**
**18.00 The Day After Tomorrow**
▶**20.00 Coach Carter** Sannsöguleg mynd sem sló í gegn í Bandaríkjunum árið 2005.
**22.15 Secret Window** Hrollvekjandi spennumynd með Johnny Depp byggð á sögu eftir Stephen King.
**00.00 Undisputed**
**02.00 Point Blank**
**04.00 Secret Window**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Oprah**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Amazing Race**
**10.50 Whose Line Is it Anyway? 5**
**11.15 Sisters**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Valentína**
**13.55 Valentína**
**14.40 The Apprentice**
**15.25 Joey**
**15.50 Titeuf**
**16.13 Kringlukast**
**16.38 Justice League Unlimited**
**17.03 Litlu Tommi og Jenni**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (e)
**20.05 The Simpsons**
**20.30 X-Factor** Úrslitakeppnin í X-Factor heldur áfram í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind.
▶**21.45 Punk´d** Fórnarlömb kvöldsins eru þau Rob Thomas, Ashley Parker Angel og súperstjarnan Kate Beckinsale.
**22.10 X-Factor - úrslit símakosninga**
**22.35 Never Die Alone** Atvinnulaus blaðamaður verður óvart vitni að aftöku Davids, eiturlyfjakonungs hverfisins. Aðalhlutverk: DMX, Michael Ealy, Drew Sidora.
**00.05 A Guy Thing** Rómantísk gamanmynd. Aðalhlutverk: Jason Lee, Julia Stiles, Selma Blair. Leikstjóri: Chris Koch.
**01.45 X-Files. Fight the Future**
**03.40 Afterlife**
**04.30 Balls of Steel**
**05.05 Fréttir og Ísland í dag**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Fashion Television** (e)
**20.00 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum.
**20.30 Sirkus Rvk** Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum. Ásgeir og co. eru að fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur. Áhersla er lögð á nýja staði, spennandi uppákomur, opnanir og frumsýningar; það nýjasta í tískunni, tónlist, kvikmyndum og almennt í afþreyingarlífinu.
▶**21.00 Dr. Vegas**
**21.50 Britney and Kevin: Chaotic**
**22.20 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight.
**22.45 Chappelle´s Show** (e)
**23.20 American Inventor**
**00.50 Tuesday Night Book Club - NÝT** (e)
**01.40 Entertainment Tonight** (e)
**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**13.15 European Open Poker** (e)
**14.45 Vörutorg**
**15.45 Skólahreysti** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Still Standing** (e)
**20.00 Fyndnasti Maður Íslands 2007** (3:5) Íslenskir grínistar fá tækifæri til að láta ljós sitt skína. Haldnar verða fjórar undankeppnir og þeir bestu komast áfram í úrslitin, sem fara fram í byrjun apríl.
▶**21.00 Survivor. Fiji** (6:14) Þetta er 14. keppnin og nú fer hún fram á Fiji-eyjum í Suður-Kyrrahafi.
**22.00 The Silvia Night Show** (7:8) Silvía Nótt er mætt aftur á SkjáEinn með nýjan raunveruleikaþátt, The Silvía Night Show, þar sem áhorfendur fá að fylgjast með lífi þessarar stórstjörnu í gegnum súrt og sætt.
**22.30 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna
**22.55 European Open Poker** (5:16)
**00.25 Beverly Hills 90210** (e)
**01.10 Melrose Place** (e)
**01.55 House** (e)
**02.45 Vörutorg**
**03.45 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

## SKJÁR SPORT

**14.00 Charlton - Newcastle**(frá 17. mars)
**16.00 Fiorentina - Roma** (frá 18. mars)
**18.00 Upphitun** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**18.30 Aston Villa - Liverpool** (frá 18. mars)
**20.30 Man. Utd. - Bolton** (frá 17. mars)
**22.30 Sampdoria - Palermo** (frá17. mars)
**00.30 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

**X-Factor**

Slagurinn á sviðinu í Vetrargarðinum heldur áfram í beinni útsendingu í kvöld. Nú eru aðeins fjögur atriði eftir en í síðasta þætti vermdu þær Guðbjörg og Inga botnsætin tvö. Palli hafði úrslitavaldið og Inga fékk að fjúka. Hver verður sendur heim í kvöld?



### VIÐ MÆLUM MEÐ

**ALLT ANNAÐ**

**SJÓNVARPIÐ KL. 21.20**

Anything Else er bíómynd frá 2003. Jerry Falk er ungur grínhöfundur í New York sem geldur þess að vera með vonlausan umboðsmann. Enn fremur hefur kærastan hans ekki haft áhuga á kynlífi mánuðum saman og mamma hennar ætlar að flytja inn til þeirra. Leikstjóri er Woody Allen og meðal leikenda eru Jason Biggs, Christina Ricci, Woody Allen og Danny DeVito.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.50** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Landslag er aldrei asnalegt
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.05** Sögumenn: Það var gott að búa í Kópavogi
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.21** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18.10 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**18.35 Gillette World Sport 2007**

**19.05 Íþróttahetjur** Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt.

**19.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**

**20.00 Pro bull riding** (Portland, OR - Portland Invitational) Atvinnumenn á ferð sem nað hafa mikilli færni í að halda sér á baki við vægast sagt erfiðar aðstæður.

**21.00 World Supercross GP 2006-2007** (Citrus Bowl)

**21.55 Football and Poker Legends**

**23.30 Götubolti**

Þáttur um körfubolta þar sem þrír leika á móti þremur á eina körfu. Snillingar í greininni ferðast vítt og breitt um Bandaríkin þar sem þeir leika listir sínar.

**00.00 NBA deildin** (San Antonio - Detroit) Bein útsending frá leik San Antonio Spurs og Detroit Pistons í NBA-körfuboltanum. Þessi lið hafa ekki náð sér fyllilega á strik í vetur en enginn skyldi afskrifa þau í úrslitakeppninni.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Peter Pedal **6.30** Kaj og Andrea **7.00** Postmand Per **7.15** Rubbadubbers **7.30** OBS **7.35** En fjer i hatten **8.30** Børneblæksprutten **8.45** Ungdomsprogram **9.00** Viften **9.30** På jobjagt **10.00** Livet ombord **10.30** Dig og mig **11.00** TV Avisen **11.10** Task Force **11.35** Grøn glæde **12.00** Rabatten **12.25** Aftenshowet **13.20** Herlufsholm **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Flemmings Helte **14.30** Boogie Listen **15.30** F for Får **15.35** SvampeBob **16.00** Øreflip **16.30** Hunni*show **16.45** Den lille prinsesse **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Hiv stikket ud med Master Fatman **20.00** TV Avisen **20.30** Blondinens hævn **22.00** Danselærerens genkomst **23.30** Den 11. time **0.00** Boogie Listen

## NRK 1

**8.30** Videregående **9.00** Siste nytt **9.05** Schrödingers katt **9.30** Newton **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra ¥stfold **14.00** Siste nytt **14.05** Anne fra Bjørkely **15.00** Siste nytt **15.03** VG-lista Topp 20 **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VG-lista Topp 20 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Franklin **17.15** Mekke-Mikkel **17.25** Pingvinen Jasper **17.30** Lure Lucy **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Først & sist **21.15** Detektimen: Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Seks fot under **23.25** Bo Kaspers Orkester - live fra Vega i København

## SVT 1

**8.30** Samtal med **8.45** Keith on the road **9.15** Les filles sont en marche! **9.45** Vet hut! **10.15** Garage guld **10.45** UR-val **11.00** Rapport **11.05** Konståknings-VM i Tokyo **13.05** Argument **14.05** Disneydags **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Wild Kids **17.00** Höjdarna **17.30** Tillbaka till Vintergatan **18.00** Amigo **18.30** Rapport **19.00** Så ska det låta **20.00** Legally Blonde **21.35** Konståknings-VM i Tokyo **22.35** Rapport **22.45** Kulturnyheterna **22.55** Stockholm live **23.25** Dinner Rush **1.00** Sändningar från SVT24

SSANGYONG




KYRON





Dísil vél tog 310 Nm, Sjálfskiptur. Byggður á grind með hátt og lágt drif Glæsileg og sérlega þægileg innrétting

# Fullkominn jeppi fyrir íslenskar aðstæður



**Hluti staðalbúnaðar**

Dísil Túrbó Intercooler :::
5 Gíra sjálfskipting SideTronic :::
Sjálfvirkt miðstöð :::
Loftkæling :::
Cruise Control :::
Álfelgur og 31" Toyo dekk :::
Litaðar rúður :::
Leður stýri :::

**KYRON** - dísil - sjálfskiptur
Verð aðeins: **Kr. 3.495.000,-**

**KYRON** er fullvaxinn jeppi með **hátt og lágt drif, byggður á grind** og er stærri en ætla má við fyrstu sýn. Tækninýjungar eru fjölmargar og skila sér í einstakri **nýtingu á afli og frábærum akstureiginleikum**. Komdu til okkar á Tangarhöfðann, þú verður ekki fyrir vonbrigðum með þetta vel varðveitta leyndarmál.
**Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í jeppum í dag!**

30 Bílabúð Benna 1975-2005 **30 ára**

Bílabúð Benna

Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

**Umboðsmenn:** Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.

DYNAMO REYKJAVÍK

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Ég hugsa eftir á að það hafi verið gæfa mín að komast ekki í Leiklistarskólann.“*

*Davíð Þór Jónsson í Pressunni 1993.*

„Var ég strax farinn að fatta þetta þá? Ég átti um tíma Íslandmet í að vera ekki leikari, ég komst í sextán manna hópinn þrjú ár í röð,“ segir Davíð nú.

# Eva Ásrún syngur bakrödd í Framsókn

„Það var bara leitað til mín. Og ég á lausu. Mjög spennandi verkefni,“ segir Eva Ásrún Albertsdóttir, sem hefur verið ráðin kosningastjóri Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi.

Framsóknarflokkurinn er þekktur fyrir það að rísa úr öskustónni þegar líður að kosningum. Og víst er að klókt má teljast hjá forráðamönnum flokksins að hafa dregið Evu Ásrúnu á flot en hún hefur hingað til ekki verið þekkt af pólitískum afskiptum heldur landskunn fyrir að hafa starfað í útvarpi hjá RÚV og ekki síður sem söngkona. Hún hefur margoft lagt keppendum í Eurovision lið með frábærum bakröddum.

Aðspurð hvort hún sé framsóknarmaður segir hún svo vera. Að sjálfsögðu. Hún hefði ekki tekið þetta að sér ef svo væri ekki.

„Enda af mjög öflugum framsóknarættum. Við Guðmundur Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, erum náskyld og Dagný Jóns er frænka mín líka.“

Eva Ásrún á ættir að rekja um Norðausturkjördæmi þvert og endilangt, móðir hennar er úr Þingeyjarsýslu og faðir frá Eskifirði. Þessi sambönd hyggst Eva Ásrún nýta í komandi baráttu.

„Ég hef ekki staðsett mig í pólitík hingað til. Hef ekki verið í aðstöðu til þess meðal annars vegna starfa í fjölmiðlum. Og þetta hefur ekki verið vettvangur sem ég hef sóst eftir að fara inn á,“ segir Eva Ásrún. En nú er rétti tíminn. Hún segist alltaf hafa haft sterkar pólitískar skoðanir og þarna hefur hjartað slegið.

Eva Ásrún segir Framsóknarflokkinn án efa þann sönglaðasta og skemmtilegasta og á fundum verður bryddað upp á ýmsum nýjungum. Eva Ásrún hvetur menn til að mæta. Og hún hefur enga trú á að kosningar fari eins og skoðanakannanir gefa til kynna. „Ég mun sanna það í Norðausturkjördæmi. Og hana nú!“ - jbg



**EVA ÁSRÚN** Hefur hingað til farið leynt með sterkar pólitískar skoðanir en nú á að reisa Framsókn úr öskustónni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT**
**2** gáski **6** hvað **8** hallandi **9** hljóma **11** bardagi **12** fylgsni **14** rífa **16** grískur bókstafur **17** niður **18** kúgun **20** guð **21** steintegund.

**LÓÐRÉTT**
**1** ofneysla **3** í röð **4** greindur **5** dauði **7** heimsálfa **10** fæða **13** suss **15** megin **16** ot **19** gangþófi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** ærsl, **6** ha, **8** ská, **9** óma, **11** at, **12** felur, **14** raspa, **16** pí, **17** suð, **18** ok, **20** ra, **21** talk. **LÓÐRÉTT: 1** óhóf, **3** rs, **4** skarpur, **5** lát, **7** ameríka, **10** ala, **13** uss, **15** aðal, **16** pot, **19** il.



**Í HÖLL DAVÍÐS - PERLUNNI** Að sögn Pálma er Spaugstofan í virkri stjórnarandstöðu: Eina alvöru gagnrýnisröddin í fjölmiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

PÁLMI GESTSSON: EINSDÆMI AÐ SAMA ÁHÖFN HALDI SJÓ SVO LENGI

# Spaugstofan í loftið með þrjúhundraðasta þáttinn

„Já, þetta er mikill áfangi. Sami mannskapurinn frá upphafi. Ég held, án þess að hafa rannsakað það vísindalega, að þetta sé einsdæmi,“ segir Pálmi Gestsson, sérlegur blaðafulltrúi Spaugstofunnar.

Mikill áfangi í sögu Spaugstofunnar, og reyndar sjónvarps á Íslandi ef því er að skipta, er nú í uppsiglingu. Á laugardaginn verður 300. þáttur Spaugstofunnar sýndur. Úthaldið er einstakt. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að erlendir kvikmyndagerðarmenn horfi með furðu til hinnar miklu framleiðni og átti sig engan veginn á því hvernig þetta er hægt. Og áhorfskannanir sýna ítrekað að Spaugstofuþættirnir eru það sem fólk horfir á – Spaugstofan trónir ávallt á toppnum.

Aðspurður segir Pálmi langt því frá að mannskapurinn sé orðinn þreyttur. „Okkur vex ásmegin ef eitthvað er. Við erum rétt að byrja. Eflaust einhverjum til mikillar skelfingar. En vonandi ekki öllum.“

Hópurinn sem skipar Spaugstofuna; Pálmi, Karl Ágúst Úlfsson, Randver Þorláksson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason, hefur verið að í þessari mynd frá 1989. En Spaugstofan varð til sem fyrirbæri árið 1985.

Spaugstofumenn eru í virkri stjórnarandstöðu og styðjast við sannfærandi kenningar þess efnis að þannig beri fjölmiðlum að taka sér stöðu. Pálmi segir Spaugstofuna verða beittari með árunum ef eitthvað er. Og nefnir sem dæmi að framsóknarmenn, og einkum fyrrverandi forsætisráðherra, hafi ekki verið sáran undan því að ekki hafi verið farið um sig og flokkinn blíðum höndum í þáttunum.

„Persónulega finnst mér við bestir þegar við rýnum í mál sem einhverju skipta, skoðum þjóðþrifamál frá fleiri sjónarhornum en gert er af ráðamönnum. Já, ég tek þetta hlutverk okkar háalvarlega og við mig hafa mætir menn sagt, og það þykir mér vænt um, að við séum eina alvöru gagnrýnisröddin í íslenskum fjölmiðlum.“ Margs er að minnast frá löngum og fræknum ferlinum en óneitanlega eru atvik sem hafa náð út fyrir rammann eftirminnilegri en önnur. Eins og þegar Spaugstofan lenti í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglunni vegna meints guðlasts sem og þegar þeir voru kærðir fyrir klám. „Já, það var eitthvað sem Kristján Ólafsson „pornó dog“ hafði viðhaft. En ég get ómögulega nefnt eitthvað eitt umfram annað.“

Spaugstofan bregður ekki út af vananum í tilefni þrjúhundraðasta þáttarins. Heldur sömu virðulegu hógværðinni og jafnan að sögn Pálma.

Ekki hefur enn verið gengið til samninga við Pál Magnússon, útvarpsstjóra RÚV ohf., hvað varðar næsta vetur en Spaugstofan hættir í næsta mánuði. Pálmi telur að fyrir liggi vilji beggja aðila að skoða áframhaldandi samstarf. Engan bilbug sé að finna.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Vegur glæpasagnahöfundarins **Yrsu Sigurðardóttur** vex hratt á heimsvísu og nýlega spurðist að bók hennar Þriðja táknið er að koma út í Kína. Veröld, útgáfufélag Yrsu, gekk nýlega frá samningi við útgáfurisann Bertelsmann og er bókin væntanleg á 27 tungumálum – allt frá Bandaríkjunum til Austur-Asíu. Bókin Sér grefur gröf er væntanleg á fjórtán tungumálum. Yrsa sjálf er á ferð og flugi, les upp á bókamessunni í Leipzig í dag og á sunnudag tekur hún þátt í glæpasagnahátíð í Horsens í Danmörku. Á mánudag er svo Krimifest í München og þar verður Yrsa, sem langt er komin með nýja glæpasögu sem kemur út í haust.



Og meira um vegsauka rithöfunda vorra. JPV seldi Skip **Stefáns Mána** grimmt fyrir síðustu jól. Bókin fór í tæpum níu þúsundum eintaka, sem er miklu meira en Stefán Máni seldi meðan hann var hjá Eddu. Og Stefán Máni er líklega kátur með **Jóhann Pál Valdmarsson** og hans fólk hjá forlaginu því nú hefur verið gengið frá samningi við Gyldendal-útgáfuna í Danmörku um kaup á Skipinu. Útgáfurétturinn hefur einnig verið seldur til Tékklands og JPV-útgáfan stendur í samningum við fleiri erlend forlög um sölu á bókinni.

Leikfélög menntaskólanna frumsýna leikrit sín þessa dagana. Mikið kappsmál er fyrir menntaskólakrakkana að kynna verk sín út fyrir skólana og því er jafnan leitað til fjölmiðla. Það gengur þó misvel, til að mynda í Kastljósi Ríkissjónvarpsins þar sem menntaskólum hefur verið neitað um umfjöllun á þeim grundvelli að ef einum sé sinnt þurfi að sinna öllum. Það vakti því talsverða gremju hjá krökkum í skólunum sem vísað var frá að sjá ítarlegt innslag um uppsetningu Kvennaskólans á Hroka og hleypidómum á dögunum. Var haft á orði í sumum skólanna að þar skemmdi eflaust ekki mikið fyrir að dóttir **Þórhalls Gunnarssonar**, ritstjóra Kastljóssins, væri í einu af aðalhlutverkunum í sýningunni. - jbg/hdm






AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðavogi 44, s. 588 8686.
Opið alla laugardaga 11-14

STÓR HUMAR




# Býður upp á augnhimnulestur

„Ég kenndi þeim að daðra, klæðast og snyrta sig. Öll þessi helstu atriði sem þarf til að gera allt vitlaust,“ segir Heiðar Jónsson snyrtir, sem þótti fara á kostum í orlofsferð húnvetnskra húsmæðra fyrir skemmstu. Þær húnvetnsku skelltu sér á mölina þar sem þær sáu Tinu Turner-sýninguna á Broadway. Fyrir slíka skemmtun er betra að vera með allt á hreinu og fengu þær því Heiðar „gamla“ snyrti til að kenna þeim réttu taktana.

Athygli vekur að Heiðar bauð upp á augnhimnulestur við þetta tækifæri. „Sumir fara í augnhimnulestur heilsunnar vegna en fyrir mér eru augun spegill sálarinnar,“ segir Heiðar. „Og þar sem ég er orðinn svo gamall og ljótur verð ég bara að horfa í aðra spegla,“ bætir hann við en Heiðar segist geta reiknað út andlega líðan með þessari aðferð.

Heiðar er hættur í fluginu, ritstýrir nú vefsíðunni brudurin.is og sinnir auk þess tilfallandi verkefnum sem hann segir nóg af. „Ég er að undirbúa páskatælinguna núna en hún verður bara bönnuð á föstudaginn langa,“ segir Heiðar og skellir upp úr. - fgg



**HEIÐAR** Skyggnist inn í sálarlífið með augnhimnulestri.


20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM DRÖGTUM
ÚT ÞESSA VIKU
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
ZIKZAK
TÍSKUHÚS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
KRISTÍNAR SVÖVU TÓMASDÓTTUR

## *Maður er fermdur*

Það hefur víst ekki farið fram hjá neinum að fermingarvertíðin nálgast. Þó ekki væri nema vegna uppþotsins út af stúlkunni sem var vænd um að stilla sér upp eins og klámstjarna á forsíðu fermingarbæklings Smáralindar – bæklings sem reyndar var frekar hallærislegur í auglýsingum sínum á brúnkuspreyi fyrir fermingarbörnin, en enginn tók eftir því af því að allir voru svo uppteknir við að sverja það af sér að hafa séð nokkuð kynferðislegt við forsíðumyndina.

**MÉR** leiðast fermingarveislur, enda eru þær oftast á sunnudögum og ég þjáð af hinni lögbundnu þynnku. Ég reyni ævinlega að finna mér friðsælt horn, til dæmis inni í svefnherbergi þar sem yfirhafnirnar eru geymdar, og fel mig þar með brauðtertu og rjómakökur og einhverja bók úr stofuhillunum þar til ég er dregin öfug út að veislu lokinni. „Þú hefðir nú getað heilsað henni frænku þinni.“
Ég fermdist borgaralega á sínum tíma. Það þýddi að ég þurfti ekki að vera í kyrtli. Ég klæddist kjól sem ég áttaði mig ekki á fyrr en tveimur árum seinna að hefði verið allt of stuttur fyrir tiltölulega siðprúða fermingarstúlku. Ég fattaði það ekki einu sinni þegar ég var klipin þéttingsfast í rassinn af áttræðum frænda vinkonu minnar í kransakökuröðinni. Ótrúlegur handstyrkur hjá ekki heilsuhraustari manni, þegar út í það er farið.

**ÞEGAR** fólk frétti að ég ætlaði að fermast borgaralega fékk ég yfirleitt ekki hamingjuóskir heldur spurninguna: „Ertu ekki bara að þessu út af pökkunum?” Auðvitað var ég að þessu út af pökkunum, það voru allir að þessu út af pökkunum. En við sem vorum fermd borgaralega vorum spurð að því meðan þeir sem fermdust í kirkju (og sáu fyrir sér hlaðið gjafaborðið meðan þeir jöpluðu á oblátunni) fengu eintómar hamingjuóskir með að vera komin í kristinna manna tölu. Aldrei fengu þau spurninguna: „Ertu ekki bara að þessu út af pökkunum?“ Það hefði þótt dónalegt og ókristilegt. Að níðast á samvisku okkar ókristnu fjórtán ára siðleysingjanna var hins vegar í fínu lagi.
En ég fékk fullt af pökkum. Og góðan mat. Og viðurkenningarskjal. Og ég vildi alls ekki missa af þeirri dásamlegu reynslu sem allir þekkja, að hefja hvert partí á að hlaupa inn í stofu og snúa fermingarmyndinni við áður en gestirnir koma.





